**allt**

**HANNA MJÖLL KARLSDÓTTIR**

*Skemmtileg stemning í Kennó*

nám • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS



**IÐNAÐUR**

*Sérblað um íslenskan iðnað*

Í MIÐJU MARKAÐARINS









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. september 2005 - 247. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR


## Liverpool byrjar með stæl

Evrópumeistarar Liverpool byrjuðu með glans í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í gær er þeir sigruðu Real Betis á Spáni. Chelsea vann einnig en illa fór fyrir spænska risanum Real Madrid sem var kjöldreginn af Lyon í Frakklandi.



ÍÞRÓTTIR 26

## Nuddað til sigurs

Þrjár ungar uppfinningakonur frá Akureyri taka þátt í keppni ungra evrópskra vísindamanna í Moskvu.



TILVERAN 16

## Maður fallegra hugsjóna



Ingi Þór Jónsson sundkappi er orðinn sendiherra Evrópu í málefnum samkynhneigðra.

FÓLK 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI**

Skýjað austan til fyrripartinn en léttir þar til þegar líður á síðdegið. Hiti yfirleitt 5-10 stig. Hætt við næturfrosti til landsins, einkum norðan og austan.

VEÐUR 4

## > Markaðurinn

*Sögurnar... tölurnar...fólkið...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

iPod nano – Hækkar öll viðmið 8

Stjórnartíð Davíðs – Efnahagsstjórn á góðæristímum 12-13

James Liu – Vildi framsækið fyrirtæki 10

Tímaritið Euromoney: Íslenska bankaundrið

FRÉTTIR VIKUNNAR

Útrásarvístalan hækkar enn: Öll bréf hækkuðu

Ætla að opna sautján verslanir til viðbótar

Útlit er fyrir að verslunum Rúmfatalagersins muni stórfjölga næsta árið. Fyrirtækið ætlar að hasla sér völl í Austur-Evrópu og auka umsvif sín í Kanada og Eystrasalti.

Verðbólgan í september dýrkeypt

Hækkun vísitölu neysluverðs kostar heimilin fimm milljarða.

8,1%* Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn – Banki allra landsmanna

# Launahækkun óæskileg

**Forstöðumaður Hagfræðistofnunar segir að það versta sem verkalýðshreyfingin geti gert fyrir launafólk sé að krefjast hækkunar launa við endurskoðun kjarasamninga. Formaður Starfsgreinasambandsins segir vel koma til greina að semja um annað en beinar launahækkanir.**

**KJARAMÁL** „Ef ríkisstjórnin og Seðlabankinn koma með trúverðuga áætlun varðandi hagstjórn og hvernig verðbólgu verði náð niður ætti verkalýðshreyfingin að sitja hjá og ekki gera kröfur um launahækkanir við endurskoðun á kjarasamningum,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum sem gerðir voru í fyrra hefur verkalýðshreyfingin rétt á endurskoðun samninga í nóvember vegna þess hve verðbólgan mælist hátt.

„Það versta sem launafólk getur fengið er aukin verðbólga,“ segir Tryggvi. „Öll kaupmáttaraukning setur meiri þrýsting á verðlag. Ef laun hækka verður þrýstingurinn enn meiri og kemur fram sem verðbólga og víxlverkun launa og verðlags myndi einfaldlega komast á. Launþegar nytu kaupmáttaraukningar í skamman tíma en síðan myndi verðlagið éta hana upp. Það er afleit leið að fara og í raun ófær,“ segir Tryggvi.

Spurður til hvaða aðgerða sé hægt að grípa til svo koma megi í veg fyrir að víxlverkun launa og verðlags komist á segir hann að nauðsynlegt sé að koma á þríhliða samningi. „Ég tel að ríkið verði að koma mjög sterkt að samningum og draga eins mikið úr ríkisútgjöldum og mögulegt er. Það er ljóst að Seðlabankinn ræður tæpast við þetta einn,“ segir hann.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segist gera sér fulla grein fyrir því að launahækkanir séu hvati til verðbólgu.

Hann segir það alveg koma til greina að semja um annað en krónutölur og prósentur. „Við þurfum að fá inn leiðréttingar og það eru margar leiðir til þess. Verðbólgan hefur verið að éta upp kauphækkanir okkar,“ segir hann.

Tryggvi Þór er spurður hvernig hægt sé að bæta kjör launafólks án þess hækkanir verði í prósentum eða krónutölu. „Það má til dæmis gera með því að lækka skatta þótt auðvitað sé það ekki fær leið núna því þá er verið að gefa ennþá meira í og auka kaupmáttinn þannig. Einnig er hægt að auka lífeyrisréttindi, eins og gert hefur verið, sem kemur út sem sparnaður.“

sjá síðu 18 -sda



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**ÍSLANDSMET Í HÓPKNÚSI** Flestir mennta- og fjölbrautarskólar pína nýnema sína og niðurlægja með ýmsum hætti í svokölluðum busavígslum. Verzlunarskóli Íslands hefur þó mun kærleiksríkari hefðir eins og sannaðist í gær en þá busuðu þeir nýnemana með því að bjóða þeim pylsu og kók í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Að því loknu var svo slegið Íslandsmet í hópknúsi en alls knúsuðust 253 nýnemar saman í einum hópi. Þar með slógu þeir Háskóla Íslands ref fyrir rass sem átti gamla Íslandsmetið en 150 háskólanemendur föðmuðust fyrir stystu.




**GEORGE BUSH** Hefur viðurkennt að viðbrögðum við fellibylnum hafi verið ábótavant.

Bush Bandaríkjaforseti:

## Viðurkennir ábyrgð sína

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti í gær yfir ábyrgð sinni á því hve slælega stjórnvöld brugðust við hamförum af völdum fellibylsins Katrínar. „Fellibylurinn Katrín fletti hulunni af alvarlegum vanköntum á viðbragðshæfni stjórnvalda,“ sagði Bush á blaðamannafundi sem haldinn var í Hvíta húsinu í gær. Aðspurður hvort það væri áhyggjuefni fyrir borgara að stjórnvöld gætu ekki brugðist við hamförum og hryðjuverkum svaraði forsetinn að það væri mikilvæg spurning. ■

FL Group hyggst færa út kvíarnar á lággjaldamarkaði:

# Viðræður um kaup á Sterling

**VIÐSKIPTI** FL Group hefur áhuga á að kaupa Sterling-flugfélagið af eignarhaldsfélaginu Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. Ákveðið hefur verið að hefja viðræður um kaupin. „Þessar þreifingar eru á algjöru frumstigi og óvíst til hvers þær leiða,“ sagði Hannes Smárason, stjórnarformaður Flugleiða, í gærkvöldi. Hann sagðist ekki vilja tjá sig frekar um gang mála á þessu stigi.

Sterling keypti flugfélagið Mærsk og gekk sameiningin í gildi í gær. Þreifingar hafa verið á milli FL Group og Fons um kaupin, en reiknað er með að aðra viku taki að ná niðurstöðu um hvort af þessum kaupum verður.




**FLUGVÉL FLUGFÉLAGSINS STERLING** Sterling keypti nýverið flugfélagið Mærsk. Sameiningin tók gildi í gær.

Samkvæmt heimildum sjá forsvarsmenn FL Group möguleika á að nýta níutíu áfangastaði Sterling víðs vegar um Evrópu fyrir tengiflug yfir Atlantshafið. Með því myndi markaður félagsins stækka verulega. Sterling er auk þess með sölukerfi víða um Norðurlönd sem nýtast myndi Icelandair.

Sterling var rekið með tapi í fyrra en samkvæmt heimildum hefur tekist að snúa rekstrinum á rétta braut og talið að enn megi gera betur. Forsvarsmenn FL Group hafa lýst mikilli trú á framtíð lággjaldaflugfélaga og meðal annars keypt hluti í breska lággjaldaflugfélaginu easyJet. - **hh**






## SPURNING DAGSINS

*Una María, kveiktirðu í konum?*

„Já, og líka körlum, og fleiri konur í Framsóknarflokknum eru nú heitari í efstu sætum framboðslistanna.“

Una María Óskarsdóttir lætur senn af formennsku í Landssambandi framsóknarkvenna. Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar stóð félagið fyrir átakinu Kveikjum í konum til að virkja konur í stjórnmál.

Hæstiréttur fellst á kröfu sakbornings í Ásláksmálinu:

# Dánarorsök verði metin á ný

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fallist á kröfu verjanda Lofts Jens Magnússonar, sem sakaður er um að hafa með hnefahöggi banað Ragnari Björnssyni við krána Áslák í Mosfellsbæ í desember í fyrra. Unnin verður ný mats- og skoðunargerð um dánarorsökina. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður hafnað þessari beiðni.

Björn Ólafur Hallgrímsson verjandi taldi Þóru Steffensen réttarmeinafræðing, sem vann krufningarskýrsluna, hafa verið of litaða af skýrslu lögreglu sem fylgdi krufningarbeiðninni. Þar sem skýrslan væri grundvallargagn í málinu fór hann því fram á að dómkvaddir yrðu óvilhallir matsmenn.

Vill Björn Ólafur til dæmis fá svör frá þeim við því hvaða áverkar hafi verið á líkinu og hvort þeir verði með beinum hætti og eingöngu raktir til meints hnefahöggs eða falls hins látna. Hæstiréttur féllst á þessi rök og lagði fyrir héraðsdómara að dómkveðja tvo hæfa kunnáttumenn.

- th



**BJÖRN ÓLAFUR HALLGRÍMSSON** Hæstiréttur hefur orðið við beiðni verjanda Lofts Jens Magnússonar.

Óeirðir á N-Írlandi:

## Minnkandi spenna í Belfast

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Óeirðir á götum Belfast héldu áfram aðfaranótt þriðjudags. Hópar herskárra sambandssinna hafa ráðist að lögreglumönnum með bensínsprengjum og hefur lögreglan í Belfast tilkynnt um tíu særða lögreglumenn til viðbótar.

Alls hafa því sextíu lögreglumenn særst í óeirðunum. 63 óeirðaseggir hafa verið handteknir síðan á laugardag. Greinileg merki eru þó um minnkandi spennu að sögn Chris Kerr, yfirmanns slökkviliðs borgarinnar. Kveikjan að óeirðunum var að skrúðgöngu sambandssinna var meinað að ganga um hverfi kaþólskra. ■



**FORSETINN** Viktor Jústsjenkó, forseti Úkraínu, talar við fréttamenn á skrifstofu sinni í Kíev í gær.

Jústsjenskó forseti Úkraínu:

## Varð að reka Tímósjenkjó

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Jústsjenkó, forseti Úkraínu, sakaði í gær fyrrverandi bandamann sinn í „appelsínugulu byltingunni“, Júlíu Tímosjenkó, um að hafa misnotað stöðu sína sem forsætisráðherra til að telja lánardrottna orkufyrirtækis, sem hún eitt sinn veitti forstöðu en er nú gjaldþrota, á að láta skuldirnar niður falla. Jústsjenkó rak óvænt Tímosjenkó og alla ríkisstjórn hennar síðastliðinn fimmtudag.

„Hegðunin sem Júlía Volodymyrovna sýndi í ríkisstjórn, og bandamannahópur hennar, snerist í kringum hagsmuni hennar,“ sagði Jústsjenkó í viðtali við AP-fréttastofuna. Fyrir sig hefði það verið orðið „spurning um heiðurׅ“ að víkja henni frá. ■

# Saksóknari vill að allar ákærur standi

**Verjendur í Baugsmálinu telja efni til að vísa málinu frá í heild og telja dómara þegar hafa lýst niðurstöðu sinni bréflega um annmarka á átján ákærum af fjörutíu. Dómarar kveða á þriðjudag upp úrskurð um hugsanlega frávísun.**

**BAUGSMÁL** Jón H. Snorrason, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, krafðist þess í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að ákærur í Baugsmálinu yrðu allar látnar standa. Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, taldi efni til að vísa málinu frá dómi í heild sinni.

Dómendur vöktu athygli saksóknara á því bréflega í lok ágúst að slíkir annmarkar væru á lýsingu brota í átján ákæruliðum af fjörutíu að tæplega yrði úr því bætt í málarekstrinum. Því væri ekki unnt að kveða upp dóm um ákærurnar átján, sem einkum varða fjárdrátt og umboðssvik. Í bréfinu var málsaðilum gefið svigrúm til að tjá sig um málið í réttinum.

Jón H. Snorrason saksóknari vísaði í máli sínu til eldri dóma en þar væru dæmi um sakfellingu í fjárdráttarmálum á grundvelli verknaðarlýsinga sem krafist sé og væru sambærilegar þeim sem fram koma í Baugsmálinu.

Jón H. Snorrason sagði að loknu þinghaldinu í gær að hann væri ekki fyllilega viss um hverju dómararnir sæktust eftir með bréflegum athugasemdum sínum.

„Svona bréf er ekki skrifað nema dómendur séu búnir að komast að niðurstöðu,“ sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, að loknu þinghaldinu í gær. „Bersýnilega telja þeir að annmarkar séu á ákærunum sem gerir það að verkum að ekki sé hægt að dæma efnislega í málinu. Og það sé heldur ekki hægt að lagfæra ákæruna eftir þeim reglum sem um það gilda.“

Gestur benti á að síðasta skýrslutaka á þriggja ára ferli málsins hefði verið degi áður en ákærur voru gefnar út í sumar og ákæruvaldið hefði varla haft ráðrúm til að íhuga jafnt atriði sem lúta að sekt eða sýknu í anda laga um meðferð opinberra mála.

„Það væri mjög sérkennileg niðurstaða miðað við sjálfstæði dómstóla og hlutleysi gagnvart sakborningum ef ákæra, sem ekki gæti leitt til sakfellingar, fengi breytingu samkvæmt ábendingu frá dómara í þá veru að hún gæti leitt til sakfellingar,“ sagði Gestur enn fremur.

Verjendur lögðu fram gögn um sakarkostnað í héraðsdómi í gær en dómendur þurfa að taka afstöðu til hans fari svo að málinu ljúki með frávísun. Sakarkostnaður í máli Jóns Ásgeirs nemur liðlega nítján milljónum króna en um fimm milljónum króna fyrir Jóhannes Jónsson.

johannh@frettabladid.is



**JÓN H. SNORRASON SAKSÓKNARI ÁSAMT AÐSTOÐARMÖNNUM** Ákærðu lýstu sig saklausa við þingfestingu málsins. Jón H. Snorrason sagði að það benti til þess að þeir hefðu gert sér grein fyrir því í hverju ákærurnar fælust.

SMÁÍS um áskriftir að SKY:

## Margs konar lög brotin

**FJÖLMIÐLUN** Samtök myndrétthafa á Íslandi eru harðorð vegna niðurstöðu lögmanns Neytendasamtakanna um áskriftir að SKY-sjónvarpsstöðvunum á Íslandi þar sem kemur fram að Íslendingar sem hafi slíka áskrift séu ekki að brjóta gegn reglum.



**HALLGRÍMUR KRISTINSSON**

Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, segir að það sem Neytendasamtökin séu að taka undir sé áþekkt því að hvetja neytendur til að kaupa smyglað áfengi, sem vissulega sé ódýrara. Með dreifingu SKY á Íslandi sé verið að brjóta höfundarréttarlög, skattalög, útvarpslög og áskriftarskilmála SKY.

- ss

Jóhannesarborg:

## Morðmálinu frestað á ný

**DÓMSMÁL** Mál parsins sem grunað er um að hafa myrt Gísla Þorkelsson, 54 ára gamlan athafnamann, í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í sumar, var tekið fyrir í dómi í Boksburg í gær.

Að sögn Andys Pieke, talsmanns lögreglu í Boksburg, gerðist ekki annað en að málinu var frestað á ný, en það verður næst tekið fyrir undir lok október. Hann segir fólkið, Desireé Oberholzer 43 ára og Willie Theron 28 ára, verða áfram í haldi lögreglu, en hvorugt fór fram á lausn gegn tryggingu í gær.

Andy Pieke bjóst ekki við dómi í málinu fyrr en einhvern tímann á næsta ári.

- óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BORAÐI GAT Á ÞRJÚ DEKK** Skemmdir voru unnar á þremur hjólbörðum undir vöruflutningabíl í Garði í gærmorgun. Að sögn lögreglunnar í Keflavík lítur svo út sem skemmdarvargurinn, sem enn er ekki vitað hver er, hafi borað gat á dekkin.






Mál Skeljungs og Olís þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Vilja sektarúrskurð ómerktan

**DÓMSTÓLAR** Þingfest voru í gærmorgun mál olíufélaganna Skeljungs og Olís á hendur samkeppnisyfirvöldum í Héraðsdómi Reykjavíkur. Í júní var þingfest sambærilegt mál Kers.

Stefnur félaganna eru keimlíkar, en þau vilja freista þess að fá felldan úr gildi úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnisyfirvalda um samráð þeirra. Varakrafa er um verulega lækkun eða niðurfellingu sektanna sem félögin hafa þegar greitt. Verði úrskurðurinn ómerktur þarf ríkið að endurgreiða Olís 560 milljónir króna, Skeljungi um 450 milljónir og Olíufélaginu Essó um 495 milljónir króna.

Eyvindur Sólnes, lögmaður Olís, taldi ekki ólíklegt að mál olíufélaganna yrðu með einhverjum hætti sameinuð fyrir dómi, en nú fengju stjórnvöld hæfilegt ráðrúm til að skila greinargerð um málið. „Ætli það verði ekki einhverjir tveir mánuðir eða svo,“ sagði hann og bjóst við aðalmeðferð fyrir dómi einhvern tímann með næsta vori.

- óká



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Þingfest hafa verið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur mál olíufélaganna þriggja sem sektuð voru fyrir ólöglegt samráð.

**NÝJUNG**

Nú getur þú sótt um Íbúðalán SPRON á www.spron.is. Einfalt og pappírslaust



# 4,15% Íbúðalán SPRON

# öllum opin

## Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Himinn og haf / SÍA

**Viltu endurfjármagna?**

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

**Ertu að kaupa íbúð?**

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 13.09.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,21 | 62,51 |
| Sterlingspund | GBP | 113,31 | 113,87 |
| Evra | EUR | 76,31 | 76,73 |
| Dönsk króna | DKK | 10,231 | 10,291 |
| Norsk króna | NOK | 9,736 | 9,794 |
| Sænsk króna | SEK | 8,198 | 8,246 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5609 | 0,5641 |
| SDR | XDR | 91,3 | 91,84 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**106,9883**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir menn hlutu skilorðsbundna dóma fyrir fíkniefnamisferli:

# Sögðu smjörsýru til eigin nota

**DÓMSMÁL** Tveir 25 ára gamlir menn hafa verið dæmdir í mánaðarfangelsi eftir að hafa verið handteknir með rúm fimmtán grömm af amfetamíni, tæpt gramm af kókaíni og 38 millilítra af smjörsýru. Dómurinn, sem var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands, er skilorðsbundinn í þrjú ár, en mennirnir greiða að auki rúmar 270 þúsund krónur í málskostnað.

Lögreglan á Hvolsvelli hafði afskipti af mönnunum þar sem þeir voru á ferð í bíl við Hellu að kvöldi föstudagsins 2. júlí í fyrra. Efnin fundust í buxnavösum annars mannsins við leit lögreglu.

Fyrir dómi mótmæltu mennirnir því að efnin hefðu „að verulegu leyti verið ætluð til sölu í ágóðaskyni“, en amfetamínið var í nítján litlum plastpokum og smjörsýran í fjórum plasthylkjum. Smjörsýra veldur dái og minnisleysi líkt og svæfingarlyf. Sérfræðingur í eiturefnafræði bar fyrir dómi að efnið væri notað sem „nauðgunarlyf“ en einnig hefði borist blóðsýni til rannsóknar úr einstaklingum sem sjálfir notuðu lyfið. **- óká**



**FÍKNIEFNI Í SÖLUPAKKNINGUM** Búið hafði verið um amfetamín sem fannst í bíl á Hellu í fyrrasumar í plastpoka með svipuðum hætti og búið er um efnin sem hér sjást að ofan.

Sameinuðu þjóðirnar:

# Umbótaáætlun útvötnuð

**NEW YORK, AP** Í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna var í gær enn unnið hörðum höndum að því að bjarga því sem bjargað yrði af ályktun um umbætur á samtökunum sem vonast er til að leiðtogar aðildarríkjanna 191 muni geta fallist á að samþykkja. Leiðtogafundur SÞ hefst í dag og stendur fram á föstudag. Er leiðtogarnir voru byrjaðir að tínast til New York virtist hins vegar lítil von til þess að slíkt samkomulag næðist.

Ályktuninni var ætlað að verða eins konar leiðarvísir að stofnanaumbótum sem búa myndu samtökin í stakk til að gegna hlutverki sínu með skilvirkari hætti. ■

Höfundur og útgefandi:

# Tókust á um tryggingar

**LÖGBANN** Tekist var á um tryggingar hjá Sýslumanninum í Reykjavík í gær vegna lögbannsbeiðni á bókina Fiskisagan flýgur frá Skruddu.



KRISTINN H. BENEDIKTSSON

Kristinn H. Benediktsson ljósmyndari, annar höfunda bókarinnar, fór fram á lögbannið þar sem hann taldi brotið á höfundarrétti sínum í frágangi mynda í bókina.

„Útgefandinn fór á fundinum fram á tíu milljóna króna tryggingu vegna lögbannsins,“ segir Kristinn, en hann bjóst ekki við að þurfa að leggja fram nema 1,5 milljónir króna. Málinu var því frestað til morguns og mun ákvörðunar Sýslumanns vera að vænta um hádegisbil í dag. **- óká**

Svíþjóð:

# Ný stefna í orkumálum

**STOKKHÓLMUR, AP** Svíar stefna að því að verða óháðir notkun jarðefnaeldsneytis árið 2020. Í þessum tilgangi verður auknu fé varið til rannsókna á öðrum tegundum af eldsneyti og skattaívilnanir verða á notkun umhverfisvæns eldsneytis.



GÖRAN PERSSON

Stefnan verður sett á að meira en þriðjungur af farartækjum í eigu hins opinbera noti rafmagn eða endurnýjanlega orku. Þetta kom fram í máli Görans Perssons forsætisráherra við setningu sænska þingsins í gær. ■

# Óupplýst hver var við stýrið

**Leitin að Friðriki Ásgeiri Hermannssyni, sem var um borð í skemmtibát sem fórst á Viðeyjarsundi aðfaranótt laugardags, hefur ekki borið árangur. Leitað var í gær með neðansjávarmyndavélum. Rannsókn málsins snýr meðal annars að því að upplýsa hver stýrði bátnum þegar slysið átti sér stað.**

**SJÓSLYS** Ákvörðun um tilhögun frekari leitar að Friðriki Ásgeiri Hermannssyni, sem saknað er eftir slysið á Viðeyjarsundi um helgina, verður tekin á stöðumatsfundi núna í bítið, að sögn Jónasar Hallssonar, aðstoðaryfirlögregluþjóns í Reykjavík. Í slysinu fórst kona en hjón björguðust ásamt tíu ára gömlum syni þeirra.

Í gær var notast við neðansjávarmyndavélar við leitina. Björgunarskipið Baldur frá Landhelgisgæslunni leitaði fram á kvöld og naut liðsinnis björgunarbáts Landsbjargar, Ásgríms S. Björnssonar og fjölda kafara.

„Svo voru líka með fjórir léttbátar skipaðir vinum og ættingjum,“ segir Jónas, en leitarsvæðið markast af um það bil eins kílómetra radíus frá slysstað á Viðeyjarsundi.

Samkvæmt heimildum blaðsins hafði í gær þegar farið fram allítarleg leit á sjávarbotninum á leitarsvæðinu, en það er nokkuð stórt, um 30 hektarar. Þar munu vera svæði sem mjög erfið eru til leitar, þó svo víðast hvar sé sjávarbotninn auðveldari yfirferðar.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir fátt af rannsókn slyssins að segja annað en að hún sé ítarleg og haldi áfram. Rannsóknin miðar meðal annars að því að upplýsa með óyggjandi hætti hver var við stýrið á bátnum þegar slysið varð og aðstæður allar, hvert ferðinni var heitið, hvort vín hafi verið haft um hönd og fleira slíkt. Heimildir blaðsins herma að fyrstu skýrslutökur af fólkinu sem bjargaðist hafi verið að hefjast í gær.

Tæpur hálfur annar tími leið frá því tilkynning barst um slysið þar til fólkinu var bjargað. Rúmum klukkutíma síðar fannst svo konan sem lést. Kafari sem þekkir vel til leitar og björgunar taldi af því sem komið hefur fram um útkallið að ekki hefði liðið óeðlilega langur tími þar til kafara bar að, heldur hefðu viðeigandi björgunarlið verið kölluð til eftir því sem menn gerðu sér ljósan alvarleika slyssins.

Kunnugir á Viðeyjarsundi furða sig á að vanur maður kunni að hafa siglt þar á Skarfasker, en á sundinu er bauja sem varar við skerinu. Telja þeir að sá sem stýrði hafi annað hvort ruglast eða ætlað að stytta sér leið innan við skerið. Skemmdirnar á bátnum bera með sér að áreksturinn við skerið hafi verið allharður.

**olikr@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BÁTURINN SKADDAÐUR EFTIR ÁREKSTURINN** Nokkrar skemmdir eru á skemmtibátnum sem sökk á Viðeyjarsundi um helgina eftir að honum hafði verið siglt á Skarfasker skammt úti af Laugarnesi. Eins er enn leitað eftir slysið, en í því fórst kona. Hjón með tíu ára barn björguðust.




MYNDÐ/STEFÁN BORGARVEFSJÁ

**SKARFASKER VIÐ LAUGARNES** Talið er að sá sem stýrði skemmtibátnum sem steytti á Skarfaskeri um helgina kunni að hafa að ætlað að stytta sér leið meðfram höfninni inn í Sundahöfn.

# Huga þarf að fjöldaútkalli kafara

**SLYSAVARNIR** Jónas Hallsson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir vel skipuð köfurum til að bregðast við slysum á eða í vatni. „Fyrstu viðbrögð sem verða þegar svona kemur upp eru að leita til þess búnaðar sem við, lögregla og slökkvilið, höfum yfir að ráða, en svo er nú ekki nema svona tuttugu mínútna bið eftir meiri búnaði björgunarsveita. Þær hafa alltaf brugðist skjótt við á öllum tímum sem til þeirra hefur þurft að leita,“ segir hann en telur þó að ef til vill mætti stytta aðkomutíma björgunarsveita þegar slys verða enn frekar. „Við höfum verið heppin en maður getur spurt sig hvað yrði ef hér færi flugvél í sjóinn með einhverjum mannskap. Þá gæti þurft að kalla út marga með hraði.“ Hann segir nokkra umræðu um þetta hafa átt sér stað meðal lögreglu og björgunarsveita, en enn hafi þó ekki komið niðurstaða úr þessum vangaveltum. **- óká**



**VIÐ LEIT EFTIR SJÓSLYSIÐ** Kafarar björgunarsveita og lögreglu við leit um helgina, eftir að skemmtibátur steytti á skeri á Viðeyjarsundi úti af Laugarnesi.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FALLEGASTI DAGUR**
Eftir það sem á undan er gengið er dagurinn í dag hinn besti haustdagur. Bjart, vindur hægur en dálítið svalt nema jú í sjálfri sólinni.

**HORFUR UM HELGINA**
Stíf vestanátt á laugardag en hægari á sunnudag. Spám ber ekki saman um úrkomu. Líklega verður þó víða væta á laugardag.

**HORFUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Hæg norðlæg átt. Léttskýjað. Hiti 5-10 stig að deginum en nálægt frostmarki í nótt.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skýjað-skúr | París | 23°C skýjað | Alicante | 28°C heiðskírt |
| Osló | 21°C heiðskírt | Berlín | 18°C hálfskýjað | Milano | 24°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C skýjað-skúr | Frankfurt | 21°C skýjað | New York | 26°C hálfskýjað |
| Helsinki | 14°C skýjað-skúr | Madrid | 30°C heiðskírt | San Francisco | 18°C hálfskýjað |
| London | 24°C skýjað-skúr | Barcelona | 26°C heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




ENNEMM / SÍA / NM18160



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu áhyggjur af aukinni verðbólgu?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 90% |
| Nei | 10% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á verkalýðsforystan að segja upp kjarasamningum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Lögreglan á Sauðárkróki ósátt við fyrirhugaðar sparnaðaraðgerðir:

# Öryggi lögreglu og almennings ógnað

**LÖGREGLAN** Lögreglusambandi Íslands hefur borist erindi frá lögreglumönnum á Sauðárkróki en þeir telja að sparnaðaraðgerðir þar vegi verulega að öryggi borgaranna og lögreglumannanna sjálfra.

„Við erum með tveggja manna vaktir en nú er það orðið svo að ef annar forfallast á kvöldvakt eða um helgar er okkur meinað að kalla mann út,“ segir Guðmundur Óli Pálsson lögreglumaður. Hann segir það ljóst að einn lögreglumaður fái við lítið ráðið ef til mikilla átaka eða annara vandræða komi.

Viðmælandi Fréttablaðsins segir að menn frá Ríkislögreglustjóra hafi verið sendir til að sjá um löggæslu á busaballi í Miðgarði sem haldið var fyrir skemmstu. Þeir hafi því gengið í störf lögreglunnar á Sauðárkróki.

Ríkarður Másson, sýslumaður á Sauðárkróki, segist ekki hafa orðið var við þessa óánægju lögreglumannanna en segir jafnframt að níu lögreglumenn starfi við stöðina og því sé afar lítil hætta á því að sú staða komi upp að lögrelumaður neyðist til að standa vaktina einn. Hann segir að vissulega finni menn fyrir aðhaldsaðgerðunum en það sé þó ekki svo að verið sé að ætlast til þess að lögreglan fórni öryggi sínu vegna þeirra.

- jse



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**LÖGREGLAN** Lögreglan á Sauðárkróki segir sparnaðaraðgerðir þar bitna á öryggi sínu og borgaranna.
*Myndin tengist ekki fréttinni með beinum hætti.*

Símaþjónusta Hive:

# Ódýrari netsími

**FJARSKIPTI** Hive býður nú viðskiptavinum sínum upp á símaþjónustu til útlanda með nettækni. „Hive-netsími er fyrsta skref okkar inn á símamarkaðinn með því að bjóða útlandasímtöl til viðskiptavina á um það bil fjórðungi af því verði sem hefur verið við lýði,“ segir Arnþór Halldórsson, framkvæmdastjóri Hive.

Arnór segir að enginn tæknibúnaður sé nauðsynlegur, nægjanlegt sé að hlaða niður forriti. „Fólk tengir svo heyrnartól við tölvuna og getur svo hringt um allan heim. Heyrnartólið er innifalið fyrir viðskiptavini. Þetta mun skapa ný viðmið um hvað telst eðlilegt verð á fjarskiptaþjónustu.“

- ss

!
Talstöðin
FM 90,9

# Íslandsmiðill og Tengir fá Enska boltann

**Íslandsmiðill og Tengir á Akureyri munu fá myndlykla og sjónvarpsmerki Enska boltans. Framkvæmdastjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins segir að engin beiðni liggi fyrir frá Digital Ísland um dreifingu á Enska boltanum.**

**FJÖLMIÐLAR** Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska sjónvarpsfélagsins, segir að engin beiðni liggi fyrir frá Digital Ísland um dreifingu á Enska boltanum. „Komi sú beiðni getum við óskað þess að okkar myndlykill verði notaður.“

Þá segir Magnús að ekki verði hægt að dreifa efninu á úreltu örbylgjukerfi sem Digital Ísland styðst við. „Það er úrelt að því leyti að í gegnum örbylgjukerfið getur útsendingin aldrei verið gagnvirk. Gagnvirk þjónusta okkar byrjar nú með stærri kynningu þegar líður á haustið. Ég reikna samt ekki með miklu samstarfi við Digital Ísland, þar sem þegar er komin beiðni um að Skjár einn fari á Digital, sem hefur verið hafnað,“ segir Magnús.

Bráðabirgðaúrskurður samkeppniseftirlitsins byggir á kærum tveggja fyrirtækja, Íslandsmiðils og Tengis á Akureyri, en bæði fyrirtækin hafa óskað eftir því að fá að dreifa Enska boltanum. „Við munum afhenda þeim myndlykla okkar og sjónvarpsmerki,“ segir Magnús. „Ef það gengur upp tæknilega er kominn tími til að ganga frá viðskiptalegum forsendum. Við munum gera kröfu um að rekið sé þjónustuver og reikningagerð við okkur.“

Í úrskurði samkeppniseftirlitsins frá því á mánudag kemur fram að að Landssíminn hafi ekki einkarétt á að dreifa sjónvarpsdagskrá Enska boltans og kemur fram að hætta sé á að Landssíminn styrki ráðandi stöðu sína á fjarskiptamarkaði sem sé þvert gegn meginmarkmiði ákvörðunar samkeppnisráðs. Því þurfi Íslenska sjónvarpsfélagið að afhenda sjónvarpmerki sitt til að keppinautar Landssímans á fjarskiptamarkaði geti dreift Enska boltanum og þar með verndað eða bætt stöðu sína á fjarskiptamarkaði. Einnig kemur fram í úrskurðinum tilmæli til Íslenska sjónvarpsfélagsins að komi fram vísbendingar um tæknileg vandamál við að afhenda og dreifa sjónvarpsmerkinu til þeirra sem þess óska, verði slík vandamál leyst hið fyrsta.

- ss



**MAGNÚS RAGNARSSON** Íslandsmiðill og Tengir munu fá myndlykla Íslenska sjónvarpsfélagsins og sjónvarpsmerki.



**ENSKI BOLTINN** Í tilmælum Samkeppniseftirlitsins segir að leysa beri tæknileg vandamál við að afhenda og dreifa sjónvarpsmerki Enska boltans hið fyrsta.

www.ru.is/simennt
SÍMENNT HR

Hagnýt námskeið á háskólastigi

Símennt HR býður upp á tvö námskeið á haustönn 2005 sem eru metin til þriggja eininga á háskólastigi:

***Aðferðafræði***
*Áhersla á aðferðafræði sem notuð er við heimildavinnu í tengslum við gerð náms- og starfstengdra greinargerða. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Leifur Geir Hafsteinsson Ph.D. lektor við Viðskiptadeild HR.*

***Fjármál fyrirtækja***
*Fjármálafræði og fjármálastjórnun verða kynnt fyrir nemendum auk þýðingar þeirra fyrir atvinnurekstur. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Sigurður Atli Jónsson, kennari við Viðskiptadeild HR.*

*- Námskeiðin eru sniðin fyrir þá sem hafa hug á að byrja í háskólanámi.*

*Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2:*
***Aðferðafræði:** 10. október – 16. nóvember.*
***Fjármál fyrirtækja:** 11. október – 24. nóvember.*

*Verð fyrir eitt námskeið: 65.000,-*

*Þátttökuskilyrði er stúdentspróf.*

*Umsóknarfrestur til 3. október 2005*

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



Palestínska lögreglan stóð varnarlaus í yfirgefnum landtökubyggðum:

# Skemmdarverk og gripdeildir á Gaza

**PALESTÍNA, AP** Palestínska lögreglan mátti sín lítils er múgur Palestínumanna stundaði gripdeildir í yfirgefnum landtökubyggðum gyðinga á Gaza-svæðinu í gær. Meðal annars var öllu verðmætu stolið úr fjölda gróðurhúsa sem bandarískir gyðingar höfðu keypt af landtökumönnum og fært í umsjá palestínsku heimastjórnarinnar, með það fyrir augum að Palestínumenn gætu nýtt þau áfram.

Vaktstjórar palestínsku lögreglunnar sögðust vera allt of fáliðaðir til þess að fá rönd við reist. Að sögn vitna kom það meira að segja fyrir að lögreglumenn tóku sjálfir þátt í gripdeildunum.

Að palestínska lögreglan skyldi ófær um að hindra skemmdarverk og gripdeildir eftir að Ísraelsher hafði sig á brott eftir áratugalangt hernám þykir ekki boða gott fyrir framtíð Gaza-svæðisins. Mahmoud Abbas, leiðtogi heimastjórnarinnar, brýndi í sjónvarpsávarpi fyrir þjóð sinni að lögleysa yrði ekki liðin.

- aa



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**LÁTA GREIPAR SÓPA** Palestínumenn rífa upp rafmagnsstrengi í rústum gyðingabyggðarinnar Netzarim á Gaza í gær.




ENNEMM / SÍA / NM18182

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku, andláts eða við starfslok vegna aldurs. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**

Bókaðu fund **hjá ráðgjafa** á **www.kbbanki.is**, í síma **444 7000** eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

KB LÍF

Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík

KB BANKI



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir maðurinn sem sagði af sér sem yfirmaður almannavarna í Bandaríkjunum?

2 Hvað heitir sjávarútvegsráðherra Noregs sem var á kosningavöku í norska sendiráðinu hérlendis?

3 Hvað mælist verðbólgan há á ársgrundvelli?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Bíræfinn innbrotsþjófur notaði skurðgröfu til að brjóta sér leið inn í verslunina Start:

# Bakkaði inn og tók þrjár fartölvur

**INNBROT** „Þjófurinn virðist hafa bakkað gröfunni á mikilli ferð inn um gluggann,“ segir Vigfús Sveinbjörnsson, eigandi verslunarinnar Start við Bæjarlind í Kópavogi. Bíræfinn innbrotsþjófur lét greipar sópa í versluninni í gær og notaði skurðgröfu til að brjóta sér leið inn, en stálrimlar voru í gluggum.

Gröfuna hafði þjófurinn tekið ófrjálsri hendi í nærliggjandi götu og ekið henni að versluninni.

Innbrotsþjófurinn hafði þrjár fartölvur á brott með sér og er verðmæti þeirra að sögn Vigfúsar undir einni milljón króna.

„Það eru hins vegar gríðarleg- ar skemmdir á húsinu. Þær hafa ekki verið metnar enn sem komið er, en gætu hæglega numið milljónum.“

Eigendur tölvuverslunarinnar höfðu látið setja stálrimla fyrir glugga verslunarinnar í öryggisskyni. Vigfús segir ýmsum hafa þótt það heldur stórtækar öryggisráðstafanir. „Þær komu samt ekki að gagni í þetta skiptið,“ segir Vigfús. Lögreglan í Kópavogi rannsakar málið. **- saj**




**VIGFÚS SVEINBJÖRNSSON, EIGANDI START TÖLVUVERSLUNAR** Miklar skemmdir urðu á framhlið hússins við innbrotið. „Við höfum búðina opna og getum ekki annað,“ segir Vigfús.

Síldarleit fyrir austan:

## Ekkert finnst

**SÍLDARVERTÍÐ** Ekkert síldveiðiskip hefur verið við síldarleit á Íslandsmiðum frá því Jóna Eðvalds SF frá Hornafirði hætti leit síðastliðinn fimmtudag. Sigurður Ægir Birgisson, skipstjóri á Jónu, segist hafa leitað síldar úti fyrir öllum Austfjörðum í nokkra sólarhringa en án árangurs. „Það kom ekki högg á mælinn,“ segir Sigurður Ægir.

Bræla er nú á hefðbundnum síldarmiðum en Sigurður Ægir reiknar með að halda aftur til leitar þegar veður skánar. **- kk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**EKIÐ Á HROSS** Ekið var á hross í umdæmi Húsavíkurlögreglu í fyrrakvöld. Bílstjórann sakaði ekki en hesturinn mun hafa meiðst auk þess sem einhverjar skemmdir urðu á bifreiðinni. Að öðru leyti hefur verið rólegt í lögregluumdæmum norðan heiða.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJÚLFUR



**HREINDÝR Í LÓNI** Veiðileyfi kosta frá 35 þúsundum króna og upp í 110 þúsund en þau fást ekki endurgreidd.

Hreindýraveiðitímabilinu lýkur senn:

## Ná tæpast kvótanum

**SKOTVEIÐI** Hreindýraveiðitímabilinu lýkur á morgun og útlit fyrir að nokkur fjöldi veiðimanna sitji uppi með veiðileyfi en enga bráð. Í ár var heimilt að veiða 800 dýr en um 760 veiðileyfi voru seld og í gær var búið að fella 714 dýr.

Jóhann G. Gunnarsson, starfsmaður Umhverfisstofnunar, segir brælu hafa verið á hreindýramiðunum í gær en hann á von á heldur betra veðri í dag og á morgun. „Þrátt fyrir það er líklegt að ekki nái allir þeim dýrum sem þeir hafa leyfi til að skjóta,“ segir Jóhann. **- kk**

# Eimskip semur um Herjólf

**Samningaviðræður um rekstur Herjólfs eru að hefjast. Samið verður við Eimskip, sem átti lægstu tilboðin. Frávikstilboðum Samskipa vísað frá.**

**SAMGÖNGUR** Samningaviðræður á milli Eimskipa og Vegagerðarinnar vegna reksturs Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs eru að hefjast. „Það verður gengið út frá tilboðinu og ekki verið að semja umfram það,“ segir Kristín Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Vegagerðarinnar. Kristín segir að vonandi verði gengið til samninga fljótlega. „Þeir ætla að fá að skoða skipið og eins og venja er munum við kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Ef þetta er allt í lagi verður gengið til samninga.“

Í útboði Vegagerðarinnar átti Eimskip lægsta tilboðið, bæði hvað snertir grunnáætlun 1, sem gerir ráð fyrir þrettán ferðum á viku og grunnáætlun 2 sem gerir ráð fyrir fjórtán ferðum. Í áætlun 1 bauð Eimskip 921.775.000, sem er 63,9 prósent af áætluðum verktakakostnaði. Í áætlun 2 bauð Eimskip 984.480.000, sem er 64,2 prósent af áætluðum verktakakostnaði. Tilboð voru opnuð 6. september. Höskuldur Ólafsson, framkvæmdastjóri Eimskip Skipafélags, segir litlar breytingar fyrirhugaðar á rekstri Herjólfs, þar sem reksturinn sé mjög njörvaður niður í útboðinu. „Það verður væntanlega samið til fimm ára, en það er ákvæði í tilboðsgögnum um að ef á kemst samningur um breytingar á öðrum samgöngulausnum til Vestmannaeyja, er hægt að segja samningnum upp á miðju tímabilinu.“ Ef samningar takast milli Eimskipa og Vegagerðarinnar mun Eimskip taka við rekstri Herjólfs í byrjun næsta árs.

Samskip, sem nú rekur Herjólf, átti næst lægsta tilboð í báðar áætlanir. Einnig skilaði Samskip inn fjórum frávikstilboðum, en Kristín segir að ekki verði litið til frávikstilboðanna, þar sem þau fela í sér breytingu á útboðsgögnum. Frávikstilboð séu einungis gild feli þau í sér breytingar á tækni.

Fyrir liggur að ferðum Herjólfs muni fjölga verulega, frá því að vera 590 ferðir á ári í 670 eða 720 ferðir.

svanborg@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**HERJÓLFUR VIÐ BRYGGJU** Ferðum Herjólfs milli lands og Eyja mun fjölga talsvert um næstu áramót. Farnar verða 13-14 ferðir á viku.

Jacques Chirac forseti risinn af sjúkrabeði:

## Stýrir ríkisstjórnarfundi

**PARÍS, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti stýrði í gær fyrsta ríkisstjórnarfundinum frá því hann þurfti að leggjast inn á sjúkrahús hinn 2. september síðastliðinn vegna kvilla sem læknar kölluðu „minniháttar æðatruflun“ sem hamlaði honum sjón. Ráðherrar í stjórninni sögðu forsetann hafa virst hressan.

Að læknisráði hefur Chirac þó ákveðið að halda sig heima er leiðtogar heims hittast á aðalfundi Sameinuðu þjóðanna nú í vikulokin. Dominique de Villepin forsætisráðherra verður staðgengill hans þar. ■



**JACQUES CHIRAC** Frakklandsforseti er risinn upp af sjúkrabeði.





**Þetta er spurning um verð og gæði**

Þýski gæðingurinn Opel ASTRA kostar aðeins **1.695.000 kr.** eða 19.772 kr. á mánuði.*

Samanburður Astra, Golf og Focus

| | Astra Enjoy | Golf Trendline | Focus Trend |
|---|---|---|---|
| EuroNCAP | **5 stjörnur** | 5 stjörnur | 5 stjörnur |
| Vélarstærð | **1.6i 16v** | 1.6i 8v | 1.6i 16v |
| Hestöfl | **105** | 102 | 100 |
| Eyðsla að meðaltali | **6.6** | 7.2 | 6.7 |
| ABS | **já** | já | já |
| ESP stöðugleikastýring | **já** | nei | já |
| Stjórntæki í stýri f. útvarp, geislaspilara | **já** | já | já |
| MP3 spilari | **já** | nei | nei |
| Quick Heat (snögghitun miðstöðvar, 1000 watta hita element) | **já** | nei | nei |
| Aksturstölva | **já** | já | já |
| Sætishitarar | **já** | nei | já |
| Farangursrými, aftursæti uppi /niðri | **350/1270** | 350/1305 | 385/1247 |
| **Verð** | **1.695.000,-** | **1.890.000,-** | **1.890.000,-** |

★★★★★

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Fíton/SÍA FI014216

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán - fös kl. 9:00 - 18:00 og lau kl. 12:00 - 16:00


EKKI LÁTA ÚTLITIÐ BLEKKJA ÞIG



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PRODI FRAM Í RÓM** Romano Prodi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar á Ítalíu, á blaðamannafundi í Róm í gær þar sem hann tilkynnti um framboð sitt í prófkjöri ítölsku „Samfylkingarinnar" (L'Unione) í október.

Og Vodafone og Síminn deila um aðgang að neyðarþjónustu:

# Semja beint við Neyðarlínuna

**NEYÐARÞJÓNUSTA** Ekkert hefur verið því til fyrirstöðu af hálfu Símans að Og Vodafone fái aðgang að kerfi Símans sem veitir Neyðarlínunni upplýsingar um staðsetningu þess sem hringir, að því er fram kemur í yfirlýsingu frá Símanum.

Síminn sendi í gær frá sér tilkynningu þar sem fullyrðingum lögfræðings Og Vodafone um að Síminn hafi staðið í vegi fyrir aðgangi fyrirtækisins að staðsetningarkerfinu er hafnað, en frá árinu 2002 mun öðrum símafyrirtækjum hafa staðið til boða aðgangur að kerfinu. „Það er bæði Neyðarlínunni og Símanum kappsmál að öryggi allra borgara verði tryggara, óháð því við hvaða símafyrirtæki þeir skipta," segir í tilkynningunni.



**MIÐSTÖÐ NEYÐARLÍNUNNAR** Árið 2002 hófu Síminn og Neyðarlínan samstarf um tækni þannig að staðsetja mætti fók sem hringdi eftir hjálp úr farsíma.

„Þetta er stormur í vatnsglasi þar sem málið er byggt á ákveðnum misskilningi," segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone. „Við höfum verið að vinna að þessu og sjáum nú lausn í sjónmáli. Enn liggur ekki fyrir hver útfærslan verður en það ætti að vera ljóst fyrir næstu helgi," bætir hann við. Hann segir enn fremur að líklegast muni Og Vodafone hafa beint samstarf við Neyðarlínuna frekar en Símann.

- óká

Nýr framkvæmdastjóri RKÍ:

# Kristján Sturluson ráðinn

**HJÁLPARSTARF** Kristján Sturluson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. Hann tekur við starfinu af Sigrúnu Árnadóttur, sem lét af störfum nýverið eftir tólf ára starf.

Kristján hefur setið í stjórn Rauða kross Íslands undanfarin þrjú ár ásamt því að vera formaður Kjósarsýsludeildar Rauða krossins frá árinu 2001. Kristján hefur gegnt störfum sem framkvæmdastjóri starfsmanna- og umhverfissviðs hjá Norðuráli ehf. frá árinu 1999. Hann kemur til starfa í lok október.

- saj



FRÁBÆRT NÁMSKEIÐ Í GERÐ AUGLÝSINGA OG KYNNINGAREFNIS

*„Ég hlakkaði alltaf til að fara í skólann því það var alltaf eitthvað nýtt og spennandi í hverjum tíma. Auk þess er ég mun öruggari í samskiptum við alla sem taka við auglýsingum frá mér sama hvort það er fyrir dagblöð, tímarit eða netið..."*

**Þröstur Skúli Valgeirsson**
- Kynningarfulltrúi Vesturfarasetursins

Kynntu þér námið á opnu húsi næsta laugardag!

AUGLÝSINGATÆKNI
- frá hugmynd að fullunnu verki

Þetta námskeið, að öðrum ólöstuðum, hefur hlotið einróma lof nemenda í þau níu ár sem það hefur verið kennt hjá NTV.

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við hönnun mismunandi kynningarefnis fyrir flesta miðla. Námið er bæði fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi. Öll fög eru kennd frá grunni.

Eftir námskeiðið ættu nemendur að geta komið frá sér hugmyndum sínum á tölvutæku formi þannig að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir offsetprentun, dagblöð, Internetið eða aðra miðla.

**Helstu námsgreinar:**
- Mismunandi gerðir kynningarefnis
- Teikning með Illustrator CS
- Myndvinnsla með Photoshop CS
- Vefauglýsingar með ImageReady CS
- Meðhöndlun lita
- Meðferð leturgerða - Týpógrafía
- Frágangur prentverka
- Vettvangsheimsóknir
- Lokaverkefni

**Næsta námsskeið:**
- **Kvöldnámskeið**
  Mánudaga og miðvikudaga frá 18 - 22
  Byrjar 19. sept og lýkur 14. des.

ntv
Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS


fm 98,9 BYLGJAN
**Lífsaugað**
Þriðjudagskvöld 22-24
Þórhallur miðill



MYND/KRISTJÁN SIGURJÓNSSON

**VESTNORRÆNA FERÐAKAUPSTEFNAN** Ríflega 200 ferðaþjónustufyrirtæki taka þátt í kaupstefnunni, sem að þessu sinni er haldin í Kaupmannahöfn.

# Engin þörf á lúxushótelum

**Fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja sem sækja Vestnorrænu ferðakaupstefnuna finna fyrir auknum áhuga á Íslandi.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Vestnorræna ferðakaupstefnan stendur nú yfir í Kaupmannahöfn. Þar kynna fyrirtæki í ferðaiðnaðnum á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi þjónustu sína fyrir erlendum ferðaskrifstofum. Vekur fjöldi rússnenskra og kínverskra ferðaskrifstofa athygli en að sögn fólks í ferðaþjónustunni hefur ferðamönnum frá þessum löndum fjölgað undanfarið. Yfir 200 fyrirtæki taka þátt í kaupstefnunni, sem sett var í tuttugasta skipti í gær og stendur yfir í tvo daga. Ráðherrar ferðamála í löndunum þremur heimsækja kaupstefnuna, þeirra á meðal Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

„Okkur gengur vel að selja ferðir til Íslands og finnum fyrir auknum áhuga," segir Manuel E. Cazzaniga, hjá ítölsku ferðaskrifstofunni Seiviaggi. Hann segir landa sína hafa mestan áhuga á að ferðast einir um Ísland í bílaleigubíl. Hópferðir séu því ekki vinsælar á Ítalíu. Hann segir íslenska náttúru hafa langmesta aðdráttaraflið og fólk komi til að upplifa hana og geri því ekki kröfur um lúxusgistingu. „Það er engin þörf fyrir betri hótel á Íslandi að mínu mati. Ítölskum ferðamönnum myndi að minnsta kosti ekki fjölga þó betri gisting yrði í boði úti á landi," segir Manuel.

Lárus Gunnar Jónsson, yfirkokkur Sjávarkjallarans, er í fyrsta sinn á kaupstefnunni. Hann sagðist í samtali við Fréttablaðið vera ánægður með undirtektirnar og að sú viðurkenning sem Condé Nast Traveller tímaritið veitti Sjávarkjallaranum árið 2004 hefði skipt miklu máli. Öll kynning á staðnum erlendis væri auðveldari fyrir vikið.

Hallgrímur Hansen annast kynningu á þjónustu fyrirtækjanna Ævintýraferða, Eskimo og Safari. Að hans mati eru kaupstefnur sem þessi mjög mikilvægar. „Hópeflisferðir eru okkar aðalvara og það er greinilega skortur á slíkri þjónustu miðað við undirtektirnar hér."

kristjans@frettabladid.is

Ríkisstjórn Íslands veitir fjárstuðning:

# Hálf milljón dala til fórnarlamba Katrínar

**STJÓRNMÁL** Íslenska ríkið mun veita Bandaríkjamönnum hálfa milljón dala, 31 milljón króna, í fjárhagsaðstoð til enduruppbyggingar í þeim ríkjum sem verst urðu úti í fellibylnum Katrínu. Þetta var ákveðið á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

Þau þrjú ríki sem verst urðu úti í náttúruhamförunum eru Alabama, Louisiana og Mississippi.

Peningarnir verða lagðir í fjársöfnun til stuðnings fórnarlömbum Katrínar, en söfnuninni stjórna George Bush eldri og Bill Clinton. Bandarísk stjórnvöld hafa hvatt ríki heims til að leggja söfnuninni lið, en ekki lagt fram skriflega beiðni um fjárstuðning erlendra ríkja.



**BEÐIÐ EFTIR STUÐNINGI** Fólk í biðröð að skrá sig hjá Rauða krossinum í Houston til að geta fengið fjárhagsaðstoð.

- ss




Nú býður Hive viðskiptavinum sínum að hringja fyrir aðeins 5 kr. á mínútuna í heimasíma til rúmlega 30 landa.

Kynntu þér þjónustuna á hive.is og byrjaðu að hringja út í heim á margfalt lægra verði en nokkru sinni fyrr. Skilaðu kveðju frá okkur.

Hive.is  Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive

EFLING STÉTTARFÉLAG

# Efling-stéttarfélag

**Fulltrúakjör til ársfundar Starfsgreinasambands Íslands og ársfundar Alþýðusambands Íslands**

Allsherjaratkvæðagreiðsla verður viðhöfð við kjör fulltrúa á ársfund Starfsgreinasambands Íslands sem haldinn verður á Akureyri dagana 6.-7. október nk. og ársfund Alþýðusambands Íslands sem haldinn verður í Reykjavík dagana 20.-21. október nk.

Tillögur vegna ársfundar Starfsgreinasambands Íslands með nöfnum 46 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna skulu hafa borist skrifstofu Eflingar-stéttarfélags fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 21. september nk.

Tillögur vegna ársfundar Alþýðusambands Íslands með nöfnum 52 aðalfulltrúa og jafnmörgum til vara ásamt meðmælum 120 fullgildra félagsmanna skulu hafa borist skrifstofu Eflingar fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 28. september nk.

Kjörstjórn
Eflingar-stéttarfélags



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


Formaður Samfylkingarinnar fagnar sigri Verkamannaflokksins í Noregi:

# Áhersla á velferð í ríku landi

**STJÓRNMÁL** „Þetta er glæsilegur sigur sem Verkamannaflokkurinn vann,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Flokkurinn býður upp á skýran valkost með meirihlutastjórn á vinstrivængnum og hefur auk þess aftur náð vopnum sínum. Hann var nokkuð klofinn um tíma en kemur nú fram sem ein heild með sterka ásýnd.“

Vinstrabandalagið undir forystu Jens Stoltenberg lagði áherslu á ýmis velferðarmál en innan þess varð ekki eining um afstöðuna til Evrópusambandsins. „Það var gerður um það fyrirvari af hálfu Verkamannaflokksins að ef til aðildarumsóknar kæmi yrði leitað út fyrir raðir vinstrabandalagsins.“

Ingibjörg fagnar áherslum á velferðarmál og áform nýrra valdhafa í Noregi um að fjárfesta í fólki og segir greinilegt að það skipti máli í þessu ríka landi.

„Mikill kosningasigur Framfaraflokksins vekur athygli. Það er sá þáttur sem mér þykir dálítið ógnvænlegur. Uppgangur þjóðernissinnaðra hægriflokka er fyrir hendi bæði í Danmörku og Noregi,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. - jh



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** „Uppgangur þjóðernissinnaðra hægriflokka á borð við Framfaraflokkinn vekur athygli.“

# Viðræður um nýja vinstristjórn í dag

**Kjell Magne Bondevik forsætisráðherra hefur tilkynnt afsögn og viðræður um fyrstu meirihlutastjórnina í Noregi í tuttugu ár hefjast í dag.**

**STJÓRNMÁL** Kjell Magne Bondevik, fráfarandi forsætisráðherra, hefur tilkynnt Haraldi Noregskonungi að hann ætli að segja af sér eftir að vinstrabandalag Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins náði meirihluta á norska Stórþinginu í þingkosningunum á mánudag.

Jens Stoltenberg ætlar að ræða myndun meirihlutastjórnar við samstarfsflokkana þegar í dag. Þetta er í fyrsta skipti í tuttugu ár sem mynduð er meirihlutastjórn í

*Norsku* **ÞINGKOSNINGARNAR**

Noregi en rík hefð er fyrir minnihlutastjórnum sem stýrt hafa með stuðningi eða hlutleysi flokka utan ríkisstjórna.

Meðal þess sem samstarfsflokkarnir ræða er hvort og þá hvernig verja skuli fé úr digrum olíusjóði Norðmanna til velferðarmála. Þeir þurfa einnig að ræða áherslur í orkumálum, en í kosningabaráttunni var meðal annars tekist á um áform um stóraukna raforkuframleiðslu með jarðgasi.

Búast má við einhverjum breytingum á utanríkisstefnu Norðmanna í kjölfar stjórnarskiptanna. Norskir fjölmiðlar hafa meðal annars nefnt mögulega heimkvaðningu norskra hermanna frá Írak fyrir áramótin en jafnframt áform um að efla friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna í Súdan.

Þegar hefur verið rætt um skiptingu ráðherraembætta. Verkamannaflokkurinn bætti við sig átján þingsætum í kosningunum á mánudag og hefur nú 61 sæti af 169. Norskir fjölmiðlar telja flokkinn það voldugan innan vinstrabandalagsins að tvö helstu ráðherraembættin fyrir utan forsætisráðherrastólinn geti fallið honum í skaut. Björn Tore Godal og Jan Egeland, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, eru báðir taldir koma til greina í embætti utanríkisráðherra. Jens Stoltenberg hefur þó ekki tjáð sig um skiptingu embættanna að öðru leyti en því að segja að kjósendur hafi ákveðið styrkleikahlutföllin.

Tap stjórnarflokkanna var afar mikið. Hægriflokkurinn tapaði um þriðjungi þingsæta en Kristilegi þjóðarflokkurinn undir stjórn Bondeviks tapaði helmingi þingsæta sinna. Hins vegar náði frjálslyndi miðjuflokkurinn Venstre að fjölga þingmönnum sínum úr tveimur í tíu og Framfaraflokkurinn bætti við sig fjórtán þingsætum. johannh@frettabladid.is



**KRISTIN HALVORSEN, JENS STOLTENBERG OG ASLAUG HAGA** Formenn Sósíalíska vinstriflokksins, Verkamannaflokksins og Miðflokksins ganga brosmildir til stjórnarmyndunarviðræðna í dag. Stoltenberg hefur 61 þingsæti af 87 á bak við sig í meirihlutasamstarfinu.

| Flokkur | kosningar % 2001 | Þingsæti 2001 | Kosningar % 2005 | | Þingsæti 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verkamannaflokkurinn | 24,3 | 43 | 32,7 | +8,4 | 61 |
| **Framfaraflokkurinn** | **14,6** | **24** | **22,0** | **+7,4** | **38** |
| Hægriflokkurinn | 21,2 | 38 | 14,1 | – 7,1 | 23 |
| **Sósíalíski vinstriflokkurinn** | **12,5** | **23** | **8,8** | **– 3,8** | **15** |
| Kristilegi þjóðarflokkurinn | 12,4 | 22 | 6,8 | – 5,6 | 11 |
| **Miðflokkurinn** | **5,6** | **10** | **6,5** | **+ 1,0** | **11** |
| Vinstri | 3,9 | 2 | 5,9 | + 2,0 | 10 |

Steingrímur J. Sigfússon um norsku kosningarnar:

# Fagnar vinstri stjórn

**STJÓRNMÁL** „Úrslitin í kosningunum vekja blendnar tilfinningar þar eð Sósíalíski vinstriflokkurinn, systurflokkur okkar, tapaði talsverðu fylgi,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann segir flokkinn hafa lagt mikið til vinstrabandalagsins og býst við að Kristin Halvorsen og jafnvel fleiri fái ráðherraembætti í nýrri ríkisstjórn. „Það eru tímamót fyrir systurflokk VG að hefja stjórnarþátttöku og fá ef til vill fleiri en einn ráðherra,“ segir Steingrímur og bendir á að hann hafi fundið fyrir svipuðu bandalagi hér á landi fyrir síðustu þingkosningar. - jh



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**


NISSAN
PATHFINDER
Gott gengi á Nissan Pathfinder í september 2005.

Gengið í hádeginu 13. september 2005
USD 62.50
JPY 0.56
EUR 76.74

NISSAN
SKIPT_um landslag



ÉG ÆTLA EKKI AÐ HANGA INNI Í VETUR

Pathfinder fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Pathfinder eyðir einungis 10 dísil-lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fína í frábærum útivistarbíl fyrir sumar jafnt sem vetur.

LÆKKAÐ VERÐ

| Verð | Fyrir | Eftir |
|---|---|---|
| Pathfinder XE beinskiptur | 3.990.000.- | 3.790.000 |
| Pathfinder SE beinskiptur | 4.450.000.- | 4.290.000 |
| Pathfinder SE sjálfskiptur | 4.650.000.- | 4.490.000 |
| Pathfinder LE sjálfskiptur | 4.990.000.- | 4.990.000 |
| Pathfinder LE IT | 5.350.000.- | 5.190.000 |

STAÐALBÚNAÐUR
- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bíl
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

250.000 krónum flottari!
Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í september fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.



Glitnir
*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100 | Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230 | Sæmundargötu 3 550 Sauðárkróki 453-5141 | Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808 | Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376 | Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 | Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453 | Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540 | Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960

Fíton/SÍA

Grunaður hryðjuverkamaður:

# Framsal frá Ítalíu staðfest

**RÓM, AP** Hæstiréttur á Ítalíu hefur staðfest að framselja beri Hamdi Issac til Bretlands. Issac, sem einnig hefur gengið undir nafninu Osman Hussain, er grunaður um aðild að tilraun til hryðjuverkaárásar í Lundúnum 21. júlí síðastliðinn.

Issac, sem er breskur ríkisborgari, verður framseldur innan tíu daga. Hann hefur lýst því yfir að hann vilji fremur dvelja á Ítalíu.

Verjandi Issacs hefur ekki gefið út yfirlýsingu vegna málsins, en málinu verður ekki áfrýjað frekar. ■

Áformum um stækkun Glerártorgs á Akureyri fagnað:

# Styrkir samkeppni við Reykjavík

**VERSLUN** Ragnar Sverrisson, formaður Kaupmannafélags Akureyrar, fagnar áformum Hagkaupa um að byggja nýja verslun í miðbæ Akureyrar og hugmyndum um stækkun verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs.

„Mér líst vel á stækkun Glerártorgs því það kemur til með að styrkja Eyjafjarðarsvæðið í samkeppninni við höfuðborgarsvæðið. Að sama skapi fagna ég einnig áformum Hagkaupa um að byggja nýja verslun í miðbænum því forsenda fyrir uppbyggingu miðbæjarins er að þar verði aukið framboð á menningu, verslun og þjónustu,“ segir Ragnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Vinna við nýtt skipulag fyrir miðbæ Akureyrar stendur nú yfir í kjölfar hugmyndasamkeppninnar Akureyri í öndvegi sem haldin var síðastliðinn vetur. Ragnar var helsti hvatamaðurinn að þeirri samkeppni og hann óttast ekki að stækkun Glerártorgs komi til með að hafa áhrif á eflingu miðbæjarsvæðisins.

„Það verða alltaf tveir verslunarkjarnar á Akureyri og báðir hafa þeir möguleika á að vaxa og dafna í heilbrigðri samkeppni við hvorn annan,“ segir Ragnar. - kk

**RAGNAR SVERRISSON** Formanni Kaupmannafélags Akureyrar líst vel á þær breytingar sem eru á döfinni í verslunarrekstri á Akureyri.



AP MYND

**STRÍÐSGÓSSLIST** Málverkið „Útreið furstynjunnar af Liegnitz í Charlottenborgargarði“ eftir Franz Krüger er fyrsta „stríðsgóss-listaverkið“ sem Sovétmenn tóku á sínum tíma í hernumdu Þýskalandi sem fyrrverandi Sovétlýðveldið Kirgisistan skilar til Þýskalands, en það var afhent í gær.

Glæpagengi í Svíþjóð:

# Skotárás á lögreglustöð

**STOKKHÓLMUR** Skotárás var gerð í fyrrakvöld á lögreglustöð í bænum Södertälje suður af Stokkhólmi. Tilviljun ein réði því að engan sakaði.

Til uppþota kom í bænum fyrr um kvöldið og handtók lögregla nokkra menn sem létu ófriðlega. Voru lögreglumennirnir nýkomnir aftur á lögreglustöðina þegar tvo menn bar þar að á mótorhjóli vopnaða haglabyssum og létu þeir kúlnahríðina dynja á gluggum stöðvarinnar. Innandyra áttu menn fótum sínum fjör að launa og þykir ganga kraftaverki næst að enginn slasaðist. ■



**GUDRUN SCHYMAN** Guðrúnu Schyman og félögum hennar gengur illa að ná saman um stefnuna.

Sænski kvennaflokkurinn:

# Flokksþing í uppnámi

**STOKKHÓLMUR** Ekki blæs byrlega fyrir nýstofnaðan stjórnmálaflokk kvenna í Svíþjóð. Á þingi flokksins um helgina kom til harkalegra átaka um stefnumál og áherslur og lauk þeim með því að tvær af forystukonunum gengu á dyr. Hópur kvenna innan flokksins vill að flokkurinn leggi sérstaka áherslu á réttindi samkynhneigðra og annarra kynferðislegra minnihlutahópa en konur úr hægri armi flokksins telja það ekki vænlegt til árangurs. Þingkosningar fara fram í Svíþjóð á næsta ári. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓLJÓS SKRÁNINGARNÚMER**
Lögreglan í Keflavík hafði afskipti af tveimur ökumönnum bifhjóla á sunnudagskvöld. Skáningarnúmer hjólanna voru ógreinileg og númeraljós vantaði. Lögreglunni þótti ljóst að skráningarnúmerin hefðu vísvitandi verið gerð ógreinileg til að forðast handtöku við hraðakstur.

**NÚMERAPLÖTUR KLIPPTAR**
Lögreglan í Hafnarfirði klippti númeraplötur af ellefu bifreiðum árla í gærmorgun. Ástæður aðgerðanna eru ýmist vangoldin bifreiðagjöld eða tryggingar. Að sögn lögreglunnar ætti eigendum ekki að koma þessar aðgerðir á óvart þar sem ítrekað hefur verið reynt að innheimta skuldirnar.








Kostir og gallar fyrirhugaðrar sameiningar níu sveitarfélaga við Eyjafjörð:

# Sátt náðist um kynningarefni

**SAMEINING** Náðst hefur sátt um innihald kynningarefnis sem sent verður öllum íbúum níu sveitarfélaga við Eyjafjörð vegna sameiningarkosninga 8. október.

Sveitarstjórnir Eyjafjarðarsveitar og Grýtubakkahrepps gerðu alvarlegar athugasemdir við fyrstu hugmyndir að texta kynningarefnisins en að mati þeirra var nánast eingöngu lögð áhersla á kosti sameiningar en ekki galla.

Hólmgeir Karlsson, oddviti sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, og Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, segjast bæði sátt við kynningarefnið eftir að breytingar voru gerðar á textanum. „Í kynningarefninu sem íbúarnir fá í hendur verða bæði dregnir fram kostir og gallar sameiningar og því getur fólk með góðu móti tekið afstöðu til sameiningar í Eyjafirði,“ segir Hólmgeir.

Kynningarefninu verður dreift inn á öll heimili í sveitarfélögunum níu í dag og næst komandi mánudag hefst röð kynningarfunda.

Fyrsti fundurinn verður á Siglufirði en sá síðasti á Akureyri 4. október.

- kk


FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

**LAUGABORG Í EYJAFJARÐARSVEIT** Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hafði í hyggju að láta útbúa eigið kynningarefni og dreifa því til íbúa sveitarinnar ef texta sameiginlegs kynningarefnis hefði ekki verið breytt.

# Ís norðurskautsins bráðnar óvenjuhratt

**Þór Jakobsson veðurfræðingur segist ekki fyrr hafa séð norðurskautsísinn hopa jafn mikið og nú. Hann telur að huga ætti vandlega að möguleikum Íslands með nýrri siglingaleið sem opnast getur fyrir norðan Síberíu.**

**UMHVERFISMÁL** Lagís á norðurskautinu hefur hopað hratt í allt sumar og er nú svo komið að leiðin norðan Síberíu milli Atlantshafs og Kyrrahafs er greiðfær skipum.

Gervihnattamyndir sýna annars vegar að yfirborðshiti sjávar í byrjun september er langt yfir meðaltali í Norðurhöfum. Hins vegar sýna myndirnar hversu mjög haf- og lagnaðarís norðurskautsins hefur hopað.

„Ég hef ekki séð neitt þessu líkt áður. Mér virðist augljóst að hér sé eitthvað meira á ferðinni en tímabundin sveifla, því ísinn hefur nú verið á undanhaldi síðustu fjögur til fimm ár og aldrei meira en nú,“ segir Þór Jakobsson veðurfræðingur.

Þór bendir á að íslaust sé langt norður fyrir Scoresby-sund á Norðaustur-Grænlandi og auður sjór sé allt umhverfis Svalbarða. „Það er ekki aðeins ungur lagnaðarís sem bráðnar og hverfur heldur einnig eldri og þykkari ís. Það er einnig merkilegt að sjá hversu hár yfirborðshiti sjávar er á þessum slóðum og á þessum árstíma,“ segir Þór.

Fyrir um hálfu ári lauk starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins við skýrslu um siglingaleiðina norður fyrir Rússland yfir til Kyrrahafsins. Ef tækist að gera Íshafsleiðina að raunhæfum kosti í millilandasiglingum mundi ferðatíminn milli Rotterdam og Yokohama í Japan styttast um nærri því eina viku miðað við hefðbundna leið um Miðjarðarhaf og Súesskurð.

Ef Íshafsleiðin yrði gerð að raunhæfum kosti kynni Ísland að henta landa best fyrir umskipun fyrir siglingar bæði frá Evrópu og Norður-Ameríku til Asíu.

Þór Jakobsson er áhugamaður um þessa vannýttu siglingaleið. „Við ættum að draga fram þessa skýrslu í ljósi þessarar þróunar. Íshafsleiðin gæti orðið raunhæf siglingaleið fyrr en nokkurn grunar.“

Helstu farartálmar á leiðinni eru strendur Severnaya Zemlya fyrir miðri Síberíu en þar liggur hafís við strendur allt árið um kring. Gervihnattamyndir sýna að nú er þéttleiki íssins norðan við eyjaklasann varla nema tíu til sextíu prósent.

johannh@frettabladid.is




**NORÐURSKAUTIÐ** Gervihnattamyndin sýnir að siglingaleið milli Atlantshafs og Kyrrahafs norðan Síberíu er greiðfær. Bleika svæðið yfir norðurskautinu táknar útbreiðslu hafíssins eins og hún var fyrir fáeinum dögum. Á kortinu er möguleg siglingaleið sýnd með línu.



**YFIRBORÐSHITI SJÁVAR** Hafsvæði þar sem yfirborðshiti sjávar er hátt yfir meðalhita eru sýnd með dökkrauðum lit. Yfirborðshitinn umhverfis norðurskautið er langt yfir meðaltali nú í september.



**ÞÓR JAKOBSSON VEÐURFRÆÐINGUR** Þór segist ekki hafa séð norðurskautsísinn hafa hopað viðlíka mikið þótt hann hafi látið á sjá undanfarin fjögur til fimm ár.

Nýjar plastmerkingar búfjár tryggja gagnaöflun:

# Bændur mega áfram marka fé

**LANDBÚNAÐUR** Ekki verður hætt að marka fé þrátt fyrir gildistöku nýrrar reglugerðar um búfjármerkingar, en hún gerir ráð fyrir því að sauðfjárbændur og kúabændur merki gripi sína með nýjum plastmerkjum. Sauðfjárbóndi sem blaðið hafði tal af óttaðist að með nýjum merkjum myndi þúsund ára hefð um mörkun fjár leggjast af.

„Menn halda áfram að marka sitt fé eins og venjulega. Reglugerðin kveður ekki á um neinar breytingar á því,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir og telur ágætar viðbótarupplýsingar felast í eyrnamarki. Nýju plastmerkin eru í samræmi við Evrópureglur, meðal annars til að rekja megi uppruna sláturafurða og vegna sjúkdómavarna. „Svo er líka verið að koma upp gagnagrunni, en í þessu felst kennitala hverrar einustu skepnu því reglugerðin nær líka yfir svín, alifugla og hesta.“ Halldór segir þó mismunandi eftir tegundum hvernig skepnur eru merktar, en bæði kýr og kindur fá plastmerki.

- óká


FRÉTTABLAÐIÐ/KÁRI JÓNASSON

**ÚR VALDARÁSRÉTT SÍÐASTA FÖSTUDAG** Nýjar plastmerkingar búfjár eru til að rekja megi uppruna sláturafurða, efla sjúkdómavarnir og gera kleifa skráning gagna um alla meðferð dýranna.


www.ora.is
Hún er komin!
...seiðandi, rjóð og full af ástríðu
ora
680g
ora
Tómatsósa
alvöru amerískt bragð
ora
Ástríða í matargerð
Ora tómatsósa - alvöru amerískt bragð - eins og við viljum hafa hana!

## „ORÐRÉTT“

### Alltaf er Framsókn opin í báða enda

**„Ég tel að hvor sem niðurstaðan verður í þessum kosningum verði samskipti Íslendinga og Norðmanna áfram góð.“**

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** UM KOSNINGAÚRSLITIN Í NOREGI Í FRÉTTABLAÐINU.

### Reytum hann strax

**„...en því miður er lítið annað eftir en arfi á akri stjórnmálanna.“**

**SVERRIR LEÓSSON ÚTGERÐARMAÐUR** LÍKIR DAVÍÐ ODDSSYNI VIÐ SÍBLÓMSTRANDI BLÓM Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU OG SEGIR FLESTA AÐRA STJÓRNMÁLAMENN ARFA.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MARGRÉT KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR SÖNGKONA

## Semur lög á nýja plötu

„Ég er núna að hefja upptöku á nýrri plötu sem kemur væntanlega út snemma á næsta ári,“ segir söngkonan Fabúla sem dags daglega ber nafnið Margrét Kristín Sigurðardóttir. Plötuna vinnur hún í samvinnu við gítarleikarann Birki Örn Gíslason og bassaleikarann Jökul Jörgensen. „Við erum ýmist að semja hvort í sínu lagi eða saman,“ segir Margrét en þetta er í fyrsta sinn sem hún semur lög með öðrum en á fyrri tveimur plötum hennar samdi hún allt efni sjálf. „Ég upplifi það að semja með öðrum eins og að eiga barn. Því lögin sem verða til hefðu aldrei orðið til nema þessir aðilar hefðu komið saman,“ segir Margrét sem fannst þetta spennandi reynsla.

Sumrinu hefur Margrét því mikið til varið í að semja auk þess sem þau þrjú hafa spilað talsvert saman sem tríó. Einnig leggur Margrét áherslu á að eiga nógan tíma með börnum sínum en hún á einn þriggja ára dreng og eina sex ára stelpu sem var að byrja í skóla. „Ég var álíka spennt og hún að mæta og sjá alla,“ segir Margrét og hlær. „Það er mjög spennandi þessa dagana að sjá hana byrja í skóla og eignast nýja vini.“

Eins og svo margir Íslendingar skellti Margrét sér í sólina í sumar, nánar tiltekið á litla eyju við Möltu. „Við fórum mörg saman, leigðum stórt hús og vorum með marga krakka. Þetta var fyrst og fremst hugsað til að börnin gætu leikið sér í sólinni,“ segir Margrét sem er almennt ekki mikið fyrir sólarferðir.



Íslenska fræðasamfélagið:

# Þjóðfræðingar þinga um jólin



Jólin verða til umræðu á fundi Félags þjóðfræðinga á Íslandi í kvöld, nú þegar 102 dagar eru til jóla. Fundurinn er liður í þemakvöldum félagsins og er hinn fyrsti í röðinni. Ber hann yfirskriftina: „Jólin nálgast – eða hvað?“

Á fundinum í kvöld mun Vilborg Davíðsdóttir fjalla um þrettándasiðinn á Þingeyri og aðra áþekka grímu- og heimsóknasiði og Árni Björnsson ætlar að tala um uppruna og þróun vísunnar Uppá stól stendur mín kanna.

Erindi Vilborgar er byggt á BA-ritgerð hennar í þjóðfræði en Árni veltir vísunni fyrir sér í ljósi þess að vegna hennar hafa sprottið upp allt að því harðvítugar deilur síðustu ár.

Fundur Þjóðfræðingafélagsins er haldinn í húsi Sögufélagsins við Fischersund og hefst klukkan 20.

**- bþs**


VEFSÍÐUGERÐ MX 2004

- alvöru námskeið í gagnvirkri vefsíðugerð



*„Ég byrjaði á 3D StudioMax hjá NTV, fór síðan á Photoshop námskeið og að lokum Vefsíðugerð MX 2004. essi frábæru námskeið hafa skilað sér í því að í dag starfa ég sem vefhönnuður hjá* ***Plazt.com***“

**Davíð Pétur Steinsson**
**Vefhönnuður hjá Plazt.com**

Alvöru námskeið í vefsíðugerð þar sem farið er í alla mikilvægustu þætti vefhönnunar s.s. útlitshönnun, myndvinnslu, HTML-kóðun, gagnagrunnsfræði, Javascript, uppsetningu og viðhald bæði minni og stærri vefsvæða.

Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar og í lok námskeiðs ætti nemandi að hafa lokið við eigin vef frá hugmynd að fullunnu vefsvæði.

**Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta:**

**1** - Myndvinnsla fyrir vefinn með **Fireworks MX 2004**
**2** - Almenn vefsíðugerð með **Dreamweaver MX 2004**
**3** - Gagnagrunnstengd vefsíðugerð með **Dreamweaver MX 2004**

Kennt þri. og fim kl. 18:00 - 22:00
og lau 8:30 - 12:30. (þrjá lau. e.h.)
Hefst 22. sept. og lýkur 10. des.

ntv.is

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**


# Nuddað til sigurs

**Þrjár ungar uppfinningakonur frá Akureyri sigruðu í Landskeppni ungra vísindamanna í vor. Með nuddgalla fyrir ungbörn í farteskinu halda þær utan til Moskvu þar sem þær munu etja kappi við aðra unga vísindamenn frá Evrópu.**

„Við viljum vera verðugir fulltrúar félagsvísinda,“ segja stúlkurnar ákveðnar sem í vor sigruðu í Landskeppni ungra vísindamanna og unnu þar með rétt til að etja kappi við aðra unga vísindamenn í Moskvu um miðjan september. Þær Una Guðlaug Sveinsdóttir og Valdís Ösp Jónsdóttir eru í óða önn að undirbúa brottför sína til Rússlands á föstudag. Sú þriðja, Lilý Erla Valdimarsdóttir, er stödd erlendis en ætlar að slást í hópinn þegar út er komið.

Verkefni stúlknanna heitir Nudd og nálægð (Cuddle me clothes) eða Nuddgallinn og er samfella á ungbörn sem er með áþrykktu mynstri sem leiðbeinir foreldrum með strokur í ungbarnanuddi. Upprunalega hugmyndin að gallanum vaknaði í uppeldisfræðiáfanga í Menntaskólanum á Akureyri en allar eru þær nýstúdentar frá skólanum. „Við sátum þrjár saman og Lilý datt í huga að gera galla sem nuddar börn en þá var hugmyndin að honum yrði stungið í samband,“ segja stelpurnar kankvísar. „Þegar við fórum að lesa okkur til sáum við að ungbarnanudd snýst svo mikið um tengslin milli foreldra og barna og þá útfærðist þetta í það sem þetta er núna.“

Una og Valdís benda á að verkefni þeirra sé annað tveggja úr félagsvísindum í keppninni en alls eru 79 verkefni skráð til keppni.

„Þetta er gott verkefni,“ segja stúlkurnar, sem þykjast eiga nokkuð góða vinningsmöguleika en vegleg peningaverðlaun eru í boði.

Þær langar að halda áfram að þróa nuddgallann í framtíðinni og vilja til að mynda endurtaka rannsóknina sem þær gerðu en þar kom í ljós að gallinn virkar vel sem áminningartæki fyrir foreldra. Þær eru ekki farnar að huga að markaðssetningu gallans en finnst ekki ólíklegt að þær einbeiti sér að því þegar keppnin er yfirstaðin.

Þær hlakka að vonum mikið til ferðarinnar. Þær segja mikilvægt að vekja athygli dómara á sér í keppninni en hvert verkefni fær bás í stórum sal og dómarar verja tveimur dögum í að ganga á milli og kynna sér uppfinningarnar. Þær búast við að bás nuddgallans verði áberandi og lögð verði áhersla á að verkefnið komi úr félagsvísindum með fallegum litum og skreytingum.

„Við erum ótrúlega stoltar af verkefninu okkar og gaman hve margir hafa sýnt þessu áhuga enda tengjast börn öllum,“ segja þær stöllur sem hafa opnað heimasíðu sem þær ætla að reyna að uppfæra reglulega með fréttum frá Rússlandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**UPPFINNINGAKONUR** Una Guðlaug Sveinsdóttir og Valdís Ösp Jónsdóttir með nuddgallana góðu. Þriðja unga vísindakonan, Lilý Erla Adamsdóttir, er erlendis en hittir þær í Rússlandi.

**solveig@frettabladid.is**

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna fær myndarlegan styrk:

# Pétur í Kók styrkir börn í Gíneu-Bissá

Pétur Björnsson, fyrrverandi eigandi Vífilfells, hefur styrkt Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna í Afríkuríkinu Gíneu-Bissá um fimm milljónir króna. Peningarnir renna til framleiðslu á joðbættu salti og menntunar stúlkna og ungra mæðra.

Mikill joðskortur er í Gíneu-Bissá og er ætlað að árlega fæðist um tólf þúsund börn greindarskert vegna joðskorts mæðra þeirra á meðgöngu. Fyrir vikið má áætla að heildargreindarvísitala þjóðarinnar sé talsvert lægri en ella og hefur það mikil áhrif á framleiðslugetu hennar.

Þá er aðeins fjórðungur kvenna í landinu læs og eiga peningarnir að nýtast til að bæta þar úr. Hugmyndin er að konur vinni hálfan daginn við að joðbæta salt en hinn helmingur dagsins fari í nám. Takmarkið er að allar konur sem vinna að saltframleiðslunni læri að lesa.



**SÆLLA ER AÐ GEFA EN ÞIGGJA** Pétur Björnsson ásamt fjölskyldu sinni og fulltrúum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Við afhendingu styrksins lýsti Pétur Björnsson því yfir að hann vonaðist til að stuðningurinn myndi bæði hjálpa til þar sem þörf væri á og ekki síður vekja athygli almennings á bágbornum aðstæðum fólks í Afríku.

**- bþs**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HÁTÍÐ HINNA TÍU DYGGÐA** Jain-reglan er indversk trúarregla sem boðar meinlæti og trú á endurholdgun. Maðurinn heldur uppi líkneski af guðinum Adinath meðan hinir biðjast fyrir á tíu daga hátíð hinna tíu dyggða í Allahabad á Indlandi. Jain-trúin er stunduð af yfir fjórum milljónum manna á Indlandi.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands:

# Í stjórn Greenpeace á Norðurlöndum

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, hefur verið kjörinn í stjórn Norðurlandadeildar Greenpeace. Um eitt hundrað þúsund manns eru í Norðurlandadeildinni sem starfrækir móðurskrifstofu í Stokkhólmi og minni skrifstofur í Helsinki, Kaupmannahöfn og Ósló.

„Norræna deildin hefur meðal annars barist fyrir verndun skóga í Skandinavíu, gegn bráðnun Grænlandsjökuls og fjallað mikið um loftslagsmál,“ segir Árni og bætir við að deildin sé nokkuð öflug og njóti virðingar innan alþjóðasamtakanna.



Greenpeace er ekki með starfsemi á Íslandi og er Árni kjörinn í stjórnina sem norrænn borgari en ekki sem fulltrúi Íslands. Hann er vel kunnugur starfsemi þeirra og var starfsmaður samtakanna þar til fyrir tæpum áratug.

Hvalveiðar Íslendinga, sem hófust á ný fyrir þremur árum, urðu til þess að Árni kom að Greenpeace á nýjan leik. „Ég reyndi að hafa hönd í bagga með að samtökin lentu ekki í sama farinu nú og var. Ég vildi að þau nálguðust Ísland og Íslendinga með samræðum um umhverfismál á breiðum grundvelli,“ segir Árni og telur að framganga Greenpeace á Íslandi síðustu ár hafi tekist þokkalega.

**- bþs**







## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi myndbandaleiga á Íslandi

Heimild: HAGSTOFAN




**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: HLUTVERK BANKARÁÐS SEÐLABANKANS

# Hefur eftirlit og ályktar

Það kom mörgum á óvart að samkvæmt lögum um Seðlabankann væri það hlutverk forsætisráðherra að skipa bankastjóra Seðlabankans, en ekki bankaráðs. Helsti tilgangur bankaráðs er hins vegar að hafa eftirlit með starfsemi bankans og er yfirstjórn hans í höndum forsætisráðherra og bankaráðs.

**Hverjir sitja í bankaráði?**
Alþingi kýs sjö fulltrúa til bankaráðs að loknum aþingiskosningum, og jafnmarga til vara. Ekki má kjósa stjórnendur eða starfsmenn lánastofnana eða annarra fjármálastofnana sem eiga viðskipti við bankann.Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og mega taka þátt í umræðum. Ef meirihluti bankaráðs mætir til fundar, getur ráðið ályktað.

**Hver eru helstu verkefni bankaráðs?**
Helsta hlutverk bankaráðs er að hafa eftirlit með því að Seðlabankinn starfi í samræmi við lög. Bankaráð hefur einnig eftirtalin verkefni; Staðfesta tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans. Ákveða laun og starfskjör bankastjóra. Hafa umsjón með innri



endurskoðun við bankann. Staðfesta starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum. Staðfesta reglur um umboð starfsmanna til að skuldbinda bankann. Staðfesta kjarasamninga við starfsmenn bankans. Staðfesta tillögu til forsætisráðherra um reglur um reikningsskil og ársreikning bankans. Veita forsætisráðherra umsögn um reglugerð um framkvæmd einstakra þátta laga um Seðlabankann. Staðfesta ársreikning bankans. Staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans og ákvarðanir um meiriháttar fjárfestingar. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um viðurlög í formi dagsekta. Staðfesta reglur sem bankastjórn setur um heimild starfsmanna bankans til setu í stjórnum stofnana og fyrirtækja. Staðfesta starfsreglur sem bankastjórn setur um varðveislu gjaldeyrisforðans.

## SPURT & SVARAÐ

FLÓTTAFÓLK Á ÍSLANDI



ÞÓRIR GUÐMUNDSSON, SVIÐSSTJÓRI ÚTBREIÐSLUSVIÐS RAUÐA KROSS ÍSLANDS.

### *Allir fá íslenskukennslu*

Þrjár kólumbískar fjölskyldur komu hingað til lands síðastliðinn föstudag á vegum Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna en Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands hjálpar fólkinu við að laga sig að íslensku samfélagi. Þórir Guðmundsson er sviðsstjóri útbreiðslusviðs Rauða kross Íslands.

**Hvað koma margir flóttamenn hingað til lands í ár?**
Það kemur alls 31 flóttamaður frá tveimur löndum.

**Hvaðan koma þeir?**
Annars vegar frá Kosovó og hins vegar frá Kólumbíu. Kólumbísku flóttamennirnir koma reyndar frá tveimur stöðum; annars vegar frá flóttamannabúðum í Ekvador og svo frá Kosta Ríka.

**Hvernig verður þeim hjálpað að laga sig að íslensku samfélagi?**
Þeir fá aðstoð frá stuðningsfjölskyldum og það vill svo vel til að okkur hefur að mestu tekist að fá einstaklinga sem tala spænsku til að aðstoða fólkið frá Kólumbíu. Þessar stuðningsfjölskyldur kenna þeim á íslenskt samfélag eftir fremsta megni. Krakkarnir fara í íslenska skóla þar sem þeir fá sérstaka kennslu í íslensku og öðru sem lýtur að íslensku samfélagi og eins fá allir flóttamennirnir íslenskukennslu. Þessi aðstoð sem við veitum ásamt Reykjavíkurborg hefur hlotið talsverða athygli manna víðs vegar að sem starfa að þessum málum.

# Ábyrgðin mest hjá ríkisvaldinu

**Hagfræðingur Alþýðusambands Íslands segir að verðbólgan sé að stórum hluta tilkomin vegna aðhaldsleysis í ríkisfjármálum. Tímasetningar á framkvæmdum hafi verið rangar. Annar hagfræðingur segir að þenslan sé ekki lengur aðeins bundin við olíuverð og íbúðaverð heldur sé að breiðast út um hagkerfið.**

Verðbólgan mælist nú 4,8 prósent og hefur ekki mælst meiri í rúm þrjú ár. Hún er nú komin yfir efri vikmörk Seðlabankans, sem eru fjögur prósent. Verðbólgumarkmið Seðlabankans er 2,5 prósent.

Hagfræðingar segja að þessi mikla verðbólga nú sé tilkomin vegna þenslu í þjóðfélaginu sem sé að hluta til vegna þeirra miklu stóriðjuframkvæmda sem nú standa yfir.

Einnig hefur hækkandi olíuverð veruleg áhrif á verðbólgu, sem og hækkun á húsnæðisverði. Þá hafa sumarútsölurnar haldið verðbólgunni niðri að undanförnu því þær hafa þau áhrif að verð á dagvörum mælist lægra en annars. Sumarútsölum er nú lokið og því hækkar dagvöruverð að jafnaði, sem jafnframt hefur þau áhrif að verðbólgan hækkar.

**Gengisáhrif komin fram**

Ásgeir Jónsson, hagfræðingur hjá KB banka og lektor í hagfræði við Háskóla Íslands, bendir á að verðbólga án húsnæðis mælist nú í fyrsta sinn hærri en verðbólga með húsnæði. „Það sýnir að hagkerfið er að bregðast við þeirri þenslu sem orðið hefur í þjóðfélaginu. Hingað til hefur verðbólgan einkum verið bundin við olíu- og fasteignaverð,“ segir Ágeir.

Hann bendir á að gengi krónunnar hafi hækkað mjög mikið í lok síðasta árs og byrjun þessa árs. „Í kjölfarið lækkaði verð á innfluttum vörum en það hefur unnið á móti verðbólgunni fram að þessu. Núna eru verðbólgulækkandi áhrif gengisins hins vegar komin fram og verðbólgan farin að hækka í kjölfarið,“ segir Ásgeir.

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og forstöðumaður hagdeildar, er ekki sammála Ásgeiri um að verðbólgan hafi nú breiðst út um hagkerfið. Hann segir að þótt verðbólgan mælist þetta mikið nú sé hún að mestu leyti vegna verðhækkunar á fasteignamarkaði.

Spurður um hvaða skýringar hann hafi á því hvers vegna verðbólga án húsnæðis mælist nú hærri en verðbólga með húsnæði, segir hann að það eigi aðeins við um verðbólgu milli mánaða. „Útsölurnar eru hættar en þær hafa dregið mikið úr verðhækkunum. Miklar bensínhækkanir spila einnig inn í en að öðru leyti er það ljóst að áttatíu prósent verðbólgu síðustu tólf mánaða, sem mælist 4,8 prósent, eru vegna hækkunar á húsnæðisverði,“ segir Hannes.

**Aðhaldsleysi í ríkisfjármálum**

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir að þenslan sé að hluta tilkomin vegna hinna miklu framkvæmda sem nú standa yfir, en einnig vegna breytinga á lánamarkaði og aðhaldsleysis í ríkisfjármálum.

„Við þessar aðstæður þarf meira aðhald í ríkisfjármálum. Við höfum tvö hagstjórnartæki, ríkisfjármálin og peningastefnu Seðlabankans. Ríkið getur slegið á verðbólgu með frekara aðhaldi á meðan mestu framkvæmdirnar eru í gangi,“ segir Ólafur Darri.

„Ef það gerist ekki reynir meira á peningamálastefnu Seðlabankans og það er einmitt það sem hefur gerst. Peningastefna Seðlabankans er þó til lengri tíma miklu sársaukafyllri en aðhald í ríkisfjármálum því krónan styrkist við hækkun stýrivaxta. Það dregur auðvitað úr verðbólgu og kemur almenningi til góðs til skamms tíma en veikir hins vegar atvinnulífið. Áhrifa þess gætir vítt og breitt um landið og sjást ýmis merki þess að samkeppnisgreinarnar eru í erfiðri stöðu,“ segir Ólafur Darri.

Hann segir að þess vegna hafi ASÍ gagnrýnt almennt aðhaldsleysi yfirvalda og ýmsar tímasetningar. „Það er óskynsamlegt að boða það að skattar yrðu lækkaðir um allt að 30 milljarða á ári á sama tíma og við erum að fara í gegnum mestu framkvæmdir Íslandssögunnar,“ bendir hann á.



*Peningastefna Seðlabankans er þó til lengri tíma miklu sársaukafyllri en aðhald í ríkisfjármálum því krónan styrkist við hækkun stýrivaxta.*

„Þá er þenslan á húsnæðismarkaðnum að hluta til komin vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir boðuðu í fyrra breytingar á Íbúðalánasjóði og að lánshlutföll og hámarkslán yrðu hækkuð,“ segir hann.

„Það má líka benda á að á þessu ári hafa verið opnuð tvenn jarðgöng á Austurlandi. Ég tek það fram að þessi jarðgöng geta verið þörf og góð en þau eru í beinni samkeppni við nákvæmlega samskonar framkvæmdir við virkjanir og álver. Þar er verið að keppa um sömu tækin og tólin og mannskapinn þannig að þetta er beinlínis til þess að ýta frekar undir þensluna,“ segir Ólafur Darri.

„Ég er ekki að gagnrýna einstakar framkvæmdir, breytingarnar á húsnæðislánamarkaðnum eða skattalækkanirnar. Ég er að gagnrýna tímasetningarnar,“ segir hann.

**Verðbólguskot 2001**

Ásgeir Jónsson bendir á að hér á landi hafi löngum verið hærri verðbólga en í nágrannalöndum okkar. „Hér var óðaverðbólga fyrir 1989 og efnahagsstjórnin í molum. Frá þeim tíma hefur verið mjög hraður hagvöxtur og góð efnahagsstjórnun sem hefur haft lækkandi áhrif á verðbólgu,“ segir Ásgeir.

„Síðasta verðbólguskot var árið 2001 og orsakaðist af miklu leyti af gengisbreytingu krónunnar. Krónan féll og verðbólgan hækkaði í kjölfarið,“ segir Ásgeir.

Ólafur Darri segir að efnahagsástandið núna sé svipað því sem var 2001. „Það er verulegt áhyggjuefni og allir eru sammála um það, að það er ekki innistæða fyrir núverandi styrkleika krónunnar. Það er ekki spurning um hvort hún falli, heldur hvenær,“ segir hann. „Menn eru almennt sammála um að krónan muni gefa eftir og margir eru hræddir um að það muni gerast hratt og hún geti fallið mikið. Í kjölfarið má búast við hressilegu verðbólguskoti, hugsanlega í lok næsta árs eða byrjun árs 2007,“ segir hann.

**Skuldum þúsund milljarða**

Spurður hvaða áhrif verðbólguskot geti haft á almenning segir hann að kaupmáttur muni líklega dragast saman auk þess að verðbólgan hefur veruleg áhrif á skuldsett heimili.

„Heimilin í landinu skulda nálægt þúsund milljörðum. Um 85 prósent þessara lána eru verðtryggð. Ef verðbólgan skýst upp um tíu prósent hækka lánin einfaldlega um tíu prósent,“ segir hann.

„Ef við fengjum mikinn skell þá gæti þetta sett margan húsnæðiskaupandann í veruleg vandræði vegna hækkunar á afborgunum. Ef kaupmáttur dregst saman í kjölfar verðbólguskots en lánin halda áfram að hækka gætu þeir sem eru búnir að skuldsetja sig mikið lent í verulegum vandræðum, jafnvel misst eignir sínar í einhverjum tilfellum,“ segir Ólafur Darri.




**VERÐBÓLGA 1989-2005**
Þróun verðbólgu á árunum 1989 til 2005. Miðað við verðbólgu síðustu tólf mánaða í september á ári hverju.



FRÉTTASKÝRING

SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
sda@frettabladid.is



| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 6.48 | 13.23 | 19.57 |
| AKUREYRI 6.30 | 13.08 | 19.44 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt



nám o.fl.

**DANS**
Dansskóli Jóns Péturs og Köru flutur í Rúgbrauðsgerðina BLS 2





ferðir o.fl.

**RÉTTIR**
Líf og fjör í sveitum landsins BLS 3





FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.


**Góðan dag!**
Í dag er miðvikudagur 14. september, 257. dagur ársins 2005.




## SMÁAUGLÝSINGAR


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Hanna Mjöll lítur björtum augum fram á veturinn.

# Ótrúlega fjölbreyttur hópur

***Kennaranemar eru að byrja sína fjórðu viku í KHÍ. Hanna Mjöll Káradóttir er ein þeirra fjölmörgu sem hófu nám við skólann nú í haust. Hún sér fram á spennandi vetur í heimilislegu umhverfi.***

„Við erum ekkert að treina þetta neitt," segir Hanna Mjöll stórkarlalega þegar blaðamaður furðar sig á því hvað Kennó byrji snemma. Hún sér líka ekki eftir þeim hluta haustsins sem hefur farið í námið því skólinn er skemmtilegur, að minnsta kosti hingað til. „Mér finnst þetta æðislegt, rosa spennandi. Maður fær á tilfinninguna að það sé samstaða hérna í Kennó og mjög bara heimilislegt og skemmtilegt."

Hanna hefur haft augastað á náminu í Kennó í dálítinn tíma enda námið mjög áhugavert. „Mig hefur alltaf langað til að vinna með börnum og unglingum og langar til að leggja eitthvað af mörkum til þeirra," segir hún. Þótt sérhæfingin byrji ekki fyrr en á öðru ári er hún komin með hugmynd um hvað bíði hennar eftir námið – íslenskukennsla á unglingastigi.

Mikil aðsókn er í Kennó og fjölmargir með Hönnu á fyrsta ári. „Við erum fimm bekkir sem byrjuðum á grunnskólabraut og það er strax byrjuð að myndast svona bekkjastemning. Við erum öll saman í stórum fyrirlestrum og erum í bekkjunum okkar þess á milli," segir Hanna. Spurð um hvers konar fólk sé með henni í skólanum segir hún að bekkjarfélagar hennar myndi alveg hreint ótrúlega fjölbreyttan hóp. „Það er í rauninni allir aldurshópar," segir hún en bætir við að mjög margir sem byrji á fyrsta ári séu ekki nýskriðnir úr menntaskólunum. Þegar blaðamaður í barnaskap sínum spyr út í þjóðsögur um að í Kennó séu ekkert nema stelpur segir Hanna að kynjamunurinn sé ekki mjög áberandi. „Án þess að ég viti það nákvæmlega held ég að það séu ennþá aðeins fleiri stelpur, en alveg eitthvað af strákum."

*annat@frettabladid.is*

# Líf og fjör í réttum

***Fjárréttir eru byrjaðar víða á landinu og um næstu helgi verða nokkur stór söfn rekin til byggða.***

Eitt af því sem gaman er að gera á haustin er að fara í réttir. Sumir eiga þangað auðvitað erindi sem eigendur fjár eða hrossa og hafa því heilmiklu hlutverki að gegna. Þeir eru þó fleiri sem enga skepnu eiga en fara í réttir sér til ánægju og upplyftingar enda er þar mikið líf og fjör innan um menn og skepnur. Sauðféð er frjálslegt og prútt á lagðinn þegar það kemur af fjöllum og heiðum og fjallkóngarnir og annað bændafólk er í essinu sínu í fjárréttunum að draga í dilka. Þá vantar ekki sviptingarnar í stóðréttunum þar sem faxprúðir fákarnir eru til augnayndis en ekki alltaf í stuði til að láta handsama sig.

Stóðréttirnar hefjast 17. september en nú um helgina og næstu helgar verða stór fjársöfn rekin af afréttum til byggða. Má geta um Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi og Hrunaréttir í Hrunamannahreppi á föstudaginn 16. september og Reykjaréttir á Skeiðum, Skaftártunguréttt í V.-Skaftafellssýslu, Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum og Flekkudalsrétt á Fellsströnd í Dalasýslu sem allar verða næsta laugardag, hinn 17. september. Upplýsingar um helstu smalanir haustsins er að finna á www.bondi.is



FRÉTTABLAÐIÐ/KÁRI JÓNASSON

Á föstudag var réttað í Valdarásrétt í Fitjárdal í Húnaþingi vestra.

## LIGGUR Í LOFTINU
**[ NÁM – FERÐIR ]**

**Iðjuþjálfar og nemendur** við iðjuþjálfun í Háskólanum á Akureyri ætla að gefa nemendum góð ráð í sambandi við skólatöskur dagana 21., 22. og 28. september. Þeir fara í Þelamerkurskóla, Glerárskóla, Dalvíkurskóla, Síðuskóla og í verslanir Pennans á Akureyri.





**Hellaferð** verður farin á vegum Útivistar um helgina. Þetta er jeppaferð og farið verður af stað á föstudagskvöld og gist á Miklafelli. Á laugardag verður ekið inn á Lakasvæðið og skoðaðir ýmsir hellar á svæðinu. Nauðsynlegur búnaður er hjálmur, hausljós, gott vasaljós, stígvél og galli sem ekki ætti að vera af fínustu gerð því búast má við að hann rifni.

**Hótel Glaðheimar** á Blönduósi útvegar gestum sínum gæsaskotveiði á góðum stöðum gegn hóflegu verði. Um er að ræða staði sem eru annálaðir fyrir góða veiði. Það er mál manna fyrir norðan að gæsaveiðin fari vel af stað og telja sumir að gæsin komi fyrr niður en venjulega vegna þess að heiðarsmalamennskur eru með fyrra móti.

**Steindór Andersen,** Njáll Sigurðsson og Kristján Eiríksson leiðbeina um rímnakveðskap og bragfræði á námskeiði sem Kvöldskóli Kópavogs heldur í haust í samvinnu við Bókasafn Kópavogs. Kennt verður fimm miðvikudaga í röð, fyrst hinn 28. september og hefst kennsla klukkan 17.






**Plastpokar**
eru nauðsynlegir utan um jógúrt og önnur matvæli sem eiga það til að slettast um allt í skólatöskunni. Farðu þó varlega í plasteyðslunni, sem fer illa í umhverfið, og notaðu hvern poka aftur og aftur.




Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456-3745

Keramik fyrir alla
Vinnustaðir

Komið í hádeginu og málið bollana fyrir vinnustaðinn.
Tilboð
Bolli og matur kr.1990
Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is


Mikið er um að vera í nýju húsnæði dansskólans. Kara segir að salsanámskeiðin séu með því vinsælasta.

"Ég var mjög spenntur að fara á námskeiðið, þar sem mér langaði að geta lesið meira á styttri tíma. Námskeiðið stóð undir væntingum og vel það. Ég mæli með að allir fari á þetta námskeið þar sem þetta mun spara mikinn tíma í framtíðinni." -Ívar Daði Þorvaldsson, 15. ára nemi.
...næsta námskeið hefst 26. september
Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586-9400
HRAÐLESTRARSKÓLINN

# Dansinn dunar í Rúgbrauðsgerðinni

***Dansskóli Jóns Péturs og Köru býður upp á mikið úrval samkvæmisdansa í nýju húsnæði. Sígildir samkvæmisdansar og salsa fyrir einstaklinga er meðal þess sem boðið verður upp á.***

Dansskóli Jóns Péturs og Köru hefur flutt sig um set og hreiðrað um sig í Borgartúni 6, Rúgbrauðsgerðinni svokölluðu. „Hér voru frægir veislusalir ríkisins en búið að hreinsa allt út og verið að leggja lokahönd á húsnæðið," segir Kara Arngrímsdóttir og bætir við að þótt þau hafi verið ánægð á gamla staðnum slái sá nýi hann alveg út. „Það er auðvitað mikil spenna í loftinu að opna á nýjum stað. Þetta verður bara mjög huggulegt," segir hún.

Starfið í dansskólanum verður með hefðbundnum hætti í vetur þótt nýja húsnæðið bjóði vissulega upp á spennandi möguleika. Stefnan er að leigja út veislusali seinna í vetur en þangað til verður ekkert gert nema dansað í gömlu Rúgbrauðsgerðinni. „Við erum voðalega mikið á sígildu nótunum en erum alltaf með freestyle sem tekur mið af nýjustu tónlistinni og dönsunum," segir Kara. „Svo erum við náttúrlega með samkvæmisdansana sem virðast alltaf ætla að vera sígildir." Hún bendir á vinsæl salsa-námskeið sem eru nú að hefja annað ár sitt þar sem bæði er boðið upp á tíma fyrir pör og einstaklinga. „Þá ert þú ekki háður því að vera með dansfélaga eða slíkt heldur er þetta byggt upp eins og línudans nema það eru salsaspor og tónlist," segir Kara og bætir við að salsað virðist ætla að verða mjög vinsælt.

Skráning er enn í fullum gangi en kennslan hófst í vikunni. Það fer því hver að verða síðastur að ná í þau fáu lausu pláss sem enn eru eftir. ■


Þegar ljósmyndari leit við voru þessir hressu krakkar á dansæfingu.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

gítar skóli ólafs gauks
www.gitarskoli-olgauks.is
30 ára
Innritun stendur yfir og fer fram daglega kl. 14.00–17.00 í skólanum, Síðumúla 17, símar 588-3730 eða 588-3630, fax: 588-3731, tölvupóstur: ol-gaukur@islandia.is Heimasíða: www.gitarskoli-olgauks.is
Skólinn á 30 ára starfsafmæli um þessar mundir og í boði er úrval námskeiða fyrir alla aldursflokka, byrjendur eða lengra komna. Skemmtilegt nám, fyrsta flokks námsefni, bæklingur í hverjum tíma og geisladiskur til að æfa með heima.
Hægt að fá leigða HEIMAGÍTARA kr. 3500 á önn
588-3630
588-3730
MasterCard
VISA

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Gítarnámskeið
EINKATÍMAR
12 VIKUR
* * *
Litlir hóptímar fyrir 6-9 ára
www.gitarskoli.is
sími 581 1281
gitarskoli@gitarskoli.is

# Ungt fólk og fjármál

***Tíundu bekkingar á Akureyri fá fræðslu um fjármál og sparnað.***

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna og Akureyrarkaupstaður vinna saman að forvörnum í fjármálum fyrir unglinga í grunnskólum Akureyrar. Fyrsta kennslustundin er í dag í Oddeyrarskóla fyrir tíundu bekkinga þar ásamt nemendum frá Hrísey. Leiðbeinandi er Björg Sigurðardóttir viðskiptafræðingur. Fjallað verður meðal annars um fjárhagsáætlanir, sparnað, lán, ábyrgðarmennsku og hugtök sem notuð eru í heimi fjármála. ■



## Útbúnaður

Þótt farið sé að hausta er engin ástæða til að leggja árar í bát og bíða inni eftir að sumarið komi á ný. Réttur útbúnaður getur lengt ferðatímabilið svo það standi yfir allan ársins hring.



MYND/ÞÖK



Mynd úr safni. Haustið í öllu sínu veldi á Þingvöllum.

# Dáðst að litaflórunni

***Litirnir sem náttúran skartar á þessum árstíma draga að sér margan ferðalanginn og haustlitaferðir eru orðnar að föstum lið. Ferðafélag Íslands hefur boðið upp á slíkar ferðir í ein tuttugu ár, bæði í Heiðmörk og Þórsmörk.***

Á haustin fara margir út í náttúruna til að njóta litadýrðarinnar. Staðir eins og Þórsmörk og Þingvellir njóta mikilla vinsælda, ásamt Heiðmörk og fleiri stöðum. Sumir fara þessar ferðir á eigin vegum en Ferðafélag Íslands býður upp á skipulagðar haustlitaferðir á hverju hausti bæði í Þórsmörk og Heiðmörk sem öllum er frjálst að taka þátt í.

„Við förum í þeim tilgangi að sjá sem flesta liti og velta litunum fyrir okkur. Sjá hvaðan úr flórunni þeir koma og hvernig þeir verða til,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands. „Reynt er að tímasetja ferðirnar þannig að litadýrðin sé sem mest, og eru því breytilegar frá ári til árs,“ segir Páll.

Ferðirnar sem heita sérstaklega haustlitaferðir, eru í Heiðmörk og Þórsmörk en vel er hægt að njóta haustlitanna í öðrum ferðum á vegum félagsins. Þar að auki standa skálar Ferðafélagsins öllum opnir á haustdögum þar sem hægt er að njóta litadýrðar á fjöllum. Skálarnir standa í Landmannalaugum, Þórsmörk, Hvanngili, Álftavatni, Nýjadal og Þverbrekknamúla.

„Í haustlitaferðunum erum við með náttúrufræðinga og líffræðinga sem leiðsögumenn, en þessar ferðir hafa notið talsverðra vinsælda. Aðsóknin virðist aukast með ári hverju, ef eitthvað er, og sumir koma á hverju ári,“ segir Páll.

Heiðmerkurferðin að þessu sinni er áætluð næsta sunnudag og er öllum frjálst að mæta í ferðina sem er ókeypis. Gengið verður um gróðurreit félagsins með leiðsögn. Þórsmerkurferðin stendur hins vegar yfir helgi og kostar tólf þúsund krónur. Innifalið er gisting, rútuferð, matur og leiðsögn. „Þórsmörk er ein af okkar náttúruperlum og alltaf er gaman að fara þangað,“ segir Páll. ■

# Kvótinn ekki fullnýttur

***15. september lýkur veiðitímabili hreindýra.***

Á morgun lýkur hreindýraveiðitímabilinu sem staðið hefur yfir frá 1. ágúst. Að sögn Jóhanns G. Gunnarssonar hjá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstjórnunar hafa veiðarnar gengið vel í sumar. „Veðurfarið hefur kannski aðeins verið að stríða mönnum. Þegar umhleypingar eru í veðrinu er alltaf erfiðara að treysta veðurspá, sem getur haft áhrif á hvernig veiðarnar ganga,“ segir Jóhann.

Kvótinn á hreindýrum í ár voru átta hundruð dýr en þau hafa ekki öll verið veidd heldur vantaði tæp hundrað dýr þegar þrír dagar voru eftir af tímabilinu. „Það er aðeins misjafnt eftir svæðum, allt frá einu og upp í fimmtán dýr sem á eftir að veiða,“ segir Jóhann aðspurður um hversu mikið vanti upp á að kvótinn sé fullnýttur. Hann segir að þetta megi skýra með því að ekki hafi öllum veiðileyfunum verið úthlutað á svæði níu og þess vegna sé þessi dýrafjöldi mjög eðlilegur miðað við fjölda leyfa. ■



Hreindýraveiðin í sumar gekk vel.








## PISTILL Stefáns Jóns Hafstein

VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

## Sjóbirtingsveiði hafin af krafti

Þverá í Borgarfirði lokaði um síðustu helgi eftir glæsilegt sumar. Við hjá flugur.is vorum í Þverá um helgina og mátti sjá að mikið er af fiski í ánni og vel dreifður. Sjö stanga hópur náði 15 fiskum laugardag og sunnudag með „litlu álagi“, en talsvert slapp enda tökur tæpar. Enn var nýlegur fiskur á ferð um ána og magnað að sjá stundum fjóra eða fimm fiska á lofti í kringum veiðimenn sem vissu varla í hvaða átt þeir skyldu kasta. Nánar verður fjallað um Þveráveiðina í Flugufréttum á föstudag og hvað hann vildi. Ekki er nú líklegt að rúmlega 4.000 laxametið í Þverá haldi því Eystri-Rangá á enn mikið eftir og siglir væntanlega vel á fimmta þúsundið í ár sem er með ólíkindum. Það eru fleiri ár gjöfular en „stórveiðiár“ og sumar ansi góðar: Vel hefur gengið í Langadalsá í Djúpi. Benedikt Guðbjartsson krækti í 19 punda dreka þar, og önnur „smá-á“ er Búðardalsá sem er komin yfir 320 laxa á tvær stangir sem hlýtur að teljast nokkuð gott fyrir á sem annars fer litlum sögum af.

Sjóbirtingsveiðin er hafin af krafti: Hópur sem var á Seglbúðasvæðinu í Grenlæk um helgina náði um 30 sjóbirtingum, þar af voru tveir sex punda og einn sjö pund. Mikið virðist gengið á svæðið – til marks um það er ótrúlegt sjónarspil sem veiðimennirnir urðu vitni að. Sjóbirtingurinn gengur um stiga til að komast upp fyrir stífluna og þar fyrir neðan er breiða: „Breiðan hreinlega iðaði og sauð af sjóbirtingi sem virtist ekki komast allur upp stigann. Þetta var þannig allan laugardaginn en mikið hafði rignt nóttina áður sem setti fiskinn kannski á hreyfingu. Við höfðum ekki hjarta í okkur til að reyna að veiða þessi grey en þetta var ógleymanleg sjón,“ segir einn veiðimanna.



Brúnó stendur vörð um tvo laxa sem teknir voru á Snældu í Eystri-Rangá í vikunni.

Veiða má sjóbirting fram í næsta mánuð, og reyndar einnig lax þar sem svo stendur á, til dæmis í Eystri-Rangá. Birtingurinn er ljósfælin skepna og hefur eigin aðferðir við að lifa lífinu og því er vert að hafa í huga nokkrar ábendingar fyrir þá sem ætla í birting í haust: 1) Verið árrisul, og haldið lengi út fram í ljósaskiptin. Sjóbirtingur er ljósfælinn og tekur best í birtingu á morgnana og í ljósaskiptunum þegar rökkvar. Fáið ykkur bara góðan lúr miðdegis. 2) Þótt oft sé hægt að lokka sjóbirting í yfirborðstökur (ef hlýtt er og helst dimmt yfir) þá er algengast að maður þurfi að sökkva flugu eða agni vel fyrir hann. Fluguveiðimenn ættu því að hafa sökklínu með í djúpa ála, eða nota þyngdar flugur sem fara niður að botni. Allar helstu sjóbirtingsflugur fast nú með þyngdum hausum sem hjálpa þeim að sökkva. Þannig má nota Flæðarmús, Heimasætu, Black Ghost og nobblera af ýmsum gerðum til að ná í þann bjarta. 3) En hann tekur líka púpur, þyngdir kúluhausar ættu að vera með í för og kastað andstreymis. Héraeyra svo dæmi sé tekið. 4) Notið sterka tauma! Sjóbirtingur fyrirgefur ekki þeim sem virða hann svo lítils að nota ryðgaðar flugur eða veika tauma. Yfirleitt dregur maður hægt eða veiðir á reki, sjóbirtingurinn er almennt tregur að elta, þótt stundum komi svakalegar rastir á eftir flugunni ef sá gállinn er á honum. 5) Og að lokum: Sjóbirtingur er góður glænýr og soðinn með nýuppteknum kartöflum eða gulrótum, gleymið ekki að borða eyruggafituna!.




engin
stofngjöld
MOMENTUM
www.momentum.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 14. september 2005 – 24. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



**iPod nano**

## Hækkar öll viðmið

8



**Stjórnartíð Davíðs**

## Efnahagsstjórn á góðæristímum

12-13

**James Liu**

## Vildi framsækið fyrirtæki



10

Tímaritið Euromoney:

## Íslenska bankaundrið

„Vöxtur íslensku bankanna er ein af sigursögum síðasta áratugar,“ segir í grein tímaritsins Euromoney, sem fjallar um vöxt íslenskra banka í nýjasta hefti sínu.

Blaðið segir að slíkur vöxtur veki upp spurningar um stöðugleika bankanna og vandræði sem af vextinum hljótist. Blaðið segir forsvarsmenn bankanna blása á slíkar fullyrðingar og að þeir telji vöxtinn og starfsemina vel undirbyggða. Undir þetta sjónarmið tekur Paul Avery hjá Barclay's banka sem segir bönkunum vel stjórnað og að kaup þeirra á erlendum bönkum séu vel útfærð og bankar sem keyptir hafi verið falli vel að starfsemi íslensku bankanna.

Blaðið segir að bankarnir séu í jafnvægi og vel fjármagnaðir nú um stundir. Á þá stöðu geti reynt blási vindar öðruvísi í efnahagslífi heimsins. Þá þurfi bankarnir það viðskiptavit sem þeir hafi sýnt til þessa til að blómstra við erfiðari aðstæður. - hh

Útrásarvístalan hækkar enn:

## Öll bréf hækkuðu

Útrásarvísitalan hækkaði um 1,77 prósent milli vikna og mælist nú 118,78 stig. Öll bréf fyrirtækjanna í útrásarvísitölunni hækkuðu milli vikna þegar búið er að taka tillit til gengisbreytinga.

Mest hækka bréf í finnska bankanum Sampo, um 38,88 prósent, en næstmest bréf í Skandia, um 23,17 prósent. Minnst hækkaði breska fyrirtækið NWF, um 0,33 prósent.

Greining sex fyrirtækja lækkaði á mörkuðum en gengi krónunnar var útrásarfyrirtækjunum hagstætt og hækkaði markaðsvirði allra eigna í útrásarvísitölunni. - hb

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Yfir þenslumörkum** | Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,5 prósent í ágúst og nemur verðbólga nú 4,8 prósentum á ársgrundvelli. Verðbólguskotið kostar heimilin í landinu tæpa fimm milljarða króna ef miðað er við skuldastöðu þeirra í júlílok.

**KB í vandræðum** | Norska fjármálaeftirlitið gerir athugasemdir við störf Kaupthing Norge, dótturfélags KB banka. Skipt var um stjórn í Kaupthing Norge í kjölfarið og tók Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, við stjórnarformennsku í dótturfélaginu.



**Davíð í Seðlabankann** | Forsætisráðherra hefur skipað Davíð Oddsson, formann Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra, bankastjóra og formann bankastjórnar Seðlabankans til sjö ára. Fráfarandi bankastjóri, Birgir Ísleifur Gunnarsson, lætur af störfum 1. október næstkomandi og tekur Davíð þá við stjórnartaumunum.

**Greiðum skuldir** | Fjármálaráðherra ákvað í ljósi bættrar stöðu ríkissjóðs, meðal annars í kjölfar Símasölunnar, að greiða hraðar niður erlendar skuldir ríkissjóðs en áður var áformað.

**Actavis í Búlgaríu** | Actavis hefur fest kaup á búlgarska lyfjadreifingarfyrirtækinu Higia AD. Velta Higia er áætluð um 6,6 milljarðar króna á þessu ári en gert er ráð fyrir að hún verði á bilinu 7-7,7 milljarðar á árinu 2006.

**Koizumi sigrar** | Sigur Junichiros Koizumi, forsætisráðherra Japans, í þingkosningum þar í landi mældist vel fyrir á mörkuðum. Nikkei-225 vísitalan snarhækkaði er úrslit voru kunn og jenið styrktist. Koizumi hyggst hrinda miklum einkavæðingaráformum í framkvæmd.




# Ætla að opna sautján verslanir til viðbótar

**Útlit er fyrir að verslunum Rúmfatalagersins muni stórfjölga næsta árið. Fyrirtækið ætlar að hasla sér völl í Austur-Evrópu og auka umsvif sín í Kanada og Eystrasalti.**

Björgvin Guðmundsson
skrifar

„Það stendur til að opna tíu Rúmfatalagersverslanir í viðbót í Kanada innan árs,“ segir Nils Stórá yfirmaður Rúmfatalagersins í Eystrasaltslöndunum Lettlandi, Litháen og Eistlandi. Einnig standi til að opna fjórar verslanir til viðbótar við þær fjórtán sem fyrir eru í Eystrasaltslöndunum. Reksturinn á þessum stöðum gangi það vel að rúm er fyrir frekari vöxt.

„Við opnum fyrstu verslunina í Búlgaríu í næsta mánuði,“ segir Nils og Rúmfatalagerinn sé með því að hasla sér völl á nýjum markaði í Austur-Evrópu. Þeir hafi í nokkurn tíma verið að skoða tækifærin í Búlgaríu og á næsta ári sé stefnt að því að opna búð í Rúmeníu. Höfuðstöðvar Rúmfatalagersins verði þó áfram í Reykjavík. Nils segir búðirnar í Kanada og á Íslandi svipaðar hvað varðar stærð en þær séu aðeins minni í Lettlandi, Litháen og Eistlandi. Nú þegar rekur Rúmfatalagerinn fjórar verslanir á Íslandi og stefnir á að opna nýja búð við Vesturlandsveg innan skamms. „Á Íslandi og í Kanada rekum við búðir sem eru á milli tvö og þrjú þúsund fermetrar en milli fimmtán hundruð og tvö þúsund fermetrar í Eystrasalti.“

**VERSLANIR RÚMFATALAGERSINS**
(NÝJAR VERSLANIR Í SVIGA)

25 í Kanada (10)
14 í Eystrasalti (4)
4 á Íslandi (1)
1 í Færeyjum
(1) í Búlgaríu
(1) í Rúmeníu

Jákup Jacobsen opnaði sína fyrstu Rúmfatalagersverslun á Íslandi í Kópavogi árið 1987 í félagi við Jákup N. Purkhús. Ári síðar var verslun á Akureyri opnuð. Voru þetta með þeim fyrstu svokölluðu lágvöruverðsverslunum á Íslandi, en til samanburðar opnaði Bónus í apríl 1989. Árið 2000 voru þeir félagar útnefndir frumkvöðlar í íslensku atvinnulífi.

# Verðbólgan í september dýrkeypt

**Hækkun vísitölu neysluverðs kostar heimilin fimm milljarða.**

Verðbólguskotið í september kostar heimilin í landinu tæpa fimm milljarða króna ef miðað er við skuldastöðu þeirra í júlílok. Verðtryggð útlán til heimilanna námu um 319,7 milljörðum króna í lok júlí samkvæmt tölum sem Seðlabanki Íslands tekur saman. Miðað við óbreytta upphæð þá hækka verðtryggð lán heimilanna um 4,8 milljarða en vísitala neysluverðs hækkaði um 1,5 prósent milli ágúst og september.

Sem hlutfall af verðtryggðum útlánum nema lán til heimila um 60 prósentum af heildinni.

Verðtryggð lán fyrirtækja voru á sama tíma um 189 milljarðar og hækka þau því um 2,8 milljarða vegna verðbólguhækkunarinnar. - eþa

8,1%*
Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.08.2005–31.08.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 29139 08/2005

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 0% | 7% |
| Bakkavör Group | 0% | 80% |
| Burðarás | 4% | 58% |
| Flaga Group | 1% | -33% |
| FL Group | 0% | 53% |
| Grandi | 2% | 14% |
| Íslandsbanki | 0% | 36% |
| Jarðboranir | -2% | 0% |
| Kaupþing Bank | 1% | 37% |
| Kögun | -1% | 20% |
| Landsbankinn | -1% | 88% |
| Marel | 1% | 29% |
| SÍF | -1% | -2% |
| Straumur | 6% | 48% |
| Össur | 0% | 15% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

# Exista kaupir aftur í Bakkavör

Fjárfestingarfélagið Exista hefur keypt hlutabréf Bakkavör Group fyrir sex hundruð milljónir króna á genginu 42,5. Þetta er í annað skiptið á skömmum tíma sem félagið eykur hlut sinn í Bakkavör en dótturfélag þess, Bakkavör S.a.r.l., er stærsti hluthafinn með um 27 prósenta eignarhlut. Samanlagt eiga Exista og Bakkavör S.a.r.l. 29,1 prósent hlutafjár í Bakkavör.

Fleiri innherjar hafa verið að kaupa bréf í Bakkavör, þar á meðal Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista. - eþa



**ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA** Exista hefur tvívegis á skömmum tíma keypt í Bakkavör og er stærsti hluthafinn ásamt dótturfélagi sínu.

# Engin lognmolla í Noregi

Fátt ætlar að stöðva norska hlutabréfamarkaðinn á þessu ári með stærstu félögin Statoil og Norsk Hydro í broddi fylkingar. Þrátt fyrir að olíuverð hafi lækkað á síðustu dögum, eftir að það fór í 70 dali á fatið, hefur gengi Statoil aldrei verið hærra. Það stendur nú í 160 norskum krónum á hlut en var í 95 í byrjun árs.

Norsk Hydro rauf 700 króna múrinn í fyrradag og hefur markaðsverðmæti félagsins hækkað um helming á árinu.

Aðalvísitala norsku kauphallarinnar hefur hækkað um 23 prósent frá því í byrjun júní síðastliðins og litlu minna en Úrvalsvísitalan fyrir árið í heild. - eþa



**HELGE LUND, FORSTJÓRI STATOIL** Statoil hækkar enn þrátt fyrir að olíuverð hafi farið lækkandi.

# Milljarðar í vanskilum

## Fyrirtæki standa betur í skilum en einstaklingar.

Tæpir tuttugu milljarðar króna eru í vanskilum hjá innlánsstofnunum. Það er samt bara rúmt eitt prósent af heildarútlánum fjármálafyrirtækja á Íslandi og eru íbúðarlán þar meðtalin samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Um mánaðamótin júní og júlí námu heildarútlán innlánsstofnana rúmum 1.800 milljörðum króna. Frá byrjun árs 2001 hafa heildarútlán aukist um 188 prósent.

Þrátt fyrir þessar tölur hafa fólk og fyrirtækið staðið betur í skilum á lánum sínum undanfarið samanborið við síðustu fjögur ár. Frá síðustu áramótum til mánaðamóta júní og júlí hefur hlutfall vanskila af heildarútlánum fjármálastofnana lækkað úr 1,6 prósentum í 1,1 prósent samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Í byrjun árs 2001 var þetta vanskilahlutfall 2,3 prósent.

Fyrirtæki standa betur í skilum en einstaklingar. Vanskilahlutfall fyrirtækja lækkaði úr 1,3 prósentum í 0,9 prósent á fyrri helming þessa árs. Sama hlutfall einstaklinga lækkaði úr tæplega 2,6 prósentum í 1,8. Á sama tíma í fyrra var hlutfall lána einstaklinga í vanskilum 4,6 prósent, sem er töluvert meira en í ár. Sama hlutfall fyrirtækja fyrir ári var 1,7 prósent. – bg



# Dæma krónuna til dauða

## Aðalhagfræðingur Seðlabankans varar við miklum skelli og gagnrýnir helstu gagnrýnendur peningamálastefnunnar.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

„Talsmenn þess að Seðlabankinn láti nú reka á reiðanum og skeyti engu um verðbólguhorfur eru í raun að dæma krónuna til dauða," sagði Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs í gær.

Hann á þar við þá talsmenn sem vilja að Seðlabankinn víki frá aðhaldssamri peningastefnu til þess að lækka gengi krónunnar og styrkja þar með stöðu útflutningsgreina.

„Seðlabankinn ræður ekki raungengi krónunnar til lengdar, þótt aðgerðir hans hafi áhrif á nafn- og raungengi til skamms tíma litið. Samkeppnisiðnaðurinn verður því að búa við hátt raungengi um nokkurt skeið."

Arnór vill að þeir sem gagnrýni stefnu bankans tali skýrar og spyr hvort þeir vilji hverfa frá verðbólgumarkmiðum, ganga í gjaldmiðlabandalag eða snúa aftur til fastgengisstefnunnar sem olli næstum því gjaldeyriskreppu fyrir fáeinum árum.

Hann segir að Seðlabankinn hafi gefið sterklega til kynna að vaxtahækkunarferlinu sé ekki lokið og ætli sér að halda verðbólgu sem næst 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði bankans þegar til lengri tíma er litið. Óraunsætt sé hins vegar að ætla að Seðlabankinn geti mildað þær sveiflur sem eiga sér stað í hagkerfinu nú, enda taki allar vaxtabreytingar nokkurn tíma að hafa áhrif.

„Þróun efnahagsmála undanfarið hálft ár bendir til þess að ójafnvægið í þjóðarbúskapnum nú sé meira en flestir gerðu ráð fyrir í mars," sagði Arnór enn fremur á fundinum. Óhjákvæmileg aðlögun muni eiga sér stað. Margt bendir til þess að vaxtabreytingar erlendis muni hafa mikil áhrif hérlendis og hefur hann af því áhyggjur. Ein mesta hættan sem steðjar að íslenskum þjóðarbúskap er skyndileg hækkun erlendra vaxta sem gæti leitt til hraðrar aðlögunar á gengi krónunnar og eignaverðs.

„Undanfarna þrjá áratugi finnst meðal þróaðra þjóða aðeins eitt dæmi þess að í kjölfar eins mikils viðskiptahalla og nú er til staðar hafi ekki fylgt umtalsverður samdráttur."



Fréttablaðið/GVA

**ARNÓR SIGHVATSSON** Eina leið Seðlabankans til að spyrna fótum við frekari verðbólgu er að hækka vexti frekar. Núverandi viðskiptahalli mun að öllum líkindum valda miklum samdrætti.

# Snörp lækkun hlutabréfa

Hlutabréf hafa lækkað snarpt undanfarna tvo daga eftir að verðbólgan hækkaði meira en spáð hafði verið. Á föstudaginn náði Úrvalsvísitalan hæsta gildi frá upphafi þegar hún endaði í 4.748 stigum. Á mánudaginn lækkaði vísitalan um rúm prósent og meira en 1,7 prósent í gær. Fór Úrvalsvísitalan um tíma undir 4.600 stig í gær.

Öll stóru félögin höfðu lækkað talsvert eftir hádegisbil í gær; Bakkavör um 3,5 prósent, Landsbankinn og Straumur um þrjú prósent og Burðarás um 2,5 prósent. - eþa




# Önnur Depo-verslun í Ríga

## Jón Helgi í Byko ætlar að opna þrjár byggingavörubúðir í Lettlandi.

„Við opnuðum nýja Depo-verslun í Ríga í Lettlandi í gær," segir Jón Helgi Guðmundsson stjórnarformaður Norvíkur, sem er eignarhaldsfélag Byko. „Þetta er önnur Depo-verslunin sem við opnun í Ríga og svo er stefnt að því að opna þriðju verslunina næsta vor."

Fyrsta Depo-verslunin í Ríga var opnuð í júlí síðastliðnum í sex þúsund fermetra plássi. Jón Helgi segir að búðinni hafi verið vel tekið og tækifærin þarna ytra séu mörg.

„Ef við teljum yfirbyggða svæðið við verslunina með þá er húsnæðið nálægt átta þúsund fermetrar. Þetta hefur gengið vel og við erum mög ánægð með móttökurnar," segir Jón Helgi. Húsnæðið undir nýju verslunina er leigt af Rúmfatalagernum, sem einnig er með starfsemi í Lettlandi.

Depo-verslununum í Lettlandi svipar til verslana Byko sem flestir Íslendingar þekkja. Norvík hefur verið með í ýmsum verkefnum í Eystrasaltslöndunum og setur Depo-verslanirnar upp í Lettlandi í samstarfi við baltneskan fjárfestingarsjóð að sögn Jóns Helga. – bg



**DEPO-VERSLUNIN Í RIGA** Fyrsta Depo-verslunin var opnuð í Lettlandi í júlí í sumar, önnur í gær og stefnt er að opnun þeirrar þriðju næsta vor.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

þróunarfélag | property developement

ÞYRPING

# Skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26 til leigu




norður

Að Borgartúni 26 mun rísa sérhannað 12.000 m$^2$ skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Bílageymslur verða undir húsinu og munu þær rúma um 200 bíla.

Húsnæðið verður á átta hæðum á þessum mikla útsýnisstað í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur. Það verður sérhannað út frá þörfum leigutaka, með rúmgóðum skrifstofum í háum gæðaflokki.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga í byrjun árs 2007.



vestur



suður



austur

Þyrping hf, Kringlunni 4–12, 103 Reykjavík

sími | 594 4200
fax | 594 4201
netfang | thyrping@thyrping.is
vefslóð | www.thyrping.is

# Húðlyf frá Actavis




Actavis er byrjað að selja nýtt húðlyf til fimmtán Evrópulanda og bætast fleiri lönd við fyrir árslok samkvæmt frétt frá fyrirtækinu. Reiknar félagið með að húðlyfið, sem heitir Terbinafine og er notað gegn sveppasýkingum í húð og nöglum, verði söluhæsta húðlyf Actavis. Sala þess komi til með að breikka lyfjaúrval fyrirtækisins. Fyrstu pantanir námu um tíu milljónum taflna.

Lyfið kom fyrst á markað í Bretlandi árið 1990 en einkaleyfi þess rann nýlega út.ÝÞað hefur verið á markaði á Íslandi í nokkur ár. Framleiðsla og pökkun lyfsins fer fram hjá Actavis á Möltu. **– bg**

# Marorka kynnir Maren2

Tæknifyrirtækið Marorka hf. kynnti á nýafstaðinni sjávarútvegssýningu nýja útgáfu af vörunni Maren. Hin nýja vara, Maren2, er hönnuð til að minnka olíunotkun skipa og halda utan um heildarkostnað skipa, hvort sem er fiskiskipa eða flutningaskipa, við olíunotkun.

„Það er sífellt mikilvægara fyrir skip, ekki síst í kjölfar hækkandi olíuverðs, að halda utan um orkubúskap skipa og báta. Þessi nýja vara virkar þannig að við reiknum út hvernig orkukerfin um borð í skipum eiga að vera stillt til þess að hagkvæmasta nýtingin eigi sér stað,“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku.

Hann segir að endurgreiðslutími skipa sem taka Maren2 í notkun sé um 1-2 ár og oft má sjá sparnað við olíunotkun á bilinu 8-12 prósent.

„Við fengum mjög góðar móttökur á sjávarútvegssýningunni og erum að vinna úr ýmsu hvað það varðar,“ segir Jón. Hann segir Marorku selja um sjötíu prósent af vörum fyrirtækisins til útlanda, einkum til Danmerkur, Hollands og Kanada en fyrirtækið opnar söluskrifstofu í Kanada á næstunni. **- hb**




**MAREN 2 TEKINN Í NOTKUN** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra tekur fyrsta eintakið af Maren 2 í notkun á sjávarútvegssýningunni um helgina. Þórður Magnússon, stjórnarformaður Marorku hf., fylgist með.




**ÁHYGGJULAUS** Baldur Guðnason segir eðlilegt að hreyfing sé á starfsfólki í fjölmennu fyrirtæki eins og Eimskipi.

# Engin áhrif á Eimskip

„Þetta er ekkert sem við höfum áhyggjur af,“ segir Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, um þá fyrirætlan fyrrverandi starfsmanna að stofna flutningafyrirtæki í samkeppni við gamla vinnuveitendann. „Við erum búin að vera að breyta áherslum í Eimskip. Hjá okkur starfa um 1.500 manns og það er eðlilega hreyfing á því. Hvort það fer á annan vettvang eða í samkeppni við okkur er bara lífsins gangur.“

Í síðasta tölublaði Markaðarins var sagt frá því að Valgeir Guðbjartsson, fyrrum forstöðumaður TVG Zimsen, sem er flutningafyrirtæki í eigu Eimskips, væri að undirbúa stofnun nýs fyrirtæki í flutningsmiðlun. Hafa fleiri sagt upp störfum hjá Eimskip til að ganga til liðs við hann.

„Þetta hefur engin áhrif á okkur. Það er fullt af litlum flutningsmiðlunaraðilum sem eru að starfa á þessum markaði og ekkert óeðlilegt við það,“ segir Baldur. **– bg**

# Góðæri á Austurlandi

Virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka skila nú miklu góðæri á Austurlandi og hafa heyrst raddir um líta verði allt aftur til síldaráranna til að finna viðlíka góðæristíma. Ágústa Björnsdóttir, útibússtjóri hjá KB banka á Egilsstöðum, segir að bersýnilega megi merkja mun á efnahagsástandi íbúa á Egilsstöðum og næstu byggðarlögum.

„Það er alveg augljóst að það er betra atvinnuástand núna en áður. Hér hefur auðvitað ekki verið mikið atvinnuleysi en laun eru að hækka og mikil samkeppni er um vinnuafl. Við finnum fyrir því að fólk er bjartsýnna og það eru miklu meiri umsvif hjá fyrirtækjum,“ segir Ágústa. **- hb**



**FRÁ EGILSSTÖÐUM**
Mikið góðæri virðist á Austurlandi og eru meiri umsvif hjá fyrirtækjum en áður.

# Einkaneysla hefur aldrei vaxið hraðar

## Neysla heimilanna hefur aukist mikið milli 2004 og 2005 og drífur hagvöxtinn áfram. Skera þarf niður ríkisútgjöld til að styðja við peningamálastefnu Seðlabankans.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Einkaneysla jókst á öðrum ársfjórðungi um fjórtán prósent frá sama tímabili í fyrra samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Aukning einkaneyslu milli ára hefur ekki verið jafn mikil frá því að Hagstofan hóf að gera ársfjórðungsreikninga árið 1997. Sérfræðingar segja þetta endurspegla þenslu í hagkerfinu og birtist meðal annars í aukinni verðbólgu. Eftirspurn heimilanna hafi aukist í kjölfar aukins kaupmáttar og nýjum lánamöguleikum. Hagvöxturinn sé drifinn áfram af hröðum vexti einkaneyslu og fjárfestingum tengdum stóriðju.



MarkaðurinnStefán

**AUKIN ÚTGJÖLD HEIMILANNA** Útgjöld heimilanna vegna kaupa á vörum og þjónustu hafa aukist mikið milli ára.

Ef sundurliðun einkaneyslunnar er skoðuð milli annars ársfjórðungs 2004 og 2005 sést að kaup á ökutækjum aukast um 75 prósent. Útgjöld Íslendinga erlendis aukast um 32 prósent milli ára og kaup á húsbúnaði um rúm 19 prósent. Guðjón K. Guðmundsson, sérfræðingur hjá Hagstofunni, bendir á að sterk króna hafi lækkað verð á bílum, vörum og þjónustu erlendis.

Landsframleiðsla á öðrum ársfjórðungi 2005 jókst um 6,8 prósent miðað við sama tíma í fyrra, sem jafngildir þá hagvextinum á tímabilinu. Landsframleiðsla er markaðsvirði þess sem framleitt er á Íslandi og nam hún 195,7 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi ársins. Í krónum talið hefur landsframleiðslan aldrei verið meiri á föstu verðlagi í einum ársfjórðungi. Landsframleiðslan allt árið í fyrra var 885 milljarðar króna.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir eðli hagvaxtar sem drifinn sé áfram af einkaneyslu ekki eins ákjósanlegan og hagvöxt sem byggir á aukinni framleiðslugetu í hagkerfinu. Lítið þurfi að bregða út af svo hann dragist hratt saman.

**Einkaneysla:** Reiknuð útgjöld heimilanna vegna kaupa á varanlegum og óvaranlegum vörum og þjónustu. Íbúðakaup teljast ekki til einkaneyslu heldur fjárfestinga.

Tryggvi segir vöxt samneyslunnar, það er kaup hins opinbera á vörum og þjónustu, um 4,4 prósent milli annars ársfjórðung 2004 og 2005 og mikinn. Á tímum sem þessum þurfi að skera niður útgjöld hins opinbera til að styðja við peningamálastefnu Seðlabankans. Vaxtahækkanir að öðru óbreyttu virðast ekki nægja til að halda aftur af verðbólgu.

spron
VERÐBRÉF

- Verðbréfasjóðir
- Verðbréfaþjónusta
- Eignastýring
- Lífeyrir
- Fjármálaráðgjöf

– leið til árangurs

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is



**Mobile** ***Office***
FRÁ OG VODAFONE

# **Og Vodafone** kynnir **Mobile** ***Office***

**Mobile** ***Office*** er heildstætt þjónustuframboð Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

### Vodafone Mobile Connect

Gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu.
Með **Vodafone Mobile Connect** kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi* hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

* háð **GPRS** eða **EDGE** sambandi

**SEPTEMBER 2005**

### BlackBerry® frá Vodafone

**BlackBerry®** er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir BlackBerry notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum, allt í rauntíma.
Með **BlackBerry®** er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.

**OKTÓBER 2005**

### Global Hotspots

Veitir viðskiptavinum **Og Vodafone** aðgang að þúsundum heitra reita í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þjónustan er aðgengileg bæði fyrir notendur **Vodafone Mobile Connect** og aðra farsímanotendur **Og Vodafone.** Viðskiptavinir tengjast með einföldum hætti og notkunin er gjaldfærð á reikning þeirra.

**NÓVEMBER 2005**

### Vodafone World

**Vodafone World** tryggir einfalda og skýra GSM verðskrá í útlöndum í krafti öflugs samstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Eykur yfirsýn og hagkvæmni fyrir þá sem ferðast mikið erlendis.

**DESEMBER 2005**

Nánari upplýsingar veitir **fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500, eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29487 09/2005

**ÚTRÁSARVÍSITALA 118,77 1,77%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 11,28 | Lev | 39,38 | 0,39% |
| Carnegie | Svíþjóð | 94,25 | SEK | 8,28 | 4,19% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 26,70 | SEK | 8,28 | -1,79% |
| deCode | Bandaríkin | 9,75 | USD | 62,55 | 1,88% |
| EasyJet | Bretland | 2,91 | Pund | 114,28 | 0,72% |
| Finnair | Finnland | 10,03 | EUR | 76,95 | 5,79% |
| French Connection | Bretland | 2,45 | Pund | 114,28 | -6,72% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 67,75 | SEK | 8,28 | 1,93% |
| Keops | Danmörk | 15,90 | DKR | 10,32 | 2,04% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,10 | Pund | 114,28 | 1,12% |
| NWF | Bretland | 5,45 | Pund | 114,28 | 0,89% |
| Sampo | Finnland | 13,39 | EUR | 76,95 | 3,49% |
| Saunalahti | Finnland | 2,65 | EUR | 76,95 | 1,63% |
| Scribona | Svíþjóð | 15,70 | SEK | 8,28 | 4,02% |
| Skandia | Svíþjóð | 41,20 | SEK | 8,28 | -0,43% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Oracle kaupir Siebel Systems

**Forsvarsmenn Oracle vonast til þess að með kaupunum nái þeir yfirlýstu markmiði sínu um tuttugu prósenta tekjuaukningu á ári hverju.**

Hugbúnaðarrisinnn Oracle hyggst kaupa bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið Siebel Systems. Kaupverðið er um 360 milljarðar íslenskra króna.

Siebel sérhæfir sig í framleiðslu forrita sem auðvelda fyrirtækjum samskipti við viðskiptavini sína. Orðrómur hefur lengi verið uppi um yfirvofandi kaup Oracle á Siebel.

Hlutabréf í Siebel, sem skráð eru á bandaríska hátæknimarkaðinn NASDAQ, hækkuðu um þrettán prósent er fregnirnar bárust. Bréf í Oracle féllu hins vegar um tæp tvö prósent.

Með kaupunum á Siebel vonast forsvarsmenn Oracle til þess að ná yfirlýstu markmiði sínu um tuttugu prósenta tekjuaukningu á ári hverju: „Með kaupunum á Siebel festum við okkur enn frekar í sessi sem fremsta hugbúnaðarfyrirtæki heims," sagði Larry Ellison, forstjóri Oracle. **- jsk**




**LARRY ELLISON, FORSTJÓRI ORACLE** Ellison telur að með kaupnum á Siebel Systems festi Oracle sig í sessi sem fremsta hugbúnaðarfyrirtæki heims.

# Volkswagen tapar í Bandaríkjunum

**Forstjórinn segist ætla að snúa vörn í sókn.**

Þýski bílaframleiðandinn Volkswagen á í miklum vandræðum á Bandaríkjamarkaði, samkvæmt forstjóra fyrirtækisins, Wolfgang Bernard.

Tap af starfsemi Volkswagen í Norður-Ameríku nam á síðasta ári rúmum sextíu milljörðum króna og kennir forstjórinn harðri samkeppni og óhagstæðu gengi dalsins um ófarirnar.

Bernard hyggst þó snúa vörn í sókn og segir að hagnaður verði af starfseminni innan þriggja ára: „Við ætlum að kynna fimm til tíu nýjar bifreiðar á næstu þremur árum og snúa stöðunni okkur í hag."

Orð forstjórans virðast hafa haft róandi áhrif á fjárfesta því hlutabréf í Volkswagen hækkuðu í verði um rúmt prósent í kjölfar yfirlýsingar Bernards. **- jsk**



**VOLKSWAGEN-BJALLA** Volkswagen tapaði á síðasta ári sextíu milljörðum króna á starfsemi sinni í Norður-Ameríku.

# Ánægðir með Koizumi

**Hlutabréf hækkuðu og yenið styrktist í kjölfar kosningasigurs Koizumis í Japan. Koizumi hyggst hrinda umfangsmikilli einkavæðingu í framkvæmd.**

**Jón Skaftason**
skrifar

Svo virðist sem úrslit japönsku kosninganna hafi fallið í kramið hjá fjárfestum. Flokkur Junichiros Koizumi forsætisráðherra vann yfirburðasigur í kosningunum, sem haldnar voru um liðna helgi.

Nikkei-225 vísitalan hækkaði um 1,6 prósent á mánudag og hefur ekki staðið hærra í fjögur ár og þá styrktist yenið gagnvart helstu gjaldmiðlum. Ekki spillti heldur fyrir að útlit er fyrir meiri hagvöxt á árinu en áður hafði verið spáð.

Koizumi rauf þing og boðaði kosningar eftir að þingið felldi frumvarp hans um einkavæðingu póstþjónustunnar, sem er umfangsmikið fyrirtæki og rekur stærsta sparisjóð heims samhliða hefðbundinni þjónustu.

Sérfræðingar segja sigur Koizumis gera honum kleift að hrinda í framkvæmd fyrirhuguðum umbótum á efnahagskerfi landsins. Hagvöxtur hefur verið afar hægur í landinu undanfarin ár.

Japan er næststærsta hagkerfi veraldar á eftir því bandaríska.



**ÁNÆGÐUR MEÐ LÍFIÐ** Forsætisráðherra Japans hafði ástæðu til að vera ánægður eftir að flokkur hans vann mikinn kosningasigur í þingkosningum. Fjárfestar virðast sáttir við úrslitin og bjartsýnir á framhaldið.

Í september kynnir Og Vodafone

Mobile Office™
FRÁ OG VODAFONE

Vodafone
Mobile Connect

Vodafone Mobile Connect kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

» Þú getur alltaf skoðað tölvupóstinn þinn
» Þú getur alltaf sent SMS
» Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum
» Þú getur alltaf vafrað á netinu
» Mobile Connect notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýtir niðurhali og lækkar kostnað viðskiptavina.



Mobile Connect er hluti af Mobile Office, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

og vodafone

Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29407 09/2005

# Disney-garður í Hong Kong

## Bygging Disney-skemmtigarðs í Hong Kong kostaði 115 milljarða króna. Disney-menn hafa glímt við margvíslega byrjunarörðugleika.

Bandaríska stórfyrirtækið Disney hefur opnað skemmtigarð í Hong Kong. Framkvæmdin kostaði um 115 milljarða króna.

Garðurinn er samvinnuverkefni yfirvalda í Hong Kong, sem eiga 57 prósenta hlut, og Disney. Það var varaforseti Kína, Zeng Qinghong, sem opnaði Disney-garðinn með mikilli viðhöfn að viðstöddum fyrirmennum á borð við Michael Eisner, forstjóra Disney.

Forsvarsmenn Disney vonast til að nýríkir Kínverjar af meginlandinu leggi leið sína í garðinn og gera ráð fyrir fimm og hálfri milljón gesta fyrsta starfsárið.



Fréttablaðið/AFP

**FYRIRMENNI VIÐ OPNUN SKEMMTIGARÐS** Fjöldi fyrirmenna var við opnun skemmtigarðs Disney í Hong Kong. Á myndinni má greina broddborgara á borð við Zeng Qinghong, varaforseta Kína, Michael Eisner, forstjóra Disney, Mínu Mús og Andrés Önd.

Ævintýrið fer þó ekki vel af stað hjá Disney-mönnum og hefur hvert áfallið rekið annað. Öryggisverðir garðsins liggja undir ámæli fyrir að neita starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins um aðgang eftir að upp komu þrjú tilfelli matareitrunar á veitingahúsi í garðinum.

Þá hafa dýraverndunarsamtök gagnrýnt forsvarsmenn Disney harðlega eftir að upp komst að meindýraeyðar hefðu verið settir til höfuðs fjörutíu flökkuhundum sem gert höfðu sig heimakomna á svæðinu.

„Disney-menn verða að skilja að um þá gilda sömu reglur og aðra borgara," sagði embættismaður sem ekki vildi láta nafns síns getið. **- jsk**

# Murdoch flækist í netinu

News Corp, fjölmiðlaveldi Ástralans Ruperts Murdoch, hefur keypt bandaríska netfyrirtækið IGN. Kaupverðið er 41 milljarður króna.

News Corp hefur undanfarin misseri markvisst fært sig inn á netmarkaðinn og keypti fyrr á árinu annað netfyrirtæki, Intermix Media, á 35 milljarða króna.

IGN rekur margar vinsælar vefsíður í Bandaríkjunum, til að mynda kvikmyndavefinn rottentomatoes.com. Mark Jung, sem verið hefur forstjóri fyrirtækisins, mun halda starfinu áfram.

Eftir kaupin fá vefsíður í eigu News Corp alls 70 milljónir heimsókna í hverjum mánuði. **- jsk**



**RUPERT MURDOCH, EIGANDI NEWS CORP** Vefsíður í eigu News Corp fá nú 70 milljónir heimsókna á mánuði.

SÖGUHORNIÐ

# Sovétmenn fyrstir til tunglsins!

Hinn 12. september árið 1959 lenti Luna 2, mannlaus geimflaug Sovétmanna, á tunglinu. Var þetta í fyrsta skipti sem tókst að senda manngerðan hlut til tunglsins.

Ferðin tók tæpar þrjátíu og fjórar klukkustundir og urðu helstu niðurstöður þær að óhætt væri að senda mannað geimfar til tunglsins þar sem geislun væri undir hættumörkum.

Á þessum tíma var kalda stríðið svokallaða í hámarki og Sovétmenn því að vonum hæstánægðir með að ná til tunglsins á undan erkióvininum, Bandaríkjamönnum.

Svo ánægður var reyndar leiðtogi Sovétríkjanna, Níkita Krúsjev, að hann sendi kollega sínum og forseta Bandaríkjanna, Dwight D. Eisenhower, nákvæma eftirlíkingu af hamrinum og sigðinni, einkennismerki



**GEIMFERJAN LUNA 2** Luna 2 lenti á tunglinu 12. september árið 1959. Luna varð þar með fyrsti manngerði hluturinn til að lenda á tunglinu.

Sovétríkjanna, sem grafið var í Luna 2 eldflaugina. Undir einkennismerkið var ritað: „Sovétríkin september 1959".

Eisenhower var víst ekki sáttur við sendingu Krúsjevs, en það voru þó Bandaríkjamenn sem síðast hlógu þegar Neil Armstrong steig fyrstur manna á tunglið tíu árum seinna. **- jsk**

# Brown gagnrýnir OPEC

Gordon Brown, fjármálaráðherra Bretlands, kennir Samtökum olíuframleiðsluríkja, OPEC, um verðhækkanir á olíu. Brown segir samtökin ekki hafa brugðist við aukinni eftirspurn frá Kína og hvetur þau til að veita aðgang að umframbirgðum.

Fjármálaráðherrann telur að svigrúm sé til að lækka verð og vonast til að lækkana verði vart innan skamms: „Ég spjallaði nýlega við fjármálaráðherra Sádi-Arabíu og mun spjalla við helstu olíuframleiðendur í landinu á næstu dögum. Ég mun gera þeim ljóst að þeir beri að stórum hluta ábyrgð á því hvernig komið er," sagði Brown og bætti við: „OPEC hefur alltaf reynt að halda verði í hámarki með því að lágmarka framleiðslu. Samtökin bregðast seint og illa við aukinni eftirspurn." **- jsk**




Í október kynnir Og Vodafone

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

BlackBerry®

**BlackBerry®** er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir BlackBerry notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum, allt í rauntíma.

**Með BlackBerry er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.**

- **BlackBerry** er alltaf tengdur og tölvupóstur berst og er sendur samstundis
- Stór skjár sem hentar vel við að skoða viðhengi
- Aldrei þarf að uppfæra upplýsingar á milli farsímans og tölvunnar
- **BlackBerry** uppfyllir ítrustu öryggisstaðla
- **BlackBerry** er einstaklega vel hannað fyrir kerfisumsjón

**Blackberry®** er hluti af **Mobile *Office***, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



og vodafone

Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29407 09/2005

# iPod nano slær í gegn

## Nýi spilarinn frá Apple er sagður gjörbreyta öllum viðmiðum.

Apple kynnti, samhliða Rokr-farsímanum, iPod nano; nýjasta stafræna tónlistarspilara fyrirtækisins. iPod nano er aðeins sex millimetrar á þykkt, níu sentimetra langur og fjórir sentimetrar á breiddina.

Spilaranum er ætlað að koma í stað hins geysivinsæla iPod Mini, sem selst hefur í 21 milljón eintaka um allan heim. iPod nano getur geymt allt að þúsund lög og notast við minnisörflögur í stað harða disksins sem er á öðrum tónlistarspilurum frá Apple.

Spilarann er hægt að fá í svörtu og hvítu og þykir hönnunin einstök: „Þetta útspil Apple breytir öllum viðmiðum. Þetta er sá langflottasti til þessa,“ sagði Van Baker hjá ráðgjafarfyrirtækinu Gartner.

Um 75 prósent allra stafrænna spilara sem seljast í heiminum koma frá Apple.

- jsk



**IPOD NANO SPILARINN FRÁ APPLE**

# Virk eldfjöll á Mars

**Vísindamenn við Frjálsa háskólann í Berlín uppgötvuðu nýlega eldkeilubelti á norðurpól Mars og telja ekki loku fyrir það skotið að finna megi virk eldfjöll á plánetunni.**

**„Fyrir tveimur til þremur milljónum ára var Mars gríðarlega virk pláneta. Ég tel að á vissum svæðum séu enn miklar jarðhræringar. Það gæti þess vegna orðið eldgos á Mars í fyrramálið,“ sagði dr. Gerhard Neukum, prófessor við Frjálsa háskólann í Berlín.**

**Eldkeilurnar uppgötvuðu dr. Neukum og félagar er þeir rannsökuðu myndir sem teknar voru af Mars með þar til gerðri hátæknimyndavél.** - jsk



**FRÁ MARS** Þýskir vísindamenn segjast hafa uppgötvað virk eldkeilubelti á Mars.

# Misjafnar viðtökur iPod-farsímans

## Rokr-farsíminn virðist ekki falla í kramið. Sérfræðingar segja mun betri farsíma þegar á markaðnum.

**Jón Skaftason**
skrifar

Gagnrýnendur eru ekki sammála um nýja Rokr-farsímann sem Apple og Motorola kynntu á dögunum. Síminn er samvinnuverkefni stórfyrirtækjanna tveggja og er hvort tveggja í senn, farsími og stafrænn tónlistarspilari.

Það var stjórnarformaður Apple, Steve Jobs, sem kynnti farsímann: „Við hugsum þetta sem farsíma með innbyggðum iPod Shuffle-spilara.“

Rokr-síminn getur geymt allt að hundrað lög sem hægt er að hala niður með tölvu gegnum iTunes-forritið frá Apple. Ekki er hægt að hala niður tónlist beint í símann gegnum netið.

Síminn er einnig með utanábyggðan stereóhátalara auk þess sem hann hristist og blikkar í takt við tónlistina. Sérfræðingar segja símann þó frekar líkjast hefðbundnum farsíma frá Motorola en nýjasta meðlimi iPod-fjölskyldunnar: „Síminn er ekki næstum jafn flottur og aðrar afurðir Apple. Fólk mun ekkert missa hökuna í gólfið þegar maður dregur Rokr-símann út á skemmtistöðunum,“ sagði John Jackson hjá ráðgjafarfyrirtækinu Yankee Group.

Kollegi hans hjá OneCompare var heldur ekki ýkja hrifinn: „Ég sé ekki af hverju fólk ætti að borga tvö hundruð dali fyrir þennan síma þegar komnir eru á markað farsímar sem eru bæði flottari og geta geymt meira magn af tónlist.“

Ed Snyder hjá Charter Equity var þó öllu sáttari: „Mér sýnist Rokr-síminn flottur og einfaldur í notkun. Mér finnst hann heldur ekki dýr og tel hann líklegan til vinsælda.“



Fréttablaðið/AFP

**ROKR-SÍMINN FRÁ APPLE OG MOTOROLA** Rokr-farsíminn virðist hafa valdið gagnrýnendum vonbrigðum. Síminn er sagður líkjast hefðbundnum farsíma frá Motorola en ekki nýjasta meðlimi iPod-fjölskyldunnar.

Í nóvember kynnir Og Vodafone

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Global Hotspots

**Global Hotspots** veitir viðskiptavinum Og Vodafone aðgang að þúsundum heitra reita í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þjónustan er aðgengileg bæði fyrir notendur Vodafone Mobile Connect og aðra farsímanotendur Og Vodafone. Viðskiptavinir tengjast með einföldum hætti og notkunin er gjaldfærð á reikning þeirra.

» Auðvelt að tengjast
» Notkunin er gjaldfærð á reikning viðskiptavinar
» Engin þörf á að greiða með kreditkorti



**Global Hotspots** er hluti af **Mobile *Office***, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29407 09/2005

og vodafone

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

# Minni skaði af Tsjernóbýl

## Í nýrri skýrslu er áætlað að fjögur þúsund dauðsföll megi rekja beint til Tsjernóbýl-slyssins. Er það talsvert lægri tala en búist var við.

Vísindamenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að Tsjernóbýl-slysið svokallaða muni kosta um fjögur þúsund mannslíf þegar upp verður staðið.

Tsjernóbýl-slysið varð vegna sprengingar í kjarnakljúfi Tsjernóbýl-kjarnorkuversins í Úkraínu. Áður hafði verið talið að rekja mætti hundrað þúsund dauðsföll, í fortíð og framtíð, til slyssins.

Rannsóknin var á vegum Chernobyl Forum-stofnunarinnar sem er samvinnuverkefni Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar, Sameinuðu þjóðanna og ríkisstjórna Rússlands, Úkraínu og Hvíta-Rússlands.

Í skýrslu stofnunarinnar segir að um 600 þúsund manns hafi orðið fyrir geislun í kjölfar sprengingarinnar og að fjögur þúsund manns hafi greinst með krabbamein sem rekja megi beint til áhrifa geislunarinnar. Í skýrslunni segir: „Áhrif Tsjernóbýl-slyssins hafa verið stórlega ofmetin. Mörg dauðsföll á svæðinu kringum Tsjernóbyl hafa verið rakin beint til slyssins en urðu líklega flest af náttúrulegum orsökum.“ - jsk



**RÚSTIR KJARNAKLJÚFS TSJERNÓBÝL-VERSINS** Vísindamenn telja að færri dauðsföll megi rekja til slyssins en áður hafi verið talið. Fjögur þúsund manns hafa greinst með krabbamein sem rekja má beint til geislunar frá Tsjernóbýl.

# Stafrænn galdrastrákur

## Harry Potter-bækurnar hafa verið gefnar út á stafrænu formi. J.K. Rowling segist vera að koma í veg fyrir sjóræningjaútgáfu.

**Harry Potter-bækurnar má nú nálgast á stafrænu formi gegnum iTunes-forritið frá Apple. Hingað til hefur einungis verið hægt að heyra Harry Potter lesinn upp af geisladiskum.**

**J.K. Rowling, höfundur Harry Potter-bókanna, segist með þessu útspili vera að koma í veg fyrir að sjóræningjaútgáfur gangi kaupum og sölum á netinu: „Það hefur verið mikil eftirspurn eftir Harry Potter á stafrænu formi. Ég hef látið geisladiskana nægja til þessa en nú hefur orðið breyting á. Mér finnst aðdáendur Harrys eiga rétt á að heyra ósvikna stafræna útgáfu af bókunum.“**

**Stafræn útgáfa Harry Potter-bókanna er gefin út af breska útgáfurisanum Random House Audio og aðeins er hægt að kaupa þær gegnum iTunes. Hver bók kostar rúmar tvö þúsund krónur en allt safnið má nálgast á um sextán þúsund. Sex bækur hafa komið út um galdrastrákinn Harry Potter og hafa þær selst í rúmlega tvö hundruð milljónum eintaka um allan heim. - jsk**



**FRAMTÍÐIN ER STAFRÆN** Harry Potter-bækurnar má nú nálgast á stafrænu formi í gegnum iTunes-forritið frá Apple.

# eBay kaupir Skype

Uppboðsvefurinn eBay hefur fest kaup á netsímafyrirtækinu Skype. Talið er að Skype muni kosta eBay um 130 milljarða króna.

Hugbúnaður Skype gerir notendum kleift að hringja ókeypis milli tölva hvar sem er í veröldinni. Auk þess er hægt að hringja úr tölvu í síma fyrir mun lægra verð en hefðbundin fjarskiptafyrirtæki bjóða upp á.



**SPJALLAÐ MEÐ SKYPE** eBay hefur fest kaup á netsímafyrirtækinu Skype.

Stóru netfyrirtækin; Microsoft, Yahoo og Google auk eBay, hafa undanfarið rennt hýru auga til netsímamarkaðarins og hafa flest í hyggju að setja sínar eigin útgáfur á laggirnar. - jsk

# „Faðir internetsins“ til Google

## Google hefur ráðið til sín einn upphafsmanna internetsins. Fyrirtækið hefur undanfarið sankað að sér þungavigtarfólki.

Netrisinn Google hefur ráðið Vint Cerf, sem oft er nefndur faðir internetsins, til að hafa yfirumsjón með netmálum hjá fyrirtækinu. Google hefur undanfarið sankað að sér þungavigtarfólki úr bransanum, og þykir það benda til þess að mikið standi til hjá fyrirtækinu.

Cerf starfaði áður hjá fjarskiptafyrirtækinu IMC og er sannkölluð goðsögn í netheimum. Cerf vann ásamt hópi manna að þróun internetsins og er talinn upphafsmaður fyrirrennara netsins, Arpanet.

Cerf mun vinna að stefnumótun hjá Google og mun verða titlaður yfirmaður netmála: „Google er frumkvöðull á sviði internetsins og ég er gríðarlega ánægður með að fá tækifæri til að starfa hjá slíku fyrirtæki. Ég tel að mörg afrek séu óunnin á þessu sviði,“ sagði Cerf, ánægður með nýja starfið. - jsk

Í desember kynnir Og Vodafone

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Vodafone World

Vodafone World tryggir einfalda og skýra GSM verðskrá í útlöndum í krafti öflugs samstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Þjónustan hentar þeim sem nota GSM í útlöndum.

» Öllum heiminum er skipt upp í fá verðsvæði
» Færir GSM áskrifendum Og Vodafone góða yfirsýn yfir kostnað vegna símtala sinna í útlöndum
» Ef þú ert á kerfi Vodafone í útlöndum nýtur þú enn frekari ávinnings af Vodafone World.

Vodafone World eru hluti af Mobile Office, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



og vodafone
Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29407 09/2005



Fréttablaðið/GVA

**ODDUR VÍÐISSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞYRPINGAR** Oddur segir fasteignafélög eiga fasteignir til langs tíma. Þyrping sé ekki langtímafjárfestir heldur þróunarfélag á sviði skipulagsmála og mannvirkjagerðar. „Við megum ekki eiga neitt, erum áhættusækin, fjárfestum og seljum. Dæmi um slíkar fjárfestingar eru Skuggahverfið sem við seljum, Akralandið sem við seljum og svo núna Borgartúnið þar sem við byggjum upp fasteign og seljum.“

**„Við vinnum með topp tíu staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu og förum ekkert út fyrir það.“**

# Verðmætin falin í nýtingunni

Landsvæði í borgum verður sífellt verðmætara eftir því sem byggð þéttist og fólki fjölgar. Við sjáum heilu húsin rifin niður til að byggja ný verðmætari hús. Starfsfólk Þyrpingar hefur það hlutverk að finna ný tækifæri á sviði skipulags- og byggingarmála. *Björgvin Guðmundsson* komst að því að þau tækifæri liggja víðar en við fyrstu sýn.

„Okkar starf felst aðallega í því að finna betri nýtingu á landi eða húsnæði sem þegar er til staðar – gera það verðmætara. Þá kaupum við eignina og þróum áfram hugmyndir um breytta nýtingu. Draumastaðan er að fá óskipulagt svæði með engri starfsemi á eða svæði með starfsemi á sem heimilt er að breyta. Dæmi um slíkt er að taka verksmiðjuhúsnæði og breyta því í íbúðir. Þetta er þróunarfélag og á því byggjast tekjur okkar,“ segir Oddur Víðisson, framkvæmdastjóri Þyrpingar.

Það verk sem starfsfólk Þyrpingar vinnur er nauðsynlegt til að auka hagkvæmni í hagkerfinu og lágmarka sóun. Skortur á verðmætu landi hefur verið sígilt viðfangsefni í stórborgum um allan heim – um leið og byggð þenst út og fólki á sama blettinum fjölgar. Undanfarin ár hefur fólk í Reykjavík verið að takast á við þetta viðfangsefni. Þar sem eignarréttur er viðurkenndur og frjáls viðskipti fást þrifist leysast svona mál svo til af sjálfu sér með aðstoð fyrirtækja eins og Þyrpingar. Breytt nýting landsvæða og annarra eigna, sem næst fram fyrir tilstuðlan frjálsra samninga, er leið til að hámarka nytjar neytenda og hagnað fyrirtækja. Í hagfræði kallast það leiðin að kjörstöðu, eða Pareto-hagkvæmni, þar sem ekki er hægt að bæta stöðu tiltekins einstaklings nema með því að gera stöðu annars verri.

Oddur viðurkennir aðspurður að hann keyri um Reykjavíkurborg og horfi öðrum augum á tiltekin svæði en flestir aðrir. Markmiðið er að skynja tækifærin sem liggja alls staðar í loftinu. Hvar er hægt að rífa niður, byggja nýtt, breyta notkun eða skipulagi, leigja svo og selja í kjölfarið. Þetta er hugmyndavinna sem skapar verðmæti og starfsreynsla hans nýtist til að brjótast út úr þeim ramma sem flestir aðrir hugsa innan.

### VERÐMÆTI Í LEIGUSAMNINGUM

Dæmi um verkefni sem Þyrping er þegar byrjað á er hinn svokallaði Bílanaustsreitur við Borgartún. Þar er búið að fjárfesta í fimmtán þúsund fermetra lóð sem búðin Bílanaust stóð áður á. Byrjað er að rífa húsið til að rýma fyrir sérhönnuðu tólf hundruð fermetra skrifstofu- og þjónustuhúsnæði. Þetta á að vera tilbúið í byrjun árs 2007 og hafa auglýsingar um leigutaka sést í blöðum undanfarna daga.

„Ég þarf að fylla húsið af leigutökum og selja það. Mestu verðmætin fyrir mig eru falin í leigusamningunum. Þá er ég ekki í nokkrum vandræðum með að selja húsið til fjárfesta eða fasteignafélaga,“ segir Oddur. Leigutakar séu flokkaðir eftir ákveðnum reglum þar sem hið opinbera er besti leigutakinn. Þetta sé áhættusækin framkvæmd því farið sé af stað með enga leigutaka, en staðsetning sé góð og húsið frambærilegt.

Annað verkefni Þyrpingar er uppbygging Skuggahverfis, á milli Skúlagötu og Lindargötu. „Skuggahverfið var verkefni utan um þá hugmynd að þétta byggð í miðborg. Við fáum ekkert út úr þessum byggingum þar sem við borgum verktaka fullt verð fyrir sína vinnu þar. Tekjurnar okkar felast helst í hugmyndavinnu við skipulag og nýtingu á lóðinni.“

### DUTTLUNGAFULL PÓLITÍK

Þyrping hefur líka skipulagt Akraland í Garðabæ, sem áður var í eigu Jóns Ólafssonar athafnamanns. Oddur segist hafa byrjað á því að heyra frá sveitarfélaginu; hvaða hugmyndir forsvarsmenn þess hefðu um svæðið. Aðalskipulag var til staðar en svo snerist deiluskipulagið um pólitík. Skipulagsmálin snúi að miklu leyti um pólitík sem geti oft verið duttlungafull. Þá var svæðið í Garðabæ teiknað og lóðirnar seldar. „Við setjum fram tillögu sem við veðjum á að gangi eftir og verðum að vita hver viðskiptavinurinn er á endanum,“ segir Oddur. Félag eins og Þyrping eigi ekki neinar fasteignir til langs tíma. Félagið sé ekki langtímafjárfestir heldur þróunarfélag á sviði skipulagsmála og mannvirkjagerðar. „Fasteignafélögin, eins og Stoðir, eru langtímafjárfestar, áhættufælnir og þar af leiðandi með öðruvísi fjármagnskjör hjá fjármálastofnunum. Slík félög eru að fá sínar fjárfestingar til baka á fjórtán til sextán árum. Við aftur á móti megum ekki eiga neitt, erum áhættusækin, fjárfestum og seljum. Dæmi um slíkar fjárfestingar eru Skuggahverfið sem við seljum, Akralandið sem við seljum og svo núna Borgartúnið þar sem við byggjum upp fasteign og seljum.“

### FASTEIGNAFÉLÖG URÐU TIL

Það er ekki langt síðan sú hugsun sem Þyrping vinnur eftir fór að ryðja sér til rúms á Íslandi. Nú er ekki algilt lengur að fyrirtæki og stofnanir eigi húsnæðið sem þau eru í eins og í gamla daga. Fasteignir eru annað hvort í sérstökum fasteignafélögum, sem fyrirtækin eiga hundrað prósent, eða semja um leigu til langs tíma. Oddur segir að í kjölfar þessarar þróunar hafi orðið til fjárfestar í fasteignum. Fyrirtækin hafi séð kost í því að selja húsnæðið, nota peningana í reksturinn og borga mánaðarlega leigu.

„Við vinnum með topp tíu staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu og förum ekkert út fyrir það,“ segir Oddur. Hann giskar á að tækifærin á þessu svæði til að þróa, breyta og skapa verðmæti séu um fimmtíu. Ef samkeppnisaðilar keppi líka um þessi tækifæri séu ef til vill þrjátíu tækifæri eftir. Þyrping eigi þá kannski möguleika á að ná fimmtán verkefnum til viðbótar. „Án þess að ég vilji gera lítið úr tækifærunum á Íslandi erum við alveg tilbúin að skoða tækifæri í öðrum borgum líka,“ segir hann og nefnir Kaupmannahöfn sem dæmi í því sambandi.



**BÓNUS VIÐ BRÚNA Í BORGARNESI** Þyrping skipulagði og þróaði nýja Bónusbúð í Borgarnesi.

## Selur daginn eftir opnun

Oddur Víðisson segir Þyrpingu vera svolítið framleiðslufyrirtæki. Smásalar eins og Hagar, sem reka meðal annars Bónus og Hagkaup, geti komið til hans og sagt að rekstrarleg staða einhverra verslana sé ekki nógu góð. Dæmi um það er húsnæði Bónuss í Borgarnesi sem var orðið gamalt og þurfti að endurnýja. „Ég fer á stúfana fyrir þá eftir að ég veit hvað þeir vilja. Síðan finn ég staðsetningu fyrir nýja búð, sem er alltaf að verða mikilvægara og mikilvægara. Þá sem ég við bæinn, fæ lóð, læt teikna húsið, finn verktaka, hleypi leigutakanum inn og geri langtímaleigusamning. Þá fylli ég stoðrými í kring af öðrum leigutökum, sem er áhætta sem ég ber sjálfur. Síðan koma leigutakarnir bara inn með sína kæla og kassa fyrir opnun. Eftir að húsið er opnað sel ég það daginn eftir.“


ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is

Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

8,2%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.
*Nafnávöxtun frá 1. ágúst 2005 - 31. ágúst 2005 á ársgrundvelli



# STAFRÆNAR VÉLAR TILBOÐ






SÝND HÉR Í RAUNSTÆRÐ
8,35sm x 5,6sm x 2,2sm - 125 grömm

KONICA MINOLTA DiMAGE X60

- **Örsmá og nett** hágæða STAFRÆN MYNDAVÉL
- 5 milljóna punkta upplausn
- Stór 2,5" LCD skjár
- Vönduð aðdráttarlinsa
- 3 x zoom
- Aðeins 0.5 sekúndur að ræsast
- Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
- Rafhlaða sem endist í 150 myndir

**5 MEGAPIXEL**

**VERÐ 29.990**

**FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ**



**OLYMPUS C370Z**

Digital MYNDAVÉL með 3,2 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm) linsu, 1,5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku, Auto Flass og Red Eye Reduction, tímarofa, USB tengingu við tölvu og 12mb innra minni.

**3.2 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 9.990**

FULLT VERÐ kr. 19.990



**OLYMPUS FE5500**

Digital MYNDAVÉL með 5 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 35 - 105mm) linsu, 2" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, Auto Exposure, tímarofa, USB tengingu við tölvu, notar XD kort og 14mb innra minni.

**5 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 22.990**

FULLT VERÐ kr. 24.990



**OLYMPUS MJUMINIS**

Digital MYNDAVÉL með 5 milljóna punkta upplausn, 2x Optical Zoom og 4x Digital, 5.8 - 11.6mm linsu, 1,8" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 7 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 16mb xD korti.

**5 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 26.990**

FULLT VERÐ kr. 32.990



**OLYMPUS MJU800**

Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 8 - 24mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 21.3mb minni. TekurxD kort.

**8 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 37.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990



**CASIO EXZ57**

Ótrúlega lítil og nett Digital MYNDAVÉL með 5 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, Super Life rafhlöðu sem endist 400 myndir, 2.7" LCD skjá, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu (35mm samb.: 35 - 105mm), hreyfimyndatöku með hljóði (hámarksupplausn 320x240), 10mb Innra minni og rauf fyrir SD kort, vöggu fyrir hleðslu og hugbúnaði.

**5 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 32.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990

**SÚ ALLRA MINNSTA OG ÞYNNSTA Á MARKAÐNUM!**



**CASIO EXS500**

Digital MYNDAVÉL í kreditkortastærð með 5 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2,2" LCD skjá, 3x Opitcal Zoom og 4x Digital Zoom, 6.2 - 18.6mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), hreyfimyndataka með hljóði (640x480 - 4,1Mbit/sek - 30 fps), 8.3mb Innra minni og rauf fyrir SD kort, rafhlöðu sem endist í 200 skot, vöggu fyrir hleðslu og hugbúnaði.

**5 MEGAPIXEL**

**TILBOÐ 34.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990

DIGITAL NIGHT SCOPE

**JVC GRD200**




Digital TÖKUVÉL með 2,5" skjá, 1/4" upptökuflögu með 1,33 MegaPixel upplausn, 540 lína upplausn með Super High-Band Processor,10x Optical Zoom og 500x Super Digital Zoom, **Digital NightScope** (myndar í myrkri), titringsdeyfi, DV inn/út og Analougue inn, **innbyggðri kyrrmyndavél ofl.**

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990

WWW.HUGVERK.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# Efnahagsstjórn *á gó*

**Davíð Oddsson hefur ekki aðeins gegnt embætti forsætisráðherra megnið af því tímabili sem hann hefur verið efnahagsmálaráðherra ríkisstjórnarinnar á sama tímabili í einhverjum mesta uppgangstíma í íslensk efnahagsmála landsins hefur verið í forystutíð Davíðs.**




Ekki verður hjá því komist að telja það tímabil sem Davíð hefur gegnt forystuhlutverki í íslenskum stjórnmálum undanfarin fjórtán ár einhverja mestu góðæristíma í sögu þjóðarinnar. Sjaldan eða aldrei hefur kaupmáttur almennings verið jafn mikill eða vegur fyrirtækja legið jafn mikið upp á við.

Ef bera á hagsæld undanfarinna ára saman við önnur tímabil mætti helst líkja því við tímabil viðreisnaráranna þegar síldarveiðar skiluðu fólkinu vinnu og ríkinu tekjum og hagvöxtur og kaupmáttur héldust í hendur. Þar var þó sá munur á að ekki var hugað að varðveislu fiskistofnanna, sem hefur verið einn af hornsteinunum í þeirri arðsemi sem fiskveiðistjórnunarkerfið hefur skilað þjóðarbúinu undanfarin ár.

**UPPHAFIÐ AÐ EFNAHAGSSTJÓRNINNI**

Áður en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar komst til valda árið 1991 hafði verið lagður grunnur að ýmsum veigamiklum málum sem síðar skiluðu sér í þjóðarbúið. Kvótakerfið hafði verið sett á, sem stuðlaði að varðveislu fiskistofnanna. Frjálst framsal aflaheimilda stuðlaði síðar að því að gera sjávarútvegsfyrirtækjum kleift að stækka og auka arðsemi sína með stærðaráhrifum. Þá höfðu verið gerðar ýmsar breytingar í frelsisátt á fjármálaumhverfinu og hin svokallaða þjóðarsátt hafði náðst á vinnumarkaði.

Enda þótt svo hafi verið hófst þegar í stað mikil vinna við að koma stjórn efnahagsmála á réttan kjöl strax árið 1991. Margir telja að með EES-samningnum og með því að laga ýmsar reglur og löggjöf hér á landi að reglum Evrópusambandsins, sem átti eftir að skila sér í framförum og auknum viðskiptum við Evrópu, hafi verið stigið stórt skref í átt til frjálsræðis á fjármagnsmarkaði. Ekki síst þar sem fjórfrelsi EES-samningsins varð til þess að frjálst flæði á fjármagni, vörum, þjónustu og vinnuafli varð

**1**

**EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ**

EES-samninginn má nefna sem einn af þremur hornsteinum þeirra efnahagslegu framfara sem orðið hafa í stjórnartíð Davíðs Oddssonar. Með EES-samningnum urðu ýmsar breytingar á fjármagnskerfinu í átt til frjálsræðis svo sem frjálst flæði fjármagns, frjálsir vöruflutningar, frjálst flæði á vinnuafli og frjálst flæði á þjónustustarfsemi sem oft hefur verið nefnt sem fjórfrelsið. Enda þótt sterkur vilji hafi þegar verið til staðar hjá stjórnvöldum að færa ýmsa löggjöf til samræmis við löggjöf Evrópusambandsins á þeim tíma sem samningurinn var gerður má telja að með samningnum hafi verið stigið stórt skref í átt til þess að treysta á frelsi og frjálsan markað sem grundvöll þess að hér á landi gæti viðskiptaumhverfið orðið bæði alþjóðlegt og án tolla og viðskiptahamla.

**1992 – EINKAVÆÐINGIN HEFST** Einkavæðingarferlið fer af stað þegar Prentsmiðjan Gutenberg hf. er seld til einkaaðila. Kaupverðið var 85,6 milljónir króna.



**1992 – EES-SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR** Samningurinn um Evrópska efnhagssvæðið er undirritaður. Enda þótt hann tæki ekki gildi fyrr en tveimur árum síðar hófst þegar vinna við að laga íslenskt lagaumhverfi að samningnum.

**1993 – GJALDEYRISMARKAÐUR OPNAÐUR** Í kjölfar ákvæða EES-samningsins um fullt frelsi fjármagnsflutninga var ekki lengur þörf á að Seðlabankinn ákvarðaði einhliða gengi gjaldmiðla. Gjaldeyrismarkaður í samvinnu við viðskiptabankana og Lánastofnun sparisjóðanna tók til starfa og framboð og eftirspurn höfðu meiri áhrif en áður á gengi gjaldmiðla.

**1993 – LÖG UM VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS** Sett voru lög um Verðbréfaþing Íslands sem þá hafði verið starfrækt um nokkurt skeið. Með lagasetningunni var enn frekar treyst á skipulagðan markað með verðbréf hér á landi.

**1993 – SAMKEPPNISSTOFNUN SETT Á FÓT** Samkeppnislög voru staðfest af Alþingi og Samkeppnisstofnun sett á laggirnar. Hlutverk hennar var ekki síst að skapa einkafyrirtækjum sanngjarna og eðlilega samkeppnisstöðu við þann rekstur sem var í eigu og á vegum ríkisins.

**1993 – SALA SR-MJÖLS HF.** Fyrsta stóra einkavæðingin lítur dagsins ljós þegar SR-mjöl hf. fer úr höndum ríkisins yfir til einkaaðila. Kaupverðið var 725 milljónir króna.

**1995 – ÁLVERIÐ Á GRUNDARTANGA STÆKKAÐ** Ákveðið að stækka álver Alcan á Grundartanga úr 100.000 tonna framleiðslugetu í 162.000 tonn.



**1998 – SALA Á 49 PRÓSENTU Í FBA** Seld voru 49 prósent af hlutafé Fjárfestingarbanka atvinn lífsins. Söluverðið var tæplega 4, milljarðar króna.

**199** þrettán lands staklin ríkisins í bön

iDAN.iS
veldu þér framtíð




meistarinn.is
Þar sem þú finnur meistara
og fagmenn til verksins



FRÉTTABLAÐIÐ/SAMTÖK IÐNAÐARINS/GRÍMUR BJARNASON

# IÐNAÐUR

## [ Sérblað um iðnað á Íslandi ]






### Gömlu úrin ganga aftur

Þrátt fyrir framfarir þarf fólk enn á úrsmiðum að halda, ekki síst til að gera við fjölskylduúrin.

*Bls. 4*

### Áhrif stóriðju mikil

Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir áhrif stóriðju meiri en hagtölurnar gefi til kynna.

*Bls. 6*

### Morgunstund í bakaríi

Blaðamaður Iðnaðarblaðsins tók daginn snemma og fylgdist með morgunverkum bakarans.

*Bls. 8*

### Er ekki handverksmaður

Helgi Gíslason myndhöggvari segist ekki vera handverksmaður þó hann vinni mest úr bronsi.

*Bls. 12*




Smiðir að störfum við Miklubraut í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mánuður í Dag byggingariðnaðarins

***Samtök iðnaðarins og Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði munu 15. október næstkomandi standa að Degi byggingariðnaðarins í Hafnarfirði.***

Þetta er í annað skipti sem Dagur byggingariðnaðarins verður haldinn, en það var einnig gert í október 2003 og þótti takast vel.

Samkomusalurinn í Íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum hefur verið tekinn frá vegna dagsins. Þar verður sett upp sýning þar sem iðnaðarmenn munu taka á móti almenningi. Þá er búist við að ýmis verkstæði og verksmiðjur verði með opið hús í tilefni dagsins.

Dagurinn verður auglýstur frekar þegar nær dregur, en búist er við að hann muni vekja nokkra athygli almennings og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

*Útgefandi: 365 – PRENTMIÐLAR*
*Prentun: ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA*
*Ábyrgðarmaður: GUÐMUNDUR RÚNAR SVANSSON*
*Auglýsingar: ÁMUNDI ÁMUNDASON*

Iðnaðarblaðið er aukablað um íslenskan iðnað sem Fréttablaðið gefur út. Forsíðumyndin er af Ellýu Ósk Erlingsdóttir og er tekin af Grími Bjarnasyni fyrir Samtök iðnaðarins. Brynjar Ragnarsson er hönnuður. Hugmyndin að myndinni er sótt í smiðju Donald G. Krause sem er höfundur bókarinnar The Art of War for Executives, sem er í rauninni nútímaleg túlkun fyrir stjórnendur nútímans á hugmyndum Sun Tzu.

# Allt í gangi hjá íslenskum verktökum

***Mikið hefur verið um að vera hjá verktökum hér á landi síðustu misserin. Fyrirtæki vantar lærða iðnaðarmenn og neytendur þurfa að bíða lengur eftir iðnaðarmönnum í vinnu.***

„Það er allt í gangi hjá iðnaðinum núna,“ segir Guðlaugur Adolfsson, formaður Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði. „Það er mikið að gera vegna virkjanaframkvæmda, vegna sumarbústaða og í öllu þar á milli líka.“

Að sögn Guðlaugs er þetta eðlileg afleiðing af almennri uppsveiflu í samfélaginu. „Það er alltaf talað um að iðnaðarmenn séu tveimur árum á eftir. Fólk byrjar á að verðlauna sjálft sig með utanlandsferð, síðan kaupir það nýjan bíl og því næst fer það að fjárfesta. Þegar bílarnir hætta að seljast kemur að okkur.“

Guðlaugur segir mikið vanta af iðnaðarmönnum í samfélaginu í dag. „Það geta allir bætt við sig mönnum, sama í hvaða iðngrein það er.“ Hann segir það þó einkum vera stærstu fyrirtækin sem hafi flutt inn erlent vinnuafl. „Þessi fyrirtæki sem ég þekki til í Hafnarfirði hafa ekki verið með erlenda starfsmenn nema í litlum mæli.“ Það gæti þó breyst í náinni framtíð. „Ég held þú munir sjá mun meira af þessu næsta eitt til tvö ár ef þeir starfsmenn reynast vel.“


Mikið hefur verið um byggingarframkvæmdir síðustu misseri. Þyrpingar af byggingakrönum eru ekki sjaldgæf sjón. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eyjólfur Bjarnason, byggingartæknifræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, segir það vera rúmt ár síðan verkefni fóru að aukast. Hann hefur miklar áhyggjur af háu lóðaverði. „Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum verið að kvarta undan því við sveitarfélögin að þau hafi ekki haft nóg af lóðum tilbúnar þegar uppsveiflan hófst. Takmarkað framboð verður til þess að mikil samkeppni verður um þessar fáu lóðir og það hækkar svo aftur lóðaverðið.“ Þá segir hann sum þeirra hafa hækkað verðið enn meira með því að bjóða lóðirnar út. „Verðið er lægra hjá þeim sem úthluta upp á gamla mátann.“


Guðlaugur Adolfsson, formaður Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjólfur viðurkennir að skortur á iðnaðarmönnum sé neytendum oft bagalegur. „Fólk er ekki að fá verr frágengnar íbúðir afhentar, en maður heyrir það að fólk sé ekki að fá afhent á réttum tíma.“ En þegar hann er spurður hvort vonlaust sé að fá iðnaðarmenn í vinnu segir hann að það sé eðlilegt að fólk þurfi að skipuleggja fram í tímann, nema auðvitað þegar bjarga þurfi verðmætum í flýti. „Það er eðlilegt að þú þurfir að bíða eftir iðnaðarmanni. Fyrirtæki í þessum geira þurfa að sjá nokkra mánuði fram í tímann. Það skapar þeim rekstraröryggi og atvinnuöryggi fyrir starfsmenn.“

# Byggingarstarfsemi velti 116 milljörðum árið 2004

***Velta í byggingarstarfsemi var 57 prósentum meiri árið 2004 en 2002 og verður enn meiri í ár ef marka má fyrstu fjóra mánuði ársins.***


Mikið hefur verið að gera hjá iðnaðarmönnum í byggingarstarfsemi og sér ekki fyrir endann á því.

Velta í byggingarstarfsemi var 57 prósentum meiri árið 2004 en árið 2002 samkvæmt Hagvísum sem Hagstofa Íslands gaf nýverið út.

Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum var heildarvelta byggingarstarfseminnar 116 milljarðar í fyrra samanborið við 74 árið 2002. Ekki eru komnar út tölur fyrir nema fyrstu fjóra mánuði þessa árs, en á þeim tíma er veltan 35 prósentum meiri en í janúar-apríl árið 2004. Það sér því ekki fyrir endann á þróuninni.

Þetta er mun meiri vöxtur en í öðrum iðnaði, en þar er veltan um sjö prósentum meiri árið 2004 en 2002, og mun þó hafa nóg verið að gera þar.

Að einhverju leyti virðist þessi þróun haldast í hendur við hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, en það hefur hækkað álíka mikið. Einbýlishús hækkuðu um 38 prósent frá á tímabilinu frá apríl 2004-apríl 2005 og fjölbýlishús um 30 prósent á sama tíma.

Húsnæðisverð hefur sennilega hækkað mun meira en byggingarkostnaður húsa, en samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar jókst hann um tæp 7 prósent á þessu tólf mánaða tímabili. Rétt er þó að hafa í huga að sú vísitala tekur ekki tillit til aukins fjármagnskostnaðar verktaka vegna hærra lóðaverðs og enn fremur miðar hún launakostnað við kjarasamninga og tekur ekki tillit til launaskriðs.

VELTA Í BYGGINGARSTARFSEMI Í MILLJÓNUM KRÓNA

| | |
|---|---|
| 2002 | 74422 |
| 2003 | 92917 |
| 2004 | 116408 |

VELTA Í IÐNAÐI Í MILLJÓNUM KRÓNA

| | |
|---|---|
| 2002 | 323004 |
| 2003 | 312473 |
| 2004 | 345717 |

VELTA Í BYGGINGARSTARFSEMI FYRSTU FJÓRA MÁNUÐI ÁRSINS*

| | |
|---|---|
| 2002 | 19323 |
| 2003 | 21838 |
| 2004 | 27902 |
| 2005 | 37215 |

*Aðeins eru komnar tölur fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins í ár, og því eru teknar tölur fyrstu fjögurra mánaðanna 2002–2004 til samanburðar

HEIMILD: Hagvísar Hagstofu Íslands frá 31. ágúst

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Heildarlausnir
Frá hugmynd að fullunnu verki
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

Hönnun: Gísli B.




Frumkvöðlahugsun er grundvallarþáttur í fyrirtækjamenningu Össurar hf. Við leitumst sífellt við að yfirstíga hið ómögulega, finna nýjar og betri lausnir og nýta þekkingu okkar á sem hugvitsamlegastan hátt. Allt starf Össurar hf. einkennist af metnaði og er helgað fólki sem vill njóta sín til fulls.

ÖSSUR

www.ossur.com

*Líf án takmarkana*



Úrsmiðir gera við klukkur af öllum stærðum og gerðum.

# Gömlu úrin ganga aftur

*Frank Ú. Michelsen úrsmiður segir úrsmíðaiðn hvergi vera á undanhaldi.*

Margir halda að með tilkomu tölvuúranna hafi dregið stórlega úr þörfinni fyrir lærða úrsmiði. Frank Ú. Michelsen, úrsmiður í þriðja lið og formaður Úrsmiðafélags Íslands, er alls ekki á því. „Fólk er ennþá að láta gera við úr og ekkert lát þar á. Það er það mikið að gera að sonur minn er að fara í langt og strangt nám til Sviss árið 2007 og er þá einn af þremur sem verða erlendis að læra úrsmíði.“ Úrsmíðin er fjögurra ára nám og að sögn Franks er byrjað á stórum klukkum og svo minnka viðfangsefnin þar til lítil úr verða aðalefnin. „Mikill meirihluti þeirra úra sem eru keypt hjá úrsmiðum er kvartsúr en alla tíð síðan ég varð úrsmiður höfum við verið að gera við og selja mekanísk úr, ýmist úr sem menn trekkja upp sjálfir eða sjálftrekkt úr. Það er mikið að aukast að fólk vilji ganga með gömlu úrin frá ömmu og afa og sem spariúr. Oft er úrið eini hluturinn sem fólk á eftir foreldra sína eða afa og ömmur. Það er með því skemmtilegra sem maður gerir að taka úr sem eiga sögu innan fjölskyldunnar og gera þau hluta af fjölskyldunni aftur.“



**Frank Ú. Michelsen** Úrsmíðin er mikið nákvæmnisverk.

# Nýsköpunarsjóður efldur um 2,5 milljarða

*Nota á hluta söluandvirðis Símans til að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um 2,5 milljarða fram til ársins 2009. Jafnframt á að hvetja aðra fjárfesta til að koma með fjármagn til nýsköpunar.*

Meðal þess sem söluandvirði Símans verður varið í er efling Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með allt að 2,5 milljarða króna framlagi. „Það er auðvitað mjög mikið fagnaðarefni að stjórnvöld skuli með þessum hætti vilja efla og styðja við nauðsynlega nýsköpun í landinu,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður sjóðsins. „Ríkisstjórnin undir forystu Halldórs Ásgrímssonar á sérstakar þakkir skildar fyrir þessa framsýni.“



Jón Steindór, stjórnarformaður sjóðsins, lofar framsýni Halldórs Ásgrímssonar.

Að sögn Jóns á Alþingi þó eftir að samþykkja lög þessa efnis en vilji ríkisstjórnarinnar sé ljós. Ef málið gengur eftir fær sjóðurinn milljarð fyrir áramót og síðan hálfan milljarð á ári hverju árin 2007-2009. Þeir eiga ekki að fara beint í Nýsköpunarsjóð heldur eiga þeir að renna í stofnun sjóða sem Nýsköpunarsjóður er aðili að ásamt öðrum fjárfestum. „Þessir peningar eiga að laða aðra peninga til sín,“ segir Jón. Aðrir aðilar eiga að koma með í það minnsta helminginn af hverjum sjóð og segir Jón Lífeyrissjóðina hafa verið nefnda sérstaklega í því sambandi en fleiri fjárfestar komi til greina.



Hluti af söluandvirði Símans rennur til Nýsköpunarsjóðs. Hér sést Geir H. Haarde undirrita sölusamninginn.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins tók til starfa árið 1998 með fjögurra milljarða króna stofnframlagi úr Iðnlánasjóði og Fiskveiðasjóði, en þeir voru aftur fjármagnaðir með iðgjöldum fyrirtækja úr þeim geirum. Þetta er því í fyrsta skipti sem stjórnvöld leggja fram fé til sjóðsins.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að þróa og efla atvinnulífið með áhættufjárfestingum til langs tíma í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Heimasíða hans er www.nsa.is



Árni Jóhannsson við íslenska stofnanainnréttingu.

# Bylting í gæðavitund almennings

*Árni Jóhannsson segir mikið að gera í íslenskri framleiðslu innréttinga og stofnanahúsgagna.*

Umsjónarmaður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda, Árni Jóhannsson, segir allt á fullu í íslenskri framleiðslu. Alls staðar eru ný hús í byggingu og ekki síður er verið að breyta þeim eldri. „Mikill viðsnúningur hefur orðið á gæðavitund almennings. Fólk er meðvitaðra um hvernig það vill hafa hlutina, gerir meiri kröfur og er upplýstara,“ segir Árni og bendir á að í mun meiri mæli sé leitað aðstoðar arkitekta og stílista þegar innrétta skal eldhús en slíkt þekktist varla fyrir tíu árum.

Árni segir þó framleiðsluna aðallega vera í innréttingum og stofnanahúsgögnum svo sem skrifborðum og milliveggjum. „Því miður standa íslenskir húsgagnahönnuðir ekki eins vel. Samkeppnin við innflutninginn hefur verið svo óhagstæð hvað verðlag varðar og því koma húsgögn heimilanna í meirihluta frá útlöndum.“ Íslenskir húsgagnahönnuðir hafa aðlagað sig breyttum aðstæðum og starfa því helst fyrir einstaklinga eða fyrirtæki fremur en að búa til staðlaða vöru.



Stóllinn Dreki eftir Erlu Sólveigu Óskarsdóttur frá árinu 2000.

MESA

Lausnir í fiskvinnslu til sjós og lands



Við bjóðum eftirfarandi:

M. 950 Hausaklofningsvél (fésvél)
M. 900 Gellu-, kinna- og klumbuskurðarvél
M. 850 Sundmaga- og lundavél
M. 300 Grálúðuhausara
M. 422 Hausapressu fyrir þurrk
M. 310 Keflaknúsari fyrir þurrk
M. 100 Sneiðavél fyrir þurrk (sneiðir heilan fisk og hausar)

Smíðum færibönd, þvottakör og fleira. Önnumst uppsetningar.

18 ára þjónusta við fiskiðnaðinn.

Á. M. SIGURÐSSON ehf.
Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 2546 - Fax: 565 2548 - Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is


Má bjóða þér einn?
“Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið.“
Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja
Hinrik Pétursson I www.mmedia.is/hip
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is



Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Félagsmönnum í landi fjölgar sífellt

***Um 30% félagsmanna í Vélstjórafélagi Íslands starfa í landi, flestir í iðnaði en ekki á sjó og hlutfallið fer hækkandi.***

„Þeim félagsmönnum okkar sem eru í landi er alltaf að fjölga,“ segir Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands. „Við tölum um landmenn og sjómenn og það er á landmarkaðnum sem fjölgunin verður mest í framtíðinni.“ Alls eru um 2.200 félagsmenn í Vélstjórafélaginu og telur Helgi að um 30 prósent þeirra séu landmenn.
Þeir sem eru í landi gegna margvíslegum störfum að sögn Helga, sem tekur sem dæmi kæliiðnaðinn, sérhæft viðhald af ýmsum toga og við virkjanir. „Það vantar víða alhliða menn sem geta meira en eitt. Okkar menn sameina þetta því þeir eru með góða fræðilega tækniþekkingu og eru líka handverksmenn. Þannig menn eru alltaf að verða eftirsóttari í samfélaginu.“



Gunnar Leifur Jónasson telur að fáir muni nota filmur í komandi framtíð vegna yfirtöku stafrænna myndavéla á markaðnum.

# Stafræn tækni leysir filmurnar af hólmi

***Fagljósmyndarar eiga auðveldara með að vinna og taka góðar myndir nú á tímum stafrænna myndavéla.***

Ljósmyndaiðnaðurinn hefur breyst töluvert í gegnum tíðina, nú síðast með komu stafrænna myndavéla. Að mati Gunnars Leifs Jónassonar, formanns Félags ljósmyndara, er breytingin til batnaðar.

„Ég starfa við að taka portrettmyndir af börnum og fjölskyldum og í mínu fagi er breytingin afar góð,“ segir Gunnar en hann starfar hjá Barna- og fjölskylduljósmyndum. „Áður fyrr var ég mjög bundinn af filmunum en núna fæ ég fleiri góðar myndir og fólk getur valið hvað það vill kaupa. Einnig get ég tekið út bólur eða teina og fólk gerir kröfu til þess nú til dags.“

Að sögn hefur vinnan við ljósmyndun ekki minnkað heldur hefur hún einungis breyst. „Áður fyrr var ég að taka um þrjátíu myndir í einu en núna tek ég um hundrað svo mun meiri vinna fer í að velja myndir úr hópnum. Einnig þarf að vinna myndirnar og það getur tekið sinn tíma. Kostnaðurinn við þjónustuna hefur ekki minnkað heldur hafa nýir kostnaðarliðir leyst hina af hólmi. Tækjakostnaðurinn er mun meiri og í stað þess að eyða peningnum í filmur þá eyðir maður í geisladiska og geymslupláss.“

Gunnar telur einnig að auðveldara sé að taka góðar myndir með þessari nýju tækni. „Gæðin eru miklu meiri og einnig bætist sá kostur við að fólk getur séð myndina strax eftir að ég tek hana. Fólk á þá kost á að gefa mér athugasemdir og athygli mín er á réttum stað. Ég sé ekki að filmur verði mikið notaðar í framtíðinni.“

# Áhrif stóriðju hér á landi mikil

***Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir áhrif stóriðju hér á landi vera mikil og meiri en hagtölurnar einar gefa til kynna.***



Bjarni Már Gylfason segir álver þjóðhagslega hagkvæm, ólíkt mörgum öðrum aðgerðum sem miða að því að efla byggð í landinu.

„Með innkomu stóriðjunnar myndaðist alveg nýr útflutningsgrunnur sem renndi fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins. „Útflutningur héðan hefur magnast upp í kjölfarið og heldur áfram að vaxa. Stóriðjan hafði líka gríðarlega mikil áhrif á raforkuframleiðslu og þar er skýrt dæmi um það hvernig uppbygging stóriðju hefur smitað út í aðra geira.“ Bjarni segir 3,6 prósent af þjóðarframleiðslu hér á landi vera af veitustarfsemi, en tvo þriðju af því má rekja til stóriðju.
Að sögn Bjarna er hægt að mæla umfang stóriðju sem hlutfall af landsframleiðslu eða þá sem hlutfall af gjaldeyristekjum eða vöruútflutningi. „Það er hins vegar svolítið erfiðara að svara því hvað það er sem skiptir mestu máli,“ segir hann. „Þetta eru stór fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, þau veita mörgum atvinnu, greiða há laun og þetta eru líka stöðug og örugg störf. Með álveri er tryggður ákveðinn stöðugleiki í efnahagslífinu því það er ekki að fara næstu áratugina.“ Bjarni bendir einnig á að verið sé að nýta áður ónýtta framleiðsluþætti. „Þá á ég einkum við raforku, en líka vinnuafl því það eru að skapast ný og mjög framleiðin störf.“
Einnig segir Bjarni að álver hafi haft mjög jákvæð staðbundin áhrif á nálæg byggðarlög og nefnir Vesturland sérstaklega sem dæmi í kjölfar álversuppbyggingar á Grundartanga. „En um leið eru þau hagkvæm fyrir samfélagið í heild, ólíkt mörgum öðrum aðgerðum sem miða að því að efla byggð í landinu.“ Hann segir það þó fyrst og fremst vera raforkuna sem ráði staðarvali álvera. „Það er mjög dýrt að flytja rafmagn og ástæðan fyrir því að álver rís nú á Austurlandi er sú að þar er núna hagkvæmasta raforkan.“
Þá segir Bjarni stóriðjustefnuna hafa aukið þekkingu okkar á náttúru landsins og nefnir sem dæmi um það rannsóknir í vatnafræði, jöklafræði, jarðfræði, veðurfræði og fleiru. „Þetta er þekking sem hefur orðið til vegna stóriðjustefnunnar og hefði hugsanlega ekki skapast án hennar,“ segir Bjarni.
Bjarni neitar því þó ekki að ágreiningur sé meðal íslenskra hagfræðinga um gagnsemi stóriðjustefnunnar en hann vill þó gera greinarmun á álverunum annars vegar og raforkuframleiðslunni hins vegar og segir að það síðarnefnda sé oft frekar skotspónn gagnrýninnar.



Frá byggingu álvers á Austurlandi

# Veltan tvöfaldaðist vegna stóriðju

***Framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar í Reykjavík segir margfeldisáhrif stóriðjuframkvæmda vera þó nokkur og að iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu njóti líka góðs af þeim.***

„Álvers- og virkjanaframkvæmdir hafa tvöfaldað veltuna hjá okkur,“ segir Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar í Mýrargötu. „Þetta er góð innspýting og viðbót við okkar vinnu.“ Hann vill þó ekki gefa upp hver veltan er.




Bjarni Thoroddsen hjá Stálsmiðjunni segir fyrirtæki sitt hafa tvöfaldast að stærð vegna stóriðjuframkvæmdanna.

Um 80 starfsmenn vinna hjá Stálsmiðjunni ehf. og af þeim eru 40-50 í verkefnum þessu tengdu. Flestir þeirra eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en nokkrir búa á Akranesi. Verið er að setja upp tvær hreinsistöðvar fyrir Norðurál vegna stækkunar álversins í Hvalfirði. Einnig er stálsmiðjan að setja upp mötunarbúnað fyrir súrál ofan við kereiningar inni í álverinu þar. „Við byrjuðum á því verki í mars á þessu ári og búumst við að því ljúki í maí eða júní á næsta ári,“ segir Bjarni. „Þá erum við líka að smíða stálhluti sem fara í stöðvarhús við Kárahnjúka fyrir Fosskraft.“

Þá gefur Bjarni lítið fyrir tal um að virkjanaframkvæmdirnar komi fyrst og fremst landsbyggðinni til góða. „Ég tel að margfeldisáhrifin séu þónokkur.“ Að sögn Bjarna eru mörg fleiri fyrirtæki í málmiðnaði að vinna í verkefnum sem tengjast álvers- og virkjanaframkvæmdum. „Þannig að iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu eru að njóta góðs af þeim.“



Stór hluti starfsmanna Stálsmiðjunnar vinnur nú að stækkun Norðuráls. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Íslenskur iðnaður



## Verðmætasköpun 2004

| | |
|---|---|
| Iðnaður | 23% |
| Stóriðja | 1% |
| Hátækni, vörur og þjónusta | 4% |
| Mannvirkjagerð | 10% |
| Annar iðnaður | 8% |

| | |
|---|---|
| Fiskveiðar og vinnsla | 10% |
| Landbúnaður | 1% |
| Opinber þjónusta | 22% |
| Verslun, veitingahús og hótel | 11% |
| Samgöngur | 8% |
| Veitur | 4% |
| Fjármála- og önnur þjónusta | 21% |

Heimild: Hagstofa Íslands

**Íslenskur iðnaður skipar mikilvægan sess í þjóðlífinu og hann mun í vaxandi mæli standa undir velferð Íslendinga í framtíðinni**

SI
Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is



Mahir frá Kosovo með sérbökuð vínarbrauð á leið í bakstur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Morgunstund í Mosfellsbakaríi

***Ring, ring, ring. Vekjaraklukkan lætur öllum illum látum þótt hún sé aðeins 2.45. Freistandi væri að sofa lengur en það dugar ekki því nú á að kynnast starfi bakara og fylgja fótaferðartíma þeirra enda er hann eitt af því sem einkennir iðnina.***

Leiðin liggur í Mosfellsbakarí. Þar byrjar blaðamaður á að dubba sig upp í slopp, svuntu og húfu þótt hann baki ekkert nema vandræði. Meistarinn Valur Þórsson er mættur klukkan hálf fjögur og litlu seinna koma nemarnir Bylgja Mjöll Helgadóttir og Halldór Bjarkar Jóhannesson. Öll ganga þau þegar til verka, fumlaust og rösklega. Valur byrjar á að blanda í formkökur í tvær hrærivélar af stærri gerðinni, Bylgja nær í bosmamikið deig í kælinn en þar hefur það dormað frá því daginn áður, bútar það niður, vigtar og rúllar það með eldsnöggum handtökum upp í ítölsk langbrauð og ciabatta. Jafnhliða blandar hún í heilsubrauð og þá dugar ekkert minna en hálfgerð steypuhrærivél. Halldór sér um ofninn þennan morgun og hefst þegar handa við að tína út úr hefskápnum brauð sem bíða tilbúin til baksturs. Innan skamms nær ilmandi bökunarilmurinn langt út á hlað.



Bylgja er ötul við brauðdeigsgerðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Þremenningarnir eru sammála um að bakarastafið sé áhugavert og fjölbreytt enda skiptist þau á um verkin. Þeim finnst ekkert mál að vakna svona snemma. Valur byrjaði þrettán ára í bakaríi austur í Neskaupstað en lærði í Danmörku og starfaði fjögur ár í Boston. Bylgja er á lokasprettinum í náminu, sem tekur fjögur ár, en Halldór á bóklega þáttinn eftir. Þeim finnst ótrúlegt hversu fáir velji þessa iðn og segja einungis fjóra hafa útskrifast í ár.

Það er mikil framleiðsla í þessu litla og vinalega bakaríi í Mosfellsbænum, handtökin mörg og tegundirnar fleiri en tölu verður á komið þessa morgunstund sem Fréttablaðið er á staðnum. Fleiri starfsmenn bætast við um sexleytið, bæði í baksturinn og búðina.

Ragnar Hafliðason og Áslaug Sveinbjörnsdóttir hafa átt bakaríið frá upphafi árið 1982, í fyrstu með öðrum hjónum. Eftir að sonurinn Hafliði kom heim frá námi í Danmörku sem konfekt- og kökumeistari efldist starfsemin og opnað var útibú í Miðbæ við Háaleitisbraut. Áherslan er á góða brauðframleiðslu ásamt konfekti og kökum og veisluþjónusta er einnig stór þáttur í starfseminni.

*gun@frettabladid.is*



Halldór brýtur upp á kanta ömmuvínarbrauðanna eftir að rabarbarasultan er komin á sinn stað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Valur fletur út deig með risakefli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Miklir möguleikar fyrir sprotafyrirtæki á Íslandi

***Samtök sprotafyrirtækja voru stofnuð í júní á síðasta ári. Síðan þá hefur mikið verið gert til að bæta starfsumhverfi sprotafyrirtækja með það fyrir augum að þau geti vaxið og dafnað og náð árangri á alþjóðavettvangi.***

Sprotafyrirtæki eru venjulega sprottin upp úr rannsókna- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknastofnana eða annarra fyrirtækja. Þetta eru lítil fyrirtæki sem byggja á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi. Fyrirtæki hættir að teljast sprotafyrirtæki þegar það hefur verið skráð í kauphöll sem öflugt tæknifyrirtæki eða náð árlegri veltu sem nemur einum milljarði íslenskra króna. Fyrir rúmu ári voru stofnuð sérstök samtök sprotafyrirtækja sem starfa innan samtaka iðnaðarins. Meginmarkmið samtakanna er að bæta starfsumhverfi sprotafyrirtækjanna svo þau megi vaxa og dafna.



Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins segir það afar mikilvægt að styrkja stöðu sprotafyrirtækjanna og hjálpa þeim að vaxa.

Davíð Lúðvíksson hjá Samtökum iðnaðarins hefur umsjón með samtökum sprotafyrirtækja. Hann segir að afrakstur þessa fyrsta starfsárs sýni að þörfin fyrir samtök af þessu tagi hafi verið mikil. „Það er mikið að gerast á sviði þekkingar og tækniþróunar á Íslandi. Við sjáum þetta kannski best á stórum fyrirtækjum eins og Össuri og Marel sem byrjuðu sem lítil sprotafyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins en náðu heldur betur að stækka. Með samtökum sprotafyrirtækja vonumst við til þess að geta gefið fleiri fyritækjum tækifæri til að þróast á svipaðan hátt,“ segir Davíð.

Í samtökum sprotafyrirtækja eru nú 25 fyritæki en 100 fyrirtæki eru í einhverjum tengslum við samtökin. Davíð segir að miklir möguleikar séu í boði og áhuginn sé mikill. „Við tökum eftir miklum áhuga – ekki bara á meðal þeirra sem eiga og reka sprotafyrirtæki heldur í samfélaginu almennt. Á sprotaþing sem haldið var í febrúar mætti til dæmis um helmingur þingmanna og nú er það orðið stefnumál flestra stjórnmálaflokkanna að auka stuðning við fyrirtæki af þessu tagi,“ segir Davíð. Frá því að samtökin voru stofnuð hefur verið unnið að stefnumótun og að sögn Davíðs er margt í bígerð. „Um þessar mundir er verið að undirbúa stofnun svokallaðs sprotavettvangs. Það er starfsvettvangur þeirra samtaka og stofnana sem koma að ýmiss konar stuðningi við sprotafyrirtæki,“ segir Davíð. „Svo er Kauphöll Íslands að stefna að því að opna nýjan markað í Kauphöllinni í desember fyrir svona lítil fyrirtæki og þar eru miklir möguleikar fyrir sprotafyrirtækin. Iðnaðarráðuneytið er



Mörg stór fyrirtæki eins og Marel hófu göngu sína sem sprotafyrirtæki.

líka með nefndarstarf í gangi þar sem verið er að fjalla um fjármögnun til nýsköpunar og það er nokkuð sem ætti að nýtast sprotafyrirtækjunum vel,“ segir Davíð og bætir því við að afar mikilvægt sé að hlúa vel að sprotafyrirtækjunum. Með breyttu starfsumhverfi og réttum áherslum má byggja upp íslensk hátæknifyritæki sem ná árangri á alþjóðlegum markaði og laða að erlenda fjárfesta. Það ýtir undir hagvöxt og hefur góð áhrif á atvinnulífið.




ENNEMM / SÍA / NM15585



Verðlaunagripurinn Fjöreggið verður afhentur á Matvæladeginum fyrir lofsvert framtak í matvælaiðnaði. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunagripinn, sem er framleiddur hjá Gleri í Bergvík.

## STÓRELDHÚS OG MÖTUNEYTI Á MATVÆLADEGINUM

Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands heldur Matvæladaginn 2005 föstudaginn 14. október næstkomandi. Efni dagsins í ár verður Stóreldhús og mötuneyti. Sérfræðingar í málefninu, bæði innlendir og erlendir, munu flytja fyrirlestra á ráðstefnu á Grand hótel.

Tímasetning dagsins er valin með tilliti til þess að 16. október ár hvert minnir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna á misskiptingu fæðu í heiminum á alþjóðlegum degi fæðunnar.

# Gullið lifir góðu lífi

***Gullsmíði er grein sem samanstendur af listrænni hönnun og verkfærni og hafa íslenskir gullsmiðir sérstöðu hvað varðar framleiðslu og þjónustu. Við ræddum við Þorberg Halldórsson, formann Félags íslenskra gullsmiða, spurðum hann hvað væri frábrugðið við íslenska markaðinn og út í þær raddir sem halda því fram að gullsmíðin sé lokuð grein fyrir útvalda.***

„Á tímabili var þetta mjög lokuð grein en það eru áratugir síðan, núna eru það fleiri sem vilja læra en þeir sem komast að," segir Þorbergur. Gullsmíði er kennd í Iðnskólanum í Reykjavík og hingað til hafa nemendur ekki getað hafið nám fyrr en þeir eru komnir á samning en nú er orðin breyting á. „Þetta hefur verið þannig að nemendur taka skólann samhliða því að vera á samningi, en nú mun skólinn hafa meira vægi og samningur ekki nauðsynlegur til að hefja nám," segir Þorbergur og slær á sögusagnir um að klíkuskapur sé ráðandi innan greinarinnar sem geri fólki erfitt fyrir að komast að. „Í þeim löndum sem við þekkjum mest til og höfum mest samskipti við, eins og í Danmörku og Þýskalandi, er grunnnámið með svipuðu sniði og út af fyrir sig er ekkert auðveldara að komast þar að heldur en hér," segir Þorbergur og bendir á að það sé markaðurinn sem ræður för hversu margir nemar séu teknir inn. Hann telur að innan við fjórðungur lærlinga hafi tengsl inn í stéttina og vonar að nýtt skipulag á náminu slái á þessar sögur.



14 karata gull- og demantshringur hannaður af Erling Jóhannessyni gullsmiði.

Þorbergur segir markaðinn hér heima lítinn en styrk hans felast í fjölbreytninni. Erlendis versli margar búðir við sama birgjann, sem geti leitt af sér einsleitni. „Hér heima eru alls konar straumar í gangi, minna fjöldaframleitt, og maður finnur það að útlendingar taka mikið eftir þessari íslensku sérstöðu," segir Þorbergur og telur markaðinn hér heima ekki bjóða upp á starfsemi stærri birgja að erlendri fyrirmynd. Þorbergur segir sérstöðuna aðallega felast í tengslunum milli gullsmiðsins og kúnnans. „Það er mjög sjaldgæft í öðrum löndum að gullsmiðurinn vinni í búðinni og smíði fyrir þær." Þorbergur bendir einnig á að hér séu hlutfallslega fleiri verslanir en eru erlendis og íslenski markaðurinn hafi meiri breidd en megi sjá í öðrum löndum. Íslenskir gullsmiðir séu því frábrugðnir öðrum að því leyti að þeir hafa víðtækari þekkingu og sú



Þorbergur Halldórsson, gullsmiður og formaður Félags íslenskra gullsmiða. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

þekking hafi reynst mörgum vel sem hafa lagt land undir fót. „Við erum með handsmíðað, sérsmíðað, innflutt, ódýrt eða dýrt og tökum á miklu fleira en gert er erlendis þar sem sérhæfingin er takmarkaðri," segir Þorbergur og bætir við að á Íslandi sé frábær þjónusta, þar sem kúnninn geti komið inn, hitt gullsmiðinn og fengið vöru sem sé hvergi annars staðar framleidd í heiminum. Slík sérþjónusta er vandfundin í heiminum. „En hér á landi er hægt að velja um tugi verslana sem veita slíka þjónustu," segir Þorbergur „Þetta er okkar sérstaða og það sem er jákvætt við markaðinn hérna heima."




VIÐ MIÐLUM ORKU

Í næstum 60 ár höfum við miðlað raforku til landsmanna. Dreifikerfið okkar er afar víðfeðmt og á seinni árum hafa jarðstrengir tekið við hlutverki háspennulína í stórum stíl og aukið öryggi í afhendingu rafmagns.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK lifandi afl


# Hönnunardagar 2005 verða haldnir í nóvember

***Dagana 10.-13. nóvember verða haldnir sérstakir Hönnunardagar með það að markmiði að kynna íslenska hönnun og hönnuði.***

Hönnunardagar 2005 verða haldnir dagana 10.-13. nóvember. Markmið þessara daga er að kynna hönnun og hönnuði með sýningum og uppákomum víðsvegar um borgina. Einnig er þetta gert til að efla íslenska hönnuði með metnaðarfullri námsstefnu og fyrirlestrum.

Á námsstefnu sem haldin verður 10. nóvember, kemur hingað til lands bandarískt fyrirtæki að nafni Ideo sem ætlar að kenna fyrirtækjum og hönnuðum aðferðafræði sína. Ideo hefur verið starfandi í yfir tuttugu ár og er það fyrirtæki sem hlotið hefur flest verðlaun í heiminum í dag. Það hefur þróað með sér ákveðnar vinnuaðferðir sem hafa verið mjög árangursríkar, ekki aðeins í hönnun heldur einnig í ákveðinni nýsköpun. Ideo hannar ekki aðeins vörur heldur líka þjónustu og umhverfi. Þess vegna er þessi námsstefna jafnt fyrir hönnuði og fyrirtæki sem eru í framþróun og nýsköpun. Fyrirtæki sem vilja læra aðferðir sem flýta fyrir nýsköpun og hugmyndavinnu innan fyrirtækja ættu því að geta nýtt sér aðferðafræði Ideo.

11. nóvember verður haldin fyrirlestrasyrpa í Laugardagshöll þar sem haldnir verða fyrirlestrar mestallan daginn um hönnun af öllu tagi. Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunardaga, segir mikilvægt fyrir hönnuði að mæta, ekki bara til að hlusta á fyrirlestra og læra eitthvað nýtt heldur einnig til að kynnast og hafa gaman. „Þarna viljum við hrista hönnunarsamfélagið saman með fjölbreyttum og skemmtilegum fyrirlestrum."



Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunardaga 2005.

Á þessum sama degi verður sýning sem Ice Expo og Hús og híbýli standa fyrir í Laugardagshöllinni og heitir Hönnun og Heimili. Þar er öðrum íslenskum hönnuðum einnig velkomið að taka þátt. Á Hönnunardögum 2005 er fólki frjálst að koma og fara eins og því hentar og í lok dagsins verður farið á flakk um borgina þar sem sýningar, opnanir og viðburðir verða heimsóttir fram eftir kvöldi. „Sem stendur erum við að leita eftir hönnuðum sem vilja taka þátt í hönnunardögum með sýningu eða uppákomu," segir Guðbjörg. Skila þarf inn hugmyndum til hönnunarvettvangs á honnun@iti.is fyrir 7. október. Samstarfsaðilar hönnunarvettvangs geta verið fagfélög, skólar, söfn, fyrirtæki, verslanir, framleiðendur og hönnuðir. Allir eru hvattir til að mæta og vera með.




BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.

KLETTHÁLS 9 • 110 REYKJAVÍK • SÍMI 567 4222 • FAX 567 4232

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tískusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.

FÉLAG BLIKKSMIÐJUEIGENDA

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir






# Er ekki handverksmaður

***Þótt Helgi Gíslason myndhöggvari nýti sér steyputækni við myndgerð er hann ekki handverksmaður. Hann þekkir tæknina samt vel, sem gerir honum kleift að tefla á tæpasta vað og nýta möguleika bronsins til fullnustu.***

Helgi er búinn að koma sér vel fyrir á vinnustofu á svæði áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Þar gengur hann brosandi innan um hálfkláruð verk og verkfæri í stórum haugum. „Jaá, þetta safnast saman," segir hann og hlær þegar blaðamaður dáist að verkfærasafninu.

Á vinnustofunni vinnur Helgi mörg verka sinna en önnur sendir hann út til að láta fullvinna þau þar. Flest verka hans eru steypt í brons og hann notar til þess steyputækni sem hefur verið þekkt í þúsundir ára. „Málmurinn hefur bara fylgt mér. Einhverra hluta vegna sæki ég mikið í þessa klassísku myndgerð," segir Helgi. Hann þekkir steypuferlið mjög vel og eiginlega of vel því að eigin sögn getur það verið bæði kostur og galli að kunna til verka í faginu. „Ég er ekki handverksmaður heldur listamaður og reyni að kaupa sem flesta verkþætti til að minnka handavinnuna. Maður má ekki festast í því að vera bara í handverkinu því þá missir maður niður prodúktivítet. Það er ekki efnið sem gefur verkinu gildi heldur er það hugmyndin," segir Helgi. Nú er það þannig hjá honum að þau verk hans sem eru kostuð af einhverjum eru flest steypt í Bretlandi en minni verkin vinnur hann frá upphafi til enda. „Þótt ég reyni að kaupa sem flesta verkþætti fer það bara eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni hverju sinni," bætir hann við og hlær.



Fyrir listamanninn getur þó skipt máli að þekkja efnið til að geta komið list sinni til skila, því eins og Helgi segir þarf hugmyndin að komast einhvern veginn á framfæri. Þar kemur tæknin inn í og þekking á henni getur skapað möguleika fyrir listamanninn. „Fyrir mér skiptir allavega máli að kunna vinnuferlið. En það er mjög gott að þekkja það og geta sagt: ég vil fá þetta svona af því að ég þekki þetta ferli."

Hann nýtir sér þekkinguna út í ystu æsar og bregður út af laginu miðað við hefðbundna vinnslu á bronsinu. „Eftir því sem maður þekkir efnið betur þá getur maður unnið gegn þyngdinni sem einkennir dálítið bronsið og og fengið fram andstæður og léttleika. Ég get teflt alveg fram á tæpasta vað með efnið vegna þess að ég kann að meðhöndla það."



Helgi Gíslason myndhöggvari vinnur mikið úr bronsi og steypir sjálfur minni verkin sín.

Fersk og hressandi
KS
Súrmjólk



...prófaðu allar!
::NÝPRENT ehf::

# Dagar íslensks prentiðnaðar að verða fullbókaðir

***Dagar íslensks prentiðnaðar verða haldnir 22. og 23. september næstkomandi.***

„Það er þó nokkuð síðan við ákváðum að fara af stað með einhvern svona dag þar sem við myndum halda ráðstefnu sem sneri að þessum iðnaði," segir Haraldur Dean Nelson, upplýsingastjóri Samtaka iðnaðarins. „Eftir að hafa rætt við fulltrúa fyrirtækjanna var ákveðið að þetta myndi annars vegar snúast um sölu og markaðsmál og hins vegar framtíð greinarinnar. Við sjáum að þróunin er sú að það er alls konar samtenging og samrekstur ólíkra miðla í gangi. Við viljum aðeins velta því fyrir okkur hvert þessi þróun er að leiða og hvað menn sjá í framtíðinni."

Haraldur er mjög ánægður með þá fyrirlesara sem verða á ráðstefnunni. Þeir erlendu eru tveir: Donald G. Krause sem skrifaði metsölubókina The Art of War for Executives og Jose M. Pons sem var prófessor við IESE-háskólann í Barcelona til fjórtán ára og er núna stjórnarformaður markaðsráðgjafarfyrirtækisins AXIOMA. Þeir verða jafnframt með námstefnur daginn eftir. Úr íslensku atvinnulífi verða Baldur Þorgeirsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs prentsmiðjunnar Odda; Sólveig Hjaltadóttir, deildarstjóri söludeildar Tryggingamiðstöðvarinnar, og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs símans, með erindi. Valgerður Sverrisdóttir mun setja ráðstefnuna.

Eftir ráðstefnuna verða pallborðsumræður með Sigmundi Erni Rúnarssyni, Sigurður G. Guðjónssyni, Styrmi Gunnarssyni og Þorgeiri Baldurssyni, forstjóri Odda. Svanhildur Hólm Valsdóttir mun stýra umræðunum.

„Við höfum orðið vör við mikinn áhuga á þessari ráðstefnu," segir Haraldur. Það eru farin 200 sæti af 300 á ráðstefnunni. Það er að verða fullbókað á námstefnurnar og það eru nú þegar um 200 manns búnir að skrá sig á hátíðina um kvöldið."



Haraldur Dean Nelson er mjög ánægður með þá fyrirlesara sem verða á ráðstefnunni.




**Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur.**
Fjórir stífleikar eru í boði; mjúk, medium, stíf og extra stíf, allt eftir þörfum hvers og eins. Framleiðum og hönnum rúm og springdýnur í öllum stærðum og gerðum ásamt því að sérsmíða fyrir hótel og gististaði.

BETRI STOFAN

*Rúm og springdýnur eru framleidd í öllum stærðum*

**Opið laugardaga kl. 10-14**



***Sælurúm***
Stærðir 80, 90, 120, 130
Lyftibúnaður fyrir höfuð og fætur ásamt nuddi
Þráðlaus fjarstýring. Springdýna
**Verð frá kr. 160.000**

# RAGNAR BJÖRNSSON ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna. | Stofnað 1943

Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími: 555 03 97 | Fax: 565 17 40 | www.rbrum.is

# Setja þarf hátæknina í forgang

*Samtök upplýsingafyrirtækja segja að hátækniiðnaðurinn hafi allt til að bera til að verða þriðja stoðin í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Ingvar Kristinsson, formaður samtakanna, segir að til þess að það geti orðið að veruleika þurfi íslensk stjórnvöld að setja hátækniiðnaðinn í forgang.*



Kristinn Ingvarsson er formaður Samtaka upplýsingafyrirtækja.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Kristinn segir stjórnsýsluna hér á landi oft gleyma upplýsingatækninni og hún hugi betur að sjávarútvegi og landbúnaði.

„Vaxtarmöguleikarnir eru mestir innan hátækniiðnaðarins, en það er sú grein sem hefur verið að vaxa mest síðustu árin," segir Kristinn Ingvarsson formaður Samtaka upplýsingafyrirtækja. „Það vantar aftur á móti oft innan stjórnsýslunnar að það sé munað eftir henni."

Kristinn segir það algengt innan stjórnsýslunnar að málin séu skoðuð með tilliti til þess hvaða áhrif þau hafa á sjávarútveginn eða landbúnaðinn en upplýsingatæknin þyrfti að vera með í þeirri jöfnu. „Hátæknin getur auðveldlega orðið þriðja stoðin í atvinnulífinu, og þar er upplýsingatæknin meginuppistaðan í þeim iðnaði, enda sú grein hátækniiðnaðarins sem komin er lengst." Í löndunum í kringum okkur segir hann mun meiri kraft hafa verið settan á þetta svið og nefnir að á Íslandi sé útflutningur á hátækni í kringum 11-14% á meðan á Norðurlöndunum sé hann frá 34 upp í 50%. „Hér hefur einfaldlega meiri áhersla verið lögð á hrávöruframleiðslu, eins og fisk og ál," segir Kristinn.

Hann segir að hérlendis þurfi að efla rannsóknir og setja meiri kraft í uppbyggingu í atvinnulífinu og efla menntun í hátæknigreinum. „Menn þurfa að vera tilbúnir að taka áhættu og hafa þá trú að hér sé hægt að gera ýmsa góða hluti. Margir hafa farið af stað og stofnað fyrirtæki og gengið vel, en með betri stuðningi þá hefði árangurinn náðst fyrr," segir Kristinn. Aðspurður hvort þörf sé á að hér verði mótuð skýr stefna á þessu sviði, segir hann að þess gerist ekki endilega þörf, heldur sé mikilvægt að setja hátækniiðnaðinn í forgang.

„Þetta orð, forgangur, er mikill þyrnir í augum sjávarútvegsins og fara allir í keng ef þeir heyra á það minnst. Það á svo sem líka við stóriðjuna, hins vegar fannst mér áhugaverð könnun sem gerð var hér á dögunum þar sem fólk var spurt hvað það teldi að börnin sín myndu starfa við í framtíðinni. Þar minntist enginn á fisk og ál," segir Kristinn. Aftur á móti segir hann sjávarútveginn og hátækniiðnaðinn styðja hvorn annan og hvor njóti góðs af hinum. „Menn sækja og nýta styrkinn úr íslensku umhverfi."



Sveinn Hannesson telur að Ísland hafi grætt á alþjóðavæðingunni á undanförnum árum.

# Þurfum að halda verðmætu störfunum í landinu

*Að sögn Sveins Hannessonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, er gott skattaumhverfi, sveigjanlegur vinnumarkaður og lítið atvinnuleysi lykillinn að aukinni útrás íslenskra iðnfyrirtækja.*

Útrás íslenskra iðnfyrirtækja hefur aukist mikið á undanförnum árum. Fyrirtæki eins og Össur, Actavis og Marel hafa verið að færa út kvíarnar með góðum árangri og svo virðist sem aukin alþjóðavæðing í heiminum sé að koma sér vel fyrir Ísland. Að sögn Sveins Hannessonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, er gott skattaumhverfi, sveigjanlegur vinnumarkaður og lítið atvinnuleysi lykillinn að aukinni útrás íslenskra iðnfyrirtækja. „Það er heldur ekki nein hefð fyrir því að stunda ríkisstyrki og að vernda atvinnustarfsemi, nema þá í landbúnaði. Það er líka mikilvægt varðandi þau störf sem glatast eða fara úr landi að starfsmennirnir fái aftur vinnu, helst ekki við lakari kjör en áður. Ef okkur tekst þetta þá erum við að græða á alþjóðavæðingu," segir Sveinn. „Til dæmis hefur það gerst í Svíþjóð að of fáir fá vinnu aftur og fara því á bætur. Þá tapa þjóðir á alþjóðavæðingunni. Það verður minni verðmætasköpun en ella. Það er í það minnsta ljóst að Ameríkanar hafa grætt á þessu og Danir líka með sinn sveigjanlega vinnumarkað og við líka hingað til," bætir hann við.

Sveinn telur mikilvægt að halda verðmætu störfunum hérlendis. „Fyrirtæki eru alltaf að leita að hagkvæmasta starfsumhverfinu til að geta framleitt og selt. Það kemur alltaf kippur hjá okkur þegar við sjáum íslensk hátæknifyrirtæki auka framleiðslu úti í staðinn fyrir að gera það hér. Ef við missum verðmætu störfin úr landinu þá horfir illa við hjá okkur. Ef starfsskilyrði okkar eru í ólagi, þá fyrst og fremst hvað varðar gengið og og háa vexti, þá flytja þau fyrirtæki starfsemi sína úr landi sem fá betri kjör annars staðar. Þetta gerist hægt og hljótt og oft tökum við varla eftir því. Þetta getur verið merki um að það sé ekki allt í lagi."

# Hlutur iðnaðar fer sívaxandi

*Árið 2003 skapaði iðnaður 23,8 prósent af verðmætum í íslensku samfélagi en fiskveiðar og fiskvinnsla 9,7 prósent.*

Hlutur iðnaðar í verðmætasköpun hér á landi fer sívaxandi og nálgaðist fjórðung heildarframleiðslunnar árið 2003. Hátæknigreinar sem vart voru merkjanlegar hér fyrir rúmum áratug, eins og upplýsingatækni og framleiðsla lyfja, lækningatækja eða sérhæfðs vélbúnaðar skapa nú tæp fjögur prósent landsframleiðslunnar. Stóriðja hefur einnig aukist sem og annar iðnaður.

Sjávarútvegurinn var innan við tíu prósent af landsframleiðslunni það ár.

Hann skapar þó enn megnið af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, alls 35,3 prósent á síðasta ári. Hlutur iðnaðar þar fer þó einnig vaxandi og var 22,5 prósent á síðasta ári, en þar með hefur hlutur hans tvöfaldast síðan Íslendingar urðu aðilar að EES-samningnum.

SKIPTING VERÐMÆTASKÖPUNAR EFTIR GREINUM 2003

| | |
|---|---|
| Mannvirkjagerð | 10,3% |
| Hátækniiðnaður | 3,8% |
| Ál og kísiljárn | 1,2% |
| Annar Iðnaður | 8,6% |
| Iðnaður samanlagt | 23,8% |
| Starfsemi hins opinbera | 22,0% |
| Verslun, veitingar og hótel | 10,9% |
| Fiskveiðar og vinnsla | 9,7% |
| Veitustarfsemi | 3,6% |
| Landbúnaður | 1,5% |
| Samgöngur og flutningar | 8,1% |
| Önnur þjónusta | 20,4% |

SKIPTING GJALDEYRISTEKNA EFTIR GREINUM 2004

| | |
|---|---|
| Stóriðja | 12,5% |
| Hátæknivörur og -þjónusta | 6,3% |
| Annar iðnaður | 3,7% |
| Iðnaður samanlagt | 22,5% |
| Sjávarafurðir | 35,3% |
| Vaxtatekjur, laun og ávöxtun | 8,9% |
| Samgöngur | 15,5% |
| Ferðalög | 7,9% |
| Aðrar vörur og þjónusta | 10,0% |

HEIMILD: WWW.SI.IS



Suðrænt kókosbragðið
sendir þig í huganum
á bikiniströnd.
FLORIDA
Góa
Ertu þú búin(n) að fá þér Góu-Florida í dag!
hausverk / SÍA / 5387

VIÐ VINNUM UM VERÖLD ALLA

– og þróum og seljum vinnslulausnir fyrir matvælaiðnað á heimsvísu

Marel afhendir framleiðslu sína til yfir 60 landa og rekur 15 dótturfyrirtæki í 5 heimsálfum. Grunnurinn að velgengni fyrirtækisins liggur í nánu samstarfi við helstu matvælaframleiðslufyrirtæki og samhentum hópi 850 starfsmanna.



**Marel hf.** | Austurhrauni 9 | 210 Garðabæ | Sími: 563 8000 | info@marel.com

# ðæristímum

## erið í forystu í íslenskum stjórnmálum. Hann hefur einnig u efnahagslífi. Hjálmar Blöndal skoðaði hvernig stjórn

nú milli allra landa EFTA og Evrópusambandsins. Það ber þó að hafa í huga að EES-samningurinn neyddi Íslendinga ekki til þess að taka strax í gagnið þær breytingar sem gerðar voru á fjármálaumhverfinu heldur var ljóst að til þess var vilji og varð sá vilji svo sterkur að á næstu árum gjörbreyttist fjármálaumhverfið hér á landi.

### HAGSÆLD NÆSTU RÍKISSTJÓRNA

Viðeyjarstjórnin svokallaða glímdi þó við erfiðleika og það má telja sem svo að næsta ríkisstjórn á eftir henni hafi lagt grunninn að hagvaxtarskeiðinu hér á landi sem hélst svo nánast samfellt og stendur enn. Þannig varð stjórn ríkisfjármála strax með allt öðrum hætti en áður hafði þekkst. Gerð var ríkari krafa um hallalaus fjárlög og aðhald í ríkisfjármálum auk þess sem fyrirtæki hins opinbera skyldu skila arðsemi. Öll ásýnd breyttist og umgjörð ríkisrekstrarins breyttist til hins betra. Ekki er hægt að nefna eitt atriði sem hefur skilað hvað mestu fyrir efnahagslífið í landinu undanfarin ár. Helstu atriðin haldast þétt í hendur því hagstjórnartækjum stjórnvalda verður alltaf beitt með mismunandi hætti eftir því hvaða aðstæður og efni eru til.

### FRAMFARIR Á FLESTUM SVIÐUM

En breytingarnar hafa orðið meiri en nokkur þorði að vona. Hagur einstaklinga í landinu hefur farið sífellt batnandi með hagvexti og kaupmáttaraukningu fólksins. Skattalækkanir hafa ekki skilað ríkissjóði minni tekjum heldur má sjá að tekjur ríkisins af tekjuskatti fyrirtækja hafa orðið stöðugt hærra hlutfall af vergri landsframleiðslu þrátt fyrir að skatthlutfallið hafi farið úr fimmtíu prósentum niður í átján. Fyrirtækjunum hefur verið skapað sanngjarnt samkeppnisumhverfi þar sem ríkið hefur dregið sig út úr samkeppnismarkaði með einkavæðingu fyrirtækja. Ríkissjóður hefur greitt niður erlendar skuldir í miklum mæli. Lengi mætti telja þær framfarir sem orðið hafa á íslensku efnahagslífi en hvar sem borið er niður sést að stjórn efnahagsmála hefur verið með styrkum hætti.

### FJÓRÐA RÁÐUNEYTIÐ

Fyrstu þrjú ráðuneyti Davíðs Oddssonar settu hjól efnahagslífsins af stað. Margir spyrja sig því eflaust hvað sé eftir fyrir fjórða ráðuneyti hans með Framsóknarflokknum sem hann nú yfirgefur til þess að taka við öðrum störfum. Það má sjá skýrt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að mikilvægt er að viðhalda stöðugleikanum og stíga ekki þau skref sem gætu reynst áhættusöm fyrir efnahagslífið. Það verður ekki síður hlutverk þess sem stuðlað hefur að þeim breytingum sem nú hafa orðið að nýta til þess hagstjórnartæki í Seðlabankanum til þess að ekki glatist það mikla góðæri sem orðið hefur hér á landi undanfarin ár.

### ÁREKSTRAR

Viðskiptalífið hefur ekki farið varhluta af efnahagsstjórninni. Það hefur notið þess besta en einnig fengið að heyra það. Bankastjóri Landsbankans fékk bréf úr stjórnarráðinu vegna vaxtastefnu bankans. Ekki var glaðst yfir aðkomu ORCA-hópsins að FBA og einhverjum brá í brún þegar forsætisráðherrann sagði að ef verslunarfyrirtækin á matvælamarkaði misnotuðu aðstöðu sína hlyti að verða til þess vilji að skipta þeim upp. Búnaðarbankanum treysti forsætisráðherrann ekki heldur fyrir sparifé sínu og tók alla peningana þar út eftir að stjórnendur bankans höfðu farið of langt að mati ráðherrans við gerð valréttarsamninga. Hvað sem þessu líður verður ekki horft framhjá því að aðkoma Davíðs Oddssonar að efnahagsstjórn landsins hefur skilað landinu einhverjum mestu góðæristímum í sögu þjóðarinnar.

## 2 RÍKISFJÁRMÁL OG SKATTALÆKKANIR

Sú grundvallarbreyting varð á ríkisfjármálum í stjórnartíð Davíðs Oddssonar að fjárlög ríkisins hafa oftar en ekki verið afgreidd hallalaus. Opinbert fé til atvinnusjóða og annarra sértækra aðgerða ríkisins var skorið niður og gerð var krafa um að ríkisfyrirtæki skiluðu arðsemi rétt eins og einkafyrirtæki. Stjórn ríkisfjármála er án efa ein af grundvallarbreytingunum sem stuðlað hafa að styrkri efnahagsstjórn undir forystu Davíðs Oddssonar. Skattar á fyrirtæki hafa á skömmum tíma lækkað úr fimmtíu prósentum niður í átján. Þetta hefur ekki aðeins orðið til þess að auka arðsemishvöt einstaklinganna heldur einnig gefið fyrirtækjunum svigrúm til þess að starfa án mikillar gjaldtöku og skattheimtu ríkisins.

## 3 STJÓRN PENINGAMÁLA

Hagstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki síður verið byggð á stjórn peningamála. Fyrir stjórnartíð Davíðs hafði ríkissjóður aðgang að sjóðum Seðlabankans og þegar illa áraði í rekstri ríkisins gat hann leitað í sjóði hans til að afla peninga til rekstrar ríkisins upp að ákveðnu marki. Á slíku hefur orðið grundvallarbreyting og í raun á stjórn peningamála á undanförnum árum en þegar ríkissjóður leitaði í sjóði Seðlabankans rauk verðbólga oftar en ekki af stað. Seðlabankinn hefur sett sér verðbólgumarkmið sem á að stuðla að stöðugu verðlagi og gerð er krafa um sjálfstæði Seðlabanka. Grundvallarbreyting varð á þessum hlutum undir stjórnartíð Davíðs auk þess sem gengi krónunnar var sett á flot í stað þeirrar fastgengisstefnu sem bankinn studdist við áður.

## Stjórnarsamstarf og efnahagsstjórn

### VIÐEYJARSTJÓRNIN (1991-1995)

Fyrstu stjórnar Davíðs Oddssonar og Sjálfstæðisflokksins með Alþýðuflokki verður fyrst og fremst minnst fyrir að EES-samningurinn var festur í lög. Þannig varð til grundvöllur að frekari þróun fjármálakerfisins í átt til frjálsræðis en verið hafði árin á undan. Lagður hafði verið grunnur að efnahagsstjórn landsins með arðbæru fiskveiðistjórnunarkerfi, frjálsum vöxtum á fjármagnsmarkaði og ekki síst þjóðarsátt á vinnumarkaði.



Ekki verða þær framfarir og breytingar sem urðu í efnahagslífinu þó aðeins færðar yfir á þær skyldur sem hvíldu á stjórnvöldum eftir innleiðingu EES-samningsins heldur var ljóst að frumkvæði stjórnvalda var mikið til þess að breyta ýmsum þáttum hagkerfisins. Ekki er þó ósanngjarnt að segja að þetta tímabil hafi verið frekar erfitt efnahagslega. Baráttan við atvinnuleysi var viðfangsefni stjórnarinnar um nokkurn tíma og langtímaatvinnuleysi mældist á Íslandi í fyrsta skipti í mörg ár.

Einkavæðingarferlið hófst strax á árinu 1992.

### FYRSTA STJÓRNIN MEÐ HALLDÓRI (1995-1999)

Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins má sjá að efnahagsmál og stjórn fjármála ríkisins verða meira áberandi en áður. Með fyrstu ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ásamt Halldóri Ásgrímssyni er lagður grunnur að einhverju mesta hagvaxtarskeiði í sögu þjóðarinnar. Uppgangur er í sjávarútvegi og víða í atvinnugreinum þjóðarinnar auk þess sem ytri skilyrði þjóðarbúsins batna.



Segja má að efnahagskreppunni sem ríkt hafði nokkur ár á undan hafi formlega lokið árið 1995 þegar atvinnuleysi minnkaði og hjól efnahagslífsins fóru að snúast að nýju. Ójafnvægi hafði ríkt á vinnumarkaði en hafist hafði verið handa um endurskoðun vinnulöggjafarinnar árið 1994. Tveimur árum síðar voru samþykkt lög sem meðal annars takmörkuðu neitunarvald verkalýðshreyfingarinnar.

Skattalækkanir fóru af stað og aðhald í ríkisfjármálum varð staðreynd þar sem gerðar voru arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja og til þess að ríkið skyldi skila hallalausum fjárlögum.

### ÖNNUR STJÓRNIN MEÐ HALLDÓRI (1999-2003)

Góðæri í landinu og styrk efnahagsstjórn skiluðu ríkisstjórninni meirihlutakosningu. Eitthvert mesta góðæristímabil í sögu þjóðarinnar tók við á næsta kjörtímabili á eftir með styrkri stjórn ríkisfjármála, niðurgreiðslu erlendra skulda og skattalækkunum. Árið 2002 var tekjuskattur fyrirtækja lækkaður í átján prósent, sem var með því lægsta sem þekktist á Evrópska efnahagssvæðinu. Sjávarútvegurinn stóð vel og hlutabréfamarkaður var á uppleið. Ytri skilyrði voru einnig hagstæð á þessu tímabili.



Einkavæðing ríkisfyrirtækja hélt áfram og viðskiptabankarnir, auk Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, voru seldir einkaaðilum.

Góðæristímabilið reyndist þó ekki áfallalaust þar sem verðbólga fór af stað og hagkerfið tók ákveðna niðursveiflu en lenti þó mjúklega.

### ÞRIÐJA STJÓRNIN MEÐ HALLDÓRI (2003- )

Kaupmáttur almennings hafði vaxið jafnt og þétt á góðærisárunum og þjóðartekjur aukist jafnt og þétt. Þriðja ráðuneyti Davíðs Oddssonar með Framsóknarflokknum leggur í stjórnarsáttmála áherslu á stöðugleika og að viðhalda því jafnvægi sem náðst hefur í fjármálum ríkisins. Tekjuskattsprósenta einstaklinga verður lækkuð um fjögur prósent, eignarskattur felldur niður, erfðafjárskattur lækkaður og virðisaukaskattskerfið tekið til endurskoðunar. Á kjörtímabilinu, sem nú er rétt rúmlega hálfnað þegar Davíð Oddsson lætur af störfum, er fyrst og fremst lögð áhersla á að varðveita stöðugleikann sem skapast hefur árin á undan.



**SALA ÞRIGGJA BANKA** Um rósenta hlutir í Búnaðarbanka Ís- Landsbanka Íslands seldir til ein- Auk þess var 51 prósents hlutur FBA seldur en söluverð á hlutafé num þremur nam rúmlega 15,2 milljörðum króna.



**2001 – VERÐBÓLGUMARKMIÐ OG VIKMÖRK GENGIS AFNUMIN** Ný lög um Seðlabanka Íslands samþykkt þar sem tekið er upp verðbólgumarkmið bankans. Þá eru vikmörk gengis afnumin.

**2001 – TILRAUN TIL AÐ SELJA SÍMANN** Reynt var að selja almenningi Landssíma Íslands en aðeins tókst að selja 2,69 prósent fyrir rétt rúman milljarð.

**2002 – TEKJUSKATTUR FYRIRTÆKJA LÆKKAR** Tekjuskattur á fyrirtæki lækkaður úr þrjátíu prósentum niður í átján og verður Ísland með eitt lægsta tekjuskattshlutfall á fyrirtæki í öllum ríkjum Evrópska efnhagssvæðisins.



**2002 – ÁLVER Í REYÐARFIRÐI** Viljayfirlýsing um byggingu á 332.000 tonna álveri Alcoa í Reyðarfirði er undirrituð.

**2002 – LANDSBANKI ÍSLANDS TIL EINKAAÐILA** Hlutur ríkisins í Landsbanka Íslands seldur í tveimur áföngum. Alls 65,8 prósenta hlutur fyrir rúmlega sautján milljarða króna.

**2003 – BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS Í HENDUR EINKAAÐILA** Ríkið selur 45,8 prósenta hlut í Búnaðarbanka Íslands fyrir 11,9 milljarða.



**2005 – LANDSSÍMI ÍSLANDS SELDUR** Allt hlutafé ríkisins í Landssíma Íslands hf. selt til einkaaðila fyrir 66,7 milljarða króna.

## FÓLK Á FERLI



**BJÖRN VÍGLUNDSSON,** fyrrverandi framkvæmdastjóri vátrygginga- og fjármálaþjónustu Tryggingamiðstöðvarinnar hf., hefur verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra markaðssviðs Og Vodafone.

**HRÖNN SVEINSDÓTTIR,** fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálasviðs P. Samúelssonar hf. (Toyota), tekur við starfi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Og Vodafone. Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone, hefur tímabundið umsjón með nýju sviði, sölu- og þjónustusviði.



**GESTUR G. GESTSSON,** framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Og Vodafone, tekur við starfi framkvæmdastjóra tæknisviðs fyrirtækisins.

**ANNA HULD ÓSKARSDÓTTIR,** framkvæmdastjóri þjónustusviðs, lætur af störfum hjá félaginu. Hún verður nýjum stjórnendum innan handar á næstu vikum. Henni eru þökkuð vel unnin störf hjá fyrirtækinu á liðnum árum.

**VIÐAR ÞORKELSSON,** aðstoðarforstjóri Og Vodafone, og Örn Orrason, sem verið hefur framkvæmdastjóri fjarskiptasviðs Og Vodafone, munu hefja störf hjá Dagsbrún, móðurfélagi Og Vodafone, samkvæmt nýju skipulagi samstæðunnar.

**ÓLI JÓN GUNNARSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hjá Loftorku í Borgarnesi. Óli Jón starfaði áður sem bæjarstjóri í Stykkishólmi og þar áður sem bæjarstjóri í Borgarnesi sem síðar varð Borgarbyggð. Hann er byggingatæknifræðingur að mennt frá Tækniskóla Íslands og hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Óli Jón starfaði hjá Loftorku áður en hann tók við starfi bæjarstjóra í Borgarnesi árið 1987.



# Selur nytjahluti, ekki skrautmuni

**Húsgagnaverslunin Epal var stofnuð á haustdögum 1975 og er því þrjátíu ára um þessar mundir. Eigandi Epal er Eyjólfur Pálsson innanhúsarkitekt. Eyjólfur tjáði Jóni Skaftasyni að stefna verslunarinnar hefði verið sú sama frá upphafi: að selja hönnun og gæði, nytjahluti en ekki skrautmuni.**

Eyjólfur lærði innanhúsarkitektúr við Kunsthaandværkerskólann í Kaupmannahöfn og ákvað þegar hann flutti aftur heim að setja Epal á laggirnar: „Þegar ég kom aftur heim áttaði ég mig á því að það var ýmislegt sem vantaði hérna heima. Eitt af því var verslun sem sinnti hönnun og fallegum hlutum. Það þýðir víst ekkert að stóla á aðra og því ákvað ég bara að gera þetta sjálfur.“

Epal varð raunar ekki að verslun fyrr en árið 1977, og má segja að höfuðstöðvar fyrirtækisins hafi verið í ferðatösku fyrstu tvö árin: „Ég gekk á milli arkitekta með ferðatösku fulla af efnisbútum, sem flestir voru af listrænum toga.“

Fyrsta verslunin var síðar opnuð við Hrísateig 47 í Reykjavík: „Í fyrstu seldum við gluggatjaldaefni og húsgagnaáklæði frá danska fyrirtækinu Kvadrat. Við höfum frá upphafi lagt á það alla áherslu að selja vandaða vöru. Við seljum hönnun og gæði; nytjahluti en ekki skrautmuni. Það hefur alltaf verið okkar prinsipp.“

Árið 1982 flutti Epal í Síðumúla 20 og tvöfaldaði um leið verslunarrýmið. Epal vatt smám saman upp á sig og fóru Eyjólfur og félagar að standa að sýningum á íslenskri hönnun.

Eyjólfur segir íslenska hönnun í stöðugri sókn: „Við höfum alltaf reynt að hafa eins mikið eftir íslenska hönnuði og mögulegt er, einnig það sem er í framleiðslu erlendis. Íslensk hönnun verður æ eftirsóknarverðari, og íslenskir hönnuðir sífellt eftirsóttari.“

Eyjólfur segist einnig hafa reynt að tengja hönnunina við önnur listform: „Nú erum við til að mynda með til sýnis leðurklæddan sófa eftir Pétur B. Lúthersson, þar sem Jón Sæmundur í Nonnabúð var fenginn til að þrykkja á leðrið.“

> **Húsgagnaverslunin Epal**
> Skeifunni sex
> Stofnuð: 1975
> Eigandi: Eyjólfur Pálsson innanhúsarkitekt
> Starfsmenn: sextán

### FÉKK DÖNSKU „MÖBELPRIZEN“

Epal flutti sig enn um set árið 1987 og reisti eigið hús við Faxafen 7. Húsið þykir hin mesta listasmíð, en það er teiknað af Manfreð Vilhjálmssyni arkitekt í samvinnu við Eyjólf sjálfan: „Það má nú segja að við höfum komið inn í húsið á versta tíma. Það áraði illa og það fór svo að danskur vinur minn, sem átti þann draum heitastan að eiga hús í öllum höfuðborgum Norðurlanda, keypti húsið af mér og leigði það síðan Epal.“

Epal var til húsa í Faxafeni næstu tíu árin: „Félagi minn vildi þá endilega hækka leiguna en ég tók það ekki í mál og flutti í þriðja sinn. Í það skiptið aðeins um nokkur hundruð metra, keypti húsnæðið í Skeifunni 6, þar sem við höfum verið síðan. Húsnæðið er í dag þúsund fermetrar og við höfum keypt 800 fermetra til viðbótar hér við hliðina, þannig að rýmið verður á endanum 1.800 fermetrar.“

Tengsl Eyjólfs við Danmörku eru sterk. Eyjólfur lærði í Kaupmannahöfn og dönsk og skandinavísk hönnun hefur alla tíð verið fyrirferðarmikil í verslunum Epal.

Verk Eyjólfs eru líka mikils metin í Danmörku. Árið 1986 hlaut hann sérstaka viðurkenningu fyrir sérlegt framlag sitt til að auka viðskipti milli Danmerkur og Íslands og árið 2001 tók hann við hinum dönsku „Möbelprizen“ úr hendi Friðriks krónprins Dana. Eyjólfi var við það tækifæri lýst sem „einum af áhugasömustu sendiherrum danskrar húsgagnalistar utan Danmerkur“.

### AÐ ÞEKKJA SÍN TAKMÖRK

Epal hefur nú verið í Skeifunni í átta ár og hefur versluninni vegnað vel þann tíma: „Veltan hefur fjórfaldast frá því að við fluttum hingað í Skeifuna. Við höfum upplifað okkar erfiðu ár og ætíð fylgt sveiflum. Við höfum þó aldrei hvikað frá okkar hugmyndafræði og aldrei fallið í þá gryfju að fara að selja eitthvert dót. Við höfum alltaf verið trú sannfæringu okkar.“

Eyjólfur segist nú vera að uppskera fyrir eigin þrjósku: „Við höfum stundað hálfgert trúboð í hönnunarmálum. Þau mál líta nú ágætlega út, skilningurinn hefur aukist. Það er mikið af ungu fólki í hönnunarnámi hérna heima og þá hafa stjórnvöld loks tekið við sér. Þau virðast vera að uppgötva að það eru talsverðir fjármunir fólgnir í hönnunarmálum.“

Í dag eru sextán starfsmenn í fullu starfi hjá Epal og segist Eyjólfur afar þakklátur því góða starfsfólki sem með honum hafi starfað gegnum tíðina: „Það er nú bara þannig að ég get ekki verið fagmaður í öllu. Ég er til að mynda með blaðafulltrúa og fjármálafulltrúa til að stíga á bremsuna. Ég fæ mikið af hugmyndum og ef ég framkvæmdi þær allar væri ég löngu búinn með alla aura. Þetta er bara eins og með áfengið, þú verður alkóhólisti ef þú þekkir ekki þín takmörk.“

Eyjólfur hélt mikla afmælisveislu í tilefni af þrjátíu ára afmælinu og var um sjö hundruð gestum boðið að þiggja veitingar í húsakynnum Epal. Meðal heiðursgesta var finnski arkitektinn Eero Arnio: „Það komu þrjátíu og fimm erlendir gestir og þar af flugu tveir hingað og heim aftur samdægurs. Þetta sýnir bara að þegar við segjumst ætla að gera eitthvað, þá býst fólk við að það verði gert almennilega,“ segir Eyjólfur Pálsson í Epal.

**„Ég fæ mikið af hugmyndum og ef ég framkvæmdi þær allar væri ég löngu búinn með alla aura. Þetta er bara eins og með áfengið, þú verður alkóhólisti ef þú þekkir ekki þín takmörk.“**



Fréttablaðið/Vilhelm

**EYJÓLFUR PÁLSSON Í „THE BUBBLE“ EFTIR EERO ARNIO** Finnski arkitektinn Eero Arnio var meðal heiðursgesta í þrjátíu ára afmælisveislu Epal: „Það komu þrjátíu og fimm erlendir gestir og þar af flugu tveir hingað og heim aftur samdægurs. Þetta sýnir bara að þegar við segjumst ætla að gera eitthvað, þá býst fólk við að það verði gert almennilega.““

## BESTA RÁÐIÐ

# Átök eiga aldrei að vera persónuleg

Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, segist hafa fengið besta ráðið frá Sigurði G. Guðjónssyni, lögmanni og fyrrverandi stjórnarformanni Norðurljósa. Magnús segist hafa orðið vitni að því þegar Sigurður tók hatrammlega á ungum lögfræðingi: „Eftir að Sigurður hafði tekið lögmanninn unga algerlega í gegn spurði hann hvort hann gæti nokkuð skutlað sér niður í bæ. Þetta kenndi mér að þótt fólk sé að berjast hvert í sínu horni eiga átök aldrei að vera persónuleg.“

Þetta gerðist þegar Sigurður og Magnús störfuðu saman hjá Pegasus en þeir sátu síðar andspænis hvor öðrum, Sigurður hjá Norðurljósum og Magnús hjá Íslenska sjónvarpsfélaginu: „Þetta hef ég reynt að hafa í huga og ráðið reyndist mér sérstaklega vel þegar ég átti í átökum við Sigurð sjálfan á meðan lætin um fjölmiðlafrumvarpið stóðu sem hæst.“ - jsk



**MAGNÚS RAGNARSSON, SJÓNVARPSSTJÓRI SKJÁS EINS** Magnús segir Sigurð G. Guðjónsson lögmann hafa kennt sér að átök eigi aldrei að vera persónuleg.






**GLATT Á HJALLA HJÁ EIMSKIPI** Það var fjör í tjaldi Eimskips, dótturfélags Avion Group, fyrir utan sjávarútvegssýninguna í Kópavogi um síðustu helgi. Viðskiptamönnum og öðrum góðum gestum var boðið upp á léttar veitingar um leið og skeggrætt var um landsins gagn og nauðsynjar. Á meðan harmonikkan var þanin var stiginn léttur dans eins og í öðrum góðum samkvæmum. Góð aðsókn var að sýningunni og fjöldi fyrirtækja kynnti starfsemi sína fyrir sýningargestum.

# Annata í nýtt húsnæði

Fyrirtækið Annata hefur flutt starfsemi sína í nýtt hús við Mörkina 4 í Reykjavík. Af því tilefni héldu eigendur og starfsmenn nýlega opnunarteiti þar sem viðskiptavinum og velunnurum var boðið að kíkja í heimsókn og skoða sig um.



**EIGENDUR ANNATA HF.** Frá vinstri: Sturla Geir Friðriksson, Birgir Ragnarsson, Þorsteinn Siglaugsson, Jóhann Jónsson, Eyvindur Tryggvason, Matthías Sveinbjörnsson, Marteinn Þór Arnar. Á myndina vantar Björn Gunnar Karlsson.

Annata er hópur sérfræðinga í upplýsingatækni sem hefur að markmiði að hjálpa viðskiptavinum að ná fram betri rekstrarárangri.

Nýja húsnæðið er ríflega tvöfalt stærra en fyrra húsnæði fyrirtækisins í Síðumúlanum og aðstaða öll mun betri. Meðal annars hefur verið tekin í notkun ný og fullkomin námskeiðsstofa og fundarrýmum fjölgað. Vinnustöðvar í opnu rými verða um 25 talsins og möguleiki á nokkrum vinnustöðvum til viðbótar.


# Landsbanki Íslands hf.
## - Hluthafafundur

Hluthafafundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn í Ársölum á Hótel Sögu, Reykjavík, á morgun, 15. september 2005, og hefst hann kl. 15:00.

### Dagskrá:

1. Tillaga um að skiptingar- og samrunaáætlun sem undirrituð var af stjórnum Landsbanka Íslands hf., Straums Fjárfestingarbanka hf. og Burðaráss hf. þann 1. ágúst 2005 verði samþykkt. Í því felst m.a. að hlutafé í Landsbanka Íslands hf. mun hækka um 2.120.677.803 kr. að nafnverði, eða úr 8.900.000.000 kr. í 11.020.677.803 kr., og verður sú hækkun innt af hendi til hluthafa Burðaráss hf. sem hluti endurgjalds fyrir hluti sína í því félagi. Jafnframt leiðir af tillögunni að hluthafar í Landsbanka Íslands hf. eiga ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum.

2. Önnur mál, löglega upp borin.

Boðað er til hluthafafundar þessa með fyrirvara um að hluthafafundur í Burðarási hf. sem fram fer kl. 13.00 þennan sama dag samþykki fyrirliggjandi skiptingar- og samrunaáætlun og tengdar tillögur.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á upp á hluthafafundi, skulu vera komnar skriflega í hendur bankaráðs eigi síðar en föstudaginn 9. september 2005.

Skiptingar- og samrunaáætlun, ásamt ársreikningum Landsbanka Íslands hf., Straums Fjárfestingarbanka hf. og Burðaráss hf. síðustu þrjú árin, endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningum þeirra fyrir fyrri hluta ársins 2005, greinargerðum stjórna félaganna, sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningum Burðaráss og Landsbanka Íslands annars vegar og Burðaráss og Straums Fjárfestingarbanka hins vegar, sem og skýrsla matsmanna og yfirlýsing samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, liggja frammi í aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis á sama stað, sjö dögum fyrir hluthafafundinn. Einnig er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is.
Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á fundardegi.

Umboðsmenn eru beðnir um að framvísa gildu umboði við hluthafaskrá á fundarstað.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf.

410 4000 | www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 29490 09/2005



NJÓTTU YFIRBURÐA
HVAR SEM ÞÚ ERT



AÐALSMERKI Á ÖLLUM VEGUM

RX300 er stöðugur og lipur í akstri á miklum sem litlum hraða á hvaða yfirborði sem er. RX300 er búinn frábærum tækninýjungum og lúxusþægindum sem gera sérhverja ökuferð að fullkominni upplifun. RX300 á eftir að breyta hugmyndum þínum um hvernig vandaðir bílar fyrir vegi og vegleysur eiga að vera.

Verð frá 5.050.000 kr.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR.

Nýbýlavegur 6 • 200 Kópavogur • 570 5400 • www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29471 9/2005

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Blikurnar hrannast upp á himni efnahagslífsins:

# *Ábyrgðin er allra*

**Hafliði Helgason**

Efnahagsmálin eru í sviðsljósinu þessa dagana sem eðlilegt er þegar nýjar vísbendingar um stöðu og stefnu hagkerfisins streyma inn.

Viðskiptaráð Íslands hélt fund um stöðu efnahagsmála í gær líkt og ráðið gerði fyrir hálfu ári. Aðalhagfræðingur Seðlabankans, Arnór Sighvatsson, flutti erindi nú eins og hann gerði fyrir sex mánuðum. Fyrir sex mánuðum börðu margir á Seðlabankanum fyrir vaxtahækkanir og töldu að hægar ætti að fara. Verðbólguskot nú bendir til þess að bankinn hafi síst farið of geyst í hækkun vaxta. Aðhald Seðlabankans er nauðsynlegt nú og því meira sem færri leggjast á árar með honum að halda aftur af þenslu í hagkerfinu.

Arnór talaði raunar fremur skýrt um afstöðu bankans. Ekki verða orð hans skilin öðruvísi en svo að Seðlabankinn muni senda skýr skilaboð um að ekki verði hvikað frá þeirri stefnu að reyna að koma böndum á þensluna með hækkun stýrivaxta. Ef rétt er lesið í skilaboðin má búast við að vextir verði að lágmarki hækkaðir í tíu prósent fyrir lok þessa mánaðar.

**Ef heldur fram sem horfir má búast við gjaldþroti veikustu fyrirtækjanna í þessum greinum eða að þau nái fram frekari hagræðingu. Þetta gildir um iðnfyrirtæki, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Af þessum greinum býr sjávarútvegurinn við aðra löggjöf. Núverandi kringumstæður ættu að verða til þess að svigrúm til hagræðingar í greininni verði aukið og kvótaþakinu lyft.**

Slíkri hækkun fylgir óhjákvæmilega að öðru óbreyttu að krónan helst verulega sterk. Seðlabankinn á fárra kosta völ við núverandi kringumstæður. Vaxtahækkun með tilheyrandi styrkingu krónunnar er illskásti kosturinn. Afleiðing hágengis krónunnar er sú að útflutnings- og samkeppnisgreinar munu eiga erfitt uppdráttar. Ef heldur fram sem horfir má búast við gjaldþroti veikustu fyrirtækjanna í þessum greinum eða að þau nái fram frekari hagræðingu. Þetta gildir um iðnfyrirtæki, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Af þessum greinum býr sjávarútvegurinn við aðra löggjöf. Núverandi kringumstæður ættu að verða til þess að svigrúm til hagræðingar í greininni verði aukið og kvótaþakinu lyft. Með fjölbreyttari stoðum hagkerfisins fækkar rökum fyrir því að sjávarútvegur lúti annarri löggjöf og öðrum skilyrðum en aðrar atvinnugreinar.

Eins og staðan er núna munu rauð strik kjarasamninga bresta. Það eru ekki góð tíðindi fyrir launafólk og eðlilegt að heyrist í forsvarsfólki verkalýðshreyfingarinnar. Mikilvægi þess að atvinnurekendur og fulltrúar launafólks komi fram af ábyrgð hefur sjaldan verið meira. Við stöndum frammi fyrir raunverulegri hættu á víxlhækkun vöru og launa með þeirri sóun í verðmætasköpun þjóðarinnar sem slíku fylgir. Ávinningur af velsæld stöðugleikans er fljótur að hverfa ef sú hringekja fer af stað.

Ríkisstjórnin þarf líka að senda skilaboð inn í efnahagslífið. Skaðinn er skeður með boðaðar skattalækkanir sem birtast í því að heimilin í landinu eru þegar búin að ráðstafa hagsauka aukins kaupmáttar með meiri skuldsetningu. Krafan nú er að allir kyndarar efnahagslífsins beri saman ábyrgð á því að ekki sjóði upp úr.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
hafldi@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is

# Þjóð án þyngdarafls

ORÐ Í BELG



**Gylfi Magnússon** dósent við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Fyrr á árum var því stundum haldið fram, jafnvel í nokkurri alvöru, að almenn efnahagslögmál giltu ekki á Íslandi. Að efnahagslíf okkar Íslendinga á tímum verðbólgu og gengisfellinga, hafta, verkfalla og ofuráherslu á eina atvinnugrein væri svo frábrugðið því sem tíðkaðist þá annars staðar að hér yrði að beita öðrum fræðum – og öðrum lausnum.

Síðan hefur margt breyst og íslenskt efnahagslíf er um margt farið að líkjast sífellt meira því sem þekkist í öðrum vestrænum löndum. Meira að segja krónan, aumasti gjaldmiðill í Vestur-Evrópu nær allan síðari hluta tuttugustu aldar, lengst af gagnslítil innan lands og gagnslaus utan þess, hefur fengið nokkra uppreisn æru.

Jafnvel hinar ríku nágrannaþjóðir okkar geta horft öfundaraugum á ýmsa þætti íslensks efnahagslífs. Atvinnuleysistölur eins og okkar (um 2%) sjást vart í öðrum löndum og þjóðarframleiðsla á mann er með því hæsta sem þekkist. Hagvöxturinn (rúmum 6% spáð í ár og næsta ár) líkist frekar því sem þekkist í þróunarlöndum eins og Kína sem eru að sjóstast til velmegunar úr sárri fátækt en því sem þykir eðlilegt í auðugum Evrópulöndum.

Það er líka greinilegt að Íslendingum finnst þeir ríkir og eyða í samræmi við það. Hallinn á vöruskiptajöfnuði í júní sl. var rúmir 10 milljarðar sem mun vera Íslandsmet. Það samsvarar útsöluverði á kannski 2.000 ágætum jeppum eða t.d. einum fyrir hvern íbúa í Hveragerði, líka þá sem hafa ekki bílpróf. Vöruskiptajöfnuðurinn segir þó bara hálfa söguna því að það er líka halli á þjónustujöfnuðinum við útlönd. Það skýrist einkum af því að þjóðin er stórskuldug í útlöndum og þarf að greiða fyrir það. Um mitt árið var áætlað að það munaði rúmum 900 milljörðum á eignum og skuldum Íslendinga í útlöndum þegar tekið er tillit jafnframt til eigna og skulda útlendinga á Íslandi. Það er ríflega 90% af þjóðarframleiðslu heils árs eða þriggja ára útflutningstekjur Íslendinga. Þessi tala fer ört hækkandi, í takt við viðskiptahallann sem er nú um 12% af þjóðarframleiðslu. Það er miklu hærri tala en þekkist í öðrum þróuðum ríkjum. Hvað sem öllum fréttum um eignakaup Íslendinga í útlöndum líður þá öflum við nefnilega ekki nema þriggja króna í gjaldeyristekjur fyrir hverjar fjórar sem við eyðum.

Í fyrra var hreinn sparnaður þjóðarinnar um 1% af þjóðarframleiðslu sem er átakanlega lítið. Við fjárfestum að vísu meira en lögðum sem sé nær ekkert til hliðar til að standa undir því.

Hvers vegna eyðum við svona miklu? Skýringin er væntanlega margþætt en það blasir við að snarhækkandi verð á ýmsum innlendum eignum hefur valdið því að mörgum einstaklingum finnst þeir vera orðnir mun betur stæðir en áður. Þannig hefur fasteignaverð hækkað um rúm 80% að raungildi á höfuðborgarsvæðinu síðan í ársbyrjun 2002. Út á þá eign sem verður til – a.m.k. á pappírnum – við svona verðhækkun er hægt að taka lán og nota í neyslu. Lánsfé flæðir líka út um allt. Í lok júlí sl. höfðu útlán innlánsstofnana til innlendra aðila aukist um meira en helming eða rúma 500 milljarða króna á tólf mánuðum.

Þeir sem ekki taka lán út á hækkandi fasteignaverð horfa kannski í staðinn til sífellt verðmætari hlutabréfaeignar. Úrvalsvísitalan hefur meira en ferfaldast á fjórum árum. Það má nota hagnaðinn af því til að standa undir dágóðri neyslu. Þetta hlutabréfaverð lýsir óneitanlega eitt og sér talsverðri bjartsýni enda þarf t.d. miðað við núverandi arðgreiðslur meira en öld til að þeir sem kaupa bréf í dag fái höfuðstólinn til baka í gegnum arð.

Það eykur svo enn á kaupgleðina í útlöndum að krónan sjálf hefur hækkað duglega, eða um 40% eða svo síðan hún var lægst undir lok ársins 2001. Það er út af fyrir sig ekkert að því að þeir sem efnast noti eitthvað af því í neyslu. Það er hins vegar íhugunarefni hér að þjóðin sem heild verður ekkert ríkari við það að innlent eignaverð, t.d. fasteignaverð, hækkar – hún er bara búin að setja annan verðmiða á eignir sem hún átti fyrir. Það sama á að einhverju leyti við þegar hlutabréfaverð hækkar. Hækkunin þar endurspeglar að vísu væntanlega að jafnaði að hluta til breytingar á getu hlutafélaga til að búa til hagnað og greiða hann út. Afgangurinn er einfaldlega nýr verðmiði á gömul fyrirtæki.

Þegar krónan hækkar finnst okkur við ríkari í útlöndum en kaupgeta þjóðarinnar sem heildar í útlöndum eykst ekkert við það. Kaupgeta þjóðarinnar í útlöndum fer þegar til lengdar er litið eftir samkeppnishæfni útflutningsatvinnuveganna og hún batnar ekkert með hækkandi gengi (því er raunar öfugt farið). Hér verður engu um það spáð hvort og þá hvenær er líklegt að þyngdaraflið fari aftur að ná til íslenska hagkerfisins og hvað þá verði um þetta háa innlenda eignaverð. Það verður þó ekki komist hjá því að huga fyrr eða síðar að því að greiða niður erlendu skuldirnar. Nú eða þótt ekki væri nema að hætta að bæta við þær.

Þangað til er sjálfsagt hægt að njóta veislunnar. Skál!



Fréttablaðið/E.Ól

**Það er líka greinilegt að Íslendingum finnst þeir ríkir og eyða í samræmi við það. Hallinn á vöruskiptajöfnuði í júní sl. var rúmir 10 milljarðar sem mun vera Íslandsmet.**

SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR
-og allt á sínum stað!

ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is

UM VÍÐA VERÖLD

## *Hnignun evrópskra háskóla*

**The Economist** | veltir fyrir sér ástandi evrópskra háskóla. Áður fyrr hafi flestar mestu menntastofnanir mannkyns verið í Evrópu, Oxford og Cambridge í Englandi og rannsóknarháskólarnir í Þýskalandi. Fyrir hundrað árum hafi menntamenn alls staðar að úr heiminum streymt til Evrópu enda ungum afreksmönnum hvergi betra umhverfi búið. Nú sé hins vegar öldin önnur og bandarískir háskólar beri höfuð og herðar yfir aðra. Sautján af tuttugu bestu skólum heims séu í Bandaríkjunum, sjötíu prósent núlifandi nóbelsverðlaunahafa kenni við bandaríska háskóla og fræðimenn við bandaríska skóla skrifi flest þau fræðirit sem einhverju máli skipta. Blaðið telur að eini möguleiki Evrópumanna til að snúa þessari þróun við sé að losa háskólana úr viðjum ríkisins. „Evrópskir háskólar geta ekki keppt við þá bandarísku þegar fræðimennirnir eru allir ríkisstarfsmenn og fá greitt sem slíkir.“

## *Olíusamband Evrópu*

**The Financial Times** | hvetur Evrópuríkin til að standa sameinuð gegn lækkun á eldsneytisskatti. Gríðarleg pressa er á stjórnvöld í mörgum Evrópulöndum að lækka skatta á eldsneyti, almenningur er að missa þolinmæðina og mótmælendur vígbúast. Financial Times segir Evrópulöndin hins vegar hreinlega ekki í aðstöðu til að lækka skatta, halli sé á fjárlögum flestra ríkja auk þess sem umhverfissjónarmið mæli gegn því að skatturinn lækki. Tími sé til kominn að ríkisstjórnir geri hreint fyrir sínum dyrum og geri þegnum sínum ljóst að ólíklegt sé að verð á eldsneyti lækki í bráð. Því ráði einfaldlega lögmál markaðarins, eftirspurn aukist í sífellu á meðan framleiðsla standi í stað. „Með því að lækka skatta á eldsneyti er aðeins verið að strá salti í sárin. Ríkisstjórnir mega ekki láta undan kröfum neytenda,“ segir Financial Times.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Hjálmar Blöndal, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Verðbólgan og vaxtahækkanirnar

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

Það kemur fáum á óvart að greiningardeildir bankanna fjölluðu mikið um verðbólgutölur septembermánaðar. Verðbólgan mældist 1,52 prósent, en spár banka höfðu legið á bilinu 0,8 til 0,9 prósenta hækkunar vísitölunnar í mánuðinum. Greiningardeild KB banka velti því fyrir sér hvort verðbólgan væri að breiða úr sér. „Samkvæmt síðustu mælingu Hagstofunnar virðist umtalsverður undirliggjandi verðbólguþrýstingur vera að brjótast út. Fram til þessa hefur verðbólgan einkum verið bundin við hækkun fasteignaverðs og olíu. Almenn eftirspurn hefur raunar verið í töluverðum vexti en hún hefur samt einkum beinst að innflutningi og mikil gengishækkun krónunnar hefur síðan haldið almennum verðlagshækkunum í skefjum. Þetta virðist nú vera að breytast. Verðhækkanirnar virðast nú vera orðnar mun almennari og stafa af hækkandi kostnaði í fyrirtækjarekstri hérlendis. Þessa tegund verðbólgu þekkja Íslendingar vel frá fyrri tíð þar sem launaskrið skapast vegna skorts á vinnuafli og fyrirtækin velta svo hærri launareikningi yfir í verðlagið sem kemur fram í vísitölu neysluverðs,“ segir í hálffimmfréttum KB banka.

Verðbólga síðustu tólf mánaða er nú 4,8 prósent sem er 0,8 prósentustigum yfir þolmörkum Seðlabankans. Greiningardeild Landsbankans veltir fyrir sér tímasetningu vaxtahækkana. „Seðlabankinn þarf því að gera ríkisstjórninni opinberlega grein fyrir ástæðum þess að efri þolmörkin voru rofin og leiðum til úrbóta. Verðbólgan fór síðast yfir efri þolmörkin í verðmælingunni fyrir febrúar sem birt var þann 10. þess mánaðar. Rúmlega viku síðar var greinargerð Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar birt og notaði Seðlabankinn það tækifæri til þess að hækka stýrivexti bankans um 0,5%. Því virðist blasa við að haldi bankinn uppteknum hætti og sendi ríkisstjórninni greinargerð fyrir útgáfu Peningamála noti hann tækifærið og hækki stýrivexti í leiðinni.“

**Almenn eftirspurn hefur raunar verið í töluverðum vexti en hún hefur samt einkum beinst að innflutningi og mikil gengishækkun krónunnar hefur síðan haldið almennum verðlagshækkunum í skefjum. Þetta virðist nú vera að breytast. Verðhækkanirnar virðast nú vera orðnar mun almennari og stafa af hækkandi kostnaði í fyrirtækjarekstri hérlendis.**

# Ég, Davíð og Austurríki

**SPÁKAUPMAÐURINN**

Þeir sem halda að það sé sældarlíf að eiga fullt af peningum sem maður ávaxtar vel með áhættusömum fjárfestingum ættu bara að fara í fötin mín eina viku eins og þá síðustu.

Vikan hófst eins og venjuleg vika hjá mér þar sem ég sest við tölvuna þegar markaðirnir opna um tíuleytið með cappuccino úr ítölsku espressóvélinni minni. Þetta leit allt saman vel út. Markaðurinn á fleygiferð og framvirku samningarnir á móti erlendu lánunum bara að gefa vel af sér. Ég hugsaði með mér að Austurríki ætti fullt erindi á ferðalistann minn eftir að hafa gefið mér svona mikið með skuldabréfaútgáfunni. Vín er víst frábær borg, háborg tónlistarinnar. Því að eiga mikla peninga fylgir auðvitað að maður reynir að þroska með sér góðan smekk. Maður hefur því verið að reyna að þroska tónilstarsmekkinn með því að hlusta á Mozart og Beethoven og þessa kalla sem voru með annan fótinn í Austurríki af því að þangað fóru þeir bestu.

Nema hvað, ríkið spilar út Símapeningunum, Davíð hættir og Seðlabankinn ákveður að fara að kaupa gjaldeyri og vinna þannig gegn uppbyggingarstarfi Austurríkis. Svo bætist við meiri verðbólga en búist var við og hlutabréfin lækka. Allur hagnaðurinn frá því vikuna á undan farinn. Maður er eðlilega ekkert kátur með þetta. Mér líst hins vegar vel á að fá Davíð í bankann. Ég hef talsverða vantrú á hagfræðingum og finnst betra að í stólnum sé maður sem er sjóaður í stjórnmálum og skilur að það er engin ástæða til að vera að hafa áhyggjur af einhverju sem mun hvort eð er ekki gerast fyrr en eftir langan tíma. Mér hlýnaði líka um hjartaræturnar þegar Samson keypti í Landsbankanum um leið og hann lækkaði. Þeir gerðu þetta líka í fyrra þegar bankinn lækkaði. Þá hikaði ég ekki við að taka stóra stöðu í bankanum eins og Sindri Sindra og sé ekki eftir því. Ég bætti aðeins við mig núna og bíð svo bara eftir því að Austurríki haldi áfram að styðja við þá viðleitni mína að skapa verðmæti.

Spákaupmaðurinn á horninu



**Ég hef talsverða vantrú á hagfræðingum og finnst betra að í stólnum sé maður sem er sjóaður í stjórnmálum og skilur að það er engin ástæða til að vera að hafa áhyggjur af einhverju sem mun hvort eð er ekki gerast fyrr en eftir langan tíma.**

INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

EITT FYRIRTÆKI
EINN GJALDMIÐILL
EINN REIKNINGUR
EINU ÁHYGGJUEFNINU
FÆRRA

Innflutningshraðsendingar DHL auðvelda innflutning

Innflutningur hefur venjulega í för með sér fjölmörg símtöl, marga reikninga, fleiri en einn gjaldmiðil og mörg höfuðverkjaköst. En ekki með innflutningshraðsendingum DHL. Allt sem þarf er eitt símtal. Við sjáum um restina, allt frá því að sækja vöruna, þangað til við afhendum hana viðtakanda. Auk þess færðu fullt verð uppgefið fyrirfram. Og aðeins einn reikning í íslenskum krónum. Engu skiptir hvort þú ert að flytja inn þungan farm frá Sjanghæ eða sýnishorn frá San Francisco, þú getur alltaf treyst á DHL.

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.

DHL EXPRESS

AURASÁLIN

## Auraveldið

**Það er skammt** stórra högga á milli hjá Aurasálinni. Í síðustu viku tilkynnti hún um stofnun nýs viðskiptabanka. Eins og glöggir lesendur muna eftir mun Aurabankinn lána peninga án vaxta og mun starfsemin algjörlega byggja á trausti. Aðeins verða innheimt smávægileg þjónustugjöld til að standa straum af viðskiptunum.

**Vinur Aurasálarinnar** hefur bent henni á að þessi framúrstefnulega hugmyndafræði kunni að eiga erindi á fleiri vígstöðvum enda er stórgróðabrask víðar landlægt en í bankaheiminum. Fréttir um að götustrákarnir í Baugi Group hafi grætt tíu milljarða á fyrstu mánuðum ársins hafa komið viðvörunarbjöllum Aurasálarinnar til að hringja.

**Aurasálin ætlar því** að stofna Aurasjoppuna í kjölfar Aurabankans. Aurasjoppan verður rekin með þeirri grundvallarhugmyndafræði að hver og einn geti þar fengið þær vörur sem hann þarf en leggi inn í staðinn þá peninga sem hann getur. Aurasálin getur ekki sætt sig við að hér á landi þurfi sumir að svelta á meðan örfáir höfðingjar græði.

**Viðskiptavinir Aurasjoppunnar** geta fengið allar helstu nauðsynjavörur og þurfa aðeins að leggja fram tryggingu um greiðslu í gegnum Aurabankann. Þeir þurfa sem sagt ekkert að borga fyrir vöruna – aðeins að eiga inneign gegn verðmætunum í Aurabankanum. Kerfið er skotthelt og ólíkt því sem gerist hjá Baugsveldinu mun ágóðinn skila sér beint í vasa viðskiptavinarins.

**Vissulega verður verðlagið** eitthvað hærra en í öðrum búðum enda má búast við því að töluverðir dráttarvextir safnist upp hjá Aurasjoppunni fyrst um sinn á meðan beðið er eftir því að viðskiptavinirnir borgi fyrir vörur sínar. En viðskiptavinirnir geta huggað sig við það að þeim verður ekki mismunað á grundvelli efnahags.

**Þannig sér Aurasálin** fyrir sér að á fyrsta árinu muni þjónustugjöldin nema svona sjö prósentum af heildarveltu samstæðunnar. Ef veltan er tíu milljarðar þýðir þetta að gróði Aurasálarinnar er ekki nema um sjö hundruð milljónir. Þetta er vitaskuld töluvert meira en verkamaður græðir á ári en algjörir smámunir miðað við Björgólfa, Jón Ásgeir, Bakkabræður – svo ekki sé talað um bévítans Engeyjarættina.

**Aurasálin mun ekki** láta staðar numið við bankageirann og smásöluverslun. Auraútgerðin, Auraflug, Auraskip, Aurasjónvarp, Aurablaðið og Auraálver eru viðskiptahugmyndir sem eru langt á veg komnar. Innan skamms munu menn hlæja að Baugsveldinu – Auraveldið verður miklu stærra. Og til þess að fjármagna þetta allt hyggst Aurasálin gefa út nýja mynt – Aura – sem hún mun prenta sjálf í sínum eigin Aura-Seðlabanka.

# Vildi framsækið fyrirtæki

James Liu fór til Hollands með tvær hendur tómar. Þegar hann sneri þaðan til Kína var hann starfsmaður flutningafyrirtækis sem hafði keypt hans eigið fyrirtæki. Honum fannst vanta kraft og áræðni í gamla fyrirtækið og tók því fegins hendi þegar Eimskip falaðist eftir kröftum hans og viðskiptasamböndum. *Hafliði Helgason* hitti hann yfir hádegisverði og ræddi um Kína og viðskiptin.



Fréttablaðið/Heiða

**JAMES LIU** Stjórnandi skrifstofu Eimskips í Kína segir viðskiptin ganga vel. Hann geti sífellt boðið viðskiptavinum sínum fjölbreyttari þjónustu. Hann segir mikil tækifæri fyrir þá innflytjendur í Evrópu sem vilji eiga milliliðalaus viðskipti við Kína.

Eimskip opnaði í nóvember skrifstofu í Qingdao í Kína. Fyrir þeirri skrifstofu fer James Liu, sem stýrir þar örum vexti í kæliflutningum, einkum með sjávarfang.

Liu hélt til Bandaríkjanna eftir nám í endurskoðun til að læra ensku og sjá sig um í heiminum. Þegar hann sneri aftur heim var hann ekki laus við útþrá og ævintýralöngun. „Ég hélt til Hollands. Mig langaði að setja á fót fyrirtæki á sviði flutninga. Ég fluttist inn á lítið hótel þar sem var kínverskur veitingastaður og byrjaði að reyna að koma mér í sambönd til að fá atvinnuleyfi og geta stigið fyrstu skrefin við stofnun fyrirtækis.“

### ÞEKKTI ENGAN

James Liu var heppinn og komst í samband við fólk sem var með laust pláss í skrifstofuhúsnæði. Hann hafði sjálfur sambönd í Kína og smátt og smátt tókst honum að koma sér upp hópi viðskiptamanna. „Það var mjög erfitt að koma sér af stað. Ég þekkti engan og enginn þekkti mig. Þegar ég hringdi og vildi fá samband sögðu flestir að þeir hefðu ekki tíma til að tala við mig.“ Að lokum tókst honum að ná áheyrn með því að kíkja í heimsókn og kynna sig. „Ég var ódýr í rekstri, þurfti bara skrifborð, tölvu og síma, en afraksturinn var ekki mikill til að byrja með.“ Hann segir fyrstu tvö árin hafa verið býsna erfið. „Mér tókst þó að lokum að kynnast nokkrum, þar á meðal Eimskipi. Eftir tvö ár voru viðskiptin farin að ganga ágætlega. Þá vildi samstarfsmaður minn í Kína draga sig út úr rekstrinum. Á sama tíma vildi flutningafyrirtækið Blue Water kaupa fyrirtækið af mér. Það varð úr þótt ég vildi ekki selja í fyrstu.“

### LEIDDIST RÓLEGHEITIN

James Liu hóf störf hjá Blue Water á skrifstofu þess í Rotterdam. Hann hafði þá kynnst konu sinni, sem einnig er kínversk, þar sem þau unnu í sama húsi. Þau unnu saman hjá Blue Water. „Fljótlega kom upp vandamál með tengiliði í Kína og það varð úr að við förum fyrir tveimur árum aftur til Kína. Viðskiptin jukust hratt. Ég hafði lagt mjög hart að mér við uppbygginguna og vildi vinna hjá framsæknu félagi. Blue Water er gott fyrirtæki, en þar eru menn rólegir í tíðinni. Ég vil miklu frekar vinna hjá fyrirtæki eins og Eimskip þar sem hlutirnir gerast hratt og menn sækja fram.“

Til stóð að James Liu og Blue Water gerðu með sér samning til lengri tíma. „Það gekk hægt fyrir sig og dróst stöðugt að gengið yrði frá samningi. Ég hafði alltaf verið duglegur að sækja sýningar og átti töluverð samskipti við Eimskipsmenn. Þeir buðu mér samning og voru tilbúnir að ganga strax frá honum. Ég kunni að meta þann anda sem er í fyrirtækinu og hann hentar mér vel svo ég sló til og við opnuðum skrifstofuna í fyrra. Ég vil vinna hjá fyrirtæki sem er með skýra mynd af því hvernig það vill verða eftir nokkur ár. Ég fékk skýr skilaboð um að Eimskipsmenn vildu vera númer eitt og væru tilbúnir að setja peninga og mannskap í að ná því markmiði.“

**James Liu**
Starf: Stjórnandi skrifstofu Eimskips í Kína
Fæðingardagur 7. desember 1971
Maki: Elsie Zheng
Börn: Tina Liu f. 2005

### LANGUR DAGUR

James Liu byrjaði einn með konu sinni að vinna fyrir Eimskip. Nú starfa fjórtán manns á skrifstofunni og til stendur til fjölga þeim í tuttugu. Hann verður sposkur þegar ég spyr hann um vöxtinn í starfseminni. „Viðskiptin ganga vel og mikil aukning hjá okkur. Mun meiri en við reiknuðum með,“ segir hann og brosir. Áherslan er á kælivörur frá Kína og sjávarafurðir eru fyrirferðarmiklar.

Vinnudagurinn er langur og James Liu og kona hans eignuðust dóttur fyrr á árinu. „Ég hef ekki mikinn tíma til að vera með henni. Það er helst á morgnana. Vinnudagurinn er langur og álagið oft mest seinnipartinn. Þá eru menn að mæta á skrifstofur í Evrópu og senda mér tölvupóst. Ef þarf að svara frekar er ég oft langt fram á kvöld. Vinnutíminn er því frá því á morgnana og til ellefu á kvöldin.“ Skrifstofan er líka opin á laugardögum. „Við reynum að hætta snemma á laugardögum. Það vinna margar konur hjá mér og þær vilja komast í búðir,“ segir hann og brosir.

### JÁ ÞÝÐIR NEI

James Liu segist mjög bjartsýnn á viðskiptin í Kína. „Eimskip er í sókn og ég get sífellt boðið viðskiptavinum mínum meiri og fjölbreyttari þjónustu. Með kaupunum á Daalimpex get ég boðið frysti- og kæligeymslu í Evrópu í meiri mæli en áður, auk kæli- og frystiflutinga.“ Kínverska hagkerfið vex hratt og James Liu segir mikla möguleika felast í því að komast í sambönd við innflytjendur sem vilji flytja beint frá Kína. „Ég er með sambönd við framleiðendur vítt og breitt um Kína. Hagvöxtur er mikill í Kína, en við megum ekki byggja viðskiptin eingöngu á því. Við verðum að hugsa um að viðskiptin gangi vel, líka þegar vöxturinn er minni.“

Fram undan er mikil vinna við uppbyggingu starfseminnar í Kína. James Liu segir styrk sinn liggja í því að hafa búið á Vesturlöndum. Hann þekkir því menningu og hugsunarhátt Evrópubúa og geti miðlað til þeirra hvernig Kínverjar nálgist sín viðskipti og viðfangsefni. En hver er munurinn á menningu Kínverja og Vesturlandabúa og hvað reynist erfiðast? „Þú hefur kannski heyrt þetta áður, en eitt höfuðvandamálið er að við segjum alltaf já við öllu. Líka þegar við meinum nei,“ segir hann og hlær. „Ég sem Kínverji veit hvenær menn meina nei með jáinu sínu, en það getur skapað vandamál þegar vestrænir kaupsýslumenn halda að eitthvað sé að gerast af því að einhver sagði já þegar hann meinti nei.“

**HÁDEGISVERÐURINN**

*Með James Liu,*
*framkvæmdastjóra skrifstofu Eimskips í Kína*

*Hádegisverður fyrir tvo á Vox*

*Hádegisverðarhlaðborð*

Drykkir
*Bjór og pilsner*
*Kaffi*
*Alls 6.160 krónur*

**Ég vil vinna hjá fyrirtæki sem er með skýra mynd af því hvernig það vill vera eftir nokkur ár. Ég fékk skýr skilaboð um að Eimskipsmenn vildu vera númer eitt og væru tilbúnir að setja peninga og mannskap í að ná því markmiði.**



Humarhúsið


Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# INNOVATION & IT SIMPLIFICATION

## Ráðstefna Nýherja í Smárabíó 23. september 2005

**Framþróun og einföldun upplýsingakerfa** verður viðfangsefni haustráðstefnu Nýherja sem haldin verður 23. september nk. Um er að ræða eina stærstu UT ráðstefnu ársins þar sem 15 fyrirlesarar frá mörgum af fremstu UT fyrirækjum heims, líkt og **IBM**, **Avaya**, **IDC**, **deCODE**, **CCP**, **VMware** og **Cisco**, kynna hvernig ýmsar tækninýjungar gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að einfalda og styrkja upplýsingakerfi sín.

Efni ráðstefnunnar höfðar bæði til stjórnenda og tæknimanna. Þetta er viðburður sem þú mátt ekki láta fram hjá þér fara.

Ráðstefnan verður haldin í Smárabíó og hefst með skráningu og léttum morgunverði kl. 8:30 og lýkur kl. 16:30 með glæsilegum veitingum.

Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á **www.nyherji.is/radstefna**, senda póst á **radstefna@nyherji.is** eða með því að hafa samband við Pétur Ragnarsson í síma **569 7700**

**Þátttökugjald er 11.900 kr.**

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Nýherja, **www.nyherji.is**

## DAGSKRÁ

| Tími | Salur 4<br>Netþjónar | Salur 5<br>Infrastrúktúr | Salur 3<br>Hugbúnaður |
|---|---|---|---|
| 8:30 - 9:00 | **Skráning og morgunverður** | | |
| 9:00 - 10:00 | **Enzo Greco** - Aðalfyrirlesari - IT Simplification & Innovation - WW Strategist, IBM Software Group | | |
| 10:00 - 10:20 | **Kaffihlé** | | |
| 10:20 - 11:05 | **Geoff Hunt** - BladeCenter - The Solution Continues to Grow and a View into the Future - IBM BladeCenter Product Manager | **Steve P. Legg** - Storage Virtualization - Senior Architect, Storage Virtualisation, IBM SSG Hursley | **Doug Fulmer** - Tour de WebSphere - WW Sales Executive WebSphere, IBM |
| 11:10 - 11:55 | **Doug Fulmer** - The Next Generation iSeries Simplicity in an on-Demand World | **Per Fredriksson** - Infrastructure Simplification -Nordic Team Leader in IBM Systems & Technology Group | **Wayne Lewis** - VMware Virtulization Best Practices - Systems Engineering Manager for Northern Europe, VMware |
| 11:55 - 13:00 | **Hádegisverður** | | |
| 13:00 - 13:50 | **Per Andersen** - Aðalfyrirlesari - IT Does Matter - From Cost Line to Business Enabler - Managing Director IDC Nordic | | |
| 13:55 - 14:40 | **Geoff Hunt** - xSeries - How IBM is Reinventing the x86 World and a View of the Future - IBM BladeCenter Product Manager | **Roger Jones** - Simplification and Collaboration - Avaya and BladeCenter (Workplace) - Avaya EMEA Pre Sales Director | **Victor Spigelman** - Innovation in IBM Software & Linux - WW Linux and Infrastructure Sales Executive, IBM |
| 14:40 - 14:55 | **Kaffihlé** | | |
| 14:55 - 15:45 | **Bert Silvestre** - Power-up pSeries Trends & Direction - Vice President in IBM Systems & Technology Group | **Tariq Ahmed** - Self Defending Networks - Business Development Manager, Security, Cisco | **Jens Kjellerup** - Aarhus - Linux - IT manager of the Aarhus County Psychiatric Hosbital & Chairman of the Open Source Community, Denmark |
| 15:50 - 16:35 | **Sigtryggur Sigurðsson** - IBM Infrastructure Running Eve Online - Director of IT, CCP | **Hannes Sigurðsson** - Hagræðing upplýsingakerfa hjá deCODE - Director of IT Operations - deCODE | **Thomas Kovsted** - Tivoli Automation - Regional Manager Tivoli SW Nordic |
| 16:35 - 17:30 | **Snittur og léttar veitingar** | | |

Stjórnendaáherslur | Tæknilegar áherslur

*Dagskrá ráðstefnunnar kann að breytast fyrir 23. september. Allar breytingar verða tilkynntar á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is.

NÝHERJI
Borgartúni 37 • 105 Reykjavík
sími: 569 7700 • www.nyherji.is

IBM
IDC Analyze the Future
AVAYA
vmware

B2B ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS

FRÉTTIR Á MAR.IS

Guðmundur Einarsson í Bolungarvík er fengsæll skipstjóri

Sigurvegar vefsamkeppni sjávarútvegssýningarinnar frá Hólmavík tengjast sjónum vel

Miklar breytingar á varðskipinu Ægi

Marel í fararbroddi í róbótatækninni

Fréttir
Markaðstorg
Þjónustuflokkar
Sjómannafélög

mar.is
Sérvefur um sjávarútveg

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA Boga Arnars
Enska - danska - sænska - norska - þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði, læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði
Sími 587 3690 • Fax 587 3691• baf@centrum.is

Allt til innpökkunar!



GRÆNN MARKAÐUR
Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00.
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is




Glerfínar gluggafilmur
– aukin vellíðan á vinnustað



Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Einkanámskeið

Árangur í starfi
Námskeiðið beinist að því að þátttakandinn nái meiri árangri í starfi, hafi betri stjórn á tíma sínum, virkji starfsfólk sitt betur og laði fram öflugri og samstilltari liðsheild.

Persónuleg stjórnun
Námskeið hentar stjórnendum sem vilja verða markssækinari í vinnu og einkalífi og bæta árangur sinn á öllum sviðum lífs síns.

Það sem gerir námskeiðin einstök:
• Vandað lesmál
• Margskonar stjórnunarverkfæri
• Matslistar á eigin frammistöðu
• Mjög hagnýt verkefni
• Þú færð kennarann út af fyrir þig
• Námskeiðið hefst þegar þér hentar

Hringdu og við kynnum þér námskeiðin.

AFL TIL FRAMTÍÐAR
Síðumúli 1 • 108 REYKJAVÍK
Sími: 553 6147 • Netfang: atf@atf.is

## FÓLK Á FERLI

KB banki ákvað að ráða framkvæmdastjóra á samstæðugrundvelli á eftirtöldum sviðum bankans: Fjármálasviði, Áhættustýringu og Upplýsinga- og tæknisviði. Samhliða þessum breytingum hafa verið ráðnir fjórir nýir framkvæmdastjórar innan bankans á Íslandi.



**Guðný Arna Sveinsdóttir** hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Fjármálasviðs Kaupþings banka samstæðunnar (Chief Financial Officer). Guðný Arna gegndi áður starfi framkvæmdastjóra Fjármálasviðs Kaupþings banka hf. á Íslandi.



**Steingrímur Páll Kárason** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Áhættustýringar Kaupþings banka samstæðunnar (Chief Risk Officer). Steingrímur starfaði áður sem framkvæmdastjóri Áhættustýringar Kaupþings banka hf. á Íslandi.



**Ásgrímur Skarphéðinsson** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Upplýsinga- og tæknisviðs Kaupþings banka samstæðunnar (Chief Information Officer). Ásgrímur hefur á undanförnum árum stýrt samræmingu tölvukerfa dótturfélaga bankans.



**Ingvar Vilhjálmsson** tekur við starfi framkvæmdastjóra Markaðsviðskipta á Íslandi, en því starfi gegndi Ingólfur Helgason áður. Ingvar var áður forstöðumaður hlutabréfamiðlunar.



**Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson** hefur verið ráðinn í nýja stöðu framkvæmdastjóra Eigin viðskipta á Íslandi, en Þorvaldur Lúðvík gegndi áður stöðu forstöðumanns Eigin viðskipta. Eigin viðskipti heyrðu áður undir Markaðsviðskipti en verða nú sérstakt svið sem heyrir beint undir forstjóra Kaupþings banka á Íslandi.



**Eggert Teitsson**, sem áður gegndi stöðu forstöðumanns á Fjármálasviði, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjármálasviðs Kaupþings banka á Íslandi.



**Birgir Örn Arnarson**, sem áður gegndi stöðu forstöðumanns rannsóknar- og þróunardeildar Áhættustýringar, hefur verið ráðinn Framkvæmdastjóri Áhættustýringar á Íslandi.

VIÐ KAUP Á EGLA BRÉFABINDUM ERTU AÐ TRYGGJA MÖRGUM EINSTAKLINGUM BETRI FRAMTÍÐ
FÁST Í ÖLLUM BETRI BÓKAVERSLUNUM




Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is

# Kynntu sér Lánasjóðinn

## Næsta einkavæðing er skammt undan.

Viðskiptabankarnir þrír, KB banki, Landsbankinn og Íslandsbanki, uppfylltu allir skilyrði einkavæðingarnefndar til að gera tilboð í Lánasjóð landbúnaðarins, sem nú á að selja. Hefur þeim verið boðin áframhaldandi þátttaka í söluferlinu en Sambandi íslenskra sparisjóða, Sparisjóðabankanum og MP fjárfestingarbanka var synjað um þátttöku þar sem þessi fyrirtæki hafa ekki alþjóðlegt lánshæfismat.

Væntanlegir tilboðsgjafar hafa nú fengið útboðslýsingu í hendurnar og gengu á fund einkavæðingarnefndar í gær og ráðgjafa hennar til að afla sér frekari upplýsinga. Er það svipað ferli og var viðhaft við sölu Símans, en á grundvelli þessara kannana eiga þátttakendurnir að senda inn tilboð í lánasjóðinn. Verður kaupsamningur unninn samhliða en sá sem býður hæst tekur sjóðinn yfir.

Samkvæmt ársreikningi Lánasjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2004 var eigið fé hans 3,5 milljarðar króna. Útlán og aðrar eignir sjóðsins námu 18,7 milljörðum króna.

Stefnt er að því að ljúka einkavæðingunni í kringum næstu mánaðamót samkvæmt upplýsingum Markaðarins. – bg



**EKKI LENGUR RÍKISSTYRKT** Lánasjóður landbúnaðarins hefur meðal annars lánað bændum til að kaupa bústofn.


**!** 90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30



Hluthafafundur
Straums Fjárfestingarbanka

Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 15. september 2005 næstkomandi kl. 15.00 í Ársölum á Hótel Sögu, Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Tillaga um að skiptingar- og samrunaáætlun sem undirrituð var af stjórnum Straums Fjárfestingarbanka hf., Burðaráss hf. og Landsbanka Íslands hf. þann 1. ágúst 2005 verði samþykkt. Í því felst að hlutafé í Straumi Fjárfestingarbanka hf. mun hækka um kr. 4.575.747.810 að nafnverði, eða úr kr. 6.100.000.000 í kr. 10.675.747.810 , og verður sú hækkun innt af hendi til hluthafa Burðaráss hf. sem hluti endurgjalds fyrir hluti sína í því félagi. Jafnframt leiðir af tillögunni að hluthafar í Straumi Fjárfestingarbanka hf. eiga ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum.
2. Tillaga um breytingu á 1. gr. samþykkta félagsins um að nafni félagsins verði breytt í Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki hf.
3. Kosning stjórnar.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Boðað er til hluthafafundar þessa með fyrirvara um að hluthafafundur í Burðarási hf. sem fram fer kl. 13.00 þennan sama dag samþykki fyrirliggjandi skiptingar- og samrunaáætlun og tengdar tillögur.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 15.00 eftir hádegi föstudaginn 9. september 2005. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums Fjárfestingarbanka, Borgartúni 25, 7. hæð, Reykjavík fyrir þann tíma.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á upp á hluthafafundi, skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnar félagsins að Borgartúni 25, 7. hæð, eigi síðar en fimmtudaginn 8. september 2005.

Skiptingar- og samrunaáætlun, ásamt ársreikningum Straums Fjárfestingarbanka hf., Burðaráss hf. og Landsbanka Íslands hf. síðustu þrjú árin, endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningum þeirra fyrir fyrri hluta ársins 2005, greinargerðum stjórna félaganna, sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningum Burðaráss og Landsbanka Íslands annars vegar og Burðaráss og Straums Fjárfestingarbanka hins vegar, sem og skýrsla matsmanna og yfirlýsing samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, liggja frammi á skrifstofu Straums Fjárfestingarbanka hf., Borgartúni 25, 7. hæð. Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á sama stað viku fyrir fundinn hið skemmsta og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Ennfremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins, www.straumur.net. Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á fundardegi. Umboðsmenn eru beðnir um að framvísa gildu umboði við hluthafaskrá á fundarstað.

Reykjavík, 5. september 2005
Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf.

Straumur FJÁRFESTINGARBANKI



Aðalflutningar
Öryggi alla leið



Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum hvað sem er, hvert sem er, hvenær sem er.
Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030



HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur, ingvaldur@husid.is
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

ATH, söluskráin komin á www.husid.is , ný heimasíða.

MNNUM Á KAUPENDAÞJÓNUSTUNA
Ekki bíða eftir að draumafyrirtækið komi á skrá, við aðstoðum þig við að leita af rétta fyrirtækinu. Til okkar hafa leitað fjölmargir aðilar með góðum árangri, komdu við og kynntu þér þjónustuna sem við bjóðum uppá.

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
Matsölustaður í Hafnafirði til sölu, stuttur opnunartími (8:00-16:00), góður staður fyrir tvo samhenta einstaklinga.

KVENNFATAVERSLUN (Laugavegi)
Starfrækt um 2 ára skeið, húsnæði getur fylgt með í kaupunum. Eins og að stökkva 2 ár frammí tímann mv. að stofna sjálfur.

GJAFAVÖRUVERSLUN (Laugavegi)
Verslun með gjafavörur, seldar eru ýmsar smávörur og einnig rúmteppi og sængurfatnaður. Fallegar vörur sem vakið hafa athygli.

KAFFIHÚS Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR
Frábær staðsetnig, fallegar innréttingar, 85 sæti, frábær staðsetning sem vinnur á dag frá degi.

Suðurlandsbraut 50 (bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Fax: 513-4301



SHARP Þú gengur að gæðunum vísum

SHARP PG-B10S • Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN • Upplausn: SVGA 800 x 600 • Þyngd: 2.9 kg



Tilboðsverð kr. 84.900,-

SHARP PG-A10X • Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN • Upplausn: XGA 1024 x 768 • Þyngd: 2.9 kg



3ja ára ábyrgð
Tilboðsverð kr. 119.900,-

Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Er gleðin að fara úr böndunum?

Mikill þrýstingur og ójafnvægi er í hagkerfinu um þessar mundir. Allir þurfa að taka höndum saman ef ekki á illa að fara. *Eggert Þór Aðalsteinsson* gat ekki greint annað en að farið væri að styttast í annan endann á veislunni sem við höfum búið við í efnahagslífinu að undanförnu.

Frummælendur á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs um stöðu efnahagsmála voru allir sammála um mikill hiti væri í íslensku efnahagslífi um þessar mundir og menn þyrftu að taka saman höndum ef ekki ætti illa að fara. Fundurinn er nokkurs konar framhald af þeim umræðum sem fóru fram fyrir hálfu ári en sömu ræðumenn héldu tölu þá.

**VÆNTINGARNAR ÚR TAKTI VIÐ RAUNVERULEIKANN**

Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, segir að nýjasta mæling neysluverðsvísitölunnar „veki hroll og vonbrigði“ enda hafi annað eins ekki sést í langan tíma og hann spyr hvort eftirspurn og launahækkanir hafi verið vanmetnar.

**MÁLIÐ ER**
*Verðbólga*

„Gamalkunnar sögur um launaskrið eru farnar að heyrast sem oft áður hafa reynst orðum auknar. Þó liggur fyrir að eitthvað meira en lítið er að gerast á vinnumarkaðnum þegar tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldi hafa hækkað um tæp tólf prþósent milli ára á fyrstu sjö mánuðum ársins.“

Vilhjálmur bendir á að fyrstu viðbrögð við verðbólgutölunum á mánudaginn hafi verið hækkun á gengi krónunnar, sem er merki um að markaðurinn telji að Seðlabankinn hækki stýrivexti seinna í mánuðinum. Frekari hækkun á gengi krónunnar komi sér afar illa fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar eins og ferðaþjónustu og sjávarútveg.

Meginvandi hagstjórnarinnar er sá að „væntingarnar í hagkerfinu eru komnar úr takt við raunveruleikann og þær takmarkanir sem efnahagslífinu eru settar,“ sagði Vilhjálmur meðal annars.

**MÆLARNIR STÍGA**

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, sagði í sinni framsögu að flestir mælar á stöðu ýmissa þátta í hagkerfinu hefðu hækkað, einkum á vöru- og vinnumarkaði, og hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaðir væru heldur upp á við. Aftur á móti hefði fasteignamarkaður kólnað og býst hann við fasteignaverð fari niður á við á næstu misserum. Skuldabréfamarkaður væri óbreyttur frá síðasta fundi.

Í hans huga er ekki spurning að eitthvað láti undan síga í hagkerfinu. Útlánavöxtur sé meiri en samrýmist jafnvægi, eignaverð hafi hækkað umfram þær breytingar sem voru gerðar á húsnæðiskerfinu á síðasta ári og krónan sé sterkari nú en flestir töldu að hún yrði. Gengi hennar er hærra en útflutningsgreinarnar þola mikið lengur.

Sigurjón segir að Landsbankinn spái um sjö prósenta verðbólguskoti á næsta ári vegna veikingar krónunnar á næsta ári.

**SEÐLABANKI Í HLUTVERKI GLEÐISPILLIS**

„Við búum við efnahagslíf sem ber ofþenslueinkenni,“ sagði Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, í erindi sínu. Einkennin lýsa sér í meiri verðbólgu, mikilli útlánaaukningu sem stenst ekki til lengdar, meiri viðskiptahalla en spáð hafði verið og hárri skuldastöðu við útlönd. Arnór hefur áhyggjur af því hversu háður þjóðarbúskapurinn er erlendu vaxtastigi. Hækkun erlendra vaxta geti orsakað óeðlilegar gengisbreytingar en skammtímavextir myndu ekki til lengdar vera í sögulegu hundrað ára lágmarki.

Á máli Arnórs mátti skilja að Seðlabankinn muni hækka vexti frekar. Markmið Seðlabankans væri að halda verðlagi stöðugu og til þess hefði hann aðeins eitt ráð: að hækka stýrivexti.

Hann sagði enn fremur að það væri raunhæft langtímamarkmið að halda verðbólgu í 2,5 prósentum en algjörlega óraunsætt að Seðlabankinn komi einn og óstuddur í veg fyrir hagsveiflur.




Fréttablaðið/GVA

**MORGUNVERÐARFUNDUR VIÐSKIPTARÁÐS** Ástand í efnahagsmálum hefur færst til verri vegar á síðustu sex mánuðum. Krónan er enn sterk, verðbólgan er farin af stað og viðskiptahallinn stækkar enn.

FABRIKAN Ljósm: Baldur Kristjáns



**Rétta kerfið vísar þínu liði leiðina til árangurs**

*Samhent starfslið Tæknivals vinnur að því sem ein heild að skapa samskiptakerfi og tæknilausnir fyrir fyrirtæki af öllum stærðum.*
***Besta lausnin er alltaf fólgin í sterkri heild.***

# Stýrivextir helsta tækið

Ýmislegt bendir til þess að verðbólga sé á hraðri uppleið. Á síðasta ári hækkað vísitala neysluverðs um 3,9 prósent en í ár stefnir allt í að verðbólgan fari nokkuð yfir fjögur prósent. Markaðurinn fékk Tryggva Þór Herbertsson hjá Hagfræðistofnun Háskólans til að svara fáeinum spurningum um verðbólgu.

**Hvað er verðbólga?**

Verðbólga mælir hækkun vísitölu neysluverðs en hún endurspeglar aftur kaupverð þess sem meðalfjölskyldan eyðir.

**Þarf verðbólga að vera slæm fyrir hagkerfi?**

Lítil verðbólga er meðal hagfræðinga talin vera góð þar sem hún leiðréttir mistök í verðlagningu og þess háttar. Lítil verðbólga virkar þannig eins og smurning á tannhjól hagkerfisins. Verðhjöðnun og mikil verðbólga eru hins vegar afar slæm.

**Hverjar eru meginástæður þess að verðbólga hefur verið aukast að undanförnu?**

Verðbólgu undanfarið má fyrst og fremst rekja til hækkunar olíu og fasteignaverðs. Nú eru hins vegar blikur á lofti um að þenslan margumtalaða sé að

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Tryggva Þórs Herbertssonar*

*forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands*



koma fram sem aukið ójafnvægi á vöru- og vinnumarkaði sem lýsir sér í verðbólgu.

**Hvaða hagstjórnartæki hefur Seðlabankinn til að spyrna við verðbólgu?**

Megintæki Seðlabankans felst í svokölluðum markaðsaðgerðum og er þar fyrst og fremst átt við stýrivaxtahækkanir. Hækkun stýrivaxta leiðir til þess að fjármögnun bankanna verður dýrari, sem leiðir til þess að lántökukostnaður heimila og fyrirtækja hækkar, sem aftur leiðir til minni fjárfestinga en þegar vextir eru lágir. Þá leiðir aukinn vaxtamunur á milli Íslands og annarra landa einnig til þess að fjárfestar taka stöðu með krónunni, það er þeir fjárfesta í krónum. Hún styrkist, sem leiðir til þess að innflutningsverðlag lækkar og þar með verðbólgan. Þetta leiðir einnig til samdráttar hjá fyrirtækjum sem hafa tekjur í erlendri mynt en kostnað í krónum, til dæmis sjávarútvegur og ferðaþjónusta. Gengisáhrifin eru þó einungis skammtímaáhrif.

**Hvernig eru verðbólgutölur á Íslandi í samanburði við þau lönd sem við berum okkur gjarnan saman við?**

Efnahagslíf í Evrópu hefur verið í lægð um nokkra hríð og verðbólga óveruleg. Á Íslandi er hins vegar mikill hagvöxtur og þensla sem brotist hefur fram sem verðbólga.

**Megintæki Seðlabankans felst í svokölluðum markaðsaðgerðum og er þar fyrst og fremst átt við stýrivaxtahækkanir. Hækkun stýrivaxta leiðir til þess að fjármögnun bankanna verður dýrari, sem leiðir til þess að lántökukostnaður heimila og fyrirtækja hækkar, sem aftur leiðir til minni fjárfestinga en þegar vextir eru lágir.**

# Verðbólguárið 2001

Mun meiri hækkun varð á vísitölu neysluverðs milli ágúst og september en sérfræðingar höfðu búist við. Undanfarna þrjá mánuði mælist verðbólgan 7,6 prósent en 4,8 prósent ef litið er yfir síðustu tólf mánuði.

Verðbólgumarkmið Seðlabankans eru 2,5 prósent og efri þolmörkin liggja í fjórum prósentum. Í ljósi nýjustu talna er verðbólgan komin yfir efri mörkin og þess vegna mun bankastjórn Seðlabankans senda skýrslu til ríkisstjórnarinnar um hvaða brögðum hún mun beita í baráttunni gegn aukinni verðbólgu.

En það er langt í frá að verðbólguskot sé nýtt af nálinni. Verðbólga innan árs hefur verið að aukast jafnt og þétt síðan 2002. Mesta verðbólga síðustu ára var þó árið 2001 þegar hún mældist um 8,7 prósent frá ársbyrjun til ársloka. Annað eins hafði ekki sést frá því að það tókst að koma böndum á verðbólgu í íslensku efnahagslífi snemma á tíunda áratugnum.

Helsta ástæða mikillla verðlagshækkana árið 2001 var gengisfall krónunnar, sem féll um sautján prósent á fyrri árshelmingi þess árs með tilheyrandi verðhækkunum innanlands. Í mars árið 2001 voru vikmörk krónunnar afnumin og krónan sett á flot. Þetta þýddi að Seðlabankinn hætti að halda krónunni innan ákveðinna marka gengisvísitölunnar, ýmist með því að kaupa eða selja gjaldeyri. Krónan rétti svo úr kútnum og leitaði jafnvægis þegar á árið leið. Lendingin var því mjúk.

Árið 2002 mældist verðbólga aðeins um tvö prósent innan árs en hefur verið á uppleið síðan. Á síðasta ári nam hún um 3,9 prósentum yfir árið.

Það er ljóst að mikil verðbólga getur haft slæm áhrif á lífskjör landsmanna, enda er stór hluti af skuldum okkar verðtryggður. Þetta er því staða sem fáir vilja sjá versna. - eþa

ÞRÓUN VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS 2000-2005






**1,52%** Hækkun vísitölu neysluverðs í september.

**399** Kaup Samsonar í Landsbankanum.

**6,8%** Aukning landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tíma árið áður.

## BANKAHÓLFIÐ



### I'm here to help

Orð forstjóra KB banka í Noregi minna á annan mann. Sagt er að Ronald Reagan, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, vildi síst af öllu fá langar skýrslur til yfirlestrar frá ráðgjöfum sínum og ráðherrum. Taldi hann að allt sem skipti máli ætti að geta komist fyrir á einu A4-blaði án allra málalenginga. Afköst opinberra starfsmanna yrðu ekki mæld í fjölda blaðsíðna sem þeir sendu frá sér. Reagan vildi líka minnka afskipti hins opinbera af einstaklingum, hvort sem þeir væru staddir á heimilum sínum eða við vinnu í fyrirtækjum. Eða eins og forsetinn fyrrverandi orðaði það sjálfur: „The nine most terrifying words in the English language are: I'm from the government and I'm here to help.“

### Of langar skýrslur

Margir telja starfsemi Fjármálaeftirlitsins nauðsynlega til að tryggja trúverðugleika og traust á fjármálamarkaðnum. Aðrir segja Fjármálaeftirlitið enn eina opinberu stofnunina sem geri lítið annað en að réttlæta tilverurétt sinn fyrir almenningi og stjórnmálamönnum með ýmsum uppákomum. Fjármálastofnanir eigi allt sitt undir trausti og trúverðugleika og vandamálið leysist af sjálfu sér án afskipta hins opinbera. Í þessu ljósi eru orð Jan Petter Sissener, hins nýja forstjóra KB banka í Noregi, eftirtektarverð. Hann var inntur eftir skoðun sinni á fjögurra síðna skýrslu norska fjármálaeftirlitsins þar sem gerðar voru athugasemdir við starfsemi bankans þar í landi í Dagens Næringsliv. Svaraði hann því til að hann teldi allar skýrslur fjármálaeftirlitsins sem væru lengri en fjórar línur of langar.

### Skandinavískur metingur

Eins og allir vita er best að búa á Norðurlöndum samkvæmt könnunum alþjóðastofnana. Þar er mikið ríkidæmi, gott velferðarkerfi og háar lífslíkur. En það er oft stutt í metinginn á milli Norðurlandabúa. Á hádegisverðarfundi Íslandsbanka á Sjávarútvegssýningunni í Smáranum sagði Kjartan Ólafsson hjá KredittBanken í Noregi frá því að samkvæmt framangreindri könnun væri best að búa í Noregi en síst í Danmörku af Norðurlöndunum. Norðmönnum finnst merkilegt að geta bent dönskum frændum sínum á að lífslíkur þar séu tíu árum hærri en í Danmörku. Danir svöruðu þá fyrir sig á sinn alkunna máta: „Það er miklu betra að lifa tíu árum skemur en að lifa eins og Norðmaður.“




**Er þitt heimili öruggt?**

**Leyfðu okkur að vaka yfir þér**

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöðinni, frá 1. september til 10. október og þú gætir fengið frítt heimagæslukerfi í 10 mánuði. Vertu áhyggjulaus heima og að heiman, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili.

**Heimagæslan innifelur eftirfarandi:**



- Innbrotaviðvörun.
- Næturgæslu.
- Brunaviðvörun.
- Þráðlausa skynjara.
- Útkallsþjónustu öryggisvarða.
- Engan uppst. kostnaður.
- Fjarstýringu.

10 ÁRA 1995 - 2005

**Afmælistilboð**

10 heppnir fá fría heimagæslu í 10 mánuði. Fáðu þér heimagæslu hjá Öryggismiðstöðinni fyrir 10.10. 2005 og þú kemst í pottinn.

**Hringdu núna!**
**Við erum ávallt á vaktinni**
**530 2400**

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður

hausverk / SÍA / 5892

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is


Suzuki Grand Vitara 12/98, ek. 79.000, verð 1.100.000. Upplýsingar á Bílasölunni Bílás Akranesi. S. 431 2622. bilas.is


VW Caravella TDI 4WD 11/'98, ek. 198.000 verð 990.000. Finn fyrir verktaka eða skólaakstur. Upplýsingar á Bílasölunni Bílás Akranesi. S. 431 2622. bilas.is


M. Bens Sprinter 208 06/'02, ek. 28.000, verð 2.480.000 m/VSK. Upplýsingar á Bílasölunni Bílás Akranesi. S. 431 2622. bilas.is


Hyundai Trajet 06/'03, ssk. ek. 33.000, verð 1.850.000. Upplýsingar á Bílasölunni Bílás Akranesi. S. 431 2622. bilas.is

**Bílasalan Bílás**
**Þjóðbraut 1, 300 Akranes**
**Sími: 431 2622**
**www.bilasolur.is/bilas/**

HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast


Toyota Landcruiser VX 80 4,2 T dísel, 1994, ek. 299 þ.km, sjálfsk., leður, lúga. Gott eintak. Verð 1.990 þús.


BMW 520iA 6/2004, ek. 29 þ. km Sjálfsk 18" álfelgur, leður, glertopplúga, bakkskynjarar o.fl. Verð 5.250 þús.


VW Golf VR6 Syncro 1996 ek. 90 þ. km 5 gíra leður, topplúga, spoilerkitt, 18" álfelgur, DVD Verð 1.690 þús


BMW 540iA Shadowline 2000, ek. 115 þ. km Xenon, M leðurstólar, topplúga, sími Harmon Gardon hljómkerfi. Verð 2.990 þús. Bílalán 2.050 þús.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777


Honda Civic skr.6/96 ek.145þ sk'06 V.430þús Möguleiki á 100% láni ath. ódýrari


ATH. SJÁLFSKIPTUR VW POLO skr.10/99 ek.91 sk'06 5dyra Ný tímareim V.595þús Möguleiki á 100% láni ath.ódýrari

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

SG BÍLAR BÍLASALA
Brekkustíg 38
260 Reykjanesbæ
sími: 421-4444
fax: 421-3732

100% Lán SG Bílasalar s:421 4444

100% Lán SG Bílasalar s:421 4444


VW Golf Highline árgerð 2000. Ekinn 101 þ. km. Verð kr. 940.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


VW Polo árgerð 2003. Ekinn 77 þ. km. Verð kr. 770.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Toyota Avensis Terra árgerð 2002. Ekinn 73 þ. km. Verð kr. 1390.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Toyota Corolla árgerð 1998. Ekinn 137 þ. km. Verð kr. 510.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Toyota Rav 4 árgerð 1999. Ekinn 62 þ. km. Verð kr. 1.290.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Subaru Legacy Wagon 4WD GL árgerð 1997. Ekinn 133 þ. km. Verð kr. 650.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Renault Scenic árgerð 2003. Ekinn 25 þ. km. Verð kr. 1780.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Renault Scenic 4X4 árgerð 2000. Ekinn 78 þ. km. Verð kr. 1400.000. yfirtaka á láni. SG Bílar s. 421 4444.


Mercedes Benz C 240 árgerð 2002. Ekinn 78 þ. km. Verð kr. 2950.000. SG Bílar s. 421 4444.


Mazda 3 Hatcback árgerð 2004. Ekinn 39 þ. km. Verð kr. 1.690.000. 100 % Lán. SG Bílar s. 421 4444.


Lexus IS 20 árgerð 2001. Ekinn 68 þ. km. Verð kr. 1.970.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Lexus IS 200 árgerð 2001. Ekinn 72 þ. km. Verð kr. 2.090.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Getz árgerð 2004. Ekinn 35 þ. km. Verð kr. 1.190.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Santa Fe árgerð 2001. Ekinn 84 þ. km. Verð kr. 1.790.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Trajet árgerð 2001. Ekinn 74 þ. km. Verð kr. 1.590.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Audi A 4 árgerð 2001. Ekinn 75 þ. km. Verð kr. 2.290.000. 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.


Hyundai Getz árgerð 2004. Ekinn 34 þ. km. Verð kr. 1290.000. Sjálfskiptur, 100 % lán. SG Bílar s. 421 4444.

**SG Bílasala**
**Brekkustíg 38, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 421 4444**

SPARI bíll


Nýr Kia Sorento EX Luxe V6. 3,5L vél. 194 hö. sjálfskiptur, Álfelgur, leðurinnrétting, rafm. í öllu, Sídrif með lágu drifi, CD spilar með MP3, Til sýnis á staðnum. Full ábyrgð. Listaverð 4.090 þús. Okkar verð 3.490 þús. Þá sparar 600 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

12 volt


PORSCHE 911 CARRERA 2 Ekinn 36 þ.km. 3400cc. slagrými 321 hestöfl. Cd, álfelgur, leður ofl. UPPLÝS. 565-2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

HEIMS BÍLAR www.heimsbilar.is


Volkswagen Bora 1.6 Highline, nýskr. 10/02, ek. 48 þ. km, gullsans, álfelgur, topplúga, gott áhvílandi lán. Verð 1.590.000. Bílasöluverðið við Klettháls er algjör nýjung á Íslandi sem alltaf hefur vantað, skoðaðu mörg hundruð bíla... sjáumst!

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46 E • Kópavogi
Sími 567 1800
Finndu rétta bílinn • www.bilamarkadurinn.is


Audi TT 1,8 07/99 ek 112 V. 1790,- Lán getur fylgt


VW Golf B/L 1,6 NEW 09/04 ek 240 km Sjálfsk. V. 2000,-


VW Passat B/L árg. 98 ek 130 þ.km 5 gíra Tilboð kr 600,- Lán 480,-


Cadilac Sedan De Ville árg.94 ek.110 þ.m. V.1290, - Sk. möguleg ó/d.


Subaru Impreza GL 4x4 árg. 99 ek 109 þ.km Sjálfsk. V. 750,-


M.Benz E-240 Elegance árg.04. ek.49 þ. V.3750,- áhv.1700,- sk.m.ód.


Jeep Grand Cherokee Laredo 4,0 árg. 02 ek. 60 þ.km V. 2550,- Lán 550,- Skipti Dý/ÓD


Opel Astra GL1.6 Árg.99 ek.111þ.km. b.sk. v.750,- Tilboð 590,- sk.m.ód/d.


Subaru Forester AWD árg.03 ek.39þ.km. s.sk. V.2190,-


Suzuki Grand Vitara 06/00 ek 92 þ.km V. 1290,-

Porsche Cayenne S 04/04 ek 20 þ.km V. 7700,- skipti ódýrari

Fiat Seicento Árg. 99. ek.58 þ.km. V.430,- áhv. 128,-

Subaru Impreza 2WD Árg.93. Nýskr.'97. Ek.128 þ.km. B.sk. V.400,- Mjög góður bíll.

Ford Explorer XLT árg.02 ek.68 þ.m. V.2790,- ávh. 1936,- sk.m.ód.

**EINN MEÐ ÖLLU Í TOPPSTANDI.**

## M.Benz S 350 TDI árg. 96

ek. 326 þ.km.

Þessi bifr.er búin að vera í Taxakeyrslu frá 70 þ.km. 2 Eigendur, mikið endurnýjað og verið í topp viðhaldi. Möguleiki á 3 ára bílaláni hjá TM fyrir góðan greiðanda. Skipti á dýrari og ódýrari. Gott staðgr. verð.
**SJÓN ER SÖGU RÍKARI**

**KAUPENDUR ATHUGIÐ!!!**
Við getur útvegað allar gerðir bílalána og upplýsingar um lánakjör.
**Getum útvegað ódýra ástandsskoðun!!!**

**SELJENDUR ATHUGIÐ!!!**
Vegna góðrar sölu vantar okkur ca 20 bíla á staðinn.
Erum með góðan vel upplýstan inni sal (Ekkert inngjald)
Við auglýsum bílana á staðnum með mynd í blöðunum.
Einnig auglýsum við alla bíla með mynd sem eru skrá á bílasölur.is og á mbl.is
**Getum útvegað ódýra ástandsskoðun!!!**

**Opnunartímar Bílamarkaðarins**
Virka daga Kl: 10-19
Laugardaga kl:10-17
Sunnudag kl: 13-17

**ATH Bílar á skrá.**
Ford F 350 6,0 árg 05
Ford F 150 FX4 árg 04
Porsche Cayenne 04
Range Rover 4,6 New
Discovery TD-5 árg 01
Skoda Superb TDI árg. 05
Suzuki Vitara XL7 man. árg 03
Toyota Sequoia
(Landcr 100) árg.04

**Sjá myndir á www.bilamarkadurinn.is**
**Getum boðið bíla á Visa & Euro raðgreiðslum**




Starfsfólk óskast í pökkun. Uppl. í s. 899 2572 á milli kl. 13 & 16.

### Viltu koma í Pizza Hut liðið ?

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is

### Vaktstjórar á Pizza Hut.

Pizza Hut leitar að öflugum vaktstjóra á Sprengisandi. Starið felst í þjónustu, stjórnun vakta , mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða í loa@pizzahut.is

### Kaffihús, Bakarí

Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Suðurveri og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 13-19.

**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

### Þrif og þvottahús.

Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir starfsmanni í ræstingar, þrif og þvottahús. Vinnutími 10-18 virka daga.

**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

### Ert þú í leit að starfi?

Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu í Skipholti. Líflegur og fjörugur starfshópur. Æskilegur aldur 17 ára og eldri.

**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is.**

### Ert þú ekki að fara í skóla?

Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára eða eldri, ert með góða ástundun í vinnu, dugleg/ur og vilt vinna með skemmtilegu og drífandi fólki þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í góðu vinnuumhverfi.

**Umsóknir á www.aktutaktu.is. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

### Devitos pizza

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir og kvöldvaktir.

**Uppl. í s. 692 4327.**

### Mosfellsbakarí

á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.

**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 5535280 eða 6602153**

### Kaffistofa á Háskólasvæðinu - 107

Við erum erum að leita að starfsmanni á veitingastað á háskólasvæðinu, Þjóðarbókhlöðunni. Starfið er fjölbreytt vaktar vinna í áhugaverðu umhverfi. Vinsamlega hafið samband.

**Ásta S. 699 1070.**

### Pítan Skipholti

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir.

**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is eða í síma 864 9861.**

### Sportvöruverlsunin Fjölsport

Starfsmaður óskast sem fyrst. Vinnutími 13-18 virka daga og laugardaga eftir samkomulagi.

**Upplýsingar veitir Jón Páll í síma 565 2592.**

### Aukavinna-uppgrip

Okkur vantar duglegt símasölufólk 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

### Verkmenn ATH

Smiður eða vanur maður óskast í uppslátt 2ja húsa í Kópavogi. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 893 0884.

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til ræstingastarfa á höfuðborgarsvæðinu í 50-100% störf á daginn. Einnig kvöldvinna í boði. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9 og 12.

### Starfsmann vantar!!

Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Möguleiki á hálfsdagsvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

### Bakaríið Austurveri

óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 7-13. Uppl. í s. 845 0572.

### Eldhússtarf

Viljum bæta við okkur hressum og áreiðanlegum aðstoðarmanni í eldhús eða góðum pizzabakara. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is.

### Bakarí

Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 eða 820 7370

Járnabindingar: Vantar menn í járnabindingar. Mikil vinna. Um framtíðar starf er að ræða. Ármann 894-3398 Steingrímur 699-6060

Vantar duglegt fólk í baðvörslu og þrif. Vinnutími frá 07:30-13:30 og 16-22 ca 15 daga í mánuði. Upp í síma 567 8780.

### Garðabær bakarí

Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070 Þóra.

### Atvinna Atvinna

Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820-8004 Viðar.

### Bílaverkstæði.

Vanur maður óskast til starfa á bílaverkstæði í Hveragerði. Uppl. í s. 866 1093.

Starfsmaður óskast tímabundið í útkeyrslu. Upplýsingar í síma 894 0710 milli 16 og 19 í dag. Meirapróf æskilegt.

### Hjólbarðarverkstæði

Starfsmaður óskast á Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns Hátúni 2a. Uppl. í síma 551 5508.

Veitingasaðurinn Purple Onion Hafnarstræti 18 óskar eftir starfsfólki í hlutastarf.Uppl. veittar á staðnum ekki í síma.

Póstbarinn við Austurvöll. Aðstoðarmaður í eldhús óskast,fjölbreitt starf fyrir duglegan starfskraft. líflegur og skemmtilegur vinnustaður. Upplýsingar Helgi s:820 4381 eða á staðnum milli kl 14 og 17

### Trésmiðir - verkamamenn

Vantar góða smiði og verkamenn í inni og útivinnu. Einnig vantar vanan kranamann. Uppl. gefur Elías í síma 893 3959 eða Friðþjófur í síma 897 4630.

### Bílstjóri

Vantar bílstjóra á sendibíl í 6 til 8 vikur. Mikil vinna framundan. S. 863 0516.

### Ritfangaverslun

Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Upplýsingar í s. 698 4114.

Bakaríið Hraunbergi 4 óskar eftir að ráða starfskraft í ræstingar. Vinnutími ca 3 tímar á bilinu 13-18. Nánari uppl. í s. 869 3320.

### Afgreiðsla/Pizzabakari

Pizza Pronto óskar eftir starfsfólki, heilsdagsvinna, helgarvinna og næturvinna. Uppl. í síma 517 5445 eða á staðnum, Vallarstræti 4 við Ingólfstorg.

### Skalli Hraunbæ

óskar eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 567 2880.

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0866.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0866.

## Atvinna óskast

Atvinnumiðlun býður upp á hæft strafsfólk frá Lettlandi: Smiðir, byggingamenn o.s.frv. S. 845 7158.

31 árs kk. óskar eftir vinnu á höfuðb.sv. Hef fjölþætta starfsreynslu. tilbúinn að skoða margt. get byrjað strax. uppl. í síma 8986304.

Trésmiður óskar eftir góðri atvinnu á Höfuðborgarsv. (ekki mót). Uppl. í s. 848 8707 e. kl. 16.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Kvennakór Kópavogs óskar eftir söngelskum konum í allar raddir. Æft er í Digranessk. kl. 20-22 á mánudagskv., fyrsta æf. 19. sept. Uppl. hjá Nataliu Chow Hewlett kórstj. í s. 699 4613 eða Hildi form. í s. 554 3691.

## Einkamál

XXX DVD

BESTA VERÐID

DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498

### Viltu vera memm?

300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

# Nýtt símanúmer hjá dreifingu:




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

## TIL SÖLU

# HEILDSÖLUÚTSALA

Snyrtivara - Gjafavara - Hársnyrtivara - Jólavara - Kventöskur og fleira og fleira milli kl. 12 og 6. Síðustu dagarnir.

*Gjöf fylgir hverjum kaupum*

**Dugguvogi 12 – Að ofanverðu**

## ATVINNA

Reykjavíkurborg
Menntasvið



## Leikskólakennarar/leiðbeinendur

**Óskað er eftir leikskólakennurum/leiðbeinendum til starfa í eftirtalda leikskóla hjá Reykjavíkurborg:**

**Austurborg,** Háaleitisbraut 70 í síma 588-8545
**Bakki,** Bakkastöðum 77 í síma 557-9270
**Drafnarborg,** Drafnarstíg 4 í síma 552-3727
**Dvergasteinn,** Seljaveg 12 í síma 551-6312
**Fífuborg,** Fífurima 13 í síma 587-4515
**Funaborg,** Funafold 42 í síma 587-9160
**Garðaborg,** Bústaðavegi 81 í síma 553-9680
**Geislabaugur,** Kristinbraut 26 í síma 517-2560
**Grandaborg,** Boðagranda 9 í síma 562-1855
**Gullborg,** Rekagranda 14 í síma 562-2455
**Heiðarborg,** Selásbraut 557-7350
**Hlíðarborg,** Eskihlíð 19 í síma 552-0096
**Klettaborg,** Dyrhömrum 5 í síma 567-5970
**Kvarnaborg,** Árkvörn 4 í síma 567-3199
**Kvistaborg,** Kvistalandi 26 í síma 553-0311
**Laufásborg,** Laufásvegi 53-55 í síma 551-7219
**Laufskálar,** Laufrima 9 í síma 587-1140
**Laugaborg** v/Leirulæk í síma 553-1325
**Leikgarður,** Eggertsgötu 12-14 í síma 551-9619
**Lindarborg,** Lindargötu 26, 551-5390
**Nóaborg,** Stangarholti 11 í síma 562-9595
**Rauðaborg,** Viðarási 9 í síma 567-2185
**Seljaborg,** Tunguseli 2 í síma 557-6680
**Sólhlíð,** Engihlíð 8 í síma 551-4870
**Stakkaborg,** Bólstaðarhlíð 38 í síma 553-9070
**Sunnuborg,** Sólheimum 19 í síma 553-6385
**Sæborg,** Starhaga 11 í síma 562-3664
**Vesturborg,** Hagamel 55 í síma 552-2438
**Ægisborg,** Ægisíðu 104 í síma 552-4810
**Nýr leikskóli** við Gvendargeisla í síma 693-9849

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

**Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkurborgar eru einnig veittar í starfsmannaþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is.**

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM

**Duglegan starfsmann vantar í uppvask,- fullt starf í boði.**

Upplýsingar á Hótel Reykjavík Centrum eða Sími: 824-2044

**Hard working and responsible dishwasher needed full time.**

Information at the Hotel Reykjavik Centrum or Tele: 824-2044.

# Ferðaþjónustan á Hveravöllum

**Starfsmaður óskast í starf húsvarðar frá 19. september 2005 - 1. desember 2005. Í starfinu felst umsjón og viðhald með vélum, gistiskálum og umhverfi þeirra. Skilyrði umsækjanda eru kunnátta á vélum, dugnaður og heiðarleiki. Umsóknir berist til Fréttablaðsins merkt: Húsvörður á Hveravöllum, eða á tölvupóstfangið hér að neðan, eigi síðar en föstudaginn 16. september 2005.**

- Opin allt árið
- Gisting í 2 skálum, fyrir allt að 70 manns í svefnpokaplássi.
- Heit náttúrulaug í friðsælu umhverfi
- Bensínafgreiðsla




**Bókanir og nánari upplýsingar í síma 894 1293 eða senda tölvupóst á hveravellir@hveravellir.is**

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Náma í Laugarfelli í Fljótsdalshrepp Norðausturvegur, Arnarstaðir-Brekka í Öxarfjarðarhreppi** Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.** Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **12. október 2005.**

**Skipulagsstofnun**

Skipulagsstofnun

## Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi

**Mat á umhverfisáhrifum – úrskurður Skipulagsstofnunar**

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fallist er á, með skilyrðum, lagningu vegar um **Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi.** Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.** Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **14. október 2005.**

**Skipulagsstofnun**

ATVINNA

## Varmárskóli Mosfellsbæ auglýsir:

**Viljum ráða nú þegar í eftirtalin störf:**

1. Starf námsráðgjafa, 80-100% staða.

2. Starfsmann í mötuneyti nemenda, 50% starf. Möguleiki er á að viðkomandi taki einnig að sér gæslustörf síðdegis og þannig væri unnt að ráða í stærra stöðuhlutfall.

*Upplýsingar gefur skólastjóri, Viktor A. Guðlaugsson og aðstoðarskólastjórnrnir Helga Richter og Þórhildur Elfarsdóttir í síma 5250700 á skrifstofutíma skólans.*

FASTEIGNIR

**FASTEIGNA MIÐLUN**
**575 8500**
Fax 575 8505

Félag Fasteignasala

**Síðumúla 11 • 2. hæð • 108 Reykjavík**
Jón Ellert Lárusson, löggildur fasteignasali
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 09.00 - 18.00
LAUGARDAGA FRÁ KL. 13.00 - 15.00

**HRÍSATEIGUR - 4ra herbergja**




**Falleg og töluvert endurnýjuð 4ra herb. íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi.** Sérinngangur, flísalagt hol með skápum. Eldhúsið er nýlega uppgert með flísum á gólfi og milli skápa. Falleg innrétting úr rauðeik. Þrjú herbergi með parketi á gólfi. Baðherbergið er nýuppgert með flísum á gólfi og veggjum. Sameiginlegt þvottaherbergi með útgang út i garð. Endurnýjað rafmagn og vatnslagnir.

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun

*Guðmundur St. Ragnarsson - löggildur fasteignasali*

OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17.00 - 18.00




## HLÍÐARHJALLI - 200 KÓPAVOGUR.

81 fm • 3 herb. • Fjölbýli

**LAUS STRAX – MJÖG FALLEG 3JA HERB. ÍBÚÐ Á ANNARRI HÆÐ Í NÝVIÐGERÐU FJÖLBÝLI.**

Komið inn í forstofu með góðum fataskápum. Tvö rúmgóð svefnherbergi, bæði með skápum. Eldhús með beyki innréttingu. Úr eldhúsi er útgengt út á suðursvalir. Gott baðherbergi með tengi fyrir þvottavél og þurkara. Rúmgóð stofa og hol. Skemmtilega hönnuð íbúð. Nýlegt parket er á stofu, holi og eldhúsi. Góð geymsla í sameign sem ekki er inn í fm fjölda íbúðar.

GÓÐ STAÐSETNING ÞAR SEM STUTT ER Í ALLA ÞJÓNUSTU – FALLEGT ÚTSÝNI

– GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM Í DAG MILLI 17:00 TIL 18:00



Gyða Gerðarsdóttir sölumaður

*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109*
*huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fím. 10-18 • föstud. 10-17*

**100% Verðvernd Alltaf ódýrastir!**

## TIL SÖLU

**Föst söluþóknun 99.900 m.vsk. 124.375 kr.**




**Sérhæð með bílskúr**

### 3- 4. herb - Roðasalir

Falleg 3. - 4. herbergja sérhæð á jarðhæð í tvíbýli í Kópavogi. Íbúðin er alls 122 fm auk rúmgóðs bílskúrs sem er 27 fm. Íbúðarhúsið er byggt árið 2002. Húsið er kanadískt einingahús. Afar falleg og góð eign. Góð staðsetning, stutt í almenna verslun og þjónustu. Golfvöllur í nágrenni.
**Verð: 30,9 millj.**




### 3. herb - Vesturberg í Breiðholtinu

Falleg 3. herbergja, 82 fm íbúð á góðum stað í Breiðholtinu. Baðherbergi er nýlega tekið í gegn. Falleg innrétting er í eldhúsi. Stofan er afar rúmgóð og björt. Stórglæsilegt útsýni er til vesturs. Göngufæri í sund, skóla og matvöruverslun.
**Verð: 15,3 millj.**




### 4. herb - Hraunbær í Árbænum

Falleg 4. herbergja, 108 fm íbúð á 2. hæð í Hraunbænum. Gólfefni eru flísar og parket. Stofan er rúmgóð og björt. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Falleg baðinnrétting, baðkar er á baði. Mjög barnvænt þar sem gott leiksvæði er bakvið húsið. Göngufæri í alla þjónustu!
**Verð: 18,3 millj**

Fasteignasala á Netinu
**neteign.is**
**Sími: 595 9090**

**Jóhann Baldursson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali**

Lýsing hf.

## Ráðgjafi, einstaklingssvið

LÝSING






Lýsing hf. auglýsir eftir ráðgjafa á einstaklingssvið. Starf ráðgjafa felst aðallega í því að meta lánsumsóknir einstaklinga, samningagerð og almennri upplýsingagjöf til einstaklinga, bílasala og bílaumboða.

Umsækjendur þurfa að hafa framhaldsskólamenntun og reynslu úr atvinnulífinu. Rík áhersla er lögð á trúmennsku í starfi og metnað, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skal senda til starfsmannastjóra með tölvupósti á kristin@lysing.is eða til Lýsingar hf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, fyrir 20. september n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Lýsing hf. er leiðandi fyrirtæki í fjármögnun atvinnutækja, atvinnuhúsnæðis og einkabifreiða með eignaleigusamningum. Lýsing leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu.

Lýsing er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki og starfsfólk kappkostar að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Lýsing stefnir að langtíma viðskiptasamböndum sem byggja á gagnkvæmu trausti og hafa kannanir sýnt að viðskiptavinir gefa þjónustu Lýsingar hæstu einkunn.

Lýsing er dótturfyrirtæki Vátryggingafélags Íslands. Hjá fyrirtækinu starfa nú rúmlega 50 manns.

Lýsing hf. ▪ Suðurlandsbraut 22 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 540 1500 ▪ fax 540 1505 ▪ www.lysing.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Verkamannaflokkurinn í Noregi myndar nýja ríkisstjórn ásamt tveimur samstarfsflokkum.

## Nú reynir á Stoltenberg

Kosningar til Stórþingsins í Noregi eru að baki og úrslit þeirra eru afgerandi – rauðgrænu flokkarnir svokölluðu hafa hreinan meirihluta á Stórþinginu – en nauman þó. Nú taka við raunverulegar stjórnarmyndunarviðræður þeirra þriggja flokka sem mynda rauðgræna bandalagið. Þessir þrír flokkar hafa ólíka afstöðu til ýmissa mála, einkum þó varðandi hugsanlega aðild Norðmanna að Evrópusambandinu og ýmis innanlandsmál svo sem orku- og olíumál. Jens Stoltenberg er Evrópusinni og sagði fyrir kosningar að hann vildi undirbúa aðildarviðræður Norðmanna að Evrópusambandinu, næði hann völdum. Það er hins vegar ekki víst að samstarfsflokkur hans, Sósíalíski vinstriflokkurinn, hafi áhuga á því að ný ríkisstjórn í Noregi hafi það á stefnuskrá sinni.

Stoltenberg getur verið ánægður með árangur flokks síns í kosningunum, hann hefur unnið mikið á og ekki síst í höfuðborginni Ósló, þar sem Verkamannaflokkurinn er nú orðinn stærsti flokkurinn með um þriðjung atkvæða. Ósló hefur fram að þessu verið eitt höfuðvígi Hægriflokksins, en fylgi hans þar er nú um tuttugu prósent.

Þótt Jens Stoltenberg og flokkur hans hafi unnið góðan kosningasigur er mikið verk fram undan fyrir hann við myndun nýrrar stjórnar. Reyna mun verulega á hann við að samræma sjónarmið flokkanna þriggja við gerð stefnuskrár fyrir hina nýju stjórn sem á að taka við í næsta mánuði. Fyrir kosningar óttuðust margir að smáflokkar í Noregi kæmust í lykilaðstöðu eftir kosningar og að borgaraflokkarnir eða rauðgrænir yrðu að treysta á stuðning þeirra við stjórnarmyndun, en eins og málin horfa nú við virðist ekki ætla að koma til þess. Það verður nýtt fyrir Verkamannaflokkinn í Noregi að mynda stjórn með öðrum flokkum – það hefur ekki gerst fyrr. Það verða líka umskipti fyrir flokkinn að mynda meirihlutastjórn, því oft á undanförnum áratugum hefur flokkurinn verið í forsvari fyrir minnihlutastjórnum.

Það er ekki aðeins að fylgi Verkamannaflokksins hafi aukist í Stórþingskosningunum á mánudag, heldur fékk Framfaraflokurinn sína bestu kosningu fram til þessa. Hann er sagður hafa fengið mörg atkvæði óánægðra kjósenda, hvað svo sem er hæft í því.

Það verður athyglisvert fyrir okkur íslendinga að fylgjast með hver verður niðurstaðan varðandi Evrópusambandið og þá ekki síður hver hreppir stöðu sjávarútvegsráðherra. Það getur verið töluvert undir honum komið og hvaðan hann kemur hvernig samskipti Íslendinga og Norðmanna verða á sviði sjávarútvegsmála á næstunni. Nú ber svo við að nýir sjávarútvegsráðherrar taka við völdum í báðum löndunum á næstu vikum. Við eigum töluvert undir því að samvinna landanna á þessu sviði takist vel, ekki síst hvað varðar síldveiðar íslenska og norska flotans. Sjávarútvegurinn skiptir okkur raunar mun meira máli en Norðmenn og þess vegna munu margir hér fylgjast náið með því hver hreppir stól sjávarútvegsráðherrans í nýrri stjórn Jens Stoltenberg.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Miðhúsasilfur

Fimm fræðimenn gera úttekt á hinni nýju grunnsýningu Þjóðminjasafnsins í tímaritinu Sögu. Meðal athyglisverðra ábendinga eru skrif Kristjáns Mímissonar um svokallað „Miðhúsasilfur“. Það skipar veglegan sess í sýningunni þrátt fyrir upplýsingar sem fram komu fyrir áratug sem benda til þess að sjóðurinn sé ekki ekta. Kristján segir að sjóðnum sé stillt upp án nokkurra upplýsinga um aldur: „Er hann frá víkingaöld eða frá því eftir iðnbyltingu? hlýtur upplýstur sýningargestur að spyrja sig“. Kristján finnst það í sjálfu sér ekki skipta máli hvort sjóðurinn er gamall eða ungur: „Gagnrýni mín snýst um það eitt að sögu sjóðsins – þessa sannarlega umdeildasta fundar sem sýndur er á Þjóðminjasafninu – er haldið leyndum fyrir gestum sem þannig er ekki treyst til að taka sjálfstæða afstöðu til málsins.“



### Á færibandi

Gunnar Þór Bjarnason staldrar meðal annars við færibandið á sýningunni, „táknmynd nútímans með tilheyrandi skrölti og skruðningum“ eins og hann kemst að orði. „Á því eru ótal munir sem renna stöðugt fyrir augu safngesta, sýnishorn af „ofgnótt“ 20. aldar. Ég hreifst í fyrstu af hugmyndinni en sú hrifning hefur minnkað. Það er óþægilegt að lesa smátt letrið á skýringarmiðum sem eru á hreyfingu og einhvern veginn finnst mér að gera hefði mátt 20. öldinni skil með markvissari hætti.“.

### Titlar

„Stóra BA-gráðumál“ Gísla Marteins borgarstjórakandídats veldur Stefáni Pálssyni sagnfræðingi svolitlum áhyggjum. Hann skrifar á blogg sitt í gær: „Þannig er nefnilega mál með vexti að í símaskránni 1998 er ég titlaður sagnfræðingur. Þessum titli bætti ég inn í skrána í þeirri vissu að mér tækist að útskrifast þá um vorið. Eftir stendur að ég var um nokkurra vikna skeið titlaður sagnfræðingur fyrri hluta ársins – án þess að hafa lokið BA-prófi. Hver veit nema þessu verði slegið upp í fjölmiðlum eftir einhver ár og ég úthrópaður sem loddari og lygalaupur?“

gm@frettabladid.is

## Tvenns konar tortryggni

Vinstrimaður hefur, að vitund undirritaðs, aldrei í sögu Íslands kosið með skattalækkun og gegn afnámi ríkiseinokunar eða íþyngjandi reglugerða. Hvers vegna? Eftirfarandi hugleiðing gæti kannski hjálpað við að varpa ljósi á það.

Í mjög einfölduðu máli má segja að fólk skiptist í tvo hópa þegar kemur að tortryggni – einn sem tortryggir ríkisvaldið og annan sem tortryggir hinn frjálsa markað. Gjarnan eru hóparnir nefndir hægri- og vinstrimenn og verður það gert hér þótt mikill misskilningur umlyki jafnan bæði orðin.

Báðir hópar hafa sínar eigin túlkanir á orðum eins og frelsi, jafnrétti, auði og velferð, og tala þar af leiðandi gjarnan í kross. Þetta er afar óheppilegt ástand því einföld atriði flækjast gjarnan þegar sömu orð hafa mismunandi merkingar.

Vinstrimenn eru duglegir við að stinga upp á nýjum sköttum og reglugerðum með það að markmiði að styrkja ríkisvaldið á kostnað einstaklinga og fyrirtækja. Hægrimenn vilja gjarnan lækka skatta og fækka reglum svo hinn frjálsi markaður fái meira svigrúm á kostnað ríkisvaldsins. Ólík nálgun kemur til af ólíkri tortryggni hópanna tveggja. Reglur og skattar eru að mati vinstrimanna hin upplögðu verkfæri stjórnmálamanna til að móta samfélagið í ákveðið form. Margir vinstrimenn berjast t.d. hart fyrir því að ríkið jafni magn efnislegra gæða milli einstaklinga, og jafni aðgang einstaklinga að tilteknum þjónustustofnunum og verslunum en ekki endilega öðrum. Til dæmis vilja vinstrimenn að ríkið selji vatn og strætóferðir en ekki mat og bíla.

Þessi nálgun hefur oft haft slæmar afleiðingar í för með sér. Skólar og sjúkrahús líða stanslaust fjársvelti í höndum hins opinbera og þeir fátækustu fá fyrstir allra að finna fyrir því. Þeir ríku geta alltaf borgað aukalega fyrir þjónustu kennara og lækna þótt skattbyrðin sé þung. Þessu hafa þeir fátæku ekki möguleika á og þurfa treysta á

UMRÆÐAN
VINSTRI OG HÆGRI



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

*Sósíalistar 19. aldar og kommúnistar 20. aldar lifa enn í félagshyggju- og jafnaðarmannaflokkum nútímans. Vinstrimaður hefur, að vitund undirritaðs, aldrei í sögu Íslands kosið með skattalækkun og gegn afnámi ríkiseinokunar eða íþyngjandi reglugerða.*

að skattbyrðin dugi fyrir nauðsynlegri þjónustu. Það að reka hið opinbera með jöfnun efnislegra gæða að leiðarljósi virkar oft einfaldlega öfugt. Þeir fátækustu hafa það best þar sem ríkisvaldið einbeitir sér að því að halda uppi lögum og reglu og sér e.t.v. um að grípa þá fáu sem ekki geta spjarað sig á eigin spýtur. Flókið og fjárþyrst ríkisvald hárra skatta og fjölskrúðugrar bóta- og styrkjaflóru auk mikils magns laga og reglugerða er bæði afvegaleitt og óskilvirkt fyrirbæri.

Hægrimenn láta síður stjórnast af efnishyggju vinstrimanna og leggja í staðinn meira upp úr því að einstaklingar ráði sér sjálfir og hafi frelsi til orða og athafna. Tortryggni hægrimanna beinist að hamlandi lögum og reglum, opinberri miðstýringu og fyrirtækja- og stofnanarekstri embættismanna sem starfa án aðhalds markaðarins og neytenda. Ávöxtur slíkrar tortryggni skilaði á sínum tíma íbúum flestra frjálsra ríkja í dag stjórnarskrám sem vernda einstaklinginn gagnvart ágengni ríkisvaldsins. Á meðan málfrelsið, eignarrétturinn, stjórnskipanin og aðgangur fólks að óháðu dómskerfi eru niðurnegld ákvæði í stjórnarskrá er erfiðara en ella fyrir stjórnmálamenn að brjóta á frelsi einstaklingsins. Þessi ákvæði eiga uppruna sinn í tortryggni gagnvart stjórnmálamönnum.

Nú hugsa einhverjir sjálfsagt með sér að gamla tuggan um vinstri og hægri sé dauð og að í staðinn séu komnir íhaldsmenn, róttæklingar, jafnaðarmenn, félagshyggjumenn, femínistar, græningjar, stuttbuxnastrákar og svona mætti lengi telja. Hins vegar er ljóst að sumir tortryggja ríkisvaldið á meðan aðrir tortryggja hinn frjálsa markað. Sumir treysta ríkisvaldinu til að taka ákvarðanirnar í eitt skipti fyrir öll. Aðrir treysta aðilum á markaðnum til að prófa sig áfram og finna bestu lausn. Sumir vilja flytja sem mest fé úr vösum þeirra sem afla þess og til ráðstöfunar hjá þeim sem hafa völdin. Aðrir telja að slíkt sé óréttlátt og leiði til sóunar og spillingar. Hinn grófi hægri-vinstrikvarði er e.t.v. gölluð lýsing á þessum mun á hugarfari. Hins vegar er hann ekki rangur.

Sósíalistar 19. aldar og kommúnistar 20. aldar lifa enn í félagshyggju- og jafnaðarmannaflokkum nútímans. Vinstrimaður hefur, að vitund undirritaðs, aldrei í sögu Íslands kosið með skattalækkun og gegn afnámi ríkiseinokunar eða íþyngjandi reglugerða. Ástæðan er tortryggni gagnvart frjálsum markaði og trú á þá sem ráða hjá hinu opinbera. ■

Spennandi námskeið fyrir lagerstarfsmenn:
Lager- og birgðastjórnun



**Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa á lagerum eða hafa áhuga á slíku starfi.**

Markmiðið er að styrkja faglega og hagnýta þekkingu þátttakenda.

Meðal námsþátta eru:
- Aðfangakeðjan
- Lagerstjórnun
- Birgðastjórnun
- Rafræn viðskipti

Námskeiðið stendur yfir í 4 daga.
Frá kl. 13:00 til 16:20.
Næsta námskeið hefst 26. september.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Iðntæknistofnun í síma 570 7100 og á vefsíðu okkar www.iti.is.

Iðntæknistofnun




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

100 1. vinningur

+ 50

# 150 milljónir

# ENGINN SMÁ BÓNUS!

Íslenski bónusvinningurinn

25 milljónir

## Tvöföld spenna

Nú er **1. vinningur tvöfaldur** í Víkingalottóinu, Ofurtalan stefnir í 50 milljónir og íslenski bónusvinningurinn í 25 milljónir. Þetta eru álitlegar fjárhæðir og því má búast við óvenju mikilli spennu í loftinu í dag.

**Freistaðu gæfunnar – það er til mikils að vinna.**

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

Vertu með fyrir kl. 16.

ENNEMM / SÍA / NM18133

# Er græðgin aðalhvati allra framfara?

**UMRÆÐAN**
ER GRÆÐGI GÓÐ?



**GUÐMUNDUR ÖRN JÓNSSON**
VERKFRÆÐINGUR

*Frjálshyggjan og fjölmenningarsamfélagið eru þeir þættir sem líklegastir eru til að koma í veg fyrir þá þjóðfélagsmynd sem stuðlar að bættum lífskjörum.*

Undanfarið hefur því verið haldið fram að græðgin sé aðalhvati framfara og að starfsemi sem ekki hafi eingöngu hagnað að markmiði virki illa. Þetta verði reglur samfélagsins að endurspegla svo hér geti orðið framfarir. Frjálshyggjan sé því lausnin og leggja verði mestan hluta af ríkinu niður. Jafnvel þótt stundum sé frjálshyggjan rökstudd með tilvitnunum í blómyndir og sjaldnast með staðreyndum er ekki alveg víst að fólk átti sig á því að hún líkist frekar trúarbrögðum en vísindum. Reyndar leiðir frjálshyggjan sjaldnast til bættra lífskjara og lækkaði t.d. þjóðarframleiðsla í Rússlandi um 40% við öra einkavæðingu. Einn fremsti hagfræðingur Bretlands, John Kay, hefur einnig bent á að til séu lönd sem byggi að mestu á frjálshyggju. Þau hafa veikasta ríkisvaldið, eru í sunnanverðri Afríku og eru meðal fátækustu landa jarðarinnar. Fleiri dæmi eru um takmörk gróðafyrirtækja. T.d. er ríkisrekið raforkukerfi Frakklands hagkvæmara en einkarekið kerfi Bandaríkjanna, og háskólum í Bandaríkjunum sem reknir eru sem sjálfseignarstofnanir vegnar mun betur en þeim sem reknir eru sem gróðafyrirtæki. Enda hefur nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði, Herbert Simon, sýnt fram á að það séu engin rök fyrir því að gróðafyrirtæki séu almennt betur rekin.

Ástæðan fyrir verulegum takmörkum frjálshyggjunnar eru að forsendurnar sem hún byggir á eru sjaldnast til staðar. T.d. þarf fullkomna samkeppni á öllum sviðum, fólk þarf ætíð að hugsa rökrétt (sem myndi þýða að allir markaðsfræðingar væru atvinnulausir), allir þurfa alltaf að hafa allar upplýsingar um alla vöru og þjónustu og það má ekki kosta neitt að skrifa samninga. Til þess að bæta lífskjör þarf hagstjórn aftur á móti að byggja á markaðshagkerfi og þekkingu á takmörkunum þess, sem eru fjölmargir. Þjóðin þarf einnig að líta á sig sem eina liðsheild, alveg eins og fyrirtæki. Til þess þarf sameiginlega menningu, trú, tungumál og siði og sameiginlegan skilning á því hvað er rétt og rangt. Aðeins þannig getum við auðveldlega átt viðskipti hvort við annað sem er forsenda framfara. Þetta hafa þeir John Kay og nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz, sem rannsakað hafa þær þjóðir sem best vegnar, ítrekað bent á.

Frjálshyggjan og fjölmenningarsamfélagið eru aftur á móti þeir þættir sem líklegastir eru til að koma í veg fyrir þá þjóðfélagsmynd sem sem stuðlar að bættum lífskjörum. Á meðan höfðar hagfræði lítið til forustumanna Sjálfstæðisflokksins og uppnefna þeir hagfræðinga hagtækna. Þar mótast stefnan allt of mikið af einföldum lausnum sem helst rúmast í slagorðum eins og „græðgi er góð“.

# *Færeysk fiskveiðistjórnun til fyrirmyndar?*

**UMRÆÐAN**
FISKVEIÐISTJÓRNUN



**EINAR JÚLÍUSSON**
EÐLISFRÆÐINGUR



**BOTNFISKAFLI VIÐ FÆREYJAR 1995–2005**

Ég hélt það já, áður en ég fór til Færeyja um mánaðarskeið eftir áramótin til þess að kynna mér ástandið. Ég hef ekki skipt um skoðun á kostum sóknarmarkskerfis en veldur hver á heldur. Þetta er gjafakerfi eins og á Íslandi og sjávarútvegsráðherra Færeyinga ákveður heildar dagafjölda. Hann þarf eins og starfsbróðir hans á Íslandi forðum að taka tillit til ekki bara ráðlegginga fiskifræðinga heldur líka til krafna útvegs- og sjómanna, sem og þjóðarinnar allrar, efnahagsástandsins og svo náttúrulega til eigin hagsmuna og endurkjörsmöguleika. Ráðherrann fer sem sagt ekkert eftir ráðleggingum fiskifræðinga sinna um minnkaða sókn frekar en sá íslenski gerði áður fyrr.

Skoðum tölur frá Færeysku hagstofunni yfir landaðan afla þar af þorski og ýsu. Megnið af ýsuveiðinni í Færeyjum er nú smáýsa innan við 0.5 kg að þyngd, en hlutdeild hennar í afla við Ísland er langt innan við eitt prósent. Smáýsa 0,5 til 1 kg að þyngd er megnið af öðrum ýsuafla í Færeyjum en var innan við fimm prósent af aflanum í fyrra við Ísland. Smáþorskur innan við 2 kg er vaxandi hluti af aflanum í Færeyjum og rúmur þriðjungur nú en um fimmtán prósent við Ísland. Línuritið sýnir ekki afla umræddra smáfiska sem minna verð fæst fyrir, sérstaklega smáþorskinn.

Aflakvótakerfi var komið á 1994 en skipt var yfir í sóknarmarkskerfi 1996. Síðan 2001 hefur stefnan verið að hafa næga sókn til að hindra stofninn í að stækka, éta allt tiltækt æti, þar með talið nýliðana og horfalla svo á endanum. Nýja stefnan jók afla smáfiska en hindraði ekki stofnminnkunina 2003 sem getur ekki hafa verið horfellir eins og allar fyrri stofnminnkanir voru að sumra sögn. Nú er sagt að þetta hafi verið náttúruleg niðursveifla og síðan muni stofninn náttúrulega sveiflast upp aftur eins og alltaf. En það er ekkert náttúrulegt við ofveiði og aðstæður eru ekkert eins og alltaf. Jafnvel þótt stór þorskárgangur komi 2005 eins og „alltaf“ á 6 ára fresti þ.e. bæði 1993 og 1999, þá verður ekki hægt að hefja veiðar á honum fyrr en 2007 og hann skilar ekki miklum afla fyrr en 2008-2009. Færeyingar gætu þurft að herða sultarólina verulega á næstu árum.

Línuritið sýnir mánaðartölur en 5 mánaða keðjumeðaltal eru notuð til að jafna út gæftasveiflu frá mánuði til mánaðar. Vertíðarsveifla sést mjög vel, meira veiðist á veturna en á sumrin. Þar fyrir utan sést 6 ára sveifla (hún sæist betur ef ýsan væri ekki með) sem sumir hafa túlkað sem neikvætt samband nýliðunar og hrygningarstofns. Færeyski þorskurinn er ofveiddur og verður kynþroska í afla 3 ára gamall svo toppar í nýliðun valda toppum í bæði afla og reiknuðum hrygningarstofni strax 3 árum síðar. Orsakasambandið eða jákvæð áhrif nýliðunar á hrygningarstofn er augljóst en hvaða áhrif hrygningarstofn hefur svo á nýliðun er óljósara.

Sex ára sveiflu í nýliðuninni og þar með hrygningarstofninum mundi ég fremur túlka sem jákvætt samband nýliðunar og raunverulegs hrygningarstofns þ.e. 6 ára fiska og eldri. Slík sveifla og jákvæð áhrif 6 ára fisksins á nýliðunina eru greinileg þ.e. marktæk eftir 1995. Þau eru ekki greinileg fyrir þann tíma, en sveiflur í fjölda 8 og 9 ára fiska eru svo sláandi líkar sveiflum í nýliðun að varla þarf að velkjast í vafa um mjög sterkt jákvætt samband nýliðunar og eldri fiska. Annað sem er greinilegt alveg frá upphafi mælinga (1961) er að 3 ára fiskurinn hefur neikvæð áhrif á nýliðunina. Með því að telja hann sem hrygningarfisk hafa fiskifræðingar stuðlað að ofveiðinni því hún er fyrst og fremst réttlætt með meintum neikvæðum áhrifum hrygningarstofns á nýliðun. Að fiskifræðingar skuli gera þetta en þá, 16 árum eftir að ég benti þeim fyrst á neikvæð áhrif yngri fiska en sterkt samband eldri fiska og nýliðunar fyrir íslenska þorskinn, er yfirgengilegt andvaraleysi.

Miklar sveiflur eru í nýliðun þorskstofnsins en þær mundu lítt koma fram í afla nema vegna þess að nýliðarnir eru veiddir strax og hægt er að ná þeim. Deila má um það hvort sveiflurnar í nýliðun séu náttúrulegar eða tilkomnar vegna veiðanna en ég get ekki séð þá miklu niðursveiflu í afla sem átt hefur sér stað eftir 2003 sem náttúrulega sveiflu í annars stöðugum stofni. Varla stafar hún af minnkandi sókn því að fiskidögum hefur ekki fækkað. Línuritið styður sem sagt ekki að allt sé í lagi með fiskveiðistjórnun í Færeyjum eins og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra þar fullyrti í íslenska sjónvarpið fyrir nokkrum dögum. Það sýnir fremur skipbrot þeirrar stefnu sem ráðherrann hefur fylgt.

Eftirskrift: Seiðatalningum við Ísland hefur verið hætt í sparnaðarskyni eftir 30 ára samfelldar rannsóknir en útkoman úr seiðatalningunni í Færeyjum var að birtast. Nánast aldrei hefur mælst eins lítið og í ár af seiðum þorsks, ýsu, sandsílis og spærlings (aðal fæðufiskarnir). Mjög lítið sást af öllum tegundum seiða. Af fullvöxnum fiskum kom ekkert í seiðavörpuna nema stór sænál, fyrrum sjaldgæfur fiskur sem lifir á smáseiðum og hefur fjölgað hratt, líka við Ísland. Frumframleiðni (gróður) og áta hefur minnkað. ■

# Búnir undir stjórnarskipti – en ekki fyrir konu

**UMRÆÐAN**
KOSNINGABARÁTTAN Í ÞÝSKALANDI



**HENRYK M. BRODER**
SKRIFAR FRÁ BERLÍN

Við innganginn að Konrad Adenauer-húsinu, höfuðstöðvum CDU í Berlín, stendur stór stafræn tafla. Þar eru taldir niður síðustu dagar ríkisstjórnar Schröders. „7 dagar eftir“ stóð þar síðastliðinn sunnudag. Þegar þessu er loksins lokið munu allir þátttakendur í kapphlaupinu mikla, sigurvegarar jafnt sem hinir sem tapa, draga andann léttara. Því þótt kosningabaráttan hafi staðið óvenju stutt yfir, og þar að auki lent að mestu á sumarleyfistíma landsmanna, þá hefur öllum fundist hún vera óvenju löng, eins og gestaboð, sem eiginlega er afstaðið en gestirnir samt ekki farnir heim. Fleiri sýna þreytumerki en Franz Müntefering, hinn staðfasti formaður SPD, sem nýlega féll í yfirlið á kosningafundi og þurfti að leggjast inn á sjúkrahús. Hinum er líka farið að svima. Það stafar af því að allir snúa sér sífellt í hringi. Afstaða allra er þekkt, rökin margnotuð og málefnin gatslitin. „CDU sigrar í skoðanakönnunum, rétt eins og við í kosningunum,“ segir kanslarinn jafnan þegar hann er spurður út í forskot mótherjans. „Schröder er á kveðjuferðalagi,“ hljómar jafnharðan til baka frá CDU. Í sjónvarpseinvíginu á sunnudaginn fyrir viku var hægt að telja nýjar og óvæntar hugmyndir á fingrum annarrar handar, án þess að þurfa að leggja frá sér sígarettuna á meðan. Stjórnmálaskýrendur og pistlahöfundar höfðu því ekki annað að byggja á en niðurstöður skoðanakannana, sem teknar voru meðan á útsendingu stóð. Schröder sigraði með 57 stigum á móti 34 í „viðkunnanleika“, sömuleiðis með 48 stigum gegn 28 í „sannfærandi“, en frú Merkel var sjónarmun á undan þegar spurt var um hæfni. Eftir stóðu samt eintómir sigurvegarar.

**Í fótspor Pakistans og Íslands?**

Allt er eins og það hefur alltaf verið. Það eina sem er nýtt er að í CDU hefur kona náð að hasla sér völl, og hún er ekki bara kona: Hún er mótmælendatrúar og úr austrinu, fráskilin og barnlaus, náttúruvísindamaður sem hefur ekki reynt að samræma fjölskyldulíf og starfsframa. Ef hún sigrar í kosningunum verða það tvímælalaust endalok hins notalega lýðveldis kaþólsku Rínarhéraðanna, sem Schröder er einnig sprottinn úr. Og þess vegna er umræðan farin að snúast æ meir um eina spurningu: Getur, má og á kona að verða kanslari? Mun hið nýja Þýskaland feta í fótspor Englands, Indlands, Ísraels, Srí Lanka, Tyrklands, Úkraínu og Filippseyja, Pakistans, Finnlands, Íslands, Nýja-Sjálands, Póllands, Níkaragúa og Indónesíu, þar sem konur hafa þegar verið í forystuembættum ríkis og ríkisstjórna?

Maður skyldi halda að hinir frjálslyndu og framsæknu myndu einmitt hrífast af þeim möguleika að geta staðið jafnfætis Pakistan, Indónesíu og Níkaragúa. En það er þvert á móti. Hvergi nokkurs staðar mætir Angela Merkel harðari mótbyr en einmitt meðal þeirra sem kaupa ekki í matinn hjá lágvöruverðsverslunum LIDL vegna samstöðu með kassastúlkum á lúsarlaunum og þeirra sem kvarta undan því hve fáar konur eru í æðstu stöðum. „Að sjá útlitið á henni!“ „Að sjá hvernig hún klæðir sig!“ „Og hvernig hún talar!“

*Hér áður fyrr, ef mig greip löngun til þess að rústa huggulegt freyðivínsspjall, þá þurfti ég ekki að segja annað en: „Mér finnst Bush góður!“ Í dag nægir að ég segi: „Angela Merkel er í lagi.“*

Hér áður fyrr, ef mig greip löngun til þess að rústa huggulegt freyðivínsspjall, þá þurfti ég ekki að segja annað en: „Mér finnst Bush góður!“ Með því að lýsa yfir samúð minni með Sharon þá tókst mér að losna út úr hvaða þvingandi félagsskap sem var. Í dag nægir að ég segi: „Angela Merkel er í lagi.“ Vinir mínir og kunningjar horfa á mig eins og ég hafi átt í ástarsambandi við Alice Schwarzer eða gert viðskiptasamning við Osama Bin Laden. Það hlýtur að vanta nokkra kafla í hann þennan! Þegar spurt er hvað þau hafi þá svona mikið á móti frú Merkel, þá heyrist aðeins óljóst uml – hana skorti alla reynslu, hún ætli að afnema á ný hjónabönd samkynhneigðra og gera Þýskaland að pólitískri og menningarlegri nýlendu Bandaríkjanna. Engin leið sé til að stjórna ríki með slíkri konu.

Meira að segja eiginkona kanslarans, Doris Schröder-Köpf, tók til máls í þessari umræðu. Í viðtali við Die Zeit sagði hún: „Frú Merkel á sér ekki æviferil sem er dæmigerð fyrir reynslu flestra kvenna“ og gerði þennan leiðtoga CDU ábyrgan fyrir því að fæðingum hefur fækkað – þegar hún var ráðherra fjölskyldumála í ríkisstjórn Kohls hafi stefna hennar ekki verið hliðholl konum og fjölskyldum. „Stefna hennar þá er meðábyrg fyrir barnaskortinum núna.“ Afar ósennilegt er að eiginkona kanslarans hafi gefið slíkar yfirlýsingar án þess að bera þær undir eiginmann sinn. Raunveruleikinn er sá að hún skipar sér með þessu í flokk með þeim konum, sem halda mönnum sínum við efnið frekar en að taka sjálfar til höndunum við róðurinn. Vera kann að Þjóðverjar séu undir stjórnarskipti búnir. En ekki að kona setjist í kanslarastólinn. ■

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Ódýrara í íþróttir fyrir 6-12 ára

**Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi skrifar:**

Kópavogsbær mun frá og með haustinu veita 10.000 kr. framlag til barna í Kópavogi á aldrinum 6-12 ára sem stunda íþróttir. Þegar þessi orð eru skrifuð hefur íþrótta- og æskulýðsdeild Kópavogsbæjar lokið við að kynna fyrir íþróttafélögum bæjarins stöðu mála. Framkvæmdinni verður þannig háttað að íþróttafélögin veita foreldrum/forráðamönnum afslátt af æfingagjöldunum sem nemur framlagi bæjarins. Félögin rukka síðan Kópavogsbæ. Börnin geta valið að fara í tvær íþróttagreinar og fá þá 10.000 kr. framlag til þess að greiða fyrir hvora grein. Samtals getur hvert barn því fengið styrk að hámarki 20.000 kr. Með þessu er verið að hvetja þau til þess að finna sér íþrótt við hæfi. Það þekkja allir mikilvægi þess að stunda holla og góða hreyfingu og íþróttir hafa mikið forvarnargildi.

Ég hef fulla trú á því að framlag þetta komi mörgum heimilum í Kópavogi til góða. Vonandi verður það einnig til þess að börnin finni góðan félagsskap og skynji mikilvægi þess að halda áfram um ókomna tíð að stunda íþróttir. Áætlaður kostnaður bæjarfélagsins er um 20 milljónir á ári og er þetta hrein viðbót við aðra styrki sem veittir hafa verið til íþróttamála hingað til. Iðkendastyrkir hafa verið greiddir til deilda fyrir hvern iðkenda og nemur sá styrkur 2.700 krónum fyrir 6-12 ára og 8.100 krónur fyrir 13-19 ára. Ástæðan fyrir því að greitt er meira fyrir eldri iðkendur er til þess að reyna að minnka brottfall úr íþróttum þegar ungmenni standa frammi fyrir því að ýmislegt annað stendur til boða og útivistartíminn verður lengri.

**LEIÐRÉTTING**

**Í FRÉTT** á atvinnusíðu Fréttablaðsins síðastliðinn sunnudag birtist mynd frá veitingastaðnum Salt í Reykjavík. Í myndatexta láðist að geta þess að myndin tengdist ekki efni fréttarinnar og er beðist velvirðingar á því.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS

*[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.614 **-1,77%**

**Fjöldi viðskipta:** 578
**Velta:** 5.017 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Síminn** | +2,97% | **Bakkavör Group** | -2,99% |
| **Atlantic Petroleum** | +0,06% | **Burðarás** | -2,65% |
| | | **Atorka Group** | -2,26% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,60 -1,70% ... Bakkavör 42,50 -3,00%... Burðarás 18,40 -2,70% ... FL Group 14,90 -1,30% ... Flaga 4,00 -0,70% ... HB Grandi 9,10 -0,60% ... Íslandsbanki 14,90 -2,00% ... Jarðboranir 20,10 +0,00% ... KB banki 593,00 -1,80% ... Kögun 55,20 -1,40% ... Landsbankinn 22,60 -0,90% ... Marel 63,10 -0,50% ... SÍF 4,76 +0,00% ... Straumur 13,85 -1,80% ... Össur 86,50 -1,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**KAFARI LEIÐIR EINN TÚNFISK ATLANTIS TIL SLÁTRUNAR** Túnfiskurinn er veiddur lifandi, settur í kví og síðan slátrað með ákveðinni aðferð svo afurðin verði gjaldgeng á kröfuharðan Japansmarkað.

# Selja fisk til Japans fyrir 20 milljarða

### Atlantis gerði tímamótasamning í gær við stærsta fiskmarkað í Japan.

Óli Valur Steindórsson, forstjóri Atlantis, sem er alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi, gerði í gærmorgun samning við stærsta fiskmarkað í Japan um sölu á afurðum félagsins fyrir rúmlega tuttugu milljarða króna eða fjörutíu milljarða japanskra jena. Fiskmarkaðurinn heitir Daito Gyorui og er samningurinn til fimm ára. Tekur hann aðallega til sölu á túnfisk- og laxafurðum.

Starfsemi Atlantis hefur vaxið hratt undanfarin tvö ár og hefur velta félagsins aukist ár frá ári. Gera forsvarsmenn ráð fyrir að tekjur félagsins vaxi úr ellefu milljörðum króna á þessu ári í sextán milljarða á því næsta.

Í úttekt viðskiptablaðs Fréttablaðsins, Markaðarins, í lok ágúst síðastliðinn sagði Óli Valur að eigendur Atlantis stefndu á að skrá það á markað í framtíðinni. Yfirstjórn fyrirtækisins hefur verið efld með nýjum mönnum með það að markmiði að koma að þeirri vinnu.

Starfsstöðvar Atlantis eru sextán í fjórtán löndum og sérhæfir fyrirtækið sig í lax- og túnfiskeldi og selur bæði eigin framleiðslu og annarra. Túnfiskurinn er aðallega alinn í kvíum til slátrunar í Króatíu og Mexíkó, en umfangsmikið laxeldi fer fram í Chile. Það eru stoðirnar í rekstrinum að sögn Óla Vals og mesti möguleikinn til frekari vaxtar í Suður-Ameríku. Þessu samhliða er stefnt að frekari markaðssókn í Bandaríkjunum og Japan.

Nú eru um átta þúsund tonn af laxi og urriða í kvíum fyrirtækisins og stefnt er að tuttugu þúsund tonna uppskeru á næstu vertíð.

**bjorgvin@frettabladid.is**

# Ágætt uppgjör Jarðborana

Hagnaður Jarðborana var 163 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi og alls 299 milljónir á fyrri hluta árs. Rekstrarhagnaður (EBITDA) var um 330 milljónir króna og jókst um 90 milljónir á milli ára.

Tekjur Jarðborana jukust yfir helming á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra og námu um 1,3 milljörðum króna.

Stjórnendur fyrirtækisins segja að mikil tækifæri liggi utanlands. Rekstrarhorfur eru góðar og verkefnastaða ágæt, bæði innanlands og erlendis. Horfur eru á veltuaukningu milli ára.

**- eþa**

Fréttablaðið/Anton



**BORINN ÝMIR** Hagnaður Jarðborana var 299 milljónir á fyrri árshelmingi. Tekjur félagsins aukast mjög milli ára.


# SJÓÐFÉLAGAFUNDUR



Sjóðfélagafundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn að Grand Hótel, Reykjavík, miðvikudaginn 21. september 2005 kl. 16.00.

## Dagskrá fundarins:

1. Jöfnun réttinda sjóðfélaga í Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna við sameiningu sjóðanna í Gildi-lífeyrissjóð.
2. Kynning á stofnefnahagsreikningi Gildis.
3. Kynning á nýju aldurstengdu réttindakerfi.
4. Önnur mál.

Greinargerð um jöfnun réttinda sjóðfélaga í Lífeyrissjóðnum Framsýn og Lífeyrissjóði sjómanna liggur frammi á skrifstofu Gildis-lífeyrissjóðs í Sætúni 1, Reykjavík. Einnig má nálgast greinargerðina á heimasíðu sjóðsins, gildi.is.

Allir sjóðfélagar í Gildi-lífeyrissjóði eiga rétt til setu á þessum aukafundi sjóðsins sem boðað er til samkvæmt ákvörðun stofnfundar lífeyrissjóðsins og í samræmi við ákvæði 5. kafla samþykkta hans.

Reykjavík, 12. september 2005.
**Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.**

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is



# Hluthafafundur Straums Fjárfestingarbanka

Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf. boðar til hluthafafundar fimmtudaginn 15. september 2005 næstkomandi kl. 15.00 í Ársölum á Hótel Sögu, Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Tillaga um að skiptingar- og samrunaáætlun sem undirrituð var af stjórnum Straums Fjárfestingarbanka hf., Burðaráss hf. og Landsbanka Íslands hf. þann 1. ágúst 2005 verði samþykkt. Í því felst að hlutafé í Straumi Fjárfestingarbanka hf. mun hækka um kr. 4.575.747.810 að nafnverði, eða úr kr. 6.100.000.000 í kr. 10.675.747.810 , og verður sú hækkun innt af hendi til hluthafa Burðaráss hf. sem hluti endurgjalds fyrir hluti sína í því félagi. Jafnframt leiðir af tillögunni að hluthafar í Straumi Fjárfestingarbanka hf. eiga ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum.
2. Tillaga um breytingu á 1. gr. samþykkta félagsins um að nafni félagsins verði breytt í Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki hf.
3. Kosning stjórnar.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Boðað er til hluthafafundar þessa með fyrirvara um að hluthafafundur í Burðarási hf. sem fram fer kl. 13.00 þennan sama dag samþykki fyrirliggjandi skiptingar- og samrunaáætlun og tengdar tillögur.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 15.00 eftir hádegi föstudaginn 9. september 2005. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums Fjárfestingarbanka, Borgartúni 25, 7. hæð, Reykjavík fyrir þann tíma.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á upp á hluthafafundi, skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnar félagsins að Borgartúni 25, 7. hæð, eigi síðar en fimmtudaginn 8. september 2005.

Skiptingar- og samrunaáætlun, ásamt ársreikningum Straums Fjárfestingarbanka hf., Burðaráss hf. og Landsbanka Íslands hf. síðustu þrjú árin, endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningum þeirra fyrir fyrri hluta ársins 2005, greinargerðum stjórna félaganna, sameiginlegum efnahags- og rekstrarreikningum Burðaráss og Landsbanka Íslands annars vegar og Burðaráss og Straums Fjárfestingarbanka hins vegar, sem og skýrsla matsmanna og yfirlýsing samkvæmt 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, liggja frammi á skrifstofu Straums Fjárfestingarbanka hf., Borgartúni 25, 7. hæð. Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á sama stað viku fyrir fundinn hið skemmsta og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Ennfremur er hægt að nálgast fundargögn á vefsíðu félagsins, www.straumur.net. Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14:00 á fundardegi. Umboðsmenn eru beðnir um að framvísa gildu umboði við hluthafaskrá á fundarstað.

Reykjavík, 5. september 2005
Stjórn Straums Fjárfestingarbanka hf.

Straumur
FJÁRFESTINGARBANKI



**GRACE KELLY (1929-1982)** lést þennan dag.

*„Frelsi fjölmiðla virkar þannig að ekki er mikið frelsi undan þeim."*

***Grace Kelly var bandarísk kvikmyndastjarna sem giftist Rainier fursta af Mónakó.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 14. SEPTEMBER 1812

# *Frakkar marséra inn í Moskvuborg*

Á þessum degi árið 1812 marséraði hinn mikli her Napóleons Frakklandskeisara inn í Moskvuborg. Þetta var aðeins viku eftir sigur Frakka í blóðugum átökum við rússneska herinn við Borodino. Moskva hafði verið takmark innrásarinnar í Rússland. Þegar herinn gekk inn í borgina var hún hins vegar auð og yfirgefin, bæði af almenningi og hermönnum sem höfðu hörfað áfram undan Napóleon. Þar var því engan embættismann að finna sem gæti handsalað uppgjöf Rússa. Þá voru engar matarbirgðir í borginni og sársvangir og þreyttir hermenn Frakka gátu ekki endurnært sig eftir langa og stranga baráttu. Stuttu eftir miðnætti þann 14. september brutust út eldar um alla borg sem talið er að rússneskir þjóðernissinnar hafi kveikt. Útlitið var því svart fyrir hermenn Napóleons sem voru bæði illa klæddir og matarlitlir og því alls ekki í stakk búnir til að takast á við rússneska veturinn.

Herinn dvaldi í mánuð í borginni og beið eftir uppgjöf sem aldrei kom. Þá var ákveðið að herinn skyldi snúa heim. Napóleon sjálfur komst til Parísar 18. desember en her hans komst við illan leik frá Rússlandi í lok mánaðarins. Af þeim 420 þúsund hermönnum sem lögðu af stað til Rússlands komust aðeins tíu þúsund lífs af.



**NAPÓLEON BEIÐ ÓSIGUR Í RÚSSLANDI**

## MERKISATBURÐIR

**1741** Tónskáldið Georg Friedrich Händel lýkur við stórverkið Messías.

**1944** Marlene Dietrich, kvikmyndaleikkonan fræga, heldur sýningu í Tripoli-leikhúsinu í Reykjavík.

**1950** Flugvélin Geysir brotlendir á Bárðarbungu á Vatnajökli. Sex manna áhöfn kemst lífs af en flugvélin fannst ekki fyrr en fjórum dögum síðar.

**1982** Kristján Eldjárn, fyrrverandi forseti Íslands, andast.

**1982** Grace Kelly, prinsessa af Mónakó, lætur lífið eftir umferðarslys.

**1996** Vestfjarðagöng, milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Ísafjarðar, eru formlega opnuð.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

! Talstöðin
Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

BRYNJÓLFUR SVEINSSON Á 400 ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI:

# Stórbrotinn og harmrænn

Á þessum degi fyrir réttum fjórum öldum fæddist Brynjólfur biskup Sveinsson, á Holti vestur í Önundarfirði. Brynjólfur var einn valdamesti maður landsins á sinni tíð og þjónaði sem biskup í Skálholti í 35 ár.

Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur hefur rannsakað ævi biskupsins. „Brynjólfur var kominn af höfðingjaættum og snemma komu námsgáfur hans í ljós. Hann var lærðasti Íslendingur síns tíma og hlaut mjög fjölbætta menntun úti í Kaupmannahöfn; var mikill málamaður og fjölfræðingur eins og bestu vísindamenn síns tíma."

Brynjólfur hafði hug á að ferðast lengra suður í Evrópu, en kom við á Íslandi til að ganga frá erfðamálum. „Þá vildi svo til að Skálholtsbiskup féll frá. Brynjólfur var umsvifalaust kosinn biskup og hálfpartinn neyddur í embættið."

Steinunn segir embættisfærslur hans bera vitni um að hann hafi verið afar afkastamikill. Á spássíur annála skráði hann það sem Steinunn kallar drög að sjálfsævisögu og þar skín persónuleiki hans stundum í gegn. „Það var til dæmis mikil hamingjustund í lífi hans þegar Ragnheiður dóttir hans fæddist."

Það þykir Steinunni nokkuð sláandi í ljósi þess sem síðar varð. Ragnheiður eignaðist ung að árum barn í meinum og lést stuttu síðar. „Höfðingjar pössuðu upp á auð sinn og völd með því að giftast innbyrðis. Ragnheiður hlýddi hins vegar hjarta sínu og þá hófust mikil átök milli feðginanna sem enduðu með ósköpum og það beygði Brynjólf mjög," segir Steinunn, sem lýsir biskupnum sem einni harmrænustu persónu 17. aldar. ■



**STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR** Segir Brynjólf hafa verið flókinn persónuleika.



**BRYNJÓLFUR BISKUP** Flestir þekkja myndina af Brynjólfi sem prýðir þúsund króna seðilinn.

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Matthildur Sigurðardóttir**

frá Hrauni í Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík laugardaginn 10. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Bjarni Ágústsson**
**Ólafur Ágústsson**
**Sigrún Ágústsdóttir**
**Hallbera Ágústsdóttir**
**Bára Ágústsdóttir**
**Alda Ágústsdóttir**
**Ása Ágústsdóttir**
**Þórdís Ágústsdóttir**
**Sigríður Ágústsdóttir**
**Sigurður Ágústsson**
**Hrönn Ágústsdóttir**
**Bylgja Ágústsdóttir**
**Sv. Ægir Ágústsdóttir**
**Sjöfn Ágústsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

**Karen Pétursdóttir**

**Guðlaugur Óskarsson**
**Guðmundur Finnsson**
**Jens Óskarsson**
**Kári Hartmannsson**
**Guðmundur Lárusson**
**Marteinn Karlsson**
**Sigurjón Jónsson**
**Albína Unndórsdóttir**
**Þorsteinn Óskarsson**
**Walter Borgar**
**Sólveig Sveinsdóttir**
**Finnbogi Þorsteinsson**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Björn Björnsson**

lést sunnudaginn 11. september.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Guðný Aðalsteinsdóttir**
**Bryndís Björnsdóttir**
**Ásdís Björnsdóttir**

**Magni S. Sigmarsson**
**Guðni Már Harðarson**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Friðmey Guðmundsdóttir**

frá Bíldsfelli, Grafningi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði fimmtudaginn 1. september, verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 16. september kl. 13.30.

**Ágústa Guðlaugsdóttir**
**Svavar Valdimarsson**
**Guðríður Þorvaldsdóttir**
**Guðmundur Þorvaldsson**
**Sigurður Þorvaldsson**
**Pétur Þorvaldsson**
**Árni Þorvaldsson**
**Rósa Þorvaldsdóttir**
**Þorsteinn Þorvaldsson**
**Guðmundur Öfjörð**
**Ruth Guðmundsdóttir**
**Kristbjörg Guðmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

**Sigtryggur Einarsson**
**Valey Guðmundsdóttir**
**Haraldur Ríkharðsson**
**Kristín Gísladóttir**

**Hjördís B. Ásgeirsdóttir**
**Sigrún Hlöðversdóttir**
**Sturla Pétursson**
**Fjóla Ægisdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Bergholt Lúthersson**

húsvörður, Ásbraut 21, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 12. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Svana Svanþórsdóttir**
**Ragna Óladóttir**
**Kristín Th. Óladóttir**
**Ásdís Óladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Eiríkur G. Guðmundsson**
**Óli Sævar Laxdal**
**Lúther Ólason**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmundína Ingvarsdóttir**

frá Höfða, Vallarbraut 2, Ytri-Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 11. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ólafur I. Kristjánsson**
**Sjöfn Kristjánsdóttir**
**Sigurgeir Kristjánsson**
**Kristján Kristjánsson**
**Edda Kristjánsdóttir**
**Viðar Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Óskar Hermannsson**
**Pálína Gísladóttir**
**Þóra Harðardóttir**

**Sigríður Gunnarsdóttir**

---

## ANDLÁT

**Ólafur Guðmundsson,** kennari, Sóleyjargötu 7, Reykjavík, lést föstudaginn 9. september.

**Einar Þór Arason,** Grænási 1b, Ytri-Njarðvík, andaðist laugardaginn 10. september.

**Jónas Halldórsson,** sundkennari og sundmeistari, síðast til heimilis að dvalarheimilinu Seljahlíð, lést laugardaginn 10. september.

**Torfi Jónsson,** skipstjóri, Mýrum 6, Patreksfirði, lést laugardaginn 10. september.

**Guðmundína Ingvarsdóttir,** frá Höfða, Vallarbraut 2, Ytri-Njarðvík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 11. september.

**Laufey Alda Guðbrandsdóttir,** Sleitustöðum, Skagafirði, lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks mánudaginn 12. september.

## JARÐARFARIR

13.00 **Þorbjörg Steingrímsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

14.00 **Guðjón Jóhann Jóhannsson,** Reitarvegi 6, Stykkishólmi, verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju.

14.00 **Hafdís Matthíasdóttir,** Leirubakka 14, Reykjavík, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju.

15.00 **Halla Hafliðadóttir,** frá Siglufirði, til heimilis á Suðurbraut 10, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

15.00 **Hugrún Kristinsdóttir,** Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Nýtt

# Nicotinell®

## Classic




Fyrir þá sem vilja mjúkt og gott
nikótíntyggjó **með nikótínbragði.**

# 20% afsláttur

**5.-23. september í öllum apótekum Lyf & heilsu**

## Ráðgjöf og kynning í Lyf & heilsu

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 14. sept. | Lyf og heilsa Domus Medica |
| Fimmtudagur 15. sept. | Lyf og heilsa Akranes |
| Föstudagur 16. sept. | Lyf og heilsa Fjarðarkaupum |
| Miðvikudagur 21. sept. | Lyf og heilsa JL-húsinu |
| Fimmtudagur 22. sept. | Lyf og heilsa Seltjarnanesi. |




ARNARSON.TK · NIC-004-240105

Lyf & heilsa

Nicotinell tyggig mmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga r reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur r fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sj klingar með slæma hjarta- og æðasj kdóma eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggig mmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til nú sjá.



## Á toppnum ...

... lið Guðjóns Vals Sigurðssonar og Róberts Gunnarssonar, Gummersbach, er efst í þýsku úrvalsdeildinni. Gummersbach lagði Göppingen, 27–26, í gær. Guðjón Valur skoraði 5 mörk en Róbert 2. Þetta var þriðji sigur liðsins í röð.

# sport

sport@frettabladid.is

**BANDARÍKJAMAÐURINN JASON KALSOW:** SEGIR AÐ KEFLVÍKINGAR GERI VEL VIÐ SIG

# *Betri laun í Keflavík en í Þýskalandi*





Í dag kemur til landsins Bandaríkjamaðurinn Jason Kalsow en hann er búinn að semja við Íslandsmeistaralið Keflavík í körfubolta. Kalsow var eftirsóttur leikmaður og Keflavík hafði betur í baráttunni við lið frá Þýskalandi og Danmörku um þjónustu hans. Það sem meira er greiðir Keflavík betur en lið frá þessum löndum, að því er Kalsow segir í viðtali við bandaríska blaðið Northwest Herald.

„Ég fékk betri samning í Keflavík og liðið er búið að vinna deildina tvö ár í röð," sagði Kalsow aðspurður um af hverju hann valdi Keflavík. Þessi ummæli Kalsows hljóta að vekja verulega athygli enda hefur hingað til verið mikið mun betur greitt í Þýskalandi og Danmörku en hér á landi. Þar að auki er launaþakið á Íslandi 500 þúsund krónur en góður maður í Þýskalandi hefur ríflega þau laun. Fréttablaðið hafði samband við Birgi Má Bragason, formann körfuknattleiksdeildar Keflavíkur, og spurði hann að því hvernig Keflvíkingum tækist að slá við liðum frá Evrópu undir litla launaþakinu sem er við lýði hér á landi.

„Helvíti er verið að greiða lítið í Þýskalandi," sagði Birgir Már, sem greinilega var hissa á ummælum Kalsows. „Það er ekki hægt að segja að þetta sé dýr leikmaður en hann er með minni laun en Kanarnir sem voru hjá okkur í fyrra og aðeins betri laun en Makedóninn sem kemur líka til okkar. Það hjálpar okkur að fá ódýra Kana þar sem við erum í Evrópukeppni," sagði Birgir Már, sem var ófáanlegur til þess að gefa upp laun Kalsows en tók skýrt fram að Keflavík væri undir launaþakinu.

## > Við finnum til með ...

... með góðvinunum Loga Geirssyni og Sverri Garðarssyni sem báðir eiga um sárt að binda þessa dagana sökum meiðsla.



Við mælum með að Logi noti hvíldina til að semja hressan slagara til að lyfta þeim félögum upp í skammdeginu. Hann fer létt með það enda maður margra hæfileika.

## > Við hrósum ...

.... körfuknattleiksdeild Keflavíkur sem hefur komið sér upp svo góðu orðspori í Evrópu að leikmenn vilja frekar spila með Keflavík en félögum í Þýskalandi og Danmörku. Vasar Keflvíkinga eru greinilega líka djúpir og ekkert nema gott um það að segja þegar íslensk félagslið eiga nóg af peningum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

11 12 13 **14** 15 16 17

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

☐ 19.15 **KR og Fjölnir** mætast í DHL höllinni í Reykjavíkurmóti kvenna í körfubolta.

☐ 20.00 **Valur og ÍS** mætast í íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavíkurmóti karla í körfubolta.

### SJÓNVARP

☐ 17.20 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.

☐ 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.

☐ 18.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Villarreal og Manchester United í beinni útsendingu.

☐ 20.40 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.

☐ 21.20 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Werder Bremen og Barcelona.

☐ 23.10 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu:*

**E-riðill**:

AC MILAN–FENERBAHCE 3–1
1–0 Kaká (18.), 1–1 Alex, vsp. (63.), 2–1 Kaká (87.), 3–1 Andriy Shevchenko (89.).

PSV EINDHOVEN–SCHALKE 1–0
1–0 Jan Vennegoor of Hesselink (33.).

**F-riðill**

LYON–REAL MADRID 3–0
1–0 John Carew (21.), 2–0 Juninho (26.), 3–0 Sylvain Wiltord (32.).

OLYMPIAKOS–ROSENBORG 1–3
1–0 Lago, sjm. (19.), 1–1 Per Skjelbred (42.), 1–2 Mavrogenidis (47.), 1–3 Øyvind Storflor (90.).

**G-riðill**:

REAL BETIS–LIVERPOOL 1–2
0–1 Florent Sinama-Pongolle (2.), 0–1 Luis Garcia (14.), 1–2 Arzu (51.).

CHELSEA–ANDERLECHT 1–0
1–0 Frank Lampard (19.).

**H-riðill**:

ARTMEDIA–INTER 0–1
0–1 Julio Cruz (17.).

RANGERS–PORTO 3–2
1–0 Peter Løvenkrands (35.), 1–1 Pepé (47.), 2–1 Dado Prso (59.), 2–2 Pepé (71.), 3–2 Kyrgiakos (85.).

### *Evrópukeppni kvenna:*

DJURGÅRDEN–VALUR 2–1
**Laufey Ólafsdóttir** skoraði mark Vals.

### *Norska úrvalsdeildin:*

AALESUND–MOLDE 1–4
**Haraldur Freyr Guðmundsson** lék allan leikinn fyrir Aalesund og fékk gult spjald.

FREDRIKSTAD–VALERENGA 0–4
**Árni Gautur Arason** lék allan leikinn fyrir Valerenga.

### *Enska 1. deildin:*

CARDIFF–LEICESTER 1–0
**Jóhannes Karl Guðjónsson** lék allan leikinn fyrir Leicester.

HULL–STOKE 0–1
**Þórður Guðjónsson** og **Hannes Sigurðsson** voru ekki í leikmannahópi Stoke City.

PLYMOUTH–CREWE 1–1
**Bjarni Guðjónsson** sat á varamannabekk Plymouth allan leikinn.

SHEFF. WED–LEEDS 1–0
**Gylfi Einarsson** var í byrjunarliði Leeds en var tekinn af velli á 62. mínútu.

READING–CRYSTAL PALACE 3–2
**Ívar Ingimarsson** og **Brynjar Björn Gunnarsson** léku allan leikinn fyrir Reading. Brynjar Björn fékk gult spjald í leiknum.

# Titilvörnin byrjar vel

**Liverpool byrjaði vel í riðlakeppni Meistaradeildarinnar er liðið lagði Betis á Spáni, 2-1. Chelsea marði sigur á Anderlecht en Real var flengt í Frakklandi.**

**FÓTBOLTI** Fyrir fram hefði Liverpool líklega sætt sig við jafntefli á Spáni en sami andi var yfir leik liðsins í gær og í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð. Pongolle skoraði gull af marki og Luis Garcia bætti góðu marki síðan við og það dugði til sigurs gegn sterku liði Betis.

„Við erum mjög sáttur við stigin þrjú," sagði Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool. „Þetta var flott frammistaða og við verðum að leika eins vel gegn Manchester United um helgina. Ég held við höfum komið Betis á óvart með uppstillingu okkar." Rafael Benitez þjálfari var einnig sáttur: „Það var frábært að fá þessi tvö mörk strax í byrjun en við lentum í smá erfiðleikum í síðari hálfleik. Engu að síður er ég mjög sáttur við frammistöðu okkur í heildina."

Það hefur verið lítill meistarabragur á leik Chelsea í upphafi ársins og það sama var uppi á teningnum gegn Anderlecht á Stamford Bridge í gær. Engu að síður vann Chelsea leikinn eins og venjulega og hélt þar að auki hreinu. Hreint ótrúlegt lið.

„Það er ekki eðlilegt að vera í toppformi í upphafi leiktíðar og svona var þetta líka í fyrra. Við gerðum það sem þurfti engu að síður og það eina sem skiptir okkur máli er að fá stigin þrjú," sagði Frank Lampard, miðjumaður Chelsea. „Þrátt fyrir þessa spilamennsku er magnað að líta á afrekaskrána það sem af er vetri. Hún talar sínu máli." Jose Mourinho sagðist hafa verið sáttur við fyrri hálfleikinn en ósáttur við þann seinni.



**CARRAGHER FAGNAR** Jamie Carragher lék vel í gær og hann fagnaði ógurlega í leikslok.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Real Madrid var kjöldregið af lærisveinum Gerard Houllier í gær og spænskir fjölmiðlar spáðu því strax eftir leikinn að Brasilíumaðurinn Wanderley Luxemburgo yrði rekinn sem þjálfari liðsins í dag.

henry@frettabladid.is



**Á LEIÐ HEIM** Helgi sést í hér í baráttu við spænska landsliðsmanninn Carles Puyol í æfingaleik gegn Barcelona fyrr í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Helgi Sigurðsson snýr heim úr atvinnumennskunni:

# Vill losna frá AGF í janúar

**FÓTBOLTI** „Ég hef hug á því að koma heim," sagði Helgi Sigurðsson knattspyrnumaður í samtali við Fréttablaðið í gær. Helgi leikur nú með AGF í Danmörku en hefur undanfarin ellefu ár leikið með sex félögum í fimm Evrópulöndum. „Þetta er búinn að vera langur tími og það er tímabært að koma sér heim aftur."

Helgi segir að sér hafi borist fyrirspurnir frá fjórum eða fimm félögum hér heima. „Ég vil bara fyrst ljúka mínum málum hér áður en ég ræði við íslensk félög. Samningur minn við AGF rennur út í júní á næsta ári og ætla ég að reyna að koma mér heim um áramótin. Ég býst við að fá svar fljótlega."

Helgi er nú að jafna sig eftir uppskurð sem hann fór í mars síðastliðnum vegna meiðsla á hásin. „En það bara fannst ekki neitt. Þetta var í raun algert rugl því það þýddi samt að ég þurfti að vera frá í sjö mánuði.

Hvað framtíðina varðar á Íslandi vill Helgi lítið gefa upp. Hann er uppalinn Víkingur en skipti yfir í Fram áður en hann hélt í atvinnumennskuna. „Vitaskuld minnast allir á Framara og er það í sjálfu sér minn fyrsti kostur. Víkingur er líka vel inni í myndinni."

- esá

Átta leikir fara fram í Meistaradeild Evrópu í kvöld:

# Forlan mætir sínum gömlu félögum

**FÓTBOLTI** Manchester United mætir í kvöld spænska liðinu Villarreal í Meistaradeild Evrópu en Villarreal hefur aldrei áður komist svo langt í Evrópukeppni. Diego Forlan, sem lék með Manchester United áður en hann fór til Villarreal fyrir síðustu leiktíð, ætlar sér að sýna sínar bestu hliðar í kvöld en hann var markahæsti leikmaður spænsku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð með 25 mörk.

„Ég hef lengi beðið eftir þessum leik. Mér leið vel hjá Manchester United en ég hef hins vegar fengið tækifæri til þess að sýna hvað í mér býr hjá Villarreal og ég ætla mér að skora gegn Manchester."

Stórliðin Juventus, Bayern München og Barcelona verða einnig í eldlínunni í kvöld. Frank Rijkaard, knattspyrnustjóri Barcelona, mun stýra sínum mönnum gegn þýska liðinu Werder Bremen og vonast til þess að liðið sýni sitt rétta andlit. „Við munum spila sóknarknattspyrnu, eins og alltaf. Það eru nokkrir leikmenn tæpir vegna meiðsla en ég mun stilla upp sterku liði sem er líklegt til þess að vinna leikinn."

- mh

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| |
|---|
| **Werder Bremen – Barcelona** |
| Sparta Prag – Ajax |
| **Arsenal – FC Thun** |
| Rapid Vín – Bayern München |
| **Club Brugge – Juventus** |
| Villarreal – Manchester United |
| **Benfica – Lille** |
| Udinese – Panathinaikos |

## ÚR SPORTINU

Varnarjaxlinn **Sverrir Garðarsson**, sem ekkert hefur getað leikið með **FH** í sumar vegna meiðsla, er á leið í flókna aðgerð á báðum ökklum og alls óvíst hvenær hann snýr til baka á knattspyrnuvöllinn.



„Þetta er ný tegund af aðgerð þar sem læknarnir nota einhverjar nýjar skrúfur til að setja upp í ökklana," sagði **Sverrir,** sem treysti sér ekki til að fara ítarlega út í aðgerðina. „Meiðslin má rekja til álags, en þau eru afar fátíð og ekki er vitað um neinn annan hér á landi sem hefur lent í þessu. Beinið í ökklanum hægra megin er alveg klofið og vinstra megin er slæm sprunga sem grær ekkert," sagði **Sverrir**.

Framkvæmdastjóri Charlton, **Peter Varney**, undrast það ekki þó knattspyrnustjóri félagsins, **Alan Curbishley**, sé orðaður við þjálfarastöðuna hjá enska landsliðinu en staða Svíans **Sven Göran Eriksson** þykir ekki góð eftir slaka frammistöðu landsliðsins í síðustu leikjum. „**Curbishley** er frábær þjálfari sem myndi örugglega geta gert enska landsliðið að heimsmeistara."

**Frank Lampard**, miðvallarleikmaður Chelsea og enska landsliðsins, segist vel finna fyrir því að Chelsea sé óvinsælasta liðið á Englandi hjá öllum nema stuðningsmönnum liðsins.



„Við leikmenn finnum allir fyrir því að við erum ekki vinsælir þessa dagana. Ég hugsa að það fari í taugarnar á stuðningsmönnum annarra liða hversu miklir peninga eru til hjá Chelsea eftir að **Roman Abramovich** keypti félagið.

**Logi Geirsson**, landsliðsmaður í handbolta sem leikur með þýska liðinu Lemgo, verður frá æfingum og keppni í að minnsta kosti sex vikur í viðbót vegna bakmeiðsla. Þetta kom í ljós eftir heimsókn hans til dr. **Dietrich Grönemeyer**, læknis í Bochum. Einn hryggjarliður í baki **Loga** er skemmdur og í byrjun ágúst var **Loga** fyrirskipað að hvíla sig á handbolta í sex vikur.



Batinn hefur verið hægari en vonast var eftir og því fékk **Logi** nýja fyrirskipun um að halda sig frá handbolta í sex vikur í viðbót, samtals þrjá mánuði.

**Thierry Henry**, fyrirliði Arsenal og landsliðsmaður Frakka, verður frá æfingum og keppni í sex vikur hið minnsta eftir að í ljós kom að meiðsli hans aftan í læri reyndust alvarlegri en haldið var í fyrstu. **Henry** er lykilmaður í liði Arsenal og því verður erfitt fyrir liðið að vera án hans. **Arsene Wenger** segir nauðsynlegt fyrir leikmenn liðsins að sýna samstöðu á þessum tíma.

Formúlu 1 ökuþórinn **Michael Schumacher** reiddist heiftarlega eftir að **Takuma Sato** ók aftan á hann á Spa-brautinni um helgina. **Schumacher** sló í hjálm Sato en hann baðst afsökunar á reiðiskasti sínu í gær. „Ég reiddist mikið á sunnudaginn enda hafði ég ástæðu til. Þessi aftanákeyrsla var heimskuleg og óþörf keyrslu."




BERNHARD

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 307 á tilboði sem öllum líkar.

**BERNHARD** ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100
**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535





## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Hvar er virðingin?

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** HEFUR FENGIÐ SIG FULLSADDA AF VIP-RÖÐUM.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Fór á djammið á laugardaginn og var í dansstuði. Langaði til að tjútta með vinkonu minni og við héldum eins og alvöru dömum sæmir – beinustu leið í röðina fyrir utan staðinn og biðum þar í töluverða stund. Vorum svo komnar fremst og bjuggumst því við að verða hleypt inn. Nei. Í kringum dyrnar hrúgaðist hitt og þetta fólk sem vildi fá að komast inn á undan okkur. VIP-röðin einmitt. Andstyggilega VIP-röðin. Dyraverðirnir voru ekki betur gerðir en svo að þegar misfrægt fólk bað um að fá að komast inn þá hleyptu þeir þeim fram fyrir okkur án þess að hika. Þarna biðum við svo stilltar og létum hafa okkur að fíflum með því að standa eins og þvörur á meðan fólkið streymdi inn.

Mér er spurn. Er fólk með kunnuglegt andlit, jafnvel vegna vinnu sinnar við fjölmiðla, eitthvað betra en annað fólk? Hvað með mig? Núna er mynd hérna af mér hérna til hliðar. Ætti ég þá að gera ráð fyrir því að ég sé fræg og heimta að fara fram fyrir aðra í röðum? Sennilega myndi nú enginn dyravörður þekkja mig á djamminu nema ég myndi mála mig gráa í framan og setja upp fimm-árastelpu bros eins og ég gerði greinilega í myndatökunni. En ég gæti tekið blaðið með mér, ha? Sýnt honum svo skilríki sem sýndu sama nafnið og er hér fyrir ofan. Nei, held ekki.

Mér finnst persónulega allt í lagi að hleypa mjög mjög frægu fólki fram fyrir mig í röðinni. Fólk sem gæti jafnvel orðið fyrir aðkasti í röðinni vegna frægðar sinnar, eins og Björk kannski. En þegar krakkar á mínum aldri, alls ekkert frægir fyrir neitt nema þá kannski argasta frekjuskap í skemmtistaðaröðum, streyma inn á undan mér þá er mér bara alls ekkert sama. Þið þarna sem vogið ykkur að fara í VIP-raðir og traðka um leið á hinu heiðarlega fólki í röðinni, ímyndið ykkur að þið séuð í Hagkaupum. Mynduð þið gera þetta þar? Smeygja ykkur með kerruna ykkar fyrir framan hina? Nei, það er ekkert jafn lummó og að bera ekki virðingu fyrir öðru fólki. Hættum þessum dónaskap, fólk!

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott









## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 5 | 3 | 7 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 2 |
| 8 | 2 | 1 | 6 | 9 | 5 | 7 | 4 | 3 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 2 | 1 | 8 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 6 | 4 | 9 | 3 | 7 |
| 1 | 6 | 9 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 6 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | | 6 | 3 | | 9 |
| | 4 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 5 | | 1 | | | 4 | | 2 | |
| 1 | | | 5 | | | | 8 | 3 |
| | | 6 | 8 | | 7 | 4 | | |
| 4 | 3 | | | | 9 | | | 5 |
| | 2 | | 4 | | | 9 | | 8 |
| | 7 | | | 6 | 3 | | 5 | |
| 9 | | 3 | 2 | | | 7 | | |

su|do|ku

© Puzzles by Pappocom



BDF ●●●●
Beiersdorf
LOKSINS SÁTT
VIÐ MÍNA VIÐKVÆMU HÚÐ.
• Án ilmefna • Án litarefna
NIVEA VISAGE
SENSITIVE BALANCE
NÝTT!
EINSTÖK FORMÚLA SEM:
• róar samstundis húð þína
• styrkir varanlega sjálfsvörn húðarinnar
Meira um róandi mátt lakkrísplöntunnar og jafnvægis-
formúluna er að finna á: www.NIVEA.com
NIVEA
VISAGE








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Julia Stiles** segist forðast það að lesa dagblöð vegna slúðurfrétta sem þar er að finna. Hún segist ekki skilja hvernig fólk geti legið yfir slúðri allan daginn og virkilega trúað því sem þar stendur. Sjálf hefur leikkonan lítið verið í fréttum undanfarið.

Nú standa yfir tökur á nýrri mynd **50 Cent**, *Get Rich Or Die Trying,* í New York. Fjöldi aðdáenda vildi fá eiginhandaráritun hjá rapparanum núna nýverið en honum var bannað að tala við fólkið af leikstjóra sínum svo hann henti til þess peningum í staðinn. „Á meðan tökur stóðu yfir byrjuðu aðdáendur mínir að kalla á mig og mér leið illa yfir því að geta ekki talað við þá," sagði rapparinn góðkunni.



# Willy Wonka slær í gegn

Nýjasta mynd leikstjórans Tim Burton um Kalla og súkkulaðiverksmiðjuna hefur slegið hressilega í gegn á Íslandi rétt eins og annars staðar í heiminum. Um 7.000 manns sáu myndina yfir frumsýningarhelgina og á fjórum dögum hafði hún náð 10.000 gestum.

Christof Wehmeier hjá Sambíóunum segir þessa miklu aðsókn þó ekki koma sér á óvart. Hún sé í samræmi við vinsældir myndarinnar annars staðar og það sé ljóst að hún hafi spurst mjög vel út.

„Þess má geta að það voru um 800 manns í þrjúbíó í stærsta sal Háskólabíós á sunnudaginn. Það gerist ekki oft að svo fullt sé í þeim sal en hann tekur yfir 900 manns í sæti," segir Christof og bætir því við að stemningin í salnum hafi verið mjög góð og gestir hafi klappað að sýningu lokinni.



**JOHNNY DEPP** Gerir það gott í Charlie and the Chocolate Factory, sem höfðar til allra aldurshópa.

Johnny Depp fer á kostum í hlutverki súkkulaðiframleiðandans Willy Wonka í myndinni og trónir nú á toppi íslenska aðsóknarlistans með súkkulaðifabrikkunni sinni. ■

# Fjörutíu nöfn bætast við

Fjörutíu innlendir og erlendir listamann hafa bæst við þann stóra hóp sem mun koma fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í næsta mánuði.

Á meðal þeirra er Daníel Ágúst, fyrrverandi söngvari Gus Gus og Nýdanskrar, sem kynnir plötu sína Swallowed Star sem hefur verið fimm ár í vinnslu. Bandaríska indírokksveitin Clap Your Hands and Say Yeah, sem þykir ákaflega efnileg, verður á meðal erlendu nafnanna ásamt skoska raftrúbadornum Colin Sweeney, skoska rafrokkdúettnum Union of Knives og enska gítarbandinu The Rushers. Einnig kemur bandaríska hip hop-sveitin The Perceptionists á Airwaves ásamt dönsku hljómsveitinni Delicia Mini, með Íslendinginn Kristján Eggertsson innanborðs, og bandarísku rokkstrengjasveitinni New Radio.



**DANÍEL ÁGÚST** Daníel Ágúst, sem gefur á næstunni út sólóplötuna Swallowed Star, mun koma fram á Airwaves.






**HLJÓMSVEIT Í FERÐAHUG** Sonur stjórnandans leikur einleik á tónleikaferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands um Snæfellsnes.

# Sinfónían ferðast

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur haldið þeim sið að ferðast reglulega um landið til þess að halda tónleika. Í dag heldur hún af stað vestur á Snæfellsnes og heldur þar tvenna tónleika, þá fyrri á Ólafsvík í kvöld og þá seinni annað kvöld í Stykkishólmi.

Einleikari á báðum tónleikunum verður Stefán Jón Bernharðsson hornleikari, sem flytur ásamt hljómsveitinni Hornkonsert nr. 1 eftir Richard Strauss. Svo skemmtilega vill til að hljómsveitarstjórinn Bernharður Wilkinson er faðir hans. Fleiri fjölskyldumeðlimir verða á sviðinu þessi kvöld því móðir Stefáns, Ágústa Jónsdóttir, er fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveitinni.

Auk hornkonsertsins flytur hljómsveitin forleikinn að Rusla og Ludmina eftir Mikhaíl Glinka, Rúmenska dansa eftir Bela Bartok, Polovetska dansa eftir Alexander Borodin og Mascerade-svítu eftir Aram Katsjatúrían.

Tónleikarnir á Ólafsvík verða haldnir í Félagsheimilinu á Klifi klukkan 20 í kvöld en í Stykkishólmi fara þeir fram í Stykkishólmskirkju og hefjast kl. 19.30. Miðasala verður við innganginn. ■








## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Heidi Klum** á skilið að fá hamingjuóskir en hún eignaðist sitt annað barn 12. september og var það lítill drengur. Heidi, sem er 32 ára að aldri, er gift söngvaranum **Seal**, en þau giftu sig í maí. Heidi hefur aðeins fimm daga til að koma sér í form fyrir Emmy-verðlaunahátíðina.



**Mariah Carey** hefur verið beðin um að syngja inn á geisladisk **Michaels Jackson** sem gefinn er út til styrktar fórnarlömbum fellibylsins **Katrínar**. Þar mun hún komast í hóp með stjörnum á borð við **James Brown, Snoop Dogg, Jay-Z, Lenny Kravitz, Wyclef Jean** og **Missy Elliott**. En lagið ber heitið *From the Bottom of My Heart*. Útgáfudagur disksins er ekki kominn í ljós.



**Pink** er bálreið bæði **Jennifer Lopez** og **Beyoncé Knowles** fyrir það að klæðast pelsum. Pink vildi lítil sem engin samskipti hafa við Beyoncé á síðasta ári þegar tökur stóðu yfir á *Pepsi* auglýsingu þeirra, en hún átti að hafa mætt á svæðið í minkapels. Pink sem er meðlimur PETA og berst fyrir réttindum dýra sagði: „Beyonce ræður því hverju hún klæðist en ég ætla ekki að tala við hana."

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

12 13 **14** 15 16

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 Kvartett Sigurðar Flosasonar heldur tónleika í Tónlistarskóla Garðabæjar að Kirkjulundi í boði menningar- og safnanefndar Garðabæjar. Aðgangur er ókeypis.

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.30 **Birgir Guðmundsson** fjallar á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri um Evrópuverkefnið „Staðalímyndir kvenna í íþróttafréttum", þar sem borin er saman staða mála í fimm Evrópuríkjum. Fyrirlesturinn verður haldinn í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

☐ 17.00 **Ingibjörg Haraldsdóttir**, rithöfundur, flytur opinberan fyrirlestur um erindi og framtíð ljóðsins í Norræna húsinu í boði Stofnunar Sigurðar Nordals.

### FUNDIR

☐ 20.00 Þjóðfræðingarnir **Vilborg Davíðsdóttir** og **Árni Björnsson** flytja erindi á fyrsta þemakvöldi Félags þjóðfræðinga í vetur, sem haldið verður í húsi Sögufélagsins við Fischersund.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



**KORN** Rokksveitin Korn hefur gengið til liðs við útgáfurisann EMI.

# Korn gerir stóran samning

Rokksveitin Korn, sem hélt tónleika í Laugardalshöll á síðasta ári, hefur gert umfangsmikinn útgáfusamning við fyrirtækið EMI.

Samningurinn felur í sér að EMI mun hafa umsjón með sölu á DVD-diskum Korn, tónleikaferðum sveitarinnar og flestu öðru sem við kemur sveitinni. Virgin Records, sem er undirfyrirtæki EMI, mun gefa út nýjar hljóðversplötu Korn, sem er væntanleg síðar á þessu ári. Korn hefur selt 25 milljónir platna á ferli sínum, þar af 14 í Bandaríkjunum, og er ein vinsælasta þungarokkssveit heims. ■















## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„What kind of place is this? It's beautiful: Pigeons fly, women fall from the sky! I'm moving here!"**

**Svar:** Guido úr kvikmyndinni La Vita è bella árið 1997

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** DRÍFA SIGURÐARDÓTTIR ER BÚIN AÐ FÁ NÓG AF ÞVÍ AÐ HORFA Á RUGLAÐA STÖÐ 2

## *Hljóðið var farið*



Ég er farin að kvíða ofurlítið fyrir komandi vetri. Ég er kannski aðeins of snemma í því myndu sumir segja, en svoleiðis er það bara þegar maður er ungur og einhleypur og þarf að reiða sig á sjónvarpið eitt og sér til að skemmta sér á dimmum og köldum vetrarkvöldum.

Þannig er nefnilega mál með vexti að ég hef ekki séð Stöð 2 óruglaða í nokkuð mörg ár. Ég var búin að komast upp með í ansi langan tíma að horfa á suma af mínum uppáhaldsþáttum eins og American Idol og Extreme Makeover, svo fátt eitt sé nefnt, ruglaða. Ég setti lítið út á það að þurfa að píra augun ofurlítið við og við því hljóðið var í lagi og þá var ég hreinlega sátt. Augun gat ég bara hvílt í auglýsingahléum. Svo gerðist það í vetur, þegar ég var búin að hlamma mér makindalega upp í sófa með nammi og kók á borðinu og stillt á Stöð 2, að hljóðið var farið.

Rugluð mynd og skruðningshljóð heltóku huga minn. Það voru aðeins örfáar mínútur í það að uppáhaldsþátturinn minn, American Idol, myndi hefjast. Ég vissi ekki hvort ég ætti að gráta eða gráta þannig að ég ákvað að fara í fýlu þennan vetur. Ég hafði lítinn áhuga á að heyra um það hve Bo væri æðislegur og hvað Carrie væri mikið krútt. Fyrst að ég fékk ekki að vera með, þá nennti ég ekki að hlusta á aðra. Ég man nú ekki einu sinni hver vann síðast. Svo mikill var áhuginn. En nú þoli ég ekki meir. Ég er búin að fá nóg af því að vera í vondu skapi. Ég hef því ákveðið að breyta fýlusvipnum í bros og vera með í ár. Það er nefnilega lítið varið í það að vera skilin út undan. Óruglaður vetur bíður mín. Ég finn það á mér. Stöð 2, hér kem ég. Það verður munur að fá bæði sjón og heyrn upp á tíu að nýju. Hey, þetta rímaði.



▶ 21.25 MATUR

KOKKAR Á FERÐ OG FLUGI



▶ 20.30 LÍFSTÍLL

WHAT NOT TO WEAR



▶ 22.00 SPJALL

KVÖLDÞÁTTURINN



▶ 21.00 NÝTT

FÓLK – MEÐ SIRRÝ



▶ 18.30 FÓTBOLTI

VILLARREAL – MAN. UTD

### SJÓNVARPIÐ

**17.00** Stiklur – Undir hömrum, björgum og hengiflugum **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (10:11) **18.24** Sígildar teiknimyndir (9:38)

**18.32 Líló og Stitch (9:19)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Ed (83:83)**
**20.55 Á faraldsfæti** (Vildmark – Upptäckeren) Sænsk þáttaröð.
▶ **21.25 Kokkar á ferð og flugi (6:8)** (Surfing the Menu) Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð þar sem tveir ungir kokkar, Ben O'Donoghue og Curtis Stone, flakka á milli fallegra staða í Suðurálfu og töfra fram ljúffenga rétti.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lífsháski – Þrír síðustu þættirnir (23:25)** (Lost) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**0.35** Kastljósið **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours

**12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Jamie Oliver (Oliver's Twist) (23:26) **13.55** Hver lífsins þraut (8:8) (e) **14.30** Extreme Makeover – Home Edition (13:14) **15.15** Amazing Race 6 (14:15) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (22:25) (e)**
**20.00 Strákarnir**
▶ **20.30 What Not to Wear (4:6)** (Druslur dressaðar upp) Raunveruleikaþáttur þar sem fatasmekkur fólks fær á baukinn. Ekki eru allir gæddir þeim hæfileika að kunna að klæða sig sómasamlega. Það er oft erfitt fyrir vini og ættingja að horfa upp á fatasóðana en brátt heyrir vandamálið sögunni til.
**21.00 Oprah Winfrey**
**21.45 1-800-Missing (12:18)** (Mannshvörf) Hörkuspennandi myndaflokkur.
**22.30 Strong Medicine 3 (20:22)** (Samkvæmt læknisráði 3)

**23.15** Stelpurnar **23.40** Kóngur um stund **0.25** Most Haunted (B.börnum) **1.10** Mile High (B. börnum) **1.55** Marine Life **3.30** Fréttir og Ísland í dag **4.40** Ísland í bítið **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Seinfeld (10:24)**
**19.30 Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki.
**20.00 Seinfeld (14:24)**
**20.30 Friends 3 (7:25)**
**21.00 Rescue Me (12:13)** (Leaving) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg.
**21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
▶ **22.00 Kvöldþátturinn** Stjörnur og afreksfólk af öllum sviðum samfélagsins koma í viðtöl og verða spurð spjörunum úr. Kvöldþátturinn veltir sér upp úr undarlegum hliðum á þjóðfélagsmálunum og tíðarandanum.
**22.40 David Letterman**

**23.30** Joan Of Arcadia (11:23) **0.15** Friends 3 (6:25) **0.40** Seinfeld (13:24) **1.05** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.50** Cheers – 6. þáttaröð
**18.20** Innlit/útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið**
**19.30 Will & Grace (e)** Grallararnir Will og Grace eru óaðskiljanleg og samband þeirra einstakt.
**20.00 America's Next Top Model IV** Fjórtán stúlkur keppa um titilinn og enn er það Tyra Banks sem heldur um stjórnvölinn og ákveður með öðrum dómurum hverjar halda áfram hverju sinni.
▶ **21.00 Fólk – með Sirrý Ný þáttaröð** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý og heldur áfram að taka á öllum mannlegum hliðum samfélagsins. Fólk með Sirrý verður í beinni útsendingu á miðvikudagskvöldum.

**23.00** Law & Order **23.45** Judging Amy (e) **0.35** Cheers – 6. þáttaröð (e) **1.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.00** Olíssport **17.30** UEFA Champions League **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 UEFA Champions League** (Villarreal – Manchester United) Bein útsending frá leik Villareal og Manchester United.
**20.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni.
**21.20 UEFA Champions League** (Werder Bremen – Barcelona) Útsending frá leik Werder Bremen og Barcelona.

**23.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs **23.50** Ensku mörkin **0.20** 2005 AVP Pro Beach Volleyball

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Head of State **8.00** Greenfingers **10.00** Wishful Thinking **12.00** Legally Blonde **14.00** Head of State **16.00** Greenfingers **18.00** Wishful Thinking

**20.00 Legally Blonde** Ellie Woods er ljóshærð fegurðardrottning.
**22.00 Fletch** Óborganleg sakamálamynd þar sem húmorinn er aldrei langt undan.

**0.00** Shanghai Knights (Bönnuð börnum) **2.00** Slackers (Bönnuð börnum) **4.00** Fletch

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Love is in the Heir **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **15.00** Uncut **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** High Price of Fame **18.00** E! News **18.30** Big Hair Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **21.00** Party @ the Palms **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Big Hair Gone Bad **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** Party @ the Palms

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Newcastle – Fulham frá 10.09 **16.00** WBA – Wigan frá 10.09 **18.00** West Ham – Aston Villa frá 12.09

**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Tottenham – Liverpool frá 10.09** laugardag.

**0.00** Chelsea – Sunderland frá 10.09
**2.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Safnað fyrir UNICEF** Skjár einn **kl. 21.00**

*Sirrý er mætt eftir sumarfrí.*



Sirrý mætir aftur á skjáinn í kvöld eftir sumarfrí með þáttinn sinn Sirrý. Þátturinn í kvöld er tvöfaldur söfnunarþáttur fyrir Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF á Íslandi. Farið verður til Kenía til að skoða hvað Íslendingar geta með auðveldum hætti gert til að hjálpa fátækum, munaðarlausum börnum til að fá mat, hreint vatn og menntun. Fjölmargir íslenskir heimsforeldrar koma í þáttinn, Silvía Nótt fer í sund og fleiri leggja sitt af mörkum til söfnunarinnar. Söfnunarsíminn er 562 6262.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.00** Fréttir **7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Er það svo? **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsd. e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e.

**22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútv. e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikf. **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Bókmenntahátíð í Reykjavík 2005 **14.00** Fréttir **14.03** Útvarpssagan: Hús úr húsi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Dagamunur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Walter Benjamin, –Das Passagen-Werk **22.15** Kvöldsagan: Heimaeyjarfólkið

**23.00** Dixiland, blús og sving

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **17.03** Útvarp Bolur

**18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Cycling: Tour of Spain **13.00** Cycling: Tour of Spain **15.30** Sumo: Nagoya Basho Japan **16.30** Olympic Games: Olympic Magazine **17.00** Equestrianism: European Championship Blenheim United Kingdom **18.00** Equestrianism: Samsung Nations Cup Spruce Meadows Canada **19.00** Golf: U.S. P.G.A. Tour Bell Canadian Open **20.00** Golf: The European Tour Linde German Masters **20.30** Sailing: Rolex IMS Offshore World Championship **21.00** Sailing: Swedish Match Tour Portugal Match Cup **21.30** All Sports: Wednesday Selection **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Fight Sport: Shooto

**BBC PRIME**
**12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Teletubbies **13.25** Tweenies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** The Stables **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Changing Rooms **18.30** Home From Home **19.00** Living Without a Memory **20.00** The Brian Epstein Story **21.15** Waking the Dead **22.05** Jonathan Creek **23.05** Trouble with Love **23.35** Trouble with Love **0.05** Great Writers of the 20th Century **1.00** Discovering Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Mountain Rescuers **13.00** When Expeditions Go Wrong: Lost in Space **14.00** Going to Extremes – the Silk Routes: Kazakhstan **15.00** Cinderella Man: the Real Jim Braddock Story **16.00** Battlefront: Battle of Norway **16.30** Battlefront: Dunkirk **17.00** Storm Stories: Hurricane Floyd **17.30** Storm Stories: Life Flight **18.00** Mountain Rescuers **19.00** When Expeditions Go Wrong: Iditarod **20.00** Megacities: Mexico City **21.00** Megacities: Las Vegas **22.00** Paranormal?: Crop Circles **23.00** Megacities: Mexico City **0.00** Megacities: Las Vegas

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Weird Nature **12.30** Nightmares of Nature **13.00** The Fangs – Big Squeeze **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** From Cradle to Grave **19.00** Shark Shrinks **20.00** Mad Mike and Mark **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Shark Shrinks

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** John Wilson's Fishing Safari **13.00** We Built This City **14.00** Extreme Machines **15.00** Junkyard Wars **16.00** A Racing Car is Born **16.30** A Racing Car is Born **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Blueprint for Disaster **20.00** Let's Roll **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Assassinations **0.30** Assassinations

**MTV**
**11.30** Just See MTV **13.00** Pimp My Ride **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Switched On MTV **16.00** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Dirty Sanchez **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Bands Reunited **20.00** Bands Reunited **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** The Fabulous Life of... **23.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Weddings **12.35** Awesome Interiors **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Weddings **17.15** Weddings **17.40** The Review **18.05** Crimes of Fashion **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** Spicy Sex Files **21.10** More Sex Tips for Girls **21.35** Ex-Rated **22.00** Sex and the Settee **22.30** Women Talk **23.00** Weekend Warriors **23.30** Paradise Seekers **23.55** Come! See! Buy! **0.25** The Review **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spider-Man **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.I.T.C.H. **15.30** Sonic X

**MGM**
**11.35** Stella **13.25** Rosebud **15.30** Whales of August **17.00** Heart in Hiding **18.10** Square Dance **20.00** Out on Bail **21.40** I Want to Live **23.15** After Midnight **0.50** Sometimes They Come Back

**TCM**
**19.00** Victor/Victoria **21.10** Brewster McCloud **22.55** The Man Who Came to Dinner **0.45** Tortilla Flat

**HALLMARK**
**12.45** Straight From The Heart **14.15** Locked in Silence **16.00** Just Cause **16.45** Thicker Than Water **18.30** Early Edition **19.15** Robin Cook's Acceptable Risk **20.45** Ahead of the Class **22.30** Early Edition **23.15** Mary, Mother Of Jesus **0.45** H2o

**BBC FOOD**
**12.00** Kitchen Takeover **12.30** My Favourite Chef **13.00** My Favourite Chef **13.30** Sophie's Weekends **14.00** Nigella Bites **14.30** Kitchen Takeover **15.00** Beauty and the Feast **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chef at Large **16.30** Danny By the Sea **17.00** Chef at Home **17.30** The Best **18.00** The Naked Chef **18.30** Food and Drink **19.00** Gondola On the Murray **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Galley Slaves **21.00** Nigella Bites **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.00** Et kr¢llet bogstav **12.05** Daniel Liebeskind: Velkommen til det 21. århundrede **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Derhjemme **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** MC's Fight Night 2005 **15.00** Braceface **15.20** Kurts klamme krop **15.25** Helt sikkert DR **15.35** GO! **16.00** Klassen **16.10** Magnus og Myggen **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Dagens Danmark **17.30** Rabatten **18.00** Nationen **18.20** Islam for begyndere **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** HåndboldOnsdag **20.30** SportNyt **20.40** HåndboldOnsdag **21.25** Onsdags Lotto **21.30** MC's Fight Night 2005

**SV1**
**12.10** En skön historia **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Mulle Meck bygger **16.20** Barndokumentären **16.30** Hjärnkontoret **17.00** Barbacka **17.30** Rapport **18.00** Stina om Lars von Trier **18.30** Mitt i naturen **19.00** Tretton dagar **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.40** Uppdrag Granskning **22.40** Sändning från SVT24





**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.
KIA Picanto 1.0 LX 5 gíra beinskiptur fimm dyra
**kostar aðeins 999.000 kr.**

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

**KIA Picanto – smábíll ársins 2004** á Íslandi

KIA MOTORS

HEKLA ***KIA umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000



## HRÓSIÐ

*...fá íslenskir aukaleikarar í stórmyndinni Flags of Our Fathers fyrir að hafa staðið sig eins og hetjur við tökur á myndinni.*

## ÞRÍR SPURÐIR HVERNIG LÍST ÞÉR Á AÐ HAFA FORKEPPNI FYRIR EUROVISION?



EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
tónlistarmaður.

**Auðgar vonandi tónlistarlífið**

Já, þetta er stór spurning. Ég hef alltaf gaman af öllum keppnum, sérstaklega forkeppnum. Jú, ég held að það sé fínt og vonandi að það muni auðga tónlistarlífið á Íslandi. Þetta var gott tækifæri fyrir mig og vonandi er þetta tækifæri fyrir fleiri unga og upprennandi tónlistarmenn. Vona samt að einhverjir úr félagi „eldri poppara“ taki þátt, það væri gaman.



ANDREA JÓNSDÓTTIR
útvarpskona.

**Gott tækifæri**

Já, endilega alltaf. Mér finnst að það eigi að vera fastur liður til að gleðja þjóðarsálina að hafa forkeppni. Þetta er líka tækifæri fyrir tónlistarfólk að koma fram og sýna hvað í því býr. Mér finnst hins vegar ekkert að það ætti að vera skylda að búa til „Eurovision“-lag heldur bara gott lag. Stundum koma lög út úr þessari keppni sem eru ekkert endilega „Eurovision“-lög en bara ansi góð.



HARALDUR FREYR GÍSLASON
tónlistarmaður.

**Stutt og laggott**

Mér gæti ekki verið meira sama.



**LÁRÉTT 2** hjartaáfall **6** hætta **8** fæða **9** fornafn **11** tölvuverslun **12** skilja eftir **14** duglegur **16** bardagi **17** sigti **18** líða vel **20** óðagot **21** fugl.
**LÓÐRÉTT 1** vist **3** tónn **4** land **5** hola **7** ásækni **10** hópur **13** ögn **15** þefa **16** for **19** bardagi.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT: 2** slag, **6** vá, **8** ala, **9** öll, **11** bt, **12** leifa, **14** iðinn, **16** at, **17** sía, **18** una, **20** as, **21** rita.
**LÓÐRÉTT: 1** dvöl, **3** la, **4** Albanía, **5** gat, **7** áleitni, **10** lið, **13** fis, **15** nasa, **16** aur, **19** at.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Michael Brown.
2 Svein Ludvigsen.
3 4,8 prósent.

INGI ÞÓR JÓNSSON: ORÐINN SENDIHERRA SAMKYNHNEIGÐRA

# Með fagrar hugsjónir

Ólympíusundkappinn Ingi Þór Jónsson frá Akranesi bættist nýlega í hóp íslenskra sendiherra þegar hann var settur í embætti sendiherra Evrópu vegna fyrstu heimsleika samkynhneigðra sem verða haldnir í Montreal í Kanada á næsta ári.

„Þessi útnefning kom í kjölfar Pride Games-leikanna í Manchester í ágúst, en þangað komu aðilar á vegum heimsleikanna,“ segir Ingi Þór, sem hin síðari ár hefur barist ötullega fyrir mannréttindum og málefnum samkynhneigðra.

„Sem sendiherra mun ég ferðast um gjörvalla heimsbyggðina til að hitta borgarstjóra og fyrirmenni, auk þess sem haldin verða helgarmót meðan á heimsókn minni stendur, þar sem ég mun bæði keppa og kynna heimsleikana,“ segir Ingi Þór, en alls hafa borist 8.000 skráningar á heimsleikana þótt enn sé ár í að leikarnir hefjist.

„Við reiknum með 18.000 íþróttamönnum til keppni, sem gerir heimsleikana að mun stærri íþróttaviðburði en Ólympíuleikarnir. Níutíu prósent keppenda eru hommar og lesbíur en gagnkynhneigðum íþróttamönnum er einnig leyfð þátttaka,“ segir Ingi Þór, sem í tilefni stöðuveitingarinnar stofnaði heimssamtökin Proud Out Olympians.

„Ég er ákaflega stoltur af þeim samtökum sem í eru samkynhneigðir ólympíufarar til hjálpar og ráðgjafar fyrir ungt íþróttafólk sem á erfitt með að komast út úr skápnum, auk þess að berjast gegn fordómum gagnvart samkynhneigð. Vegna fordóma var hér áður fyrr útilokað fyrir samkynhneigt afreksfólk í íþróttum að viðurkenna kynhneigð sína og halda áfram í atvinnumennsku. Því fagna margir tækifærinu að stíga fram með stolti og miðla af sinni reynslu,“ segir Ingi Þór, sem keppti í sundi fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum 1984 í Los Angeles.



**INGI ÞÓR JÓNSSON** Frækinn sundkappi sem keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984 og er orðinn einn af virtustu talsmönnum samkynhneigðra í heiminum.

Auk þess að vera sendiherra Evrópu er Ingi Þór í stjórn GLISA, sem eru alþjóðleg íþróttasamtök sem stýra öllum íþróttahreyfingum samkynhneigðra í heiminum og nú hafa Sameinuðu þjóðirnar leitað til hans.

„Sameinuðu þjóðirnar settu nýverið á laggirnar sérstakan hóp sem vinnur að mannréttindum samkynhneigðra. Hingað til hafa málefni homma og lesbía ekki verið talin til sjálfsagðra mannréttinda, en tímabært er að taka hart á þeim málum því enn er verið að drepa fólk, eins og gerðist í Íran nú nýlega þegar tveir sautján ára piltar voru hengdir fyrir að vera hommar. Sem fulltrúi mannréttinda mun ég því halda ræðu fyrir Sameinuðu þjóðirnar í vikunni fyrir heimsleikana á næsta ári,“ segir Ingi Þór, sem einnig stendur í samningaviðræðum við breska ríkissjónvarpið BBC.

„Þeir hafa mikinn áhuga á að gera heimildarmynd um mig og embætti sendiherrans í aðdraganda heimsleikanna; fylgja mér eftir hvert fótmál í heilt ár. Ég veit ekki hvort ég sé í raun tilbúinn til þess. Óttast að missa vald á persónulegu lífi með myndatökulið á hælunum um allan heim,“ segir Ingi Þór, brosmildur og ánægður með lífið.

Sumir segja að allt sem hann snerti verði að gulli.

„Ég vann tíu gullverðlaun í sundi á Pride Games hér í Manchester á dögunum, en fór svo að fylgjast með róðrakeppni mótsins. Þá kom í ljós að vantaði mann í eitt liðið, svo ég bauð mig fram til hjálpar þótt ég hefði aldrei róið áður. Við enduðum auðvitað með gullið,“ segir hann og skellir upp úr.

thordis@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, borgarstjóri í Reykjavík, heillaði kanadísku skáldkonuna og Booker-verðlaunahafann **Margaret Atwood** upp úr skónum með ræðu sinni við setningu Bókmenntahátíðar á sunnudag. Steinunn Valdís fjallaði meðal annars um líkindin með bók Atwood *Edible Woman* og *Sagna handa börnum* eftir **Svövu** heitna **Jakobsdóttur**. Atwood þakkaði borgarstjóra sérstaklega fyrir ávarpið og sagðist einmitt hafa hitt Svövu á bókmenntaráðstefnu í Osló fyrir margt löngu. Að því er kom fram í ræðu borgarstjórans eru líkindin með bókunum ekki síst þau að í báðum gefa konur börnum sínum hlut af sjálfum sér með því að sneiða af sér líkamshluta.



Leikritið *Rambó 7* var sýnt fyrir fullu húsi á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins um helgina en á meðal gesta voru tónlistarkonan **Björk Guðmundsdóttir** og eiginmaður hennar **Matthew Barney** myndlistarmaður með meiru. Þá var **David Lan**, listrænn stjórnandi hjá Young Vic leikhúsinu í London, einnig í salnum. Hann hefur starfað með Vesturportshópnum og kom að uppsetningunni á loftfimleiknum *Rómeó og Júlía* í London. Lan sagðist að sýningu lokinni hafa skemmt sér konunglega yfir verkinu.



Þeim fer stöðugt fjölgandi þingmönnunum sem hasla sér völl á netinu og nú síðast bættist samfylkingarþingmaðurinn **Jóhann Ársælsson** í hópinn en hann opnaði á dögum heimasíðu á slóðinni *www.jarsaelsson.is*. Meðal þess sem Jóhann hefur gert að umtalsefni á síðunni sinni er brotthvarf **Davíð Oddssonar** úr íslenskum stjórnmálum. Jóhanni finnst viðskilnaður Davíðs og skipan hans í ráðherrastóla nokkuð sérkennileg í ljósi sögunnar og segir það „svolítið íhugunarefni að Davíð sem braust sjálfur til valda með átökum við forystukjarna í flokknum skuli telja nauðsynlegt að gera pólitíska erfðaskrá með svo skýrum og afdráttarlausum hætti“.






# Nýr vettvangur fyrir ljóðskáld

Tónlistarmaðurinn og ljóðskáldið Mike Pollock hefur skipulagt ljóðakvöld í Café Rosenberg sem meiningin er að verði reglulegur viðburður annan hvern miðvikudag í vetur.

Fyrsta upplestrarkvöldið verður í kvöld og þá lesa upp úr verkum sínum þeir Einar Ólafsson, Garðar Baldvinsson og Hojkur ásamt Mike sjálfum, sem hefur gert töluvert af því að lesa upp ljóð eftir sjálfan sig á ljóðakvöldum, bæði erlendis og hér á Íslandi.

„Ég hef oft verið spurður að því erlendis hvort ekki sé til neinn „poetry venue“ á Íslandi,“ segir Mike þegar hann er spurður hvort einhver sérstök ástæða sé fyrir því að hann sé að fara af stað með regluleg ljóðakvöld.

Þetta varð til þess að hann hyggst einfaldlega búa til fastan ljóðavettvang þar sem fólk getur gengið að ljóðaupplestri vísum á tveggja vikna fresti.



**MIKE POLLOCK LJÓÐSKÁLD** Efnir til ljóðakvölda á Café Rosenberg annan hvern miðvikudag þar sem skáld lesa úr verkum sínum.

Mike hefur gefið út nokkrar ljóðabækur, sú síðasta kom út fyrir fjórum árum en brátt er von á nýrri.

Í kvöld ætlar hann að lesa upp úr henni nokkur ljóð. „Mig langar að prófa þau á áheyrendum, fá viðbrögð.“

Frjáls aðgangur verður síðan að hljóðnemanum á Rosenberg eftir að auglýstir upplesarar hafa lokið ljóðalestri sínum, þannig að hver sem er fær tækifæri til að flytja eigin ljóð fyrir gesti staðarins. ■


Skólastyrkur
- fyrir alla!
4Mb/s
extra light
V16
ADSL
SKÓLASTYRKUR
BTnet
Þú færð BTnet í næstu verslun BT!
FRÍ ÁSKRIFT Á TONLIST.IS
TONLIST.IS
Gildir í 6 mánuði!
FRÍTT Í BÍÓ!
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
Borgarbíó
Gildir í 6 mánuði!
- líka fyrir þá sem eru í skóla lífsins.
V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.
á mánuði allt innifalið auk bíókorts og áskrift af tónlist.is!
M.v. 12 mánaðar samning. Gildir ekki með öðrum tilboðum
Skólastyrkur BTnet!
BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:
• • Frítt niðurhal (endalaust eins og þig lystir).
• • Frítt í bíó (gildir í sex mánuði).
• • Frí tónlist (gildir í sex mánuði á tónlist.is).
Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift!
Við hjálpum þér í gegnum námið á fullum hraða!
Nánar á www.btnet.is!
BTNET
www.btnet.is.
BT
TÓNLIST.IS
SMÁRABÍÓ
REGNBOGINN
Borgarbíó

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!



BAKÞANKAR

SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

# Hinn helmingurinn

Í síðustu viku voru mikil tímamót í Sjálfstæðisflokknum – ekki ein heldur tvenn. Önnur eru á allra vitorði: Davíð Oddsson tilkynnti að hann myndi hætta í pólitík. Hin eru ekki eins augljós: Einn af forystumönnum flokksins lýsti því yfir að bæta þyrfti hlut kvenna í forystu flokksins.

**YFIRLÝSING** Árna Mathiesen, sjávarútvegsráðherra og verðandi fjármálaráðherra, um að hann sæktist ekki eftir varaformannsembættinu kom mörgum á óvart. Ekki síst fyrir þær sakir að í fyrsta sinn í sögu Sjálfstæðisflokksins svo ég viti gerði einn af framámönnum flokksins það að umtalsefni að fjölga þyrfti konum í forystu flokksins til að koma til móts við breytta tíma.

**ÁRNI** sagði: „Í dag eru gerðar aðrar kröfur til þess hvernig stjórnmálaflokkar skipa í sína forystu en var hér áður fyrr. Það er einfaldlega gerð krafa um meiri breidd í forystu en við í Sjálfstæðisflokknum höfum sýnt í vali okkar á formanni og varaformanni. Þessi krafa er búin að vera undirliggjandi dálítinn tíma í Sjálfstæðisflokknum og ég held að það sé rétt að verða við henni.“

**ÞETTA** hljómar sem nýir tímar blasi nú við Sjálfstæðisflokknum. Ekki aðeins er helsti forystumaður flokksins frá upphafi hans sestur í helgan stein heldur hafa karlkyns forystumenn flokksins loksins viðurkennt nauðsyn þess að gæta jafnréttis þegar skipað er í æðstu stöður flokksins.

**ÞAÐ** er ekki síst nauðsynlegt að gæta jafnréttis í stjórnunarstöðum stjórnmálaflokka vegna þess að helmingur kjósenda er einmitt konur. Helmingur kjósenda gerir því kröfur til stjórnmálaflokka að rödd kvenna fái að heyrast. Það er nú einu sinni svo að karlmenn hafa ekki verið eins duglegir og konur að berjast fyrir málaflokkum sem konum þykir miklu máli skipta – svo sem fjölskyldumál, skólamálum, jafnréttismálum, heilbrigðismálum og svo framvegis.

**ÉG** vil því óska forystumönnum Sjálfstæðisflokksins til hamingju með að hafa uppgötvað hinn helming kjósenda. Það er aldrei að vita nema það skili sér í næstu kosningum. ■

Níu mánuðir framundan!
Ekki láta þér leiðast í vetur

intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY



Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.



Dell™ Latitude™ D810 fartölvan notar Intel® Centrino™ tækni til að ná bestu afköstum, mesta hraða og tengimöguleikum sem völ er á. Hún er nógu stór til að hafa frábæran skjá og öflugan örgjörva, en líka nógu lítil til að koma með þér hvert sem er. Hún er best í bekknum og ekki minna skemmtileg þegar þú kemur heim úr skólanum.

**Dell™ Latitude™ D810**

Intel® Centrino™ tækni, Intel® Pentium® M 730 örgjörvi 1.60GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel® PROWireless 2200 Mini-PCI 802.11b/g og Bluetooth
512MB 533MHz vinnsluminni (allt að 2GB)
15,4" WSXGA skjár (1680 x 1050)
ATI Mobility RADEON X300 64MB DDR skjákort
60GB diskur, DVD+/−RW geisladrif (brennir DVD)
9 Cell 80WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge
Ísl. lyklaborð & DualPoint snerti- og pinnamús
Microsoft Windows XP Professional
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **159.900,-**

**Verð á mánuði 5.258,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

**EJS** er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík (opið 10-18 virka daga og 10-16 á laugardögum) eða Tryggvabraut 10 á Akureyri.

DELL™

Fíton/SÍA

©2005 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Xeon og Pentium eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



3 ÁRA ÁBYRGÐ ALVEG ÖRUGGT!

VELKOMIN Í KÆLI- OG FRYSTISKÁPAVEISLUNA!

KALDIR DAGAR
15-20% AFSLÁTTUR

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

SMÁRALIND
Sími 530-2900
LÁGMÚLA 6
Sími 530-2800
ORMSSON
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu